GUNNAR LILJENDAL
*Langar að skoða hugmyndir barna*
• Nám • Bílar • Ferðir
allt Í MIÐJU BLAÐSINS




ÁSTA HEIÐRÚN ELÍSABET PÉTURSDÓTTIR
*Nýtt Sigurskáld*
Ljóðrænn raunvísindanemi sem bjóst ekki við að komast í úrslit.
FÓLK 36



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
26. apríl 2006 — 110. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000



**Afmæli í miðri kosningabaráttu**
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson er sextugur í dag og ætlar að bjóða til veislu eins og hann er vanur á stórafmælum.
TÍMAMÓT 28

**Grallaraskapur og glæsileiki um helgina**
Alvöru síðkjólaball verður í Íslensku óperunni þegar Davíð Ólafsson og landslið íslenskra óperusöngvara bjóða upp í dans.
MENNING 72



**Kína og Bandaríkin**
Togstreita á milli Kína og Bandaríkjanna verður eitt af stærstu viðfangsefnum í alþjóðamálum næstu áratugina, segir Jón Ormur Halldórsson.
Í DAG 26



**Arsenal í úrslit**
Enska knattspyrnuliðið Arsenal spilar í úrslitum Meistaradeildar Evrópu í næsta mánuði. Liðið náði dramatísku jafntefli gegn Villarreal í gær.
ÍÞRÓTTIR 42

## VEÐRIÐ Í DAG




**GÓÐVIÐRISSPÁ** - Í dag verður yfirleitt hæg vestlæg átt vestan til en heldur meiri vindur eystra. Bjart með köflum eða léttskýjað víða um land, síst þó á Norðausturlandi. Hiti 4-10 stig í dag og fer hlýnandi.
VEÐUR 4

# Engin fjölmiðlalög nema sátt verði milli flokkanna

**Þingmenn Framsóknar efast um að fjölmiðlafrumvarp verði afgreitt sem lög í vor. Frumskilyrði fyrir því verði að vera þverpólitísk samstaða. Álitamál séu uppi og ekki búið að mæla fyrir frumvarpinu.**

**FJÖLMIÐLAR** Hverfandi líkur eru á því að nýtt frumvarp um takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum verði að lögum fyrir þinglok. Þingflokkur Framsóknarflokksins samþykkti framlagningu og kynningu þessa nýja frumvarps menntamálaráðherra með fyrirvara um þverpólitíska samstöðu á þingi um afgreiðslu þess. Ýmis lögfræðileg álitamál varðandi fjölmiðalfrumvarpið og tengsl þess við frumvarp um að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag geta tafið framgang málsins.

„Þetta frumvarp verður ekki gert að lögum nema pólitísk samstaða sé um málið. Sú þverpólitíska samstaða þarf að ná alveg í gegn. Málið verður ekki klárað öðruvísi í vor,“ segir Magnús Stefánsson, starfandi þingflokksformaður Framsóknarflokksins.

Guðni Ágústsson og Jón Kristjánsson, ráðherrar Framsóknarflokksins, færðust undan því að tjá sig um fjölmiðlafrumvarp menntamálaráðherra.

„Við þurfum að velta þessum hlutum fyrir okkur eins vel og mögulegt er og alls ekki ana að neinu,“ sagði Ísólfur Gylfi Pálmason, Framsóknarflokki, í umræðum á þingi í gær.

„Það er alveg ljóst að þetta mál er ekki komið á dagskrá hér í þinginu,“ segir Dagný Jónsdóttir, Framsóknarflokki. og segir ríka áherslu á að þverpólitísk sátt verði um frumvarpið.

Kristinn H. Gunnarsson, Framsóknarflokki, er andvígur takmörkunum á eignarhaldi í fjölmiðlum umfram þau ákvæði sem gilda í samkeppnislögum. Hann segir að ef afgreiða eigi frumvarpið sem lög verði það að hvíla að minnsta kosti á samstöðu stjórnarflokkanna og Samfylkingarinnar. „Ég tel að fjölmiðlafrumvarpið um eignarhald og fleira verði ekki að lögum nú og óska þess einnig að frumvarpið um breytt rekstrarform Ríkisútvarpsins verði það ekki heldur.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segist alltaf hafa viljað skoða frumvarp um Ríkisútvarpið og fjölmiðlalög í samhengi. Annað sé fráleitt. „Það er ekki farið að mæla fyrir fjölmiðlafrumvarpnu ennþá í þinginu og það er ekki víst að það takist. Eðlilegast hefði verið að taka þetta allt fyrir í sumar, laga þá hnökra sem eru á frumvarpinu um Ríkisútvarpið og klára svo málið á þingi í haust. Frumvarpið um Ríkisútvarpið er hrákasmíð og þarf miklu meiri faglega og lögformlega umfjöllun,“ segir Ingibjörg. **- jh**



**PRESTARÁÐNINGU MÓTMÆLT Á SUÐURNESJUM** Fólkið hélt á mótmælaspjöldum þar sem meðal annars var spurt hvort 75 prósent skiptu máli, á hvern Björn Bjarnason hlustaði og fyrir hverja kirkjan væri. Prestastefnan hófst með messu í Keflavík í gær og stendur fram á fimmtudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Sóknarbörnin í Keflavík ósátt:

## Biskup beðinn að leysa málið

**TRÚMÁL** Kringum hundrað manns mættu við upphaf prestastefnu í Keflavík og mótmæltu því að gengið hefði verið framhjá séra Sigfúsi Ingvasyni við ráðningu Skúla Sigurðar Ólafssonar sem næsta sóknarprests. Margir báru kröfuspjöld.

Biskupi Íslands, Karli Sigurbjörnssyni, var afhent bréf þar sem óskað var eftir því að viðunandi lausn yrði fundin á málinu fyrir alla. Nokkrir prestar komu inn í hópinn og ræddu við mótmælendurna og sagði Karl við fólkið að ráðning Skúla sem næsta sóknarprests hefði ekki áhrif á stöðu séra Sigfúsar við kirkjuna. Von hans væri að nýr sóknarprestur og séra Sigfús gætu starfað saman, kirkjunni til hagsbóta.

Um fimm þúsund undirskriftir sóknarbarna söfnuðust yfir eina helgi. Þau vildu að Sigfús yrði ráðinn sem sóknarprestur, sem gekk ekki eftir. **- gag**

> Markaðurinn
*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra á fundi Samtaka atvinnulífsins:

# Vill einfalda matarskattinn

**EFNAHAGSMÁL** „Ég tel mikilvægt að einfalda sem mest skattlagningu matvæla, fella niður þá skatta sem hafa óæskileg uppsöfnunaráhrif og útrýma gildandi undanþágukerfi,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í ræðu á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins. Hann sagði að jafnframt þyrfti að huga að álagningu tolla á innfluttar landbúnaðarvörur. Hann sagði lækkun matvælaverðs mikla kjarabót fyrir heimilin í landinu, auk þess sem hún yrði lyftistöng fyrir ferðaþjónustuna.

Halldór boðaði einnig að sérstaklega yrði horft til aldraðra og öryrkja. Hann sagði tímabært að breyta áherslum í örorkumálum þannig að fremur væri horft til starfsgetu en læknisfræðilegrar örorku. Það kallaði á endurskoðun tekjuskerðingar örorkubóta vegna tekna af atvinnu.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Halldór áréttaði efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins.

Halldór sagði stefnufestu í efnahagsmálum skipta sköpum og engin þörf væri á stefnubreytingu. Hann vísaði á bug öllu tali um kreppu sem framundan væri í samfélaginu. Halldór gerði umfjöllun erlendra greiningardeilda að umtalsefni sínu. Hann sagði þær sýna mikilvægi þess að réttum upplýsingum væri komið á framfæri. Þar þyrftu stjórnvöld og aðilar markaðarins að taka höndum saman. „Við höfum undanfarnar vikur séð það svart á hvítu hversu mikilvægar réttar og góðar upplýsingar eru á fjármálamarkaði. Jafnframt höfum við orðið illilega vör við það hve mikil vanþekking er á hagkerfi okkar erlendis og hve slæmar afleiðingar þetta getur haft.“ **- hh**





## SPURNING DAGSINS

*Rúnar, hvað á þetta að þýða?*

„Þetta þýðir að íslenskan lifir og tekur enskuna í nefið á góðum degi.“

Rúnar Helgi Vignisson, rithöfundur og þýðandi, hlaut íslensku þýðingarverðlaunin nýlega fyrir þýðingu sína á skáldsögunni Barndómi eftir J. M. Coetzee frá Suður-Afríku.

Íslendingar og Bandaríkjamenn funda um varnarsamstarfið hér á landi í dag:

# Bandaríkin kynna tillögur

**VARNARVIÐRÆÐUR** Íslenska samninganefndin um varnarsamninginn á von á að sú bandaríska kynni henni á fundi þeirra í dag og á morgun heildarhugmyndir að því hvernig bandaríski herinn hyggist verja landið.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra og nefndarmaður, segir nefndina bíða og sjá hvaða drög verði borin fram í utanríkisráðuneytinu í dag, en hún vænti að þau verði að hervörnunum í heild sinni.

Ragnheiður segir íslensku samninganefndina ekki gefa upp hvort og þá hverjar gagnkröfur hennar séu á þá bandarísku. Staðan eftir fundinn á morgun verði ekki kynnt heldur einungis niðurstaða beggja fundanna á fimmtudaginn.

Ekki fékkst uppgefið í sendiráði Bandaríkjanna við Laufásveg hverjir verða í sendinefndinni, sem sendiherrann Carol van Voorst leiðir, en hana skipa færri nú en sátu á síðustu fundum nefndanna. Þá mættu 26 fyrir hönd bandarískra stjórnvalda og sátu á móti níu manna íslensku nefndinni. **- gag**



FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

**VARNARVIÐRÆÐUR** Nefnd Bandaríkjamanna er ekki jafnstór nú og á síðasta fundi.

Ársreikningur borgarinnar:

# Skuldir 184 þúsund á íbúa

**BORGARMÁL** „Þungum álögum vegna skuldasöfnunar er vísað til komandi kynslóða,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn. Ársreikningur borgarinnar árið 2005 var kynntur í gær.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segir niðurstöður góðar. Hreinar skuldir hafi lækkað um einn og hálfan milljarð og afkoma borgarsjóðs sé 651 milljón króna betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Steinunn segir að skuldir á hvern íbúa í Reykjavík séu 184 þúsund krónur. Það sé 150 þúsundum lægra en í Hafnarfirði, Kópavogi og á Akureyri. **- aöe**



**DORRIT HEILSAR BÖRNUNUM** Forsetahjónin Ólafur Ragnar og Dorrit eru í tveggja daga heimsókn á Höfn. Dagskrá þeirra var þétt í gær og í dag hitta þau meðal annars grunnskólanemendurna.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR

Forsetahjól á Hornafirði:

# Hittu þann elsta og yngsta

**EMBÆTTISVERK** Forsetahjónin Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff hittu meðal annars yngsta og elsta Hornfirðinginn í gær í tveggja daga opinberri heimsókn sinni til Hafnar sem hófst í gærmorgun.

Það var á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands sem hjónin hitu óskírðan son Grétars Smára Sigursteinssonar og Gunnhildar Imsland, en hann fæddist kvöldið áður, og elsta Íslendinginn, Sólveigu Pálsdóttur frá Svínafelli í Öræfum sem er 108 ára gömul.

Í dag bíður forsetahjónanna þétt dagskrá sem lýkur með kaffisamsæti um sexleytið á Hótel Skaftafelli. **- gag**

## LEIKSKÓLAR

**Fundur um Leikgarð** Fulltrúar borgarinnar, stúdenta og starfsmannanna á leikskólanum Leikgarði ræddu yfirtöku Félagsstofnunar stúdenta á rekstrinum í gær. Aftur verður fundað á fimmtudag. Faglærðir starfsmenn á leikskólanum hóta að hætta taki Félagsstofnun stúdenta reksturinn yfir af Reykjavíkurborg.

## DANMÖRK

**Danir vilja ekki Taylor** Danska stjórnin hafnaði beiðni um að Charles Taylor, fyrrverandi einræðisherra í Líberíu, yrði hafður í haldi í Danmörku fái hann dóm fyrir stríðsglæpi.

# Sportbílaeigendur stunda glæfraakstur

**Aðalvarðstjóri umferðardeildar lögreglunnar í Reykjavík hefur áhyggjur af glannalegum akstri ökumanna sportbíla. Forsvarsmaður sportbílaklúbbs veit af glæfraakstri ökumanna sportbíla innan bæjarmarka á höfuðborgarsvæðinu.**

**HRAÐAKSTUR** Aksturslag félaga í sportbílaklúbbi skapar stórhættu á götum borgarinnar.

Þetta segir Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri í umferðradeild lögreglunnar í Reykjavík, en ítrekaður hraðakstur að kvöld- og næturlagi hefur þegar haft hörmulegar afleiðingar í för með sér.

Í febrúar varð banaslys á Sæbraut þegar átján ára gömul stúlka lést eftir að hún missti stjórn á bíl sínum á mikilli ferð. Sportbílaklúbbar á höfuðborgarsvæðinu stóðu fyrir ökuferð um Sæbraut til þess að minnast stúlkunnar.

Guðbrandur segir því miður hafa borið á því að félagar sportbílaklúbbs, sem heldur meðal annars úti heimasíðunni www.live2cruize.com, hafi gerst sekir um glannalegan akstur innan bæjarmarka, eftir slysið sem varð í febrúar. „Það skýtur skökku við að margir þeirra sem tóku þátt í ökuferðinni í febrúar, til þess að minnast fólks sem látist hefur í umferðinni í árinu, skuli ítrekað skapa stórhættu á götum borgarinnar með glannaskap og ofsaakstri í borginni. Við erum farin að fylgjast náið með starfsemi þessara sportbílaklúbba vegna þess að við höfum rökstuddan grun um að hegðun sumra klúbbsmeðlima í umferðinni sé til þess fallin að skapa stórhættu.“

Steven Páll Rogers, annar eigenda vefsvæðisins www.live2cruize.com og forsvarsmaður sportbílaklúbbsins sem kennir sig við vefsvæðið, segist vita til þess að félagar í klúbbnum stundi ofsaakstur á stofnbrautum víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. „Ég efa ekki að margir sportbílaeigendur sem eru í klúbbnum stundi hraðakstur innan bæjarmarka. Það er auðvitað miður og við sem höfum okkur mest frammi í klúbbnum miðlum því til klúbbfélaga að þeir fari að umferðarlögum.“

Steven Páll segir það ekki vera tilgang klúbbsins að koma reglulega saman til þess að stunda hraðakstur á höfuðborgarsvæðinu en að sögn lögreglu hefur borið á miklum hraðakstri á sama tíma og samkomur eru haldnar á vegum klúbbsins. „Við komum saman á þriggja vikna fresti til þess að sinna okkar áhugmáli. Þótt bílarnir eigi hug okkar allan höfum við ekki áhuga á glæfralegum akstri. Því miður eru einhverjir sem hundsa okkar tilmæli en það stendur vonandi til bóta.“

Þriðja hvern fimmtudag hafa meðlimir í klúbbnum hist á bílum sínum við Kringluna. Þar hafa þeir rætt um ýmis mál sem við koma bílum. Á sumrin hafa meðlimir klúbbsins hist á hafnarsvæðinu skammt frá Granda. „Þó það séu ekki allir meðlimir í sportbílaklúbbnum á höfuðborgarsvæðinu sem haga sér illa teljum við hraðakstur allt of algengan hjá þessum hópi,“ segir Guðbrandur.

magnush@frettabladid.is



**FRÁ SAMKOMU SPORTBÍLAKLÚBBS** Mikill fjöldi sportbílaeigenda sækir samkomur sportbílaklúbbs sem kennir sig við vefsvæðið www.live2cruize.com. Þær fara fram á þriggja vikna fresti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELMÍNA



**UNGFRÚ HEIMUR** Unnur Birna spjallaði við Borys Olenski, fimm ára, á sjúkrahúsi í Varsjá í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ungfrú heimur:

# Unnur Birna í Póllandi

**PÓLLAND** Ungfrú heimur, Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, er nú í heimsókn í Póllandi í tilefni þess að næsta keppni um titil hennar verður í Varsjá í september.

Á mánudag spjallaði hún í fylgd starfsmanna samgöngumálaráðuneytisins við nokkra rútubílstjóra og gaf þeim græna tuskukrókódíla, í tilefni upphafs nýs umferðarátaks í Póllandi.

„Ég starfaði sem lögregluþjónn á Íslandi, svo ég hef séð hvaða áhrif kærulaus akstur getur haft,“ er haft eftir Unni Birnu á vefsíðu keppninnar. Í gær heimsótti hún veik börn á sjúkrahúsi og tók þátt í athöfn þar sem ráðamenn Varsjár tóku við útnefningunni. **- smk**

Skaftárhlaup í rénun:

# Hlaup kom úr eystri katlinum

**NÁTTÚRAN** Rennsli Skaftárhlaupa í Eldvatn við Ása náði aðeins tæpum 180 rúmmetrum á sekúndu um sexleytið í gærkvöldi og minnkaði óðum. Hæst náði það tæplega 620 rúmmetrum en rúmmetrinn vegur eitt tonn.

Oddur Sigurðsson, sérfræðingur hjá Orkustofnun, fór í könnunarflug yfir jökul- og flóðasvæðin í gær til að staðfesta að hlaupið hefði úr eystri katlinum undir jöklinum. Hann sagði við NFS að augljóst væri að feiknakraftar hefðu komið hlaupinu af stað. Það hefði nú líklega fjarað til hálfs miðað við þegar það var í hámarki síðastliðinn sunnudag. **- gag**

Keyrði á lögreglu og kýldi:

# Greiðir sekt og borgar bætur

**DÓMSMÁL** 35 ára maður var í gær dæmdur í héraðsdómi í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir að aka ölvaður á lögreglumann og draga hann á eftir bílnum inn í bílskúr.

Lögreglumaðurinn reyndi að stöðva för mannsins, sem ók þá á hné hans. Lögreglumaðurinn braut rúðu til að ná drukkna ökumanninum út úr bílnum, en er hann steig út í bílskúrinn kýldi hann lögreglumanninn í magann.

Maðurinn neitaði sök. Hann missir bílpróf í tvö ár. Lögreglumanninum voru dæmdar 191 þúsund krónur í bætur. **- gag**

Árbæingar mótmæla deiliskipulagi í Elliðaárdal:

# Dalurinn eyðileggst

**BORGARMÁL** Fjöldi Árbæinga mótmælir harðlega tillögu á breytingu deiliskipulags borgarinnar. Þar er mörkuð ný einbýlishúsalóð á svæði í Elliðaárdal sem til stóð að yrði náttúrulegt útivistarsvæði. Ný lóðamörk eru í innan við fimmtíu metra fjarlægð frá ánum en í aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir að byggt sé nær ám og vötnum en 100 metra.

Í tilkynningu frá íbúum segir að vegið sé með gröfum hætti að friðlandi og helstu útivistarparadís Reykjavíkur og viðkvæmu lífríki Elliðaánna sé ógnað. Theodór S. Marinósson, einn íbúanna, segir að allt hverfið sé á móti þessum fyrirætlunum. „Það er verið að eyðileggja dalinn fyrir okkur. Fólk hér í hverfinu er hrætt um að ekki verði hægt að koma í veg fyrir að þetta haldi áfram upp dalinn.“

Helga B. Laxdal, lögfræðingur skipulags- og byggingarsviðs, segir eigendur sumarhúss á reitnum ekki hafa viljað fara þrátt fyrir að þeim hafi verið boðin ný lóð. „Það eina sem hægt hefði verið að gera til að halda útivistarsvæðinu var að taka húsið eignarnámi. Það viljum við ekki gera af því að eignarréttur fólks er friðhelgur. Við lítum svo á að hendur okkar séu bundnar.“ **- shá**



**THEODÓR S. MARÍNÓSSON** Þetta hús átti að víkja fyrir náttúrulegu útivistarsvæði. Nú á þar að rísa hús 1100 fermetra lóð í kring.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BÍLL DAGSINS
FORD FOCUS
Nýskr 01.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 11 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.




Fiton/SÍA

# Fljótsdalshérað
# – hvergi annars staðar





fljotsdalsherad.is





- Íbúafjöldi 3.900
- Víðfeðmasta hérað landsins
- Krossgötur Austurlands
- Veðraparadís
- Einstæð náttúrufegurð
- Blómleg menning

**Egilsstaðir**
**Fellabær**
**Eiðar**
**Hallormsstaður**
**Brúarás**

Ef þú ert að leita að stað þar sem stórbrotin náttúra er innan seilingar, þar sem veðursældin er margrómuð, þar sem kraftur er í menningarlífinu og uppgangur í atvinnulífinu, þar sem menntunarmöguleikar eru fjölbreyttir, samgöngur og þjónusta eins og best gerist ... þá finnur þú þig á Fljótsdalshéraði, hvergi annars staðar.

Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700 - www.fljotsdalsherad.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 25.04.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,31 | 74,67 |
| Sterlingspund | 132,59 | 133,23 |
| Evra | 91,96 | 92,48 |
| Dönsk króna | 12,326 | 12,398 |
| Norsk króna | 11,707 | 11,775 |
| Sænsk króna | 9,851 | 9,909 |
| Japanskt jen | 0,6476 | 0,6514 |
| SDR | 108,52 | 109,16 |

*Gengisvísitala krónunnar*
128,018

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skoðanakönnun Fréttablaðsins um notkun nagladekkja á bílum:

# Flestir vilja leyfa nagladekk

**SKOÐANAKÖNNUN** Meirihluti Reykvíkinga segist vera því andvígur að notkun nagladekkja verði bönnuð, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 46,8 prósent þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar sögðust vera því fylgjandi, en 53,2 prósent sögðust vera því andvíg.

Þó nokkrir viðmælendur tóku þó fram að þeir vildu sjá frekari takmarkanir á nagladekkjum í Reykjavík. Meðal þess sem var nefnt var að takmarka þann tíma sem notkun nagladekkja er leyfð, eða með því að rukkað verði sérstakt gjald fyrir notkun nagladekkja í Reykjavík. Það voru þó nokkrir í þeirri skoðun að það svo ekki eigi að leggja blátt bann við notkun nagladekkja ætti að taka það til skoðunar að banna notkun nagladekkja innan borgarmarkanna. Notkun nagladekkja úti á landi ætti þó enn að vera heimiluð.

Notkun nagladekkja eftir 15. apríl er óleyfileg og ættu því allir nú að vera búnir að skipta á dekkjum undir bílum sínum. Notkun þeirra hefur verið umdeild vegna þess hvernig dekkin fara með götur þegar þær eru auðar.

Hringt var í 600 Reykvíkinga laugardaginn 22. apríl og skiptust svarendur jafnt milli kynja. Ekki er verulegur munur á svörum karla og kvenna við spurningunni. Spurt var; Á að banna nagladekk? 94,3 prósent af þessum 600 Reykvíkingum tóku afstöðu til spurningarinnar. - ss

**Á AÐ BANNA NAGLADEKK?**




VR um þjóðhagsspána:

# Óvissa ríkir

**EFNAHAGSMÁL** Elías Magnússon, forstöðumaður kjaramálasviðs VR, segir að óvissa ríki um það hvernig framhaldið verði í efnahagsmálum þjóðarinnar en flest bendi til að verðbólgan verði yfir þeim viðmiðunarmörkum sem kjarasamningar gerði ráð fyrir. Kaupmáttarrýrnun verði ef spáin gangi eftir.

„Samningarnir eru uppsegjanlegir í nóvember og þá skoðum við stöðuna. Mælingin sem skiptir máli er 15. nóvember. Ef hún er yfir viðmiðunarmörkum, sem allt stefnir í, þá verða menn að setjast niður og meta hvort þeir vilji loka samningum aftur með innspýtingu eins og í desember.“ - ghs

Líkamsárásir úti í Eyjum:

# Átta árásir í ár

**LÖGREGLA** Átta líkamsárásir hafa verið kærðar til lögreglunnar í Vestmannaeyjum það sem af er árinu. Á sama tíma í fyrra höfðu fjórir kært árásir og þeim hefur því fjölgað um helming.

Nú um helgina barði karlmaður konu í ágreiningi þeirra á milli svo á sá. Lögreglan segir oftar kært en áður, en hugsanlega hafi harkan í slagsmálunum einnig aukist.

Allt árið í fyrra bárust lögreglunni í Vestmannaeyjum átján líkamsárásarkærur, samkvæmt vefmiðlinum sudurland.is. - gag



**ENGIN MISKUNN** Hæstiréttur staðfesti dóm yfir erlendum manni sem reyndi að smygla metamfetamíni til landsins á síðasta ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Erlendur fíkniefnasmyglari:

# Fékk þriggja ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Karlmaður frá Litháen, Romanas Strabeika, var í gær dæmdur fyrir Hæstarétti til þriggja ára fangelsisvistar hérlendis fyrir innflutning á tæpum fjórum kílóum af metamfetamíni í júlí á síðasta ári.

Staðfesti Hæstiréttur þar með fyrri dóm Héraðsdóms Austurlands yfir manninum en vitorðsmaður Romanas, sem einnig hlaut sama dóm fyrir héraðsdómi, áfrýjaði sínum dómi ekki til Hæstaréttar. - aöe

## LÖGREGLUFRÉTT

**Fótbrotnaði við vinnu** Starfsmaður í álverinu við Grundartanga fótbrotnaði við vinnu þegar hlutur féll á hann. Lögreglan í Borgarnesi kom fljótt á vettvang og var maðurinn fluttur á Heilsugæslustöðina á Akranesi. Líðan mannsins er eftir atvikum góð.



**BROTNIR MINJAGRIPIR** Miklar skemmdir urðu þegar þrjár sprengjur sprungu á mánudag í hafnarbænum Dahab í Egyptalandi. Þær urðu 24 manns að bana og særðu fleiri en 85 manns.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ferðamenn felmtri slegnir í Egyptalandi

**Mikill ótti greip um sig í hafnarborginni Dahab í Egyptalandi í kjölfar þriggja öflugra sprenginga á mánudag. Tíu hafa verið handteknir vegna málsins.**

**EGYPTALAND, AP** Egypska lögreglan handtók tíu manns í gær í tengslum við þrjár tímasprengjur sem sprungu eftir sólsetur á mánudag í hafnarborginni Dahab á Sínaískaga, sem urðu minnst 24 að bana og særðu yfir áttatíu manns, þar af marga erlenda ferðamenn.

Björgunaraðgerðir héldu áfram í gær og endurheimtu kafarar líkamshluta fórnarlamba úr hafinu við borgina á meðan borgarstarfsmenn og verslunareigendur sópuðu upp glerbrotum og þrifu burt blóðslettur.

Fyrsta sprengjan sprakk við veitingastað nærri ströndinni um klukkan 19:15 að staðartíma, þegar allar götur og verslanir voru yfirfullar af fólki. Önnur sprakk við stórmarkað og skartgripaverslun og sú þriðja við brú nærri hafinu sem er afar vinsæl meðal ferðamanna. Þetta er þriðja hryðjuverkaárásin á Sínaískaga á innan við tveimur árum.




HEIMILDIR: ESRI AP

Sprengjurnar virtust auka á missætti milli harðlínumanna al-Kaída netsins og annarra róttækra múslima, svo sem Hamas-hreyfingarinnar, en talsmenn hennar fordæmdu sprengingarnar og það gerði Bræðralag múslima einnig.

Að sögn lögreglu voru tíu manns í haldi í gær, en þrír þeirra höfðu komið til Dahab degi fyrir árásina og reyndu að yfirgefa ferðamannaborgina í bíl með fölsuðum númeraplötum um fimmtán mínútum eftir að sprengjurnar sprungu. Enn var verið að rannsaka hvort um sjálfsmorðs- eða tímasprengjur hefði verið að ræða, en þó var hið síðarnefnda talið líklegra.

Mikill ótti og örvænting braust út meðal bæði heimamanna og ferðamanna þegar sprengjurnar sprungu. „Við vissum ekki í hvaða átt við ættum að hlaupa, maður vissi ekki hvar næsta sprengja myndi springa,“ sagði Johanna Sarjas, finnskur blaðamaður í fríi í Dahab.

Erfitt reyndist jafnframt að fá tölur yfir hina slösuðu og látnu, sem og að fá þjóðerni erlendu ferðamannanna sem létust staðfest.

Habib el-Adly innanríkisráðherra sagði 23 hafa látist, þar af 20 Egypta og þrjá útlendinga, en í gær sagði talsmaður sjúkrahúss á Sínaí að einn Egypti til viðbótar hefði látist. Talsmaður ríkisstjórnarinnar sagði hins vegar tölu látinna vera 18; 12 Egyptar og sex útlendingar. Engar skýringar fengust á misræminu.

Læknir á sjúkrahúsi í borginni sagði 85 manns hafa slasast, og staðfesti talsmaður þingsins þá tölu.

Ljóst er að einn hinna látnu var tíu ára gamall þýskur drengur, að sögn þýska utanríkisráðuneytisins. Egypska lögreglan sagði Rússa og Svisslending jafnframt hafa látist, en el-Adly staðfesti ekki þjóðerni þeirra.

Enn er verið að rannsaka hverjir stóðu á bak við sprengingarnar, en fréttaskýrendur telja líklegt að um al-Kaída hryðjuverkamenn hafi verið að ræða. smk@frettabladid.is

Íslendingar í Egyptalandi:

# Fólk rólegt en áhyggjufullt

„Ótti hefur ekki gripið um sig meðal íslensku ferðamannanna. Við sáum í fréttum hvað hafði gerst þegar við vorum að leggja af stað til Kaíró, og það er enginn ótti, ekkert stress, en nokkrar áhyggjur,“ sagði Ragnheiður Gyða Jónsdóttir, einn þriggja íslenskra fararstjóra sem eru á ferð í Egyptalandi á vegum Úrvals-Útsýnar með tæplega 150 Íslendinga. Hópurinn var við píramídana þegar Fréttablaðið náði tali af Ragnheiði Gyðu síðdegis í gær.



Ragnheiður sagði engan af Íslendingunum vera nálægt hafnarborginni Dahab á Sínaískaga, þar sem þrjár öflugar sprengjur sprungu á mánudag. „Stóri ferðahópurinn er ýmist í Luxor eða Kaíró og það fer vel um alla,“ sagði Ragnheiður og bætti við að búist væri við aukinni öryggisgæslu um allt Egyptaland í kjölfar sprenginganna.



Von er á hópnum heim 1. maí, eftir sem áður. - smk




MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

**Sykurskert Kókómjólk er helmingi léttari!**

*Sykurskerta Kókómjólkin inniheldur helmingi minni viðbættan sykur og fitu en hefðbundin Kókómjólk og orkuinnihaldið er fjórðungi lægra.*

*Yfir 80% af mjólkursykrinum hafa verið klofin og hentar drykkurinn því flestum þeim sem hafa mjólkursykursóþol.*

Nýjung!




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝINDI**
Jæja, nú ætlar vorið að láta á sér kræla næstu daga og sýna sínar bestu hliðar a.m.k. fram á laugardag. Búast má við góðviðri og hlýindum og hitinn gæti farið upp í 16 stig á Norður- og Austurlandi þegar best lætur. Búast má við að eitthvað rigni á laugardaginn sunnan lands og vestan. Spurning hvort fellihýsaeigendur þurfi ekki að fara að gera sjóklárt?

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Hæg vestlæg átt og bjart með köflum. Hiti 4-8 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




*» föstudagur*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C skúrir | London | 18°C heiðskírt | Torrevieja | 22°C heiðskírt |
| Billund | 13°C skúrir | París | 18°C skúrir | Róm | 19°C skúrir |
| Osló | 7°C rigning | Frankfurt | 19°C skúrir | New York | 16°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 12°C hálfskýjað | Madríd | 24°C heiðskírt | San Francisco | 16°C hálfskýjað |
| Helsinki | 12°C hálfskýjað | Barcelona | 22°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 31°C þrumur |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Ekki missa af endurgreiðslu!

## Með því að skrá fjölskylduna sem fyrst gætirðu tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs!




Fjölskyldan hjá SPRON er sérstök þjónustuleið ætluð fjölskyldum af öllum stærðum og gerðum, jafnt sem einstaklingum.

Fjölskylduþjónustan er án endurgjalds og stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar sem heildar, bæði í formi endurgreiðslu og fríðinda. Þeir sem eru skráðir í fjölskylduþjónustu SPRON geta bætt kjör sín enn frekar.

Endurgreiðslan samanstendur af:

- hluta af greiddum vöxtum vegna íbúðalána, skuldabréfa, yfirdráttar eða víxla
- 50% af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar
- 5% af öllum tryggingaiðgjöldum hjá Verði Íslandstryggingu*

*m.v. að iðgjöld vátryggingartaka séu í skilum

Himinn og haf / SÍA

Má bjóða þér að slást í hópinn?

spron – fyrir allt sem þú ert

Skráðu þig og þína í síma 550 1400, á www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON.



## KJÖRKASSINN

*Var rétt að selja grunnnetið með Símanum?*

| | |
|---|---|
| Já | 27% |
| Nei | 73% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að banna notkun nagla-dekkja?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Páll Hreinsson segir frumvarp um fjölmiðla geta haft áhrif á Dagsbrún:

# Yrði að draga úr eignarhlut

**FJÖLMIÐLAR** Páll Hreinsson, lagaprófessor og aðalhöfundur frumvarps um fjölmiðla og eignarhald, telur víst að Dagsbrún hf, verði að minnka eignarhlut sinn í fjölmiðlum 365 verði frumvarpið óbreytt að lögum. „Ef Dagsbrún á 100 prósenta hlut í hlutafélaginu 365, sem rekur til dæmis Fréttablaðið, yrði það að minnka við sig. Það breytir ekki fyrirtækjasamstæðunni að öðru leyti. Reglan um 25 prósenta eignarhald snertir aðeins fjölmiðilinn,“ segir Páll.



**PÁLL HREINSSON LAGAPRÓFESSOR** Dagsbrún yrði að draga úr eignarhlut sínum í fjölmiðlum samkvæmt samkvæmt 25 prósenta þakinu.

„Ég býst við að fjölmiðlafyrirtæki hafi almennt mátt gera sér grein fyrir breytingum. En þetta á eftir að taka fyrir á þingi og þá gefst forsvarsmönnum fjölmiðla kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Samfylkingunni, sem sæti átti í fjölmiðlanefndinni svonefndu. Frumvarpið byggist að miklu leyti á þverpólitískri samstöðu sem tókst í nefndinni í fyrra.

Kristinn H. Gunnarsson, Framsóknarflokki, segir að ákvæði um takmarkanir á eignarhlut eigi við um tvo fjölmiðla og annar þeirra, Ríkisútvarpið, fái undanþágu. „Þetta snýr því að Dagsbrún og 365-miðlum. Voru menn ekki búnir að jafna sig eftir fjölmiðlafárið fyrir tveimur árum?“ spyr Kristinn. **- jh**

Þóttist ólétt en bar sprengju:

# Átta létust og þrjátíu særðust

**SRI LANKA, AP** Átta fórust og nærri þrjátíu særðust í sprengjuárás í gær í Colombo, höfuðborg Srí Lanka. Árásina gerði kona sem þóttist ólétt en bar sprengju innan klæða.

Árásinni var beint að helsta foringja hersins í Srí Lanka, Sarath Fonseka, en hann lifði af og lá á sjúkrahúsi í gærkvöld.

Fáeinum tímum eftir árásina hóf herinn loftárásir á svæði uppreisnarmanna á norðausturhluta eyjunnar.

Talið er að frelsissveitir Tamíla hafi staðið að árásinni, þótt engin yfirlýsing hafi borist frá þeim um það. **- gb**

LAGERSALA
50% AFSLÁTTUR AF ÖLLU !
H&M ROWELLS
OPIÐ 11-19
FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)




**SKJÁR EINN** Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, telur enn óljóst hvaða áhrif frumvarpið hafi á starfsemi fjölmiðlafyrirtækja hér á landi.




**365 MIÐLAR** Ari Edwald, forstjóri 365, telur frumvarpið vera ónauðsynlegt inngrip í starfsemi fjölmiðlafyrirtækja á frjálsum markaði.




**ÁRVAKUR** Stjórn Árvakurs hefur ekki kynnt sér efni frumvarpsins og vildi Hallgrímur Geirsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, ekki tjá sig.

# Áhrifin óljós af fjölmiðlafrumvarpi

**Forsvarsmenn stærstu fjölmiðlafyrirtækjanna á íslenskum markaði segja erfitt að meta áhrifin af nýframlögðu fjölmiðlafrumvarpi, verði það samþykkt. Gild rök fyrir því að frumvarpið nái ekki til Skjás eins, segir Eva Magnúsdóttir.**

**FJÖLMIÐLAFRUMVARP** Forsvarsmenn stærstu fjölmiðlafyrirtækjanna segja óljóst hvaða áhrif nýlega kynnt fjölmiðlafrumvarp Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra hafi á starfsemi fyrirtækjanna, verði það samþykkt á Alþingi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að einstaklingar eða fyrirtæki megi ekki eiga meira en 25 prósent í fjölmiðli sem hafi meira en þriðjungs hlutdeild á markaði.

Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans sem er meirihlutaeigandi í sjónvarpsstöðinni Skjá einum, telur frumvarpið ekki ná til Skjás eins þar sem hann sé ekki miðill sem geti haft áhrif á skoðanir almennings. „Við teljum að full rök séu fyrir því að Skjár einn falli utan frumvarpsins. Skjár einn er ekki að okkar mati miðill sem hefur skoðanamyndandi áhrif á samfélagið, að minnsta kosti ekki á sama hátt og þeir miðlar sem reka fréttastofur.“

Eva segir erfitt að meta það hversu mikil áhrif frumvarpið hafi á starfsemi Skjás eins þar sem umræða um það eigi enn eftir að fara fram. Það gæti reynst erfitt að fylgja eftir ákvæðinu um að eigendur fjölmiðla megi mest eiga 25 prósent í miðli sem hefur meira en þriðjungs markaðshlutdeild. „Það er matskennd regla sem byggir á velgengni Skjás eins, í þessu tilfelli, hverju sinni hvort uppsafnað áhorf nær því að teljast til þriðjungs markaðshlutdeildar. Ég lít svo á að það sé erfitt að segja hvaða áhrif frumvarpið, eins og það er fram sett, eigi eftir að hafa á Skjá einn.“

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, segir erfitt að átta sig á því hvaða áhrif frumvarpið hafi á starfsemi 365, ef það verði samþykkt á Alþingi, þar sem mörg atriði frumvarpsins séu óljós og torskilin. „Það er mín skoðun að ekki sé þörf á slíku inngripi á fjölmiðlamarkað sem frumvarpið boðar,“ segir Ari og bendir á þætti í frumvarpinu sem séu til þess fallnir að skapa óvissu. „Ég átta mig ekki á því hvernig frumvarpið útfærist gagnvart 365 eða öðrum fjölmiðlafyrirtækjum. Mér sýnist það geta farið eftir formi og uppbyggingu fyrirtækja, en ekki neinu efnislegu, hvort eignarhaldsákvæðin eigi við eða ekki. Til dæmis hvort reksturinn er allur á einni kennitölu eða hvort fyrirtækið er uppbyggt með mörgum kennitölum. Hvar á þá að draga mörkin? Ég er ekki viss um að efni frumvarpsins hafi verið hugsað til enda þegar það var smíðað.“

Hallgrímur Geirsson, framkvæmdastjóri Árvakurs, sem gefur út Morgunblaðið og á helmingshlut í Ár og degi, útgáfufélagi Blaðsins, vildi ekki tjá sig um efni frumvarpsins. Stjórn Árvakurs á enn eftir að skoða frumvarpið og hvaða áhrif það muni hafa á starfsemi félagsins og þess vegna taldi Hallgrímur ótímabært að tjá sig um það að svo stöddu.

**magnush@frettabladid.is**

FRAMÚRSKARANDI NÁM Í TÆKNI- OG VERKFRÆÐI



VERKFRÆÐI
Fjármálaverkfræði
Heilbrigðisverkfræði
Hugbúnaðarverkfræði
Iðnaðarverkfræði
Rekstrarverkfræði

TÆKNIFRÆÐI
Byggingartæknifræði
Rafmagnstæknifræði
Vél- og orkutæknifræði

IÐNFRÆÐI
Byggingariðnfræði
Rafiðnfræði
Véliðnfræði

TÖLVUNARFRÆÐI
Tölvunarfræði
Kerfisfræði

FRUMGREINASVIÐ

Háskólinn í Reykjavík býður framúrskarandi nám í verkfræði, tæknifræði, tölvunarfræði og iðnfræði.

Opið fyrir umsóknir á www.ru.is

Allar nánari upplýsingar á www.ru.is
og hjá námsráðgjöfum í síma 599 6200.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY
OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

Átján ára piltur meðvitundarlaus á Kanaríeyjum:

# Féll af svölum

**SLYSFARIR** Átján ára pilti, Jónatan Helga Rafnssyni, er haldið sofandi á gjörgæsludeild sjúkrahúss á Las Palmas á Kanaríeyjum. Talið er að hann hafi fallið af fjórðu hæð, um tíu metra niður, af hótelsvölum hinn 3. apríl.

Pilturinn marghöfuðkúpubrotnaði, lærbrotnaði, brotnaði á brjóstkassa og það blæddi inn á heila. Hann glímir einnig við lungnabólgu og segja læknar hans þar ytra að líðan hans standi í stað þessa stundina. Einhver tími geti liðið þar til hann nái sér af lungnabólgunni sem hægi bata.

Faðir Jónatans, Rafn Pálsson, og móðir, Brynhildur Brynjúlfsdóttir, eru hjá honum. „Hann sýndi framför á sunnudag og mánudag en var kominn með hita í gær og er haldið sofandi. Maður veit ekkert, en hann er með sterkt hjarta strákurinn,“ segir Rafn. Þau hjónin fóru út um leið og þeim var greint frá slysinu. Hjónin halda úti vefsíðu, http://blog.central.is/jonatan_helgi. Þar er gefið upp reikningsnúmer fyrir þá sem vilja styrkja fjölskylduna fjárhagslega.



**FRÁ KANARÍEYJUM** Ungur piltur slasaðist lífshættulega þegar hann féll af fjórðu hæð.

„Við mætum skilningi frá vinnuveitanda og getum því verið hér þann tíma sem við þurfum,“ segir Rafn. **- gag**

Notaðu þessa

# ÞjóðarGjöf

til bókakaupa*

KR. ~~1.000,–~~ 9.000,–

KRÓNUR ~~Eitt~~ níu þúsund 00/100

GILDISTÍMI 19. april til 3. mai 2006

þjóðargjöf til bókakaupa

Þessi ávísun er gjöf til bókakaupa frá bókaútgefendum, bóksölum og Glitni. Hvaða bók langar þig í?

Þú getur notað þessa ávísun sem 1.000 kr. afslátt af bókakaupum. Ávísunin gildir í bókabúðum og völdum stórmörkuðum sem selja bækur, þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir a.m.k. 3.000 krónur.

# Hjá okkur gildir þjóðargjöfin sem 9.000 kr. afsláttur af bókinni Matarást



Fullt verð 15.990

+ ÞjóðarGjöf 9.000,– = 6.990 kr.

*Gildir sem 9000 kr. afsláttur af bókinni Matarást, annars sem 1000 kr. afsláttur þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir a.m.k. 3000 kr.

Gildir til 2. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla




Ríkisstjórnarflokkarnir auka fylgi sitt í Fjarðabyggð:

# Biðlistinn hyrfi

**KÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn í Fjarðabyggð mælist með tæplega 32 prósenta fylgi og bætir við sig níu prósentustigum frá síðustu sveitastjórnarkosningum. Biðlistinn tapar hins vegar verulegu fylgi og mælist aðeins með tvö prósent. Hann fékk sautján í síðustu kosningum. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Framsóknarflokkurinn bætir, rétt eins og Sjálfstæðisflokkurinn, við sig miklu fylgi og mælist með tæp þrjátíu prósent en fékk 22,5 prósent í síðustu kosningum. Fjarðalistinn tapar lítillega fylgi en hefur þó enn það mesta. Hann

**SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR Fjarðabyggð 2006**

mælist nú með tæp 36 prósent en fékk rúm 37 prósent fylgi í síðustu kosningum.

Verði niðurstaða kosninganna þessi missir Fjarðalistinn einn fulltrúa og fær þrjá kjörna. Biðlistinn missir einnig einn og færengan kjörinn. Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, sem hafa tvo bæjarfulltrúa hvor bæta við sig fulltrúa frá því sem nú er.

Könnunin var gerð fyrir fréttastofuna NFS. Úrtakið var 600 íbúar Fjarðabyggðar átján ára og eldri. Svarhlutfall var sjötíu prósent. **- gag**

**KÖNNUN OG KOSN.ÚRSLIT 2002**




Sala grunnnets rædd á þingi:

# Einfalt nú en var talið flókið

**SÍMINN** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Samfylkingunni, undrast að nú sé einfalt að aðskilja grunnnet Símans frá rekstrinum og selja það Orkuveitu Reykjavíkur. Bæði ráðherra og fulltrúar í einkavæðingarnefnd hafi talið öll tormerki á því þegar einkavæðing Símans var rædd á þingi. „Þetta virðist nú vera sáraeinföld aðgerð... Beittu menn vísvitandi blekkingum?“



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra svaraði að allir sérfræðingar hefðu eindregið mælt með því að selja Símann ásamt grunnnetinu. Markmið hefði verið að fá sem mest fyrir Símann. **- jh**

# Launahækkanir án sátta

## Kjaradeila starfsfólks á hjúkrunarheimilum er óleyst þrátt fyrir launahækkanir. Setuverkföllum ekki frestað. Efling fordæmir aðferðir SFH.

**KJARAMÁL** Viðræðum Eflingar og Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH) í kjaradeilu starfsfólks á hjúkrunarheimilum var slitið eftir samningafund í gær. Stjórn SFH ákvað eftir fundinn að hækka laun samkvæmt tilboði sem lagt var fram á fundinum. Tilgangan hafði orðið til þess að upp úr slitnaði.

Stjórn SFH ætlar að jafna kjör ófaglærðra starfsmanna á fjórtán dvalar- og hjúkrunarheimilum við þann samning sem Reykjavíkurborg gerði í fyrra, með þeim hætti að tveir þriðju hækkunarinnar komi 1. maí, fjögurra prósenta hækkun komi 1. september og laun verði að fullu sambærileg 1. janúar 2007.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar, segir að um einhliða ákvörðun sé að ræða. „Ég tel þessa leið sem þeir eru að velja þá verstu sem hægt var að fara í þessari stöðu. Menn eru mjög ósáttir við þessa aðferðafræði sem þeir nota og ég óttast að það takist ekki að leysa deiluna með þessu.“ Efling-stéttarfélag skorar á samninganefnd SFH að endurskoða afstöðu sína og á ráðherra fjármála- og heilbrigðismála að höggva þegar á þennan hnút í deilunni.



**SIGURÐUR BESSASON**

Kristján Sigurðsson, formaður launanefndar SFH, segir um þetta útspil að vonast sé til að ekkert verði af boðuðum setuverkföllum eða uppsögnum starfsfólksins. „Við erum mjög sátt við þessa miklu hækkun sem starfsfólkið hefur náð fram. Þessi hópur átti skilið að fá mikla leiðréttingu og er að fá hana.“ Kristján segir að setuverkföll og uppsagnir séu algjörlega á ábyrgð starfsfólksins og það sé óskiljanlegt ef farið verði í slíkar aðgerðir þegar búið sé að ákveða að hækka launin. Miðað sé við þá peninga sem SFH fái og hraðar sé ekki hægt að framkvæma hækkanirnar.



**FRÁ FUNDINUM Í GÆR** Samninganefndirnar hittust í þriðja skipti á nokkrum dögum í gær. Einhliða hækkanir SFH eru ekki taldar leysa deiluna. Starfsfólkið ætlar ekki að fresta aðgerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Álfheiður Bjarnadóttir, talsmaður starfsmanna, sagði í gærkvöldi að tekist væri á um hvenær launahækkanir tækju gildi. Frestur til janúar 2007 væri með öllu óviðunandi. „Við erum ekki búnar að ákveða að fresta aðgerðum heldur ætlum við að sofa á þessu í nótt. Við lýsum fullri ábyrgð á stjórnendur hjúkrunarheimilanna og skorum á ráðherra að bregðast við.“

Stjórnendur hjúkrunarheimilanna ætla að funda með starfsfólki í dag og kynna sína hlið málsins. **svavar@frettabladid.is**




Vonin um að sleppa við fuglaflensu styrkist:

# 125 sýni rannsökuð

**FUGLAFLENSA** Alls 125 sýni, bæði úr dauðum fuglum svo og fuglasaursýni, voru sent utan til rannsóknar í gærmorgun til að athuga hvort fuglaflensuveiran H5N1 fyndist í þeim. Þau voru af höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Hornafirði og Borgarfirði, að sögn Jarle Reiersen, dýralæknis alifuglasjúkdóma. Stærsti hlutinn var saursýni, en einnig sýni úr fáeinum álftum, þremur stokköndum og tjaldfuglum.

„Sýnin úr tjöldunum voru meira sem liður í eftirliti en mjög erfitt er að ná úr þeim saursýnum,“ segir Jarle. „Þótt um dauða tjaldfugla sé að ræða leikur ekki endilega grunur á að um fuglaflensu sé að ræða. Við ákváðum að senda þessi sýni þar sem efniviðurinn var fyrir hendi.“

Jarle segir vonina um að losna við fuglaflensuna í ár vaxa með hverjum deginum sem líði. Hins vegar sé fullsnemmt að ganga út frá því að hún komi ekki nú.



**TJALDUR** Sýni úr tjaldi voru send utan til rannsóknar í gærmorgun.

„Það á mikið af farfuglum eftir að koma til landsins, en þeir eru að tínast hingað fram í lok maí,“ segir hann og upplýsir að góðar fréttir berist nú frá Bretlandi. Þar hafi H5N1-veiran ekki greinst síðan 5. apríl, þegar hún greindist í einni álft. Bretar hyggist aflétta öllum takmörkunum 1. maí ef ekki greinist fleiri tilvik. **- jss**

WWW.SVAR.IS

# VAXTALAUS TILBOÐ!




ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

## ACER TravelMate 4202WLMi

| | |
|---|---|
| ÖRGJÖRVI: | Intel Pentium M 1.66Ghz - Centrino - Duo Core |
| VINNSLUMINNI: | 512MB DDR2 ( stækkanlegt í 4GB) |
| HARÐDISKUR: | 60GB Ultra ATA 100 |
| DRIF: | CD Skrifari / DVD Skrifari 8x Super Multi |
| SKJÁR: | 15.4" WXGA TFT (1280x800 uppl.) - Breiðtjaldsskjár |
| SKJÁKORT: | Intel GMA 950 allt að 224MB |
| HLJÓÐ: | Innbyggðir stereo hátalarar, Intel HD-sound stuðningur |
| NETKORT: | Þráðlaust 802.11b/g og 10/100/1000Mbit ethernet, Acer SignalUp eykur drægni á þráðlausu netkorti |
| STÝRIKERFI: | Windows XP Pro SP2 - á íslensku eða ensku |
| HUGBÚNAÐUR: | Norton AntiVirus(90 daga leyfi), Acrobat Reader, Power DVD, NTI CD Maker |
| TENGI: | 4x USB 2.0, VGA, InfraRed, Mic, Headphone |
| ÞYNGD: | 2.95kg |
| RAFHLAÐA: | Um 3 klst. |
| ÁBYRGÐ: | 3 ár á viðurkenndu Acer verkstæði hjá Svar Tækni |

VAXTALAUST 12 MÁN. M.V 11.991-

STAÐGREITT: 143.900-

SAMTALS: 148.217- Með lántöku- og stimpilgjaldi.

1.66 Ghz DUO CORE

224MB INTEL 950 SKJÁKORT

60GB ULTRA ATA 100 HDD

15.4" BREIÐTJALDSKJÁR

512MB DDR2 VINNSLUMINNI

WINDOWS XP PRO Á ÍSLENSKU EÐA ENSKU

acer







### LOGITECH EX-110
Þráðlaust lyklaborð og mús
VAXTALAUST M.V 12 MÁN. 399-
STAÐGREITT: 4.790-

### LOGITECH MÚS
Þráðlaus Mini Optical
VAXTALAUST M.V 12 MÁN. 374-
STAÐGREITT: 4.490-

### LOGITECH QUICK CAM MSN
Vefmyndavél og höfuðtól m/ mic
VAXTALAUST M.V 12 MÁN. 575-
STAÐGREITT: 6.900-

VIÐURKENNDIR ENDURSÖLUAÐILAR
ÁRVIRKINN SELFOSSI - TÖLVUÞJÓNUSTAN AKRANESI

svar) tækni

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS


**ÆFING Í PÉTURSBORG** Þessi rússneski hermaður var ásamt félögum sínum við æfingar á Hallartorginu í Pétursborg í gær. Þeir voru að búa sig undir hátíðarhöld 9. maí til að fagna sigri í seinni heimsstyrjöldinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Útgerðarmenn bregðast við hækkandi eldsneytisverði:

# Nokkrir búnir að skipta yfir í svartolíu


**FRÁ REYKJAVÍKURHÖFN** Verð á gasolíu hækkaði um þrjátíu prósent í fyrra og hefur hækkað um önnur 22 prósent frá áramótum. Þessar hækkanir koma illa við útgerðina í landinu.

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það eru nokkrir sem brenna svartolíu nú þegar,“ segir Friðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, spurður hvort íslenskir útgerðarmenn íhugi að taka upp brennslu svartolíu í skipum sínum í stað gasolíu.

Jákup Sólstein, formaður samtaka færeyskra útgerðarmanna, hefur bent á að færeyskir útgerðarmenn íhugi að láta breyta vélum skipa sinna þannig að þau geti brennt svartolíu. Helst á það við eigendur verksmiðjutogara, togara sem veiða á hefðbundinn hátt og nota toghlera og uppsjávarveiðiskip sem stunda togveiðar á tegundum eins og kolmunna, makríl og síld. Svartolían er töluvert ódýrari en gasolía, sem kostar 640 Bandaríkjadala á tonnið á Amsterdammarkaði á móti 250 dölum árið 2003. Hækkunin á gasolíu hér á landi var þrjátíu prósent árið 2005 og hefur hækkað um 22 prósent til viðbótar frá áramótum. Lítrinn af svartolíu er nú rétt tæpum sex krónum ódýrari en gasolíulítrinn miðað við verðtöflu Skeljungs frá 19. apríl síðastliðnum.

Ein þeirra útgerða sem nota svartolíu er HB Grandi hf. sem gerir út fjölda skipa í margs konar vinnslu. Rúnar P. Stefánsson, útgerðarstjóri HB Granda, segir að vel komi til greina að auka notkun svartolíu á skipum fyrirtækisins og það sé í sífelldri athugun.

Meiri mengun fylgir brennslu svartolíu en gasolíu og þarf að setja sérstakan hreinsibúnað í skip sem brenna svartolíu, samkvæmt nýjum reglum. Vélarslit er líka nokkuð meira en það fer þó eftir aldri og tegund véla. - shá



Ársfundur
Landspítala - háskólasjúkrahúss 2006
27. apríl kl. 14:00 - 16:30,
í Ými við Skógarhlíð

Stefnumótun LSH kynnt

Ársreikningur LSH skýrður

Siv Friðleifsdóttir
heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra
flytur ávarp

Sérstakur gestur fundarins,
Greg Ogrinc frá læknaskólanum
í Dartmouth í Bandaríkjunum,
fjallar um öryggi sjúklinga
og gæðaumbætur í
heilbrigðisþjónustunni

Starfsmenn heiðraðir

Allir velkomnir

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


# Sex yfirheyrðir í fíkniefnamálinu

**Sex hafa verið yfirheyrðir í stóra fíkniefnamálinu sem kom upp á skírdag. Tveimur var sleppt aftur en hinir hafa ekki viljað gangast við brotunum. Það skiptir ekki sköpum því þrír þeirra voru teknir með fíkniefnin í höndunum.**


**Í GÆSLUVARÐHALDI** Fjórir menn sitja í gæsluvarðahaldi vegna rannsóknar á einu stærsta fíkniefnamáli sem hér hefur komið upp. Yfir tuttugu kíló af fíkniefnum voru flutt inn í bensíntanki bíls.

**LÖGREGLUMÁL** Samtals sex manns hafa verið yfirheyrðir hjá lögreglunni í Reykjavík vegna tilraunar til að smygla á þriðja tug kílóa af amfetamíni og hassi til landsins í bensíntanki bifreiðar. Fjórir þeirra sitja í gæsluvarðhaldi en tveir voru handteknir, færðir til yfirheyrslu og síðan sleppt. Þeir síðastnefndu sæta ekki farbanni.

Fíkniefnasmyglararnir fjórir, þeir Ólafur Ágúst Ægisson, Ársæll Snorrason, Hörður Eyjólfur Hilmarsson og Hollendingurinn Johan Handrick, sitja allir í gæsluvarðhaldi, eins og greint hefur verið frá. Þrír þeirra, Ólafur Ágúst, Ársæll og Hollendingurinn, voru staðnir að verki að kvöldi skírdags, þegar þeir voru að losa efnin úr bensíntanki bifreiðarinnar í iðnaðarhúsnæði á Krókhálsi. Bifreiðin hafði verið flutt frá Hollandi, en starfsmaður tollgæslunnar fann efnin í henni við eftirlit í Sundahöfn. Bifreiðin var síðan tollafgreidd 11. apríl, þremur dögum áður en lögreglan gómaði mennina þrjá. Hinn fjórði, Hörður Eyjólfur, var handtekinn síðar um kvöldið í heimahúsi í borginni.

Fjórmenningarnir sæta stöðugum yfirheyrslum og miðar rannsókn málsins vel, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, enda einbeitir lögregla sér að því að hraða henni eftir föngum og ljúka málinu. Rannsóknin hefur enn sem komið er ekki miðað að því að tengja það öðrum fíkniefnamálum sem upp hafa komið hér á landi. Mennirnir hafa ekki reynst fúsir til að játa á sig brotið, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, en það þykir ekki skipta sköpum, þar sem lögreglan beinlínis stóð þá að verki með fíkniefnin í höndunum á vettvangi. Brotið er það stórt að gera má ráð fyrir að þeir sitji inni þar til dómur gengur í máli þeirra.

„Það er fyrst og fremst örvandi vímuefnaneysla sem hefur farið vaxandi í landinu að undanförnu,“ segir Þórarinn Tyrfingsson yfirlæknir á Vogi og nefnir í því sambandi fíkniefnin amfetamín, kókaín og e-töfluna, sem stuðli helst að þeirri þróun. Hann segir þessi örvandi vímuefni vera að „sækja verulega á“, einkum í aldurshópnum 20-30 ára. Hann kveðst ekki hafa fengið vísbendingar um að þurrð sé á fíkniefnamarkaðinum þó að lögreglan hafi lagt hald á fleiri tugi kílóa af fíkniefnum á undanförnum vikum og mánuðum. Það geti þó haft slík áhrif síðar, þótt þeirra gæti ekki strax. - jss


LEGACY SUBARU

Einstakir aksturseiginleikar

- hvort sem þú ert uppi á hálendinu eða bara að leita að Álfkonuhvarfi í Kópavoginum.




STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Beinskiptur Sedan 2.370.000,- Sjálfskiptur Sedan 2.540.000,- Beinskiptur Wagon 2.560.000,- Sjálfskiptur Wagon 2.690.000,-

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| Umboðmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |
|---|---|---|---|---|---|

TILBOÐ:
Leiðsögutæki fylgir hverjum seldum Legacy
Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku vega- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3. Andvirði 96.550,-



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is




# Aðeins hágæða flotefni frá Múrbúðinni

## ABS flotefnin frá Maxit eru lang mest seldu flotefnin á Íslandi síðastliðin 12 ár




**ABS 147**
Alhliða flot sem hentar í þunnflot og allt að 30mm.




**ABS 317**
Trefjastyrkt flotefni sem má fara í 50 mm þykkt. Frábært í viðgerðir yfir gömul gólf, trégólf, gólfhitalagnir og margt fleira.




**ABS 320**
Undirflot ætlað í mjög miklar þykktir, allt að 100 mm.




**ABS 154**
Þunnflot sem má fara í 30 mm þykkt og niður í nánast ekki neitt, en þornar á mettíma. Leyfir parketlögn eftir um 24 klst. (fer þó eftir þykkt).




**ABS 430**
Frábært frostþolið útiflot með mikla yfirborðshörku, á svalirnar, bílageymsluna, bílastæðin o.s.fr.




**Niboplan 300**
Nýjasta viðbótin í flotseríu Múrbúðarinnar. Þunnflot fyrir dúk og parket sem þornar á 12-24 klst.

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM




**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

# Þú gætir sparað tugi þúsunda á ári!

$e^2$ Vildarkort er nýtt VISA kreditkort sem veitir korthöfum bæði Vildarpunkta Icelandair og endurgreiðslu – allt í sömu færslunni, hvar sem þú verslar innanlands.

**Kostir e2 Vildarkortsins:**

- Þú þarft engu að breyta í innkaupum – Þú færð bæði Vildarpunkta og endurgreiðslu **hvar sem þú verslar innanlands**.
- Þú færð Vildarpunkta og endurgreiðslu **af öllum boðgreiðslum** eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð **0,65–25% viðbótarendurgreiðslu eða viðbótarvildarpunkta** og ýmis sértilboð hjá næstum 400 fyrirtækjum.

Með því að nota e2 Vildarkortið geturðu áunnið þér **tugi þúsunda Vildarpunkta** sem hægt er að nota til að komast út í heim með Icelandair og **tugi þúsunda króna** sem þú notar í það sem þér hentar!





**Þú sækir um á www.e2.is**

Allir geta sótt um kortið óháð viðskiptabanka

**Dæmi um ávinning**

Fertug hjón með þrjú börn sem bæði hafa Gull $e^2$ Vildarkort.
Saman nota þau $e^2$ Vildarkortin fyrir 250.000 kr. á mánuði.

***Ávinningur í krónum:***
Endurgreiðsla í desember: 37.980 kr.
Sértilboð hjá samstarfsfyrirtækjum: 30.000 kr.

**Samtals:**
**67.980 kr.**

***Ávinningur í Vildarpunktum:***
Árleg uppsöfnun: 26.480
Þau keyptu tvo flugmiða með Icelandair til Evrópu: 7200

**Samtals:**
**33.680 Vildarpunktar**

**Hefur þú efni á að sleppa þessu einstaka tækifæri?**

SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@e2.is / www.e2.is

Vildarkort
Allt í einu korti

Fiton/SÍA


Hirðingjabyggð í Afganistan:

# Fjórir fórust í flugslysi

**AFGANISTAN, AP** Flugvél með bandaríska embættismenn innanborðs brotlenti í hirðingjabyggð í Suður-Afganistan í gær, með þeim afleiðingum að fjórir fórust og þrettán særðust.

Vélin, sem var rússnesk af gerðinni An-32, var að lenda þegar slysið varð. Sextán manns voru um borð í vélinni, en tuttugu konur og börn voru í hirðingjabyggðinni. Hinir látnu voru tvær telpur úr hirðingjabyggðinni, tveggja og þriggja ára gamlar, og tveir úr áhöfn vélarinnar. Óstaðfestar fregnir hermdu að þeir væru frá Úkraínu. Bandaríkjamennirnir voru að leita ópíum- og heróínframleiðanda í samvinnu við Afgani.



**FRÁ SLYSSTAÐ** Fjórir fórust þegar flugvél brotlenti á hirðingjabyggði í Afganistan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tildrög slyssins liggja ekki fyrir. **- smk**



**HÖFUÐBORGIN FYLLTIST AF FÓLKI** Stjórnarandstaðan í Nepal lýsti því yfir að mótmælum gegn konungi væri hætt þar sem hann hefði látið í minni pokann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Almenningur fagnar sigri í Nepal:

# Tugir þúsunda láta gleði sína í ljós

**NEPAL, AP** Tugir þúsunda manna létu gleði sína í ljós í Nepal í gær og gengu fylktu liði um götur höfuðborgarinnar Katmandú. Fólkið var að fagna því að blóðugum mótmælum gegn konungi landsins hefði lokið með því að konungurinn neyddist til þess að endurreisa þjóðþingið.

Uppreisnarhópar maóista telja þó brögð vera í tafli og reikna ekki með að konungurinn muni í raun gefa völd sín eftir. Því er ljóst að óróanum í landinu er engan veginn lokið.

Fögnuðurinn var þó ósvikinn þegar leiðtogar stjórnarandstöðunnar tilnefndu fyrrverandi forsætisráðherra til þess að veita nýrri ríkisstjórn forystu. Stjórnarandstaðan lýsti því jafnframt yfir að opinberum mótmælum gegn konungi væri hætt.

„Konungurinn, hermenn hans og byssur þeirra máttu sín einskis gegn styrkleika fjöldans,“ sagði einn úr röðum almennings. „Við unnum, hann tapaði.“

Hundruð lögreglumanna fylgdust þó grannt með og komu í veg fyrir að mannfjöldinn kæmist að konungshöllinni. Til átaka kom um stund þegar mótmælendur köstuðu grjóti og lögreglan beitti táragasi. Einn maður var fluttur á sjúkrahús. Seint á mánudagskvöld ávarpaði Gyanendra konungur þjóðina í sjónvarpi og lýsti því yfir að þingið, sem hann leysti upp fyrir fjórum árum, væri aftur tekið til starfa.

Reiknað er með því að fljótlega verði kosið sérstakt þing til þess að semja nýja stjórnarskrá, þar sem völd konungs verða varla meira en táknræn. **- gb**

Um rétt trúfélaga til að staðfesta samvist:

# Sigurjón flytur tillögu

**ALÞINGI** Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, ætlar að leggja fram breytingartillögu með frumvarpinu um jafnan rétt samkynhneigðra um að vígslumönnum trúfélaga verði veitt heimild til að staðfesta samvist samkynhneigðra.



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON**

Guðrún Ögmundsdóttir, þingkona Samfylkingar, hugðist flytja slíka breytingartillögu fram í vetur en hefur nú lagt fram sérfrumvarp um sama efni.

„Þetta frumvarp Guðrúnar verður líklegast svæft í nefnd þannig að ég mun flytja þessa breytingartillögu svo þingmenn geti greitt atkvæði um málið en ég hef ekki trú á öðru en að það verði samþykkt,“ segir Sigurjón.

Guðrún segir að hún hafi ekki flutt breytingartillöguna á sínum tíma þar sem þá hafi verið hætta á því að allt málið um réttindi samkynhneigðra yrði svæft í nefnd. Hún segist ekki vilja tjá sig um það hvort hún muni styðja tillögu Sigurjóns. „Aðalatriðið fyrir mér er það að þessi réttindi verði veitt hvernig sem að því verður staðið,“ segir hún. Hún á ekki von á öðru en að frumvarp hennar verði afgreitt á þessu þingi. **- jse**

Dönsk stjórnvöld:

## Búa sig undir meiri spennu

**DANMÖRK** Sérfræðingar danska utanríkisráðuneytisins búa sig undir áframhaldandi spennu í samskiptum vestrænna og íslamskra ríkja.

Reikna þeir með að ástandið verði alvarlegt til ársins 2020 að minnska kosti. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu ráðuneytisins sem Berlingske tidende sagði frá í gær.

Samkvæmt frétt blaðsins ætla Danir að leggja aukna áherslu á betri tengsl við ríkisstjórnir Mið-Austurlanda. Eins hefur það verið brýnt fyrir dönskum diplómötum að vera á varðbergi gagnvart hættunni á hryðjuverkum. - ks

Kennslubraut fyrir æfingaakstur verður á Akranesi:

# Sjá langþráðan draum rætast

**BÍLPRÓF** „Þetta er stór áfangi og löng bið loks að baki og nú vonumst við til að brautin verði opnuð eigi síðar en árið 2008,“ segir Guðbrandur Bogason, formaður Félags ökukennara.

Félagið hefur ákveðið að ganga til samstarfs við Akranesbæ hvað varðar uppbyggingu á æfingaakstursbraut en þar eiga ungmenni að geta fengið eldskírn sína áður en fullgilt ökupróf er gefið út í framtíðinni samkvæmt reglugerð sem er langt komin hjá samgönguráðuneytinu. Ökukennarar ætla hins vegar ekki að bíða þess að hún taki gildi heldur hefjast handa sem fyrst. Guðbrandur segir gamlan draum rætast. „Við höfum beðið þessa lengi og rannsóknir sýna að ávinningurinn af slíkri braut er óvéfengjanlegur. Ástæðan fyrir því að Akranes verður fyrir valinu er einfaldlega sú að bærinn bauðst til að aðstoða okkur á allan hátt og mun meðal annars gefa land undir brautina. Þetta er dýrt fyrirtæki og slíkur stuðningur hefur mikið að segja.“



**Á EITT SÁTTIR** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra lýsti yfir ánægju með framtak ökukennara sem vilja fá æfingaakstursbraut sem allra fyrst og verður nú að ósk sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Umrædd braut mun þjóna öllum landsmönnum en samkvæmt reglugerðinni mun enginn hljóta fullnaðarökuskírteini fyrr en námskeiði á brautinni hefur verið lokið. - aöe

Yfirheyrður án foreldranna:

## 110 þúsund fyrir grammið

**DÓMSMÁL** Átján ára piltur var dæmdur fyrir að eiga rúmt hálft gramm af hassi og tæpt hálft af maríjúana. Hann á að borga 31 þúsund krónur í sekt og 75 þúsund í málsvörn. Hann borgaði fjögur þúsund fyrir efnin.

Þrátt fyrir að pilturinn hafi aðeins verið sautján ára þegar hann var handtekinn kallaði lögreglan ekki forráðamenn eða fulltrúa barnaverndarnefndar til, eins og skylt er. Pilturinn neitaði sök fyrir dómi en hafði hins vegar játað við yfirheyrslu lögreglu. Hann var á skilorði. Taldi dómurinn að þrátt fyrir alla annmarkana væri sök hans sönnuð. - gag



**REYKINGAR** Reykingar eru bannaðar á opinberum stöðum í Noregi.

Reykingafólk tapar í Noregi:

## Verða að loka reykherbergi

**NOREGUR, AP** Lítið hótel og félagasamtökin Vinir reykinga töpuðu í liðinni viku máli um reykingar fyrir norskum dómstólum.

Þegar Norðmenn bönnuðu reykingar á börum og veitingastöðum í júní 2004 opnaði Hardanger-hótelið reykherbergi sem hóteleigendur söðgu löglegt, því fólk sem stundaði það greiddi félagagjöld í vinafélagið, sem 120 manns tilheyra. Bæjaryfirvöld létu loka herberginu. Kærðu þá hótelið og félagasamtökin bæjaryfirvöldi og heilbrigðismálaráðuneytið fyrir mannréttindabrot.

Dómstóllinn sagði hótelið brjóta í bága við lög landsins sem ætlað er að vernda starfsfólk gegn reykingum. Hótelinu var jafnframt gert að greiða allan málskostnað, 1,75 milljónir íslenskra króna. - smk

Bakdyraaðgangur að .eu-léni:

## Um 30 íslenskar .eu-skráningar

**VERALDARVEFURINN** Þótt íslensk fyrirtæki geti ekki skráð sig beint fyrir „.eu“-vefléni nema vera á fyrirtækjaskrá í einhverju 25 aðildarríkja Evrópusambandsins geta þeir sem sjá um skráningu .eu-léna innan ESB einnig skráð lén fyrir hönd erlendra aðila. Þennan „bakdyraaðgang“ að skráningu .eu-léns hafa um tuttugu íslensk fyrirtæki þegar nýtt sér og fengið um þrjátíu slík lén skráð síðan opnað var fyrir slíka skráningu í desember.

Milligöngu um skráningu íslenskra.eu-lénanna hefur ráðgjafarfyrirtækið A&P Árnason haft, en það sérhæfir sig í ráðgjöf í vörumerkja- og hugverkarétti. Að sögn Lovísu Jónsdóttur, sem þar starfar, getur fyrirtækið einnig miðlað einstaklingum .eu-lénsskráningu. - aa

Maður á þrítugsaldri:

## Ákærður fyrir stórfellda árás

**DÓMSMÁL** Maður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir líkamsárás sem átti sér stað á bifreiðastæði í Hafnarfirði aðfaranótt sunnudagsins 11. september 2005.

Maðurinn er ákærður fyrir að hafa ráðist á mann með járnstöng og slegið hann tvisvar í höfuðið, með þeim afleiðingum að hann féll í götuna. Fórnarlamb árásarinnar fékk skurð á vinstri augabrún og rispu á enni.

Í ákæru er árásin sögð hafa verið sérstaklega hættuleg.

Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness í gær. - mh





**VÆNDI AUGLÝST FYRIR HM-GESTI** Fánar þátttökulanda HM í knattspyrnu sjást hér á auglýsingu á vændishúsinu Pascha í Köln. Grímuklæddir menn ruddust þar inn um helgina og kröfðust þess að fánar múslimalandanna Írans og Sádi-Arabíu yrðu fjarlægðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landsvirkjun skilaði rúmlega sex milljörðum króna í hagnað í fyrra:

# Gengi krónu bætir afkomu

**FJÁRHAGSMÁL** Landsvirkjun hagnaðist um 6,3 milljarða króna árið 2005. Það er lækkun um 900 milljónir króna frá fyrra ári þegar fyrirtækið skilaði methagnaði. Þessi góða afkoma byggist á háu gengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadal og evru.

Í ársskýrslu Landsvirkjunar 2005 segir að búast megi við því að gengi krónunnar sveiflist til baka. Þegar það gerist komi það fram í tapi hjá Landsvirkjun þegar virði útistandandi lána hækki í krónum.

Rekstrartekjur samstæðu Landsvirkjunar voru 15,6 milljarðar króna í fyrra. Það er hækkun upp á 13,5 prósent frá árinu 2004. Orkuverð til stóriðju hækkaði og er ástæðan fyrst og fremst hátt heimsmarkaðsverð á áli. Rekstrargjöld Landsvirkjunar hækkuðu um 800 milljónir króna frá fyrra ári og námu 10,8 milljörðum. Rekstur fyrirtækisins skilaði tæpum sex milljörðum króna í handbæru fé til að standa undir nýrri fjárfestingu eða greiða skuldir.

Eignir Landsvirkjunar námu 182 milljörðum króna í árslok og höfðu vaxið um 27,3 milljarða. Þar kemur tvennt til, bygging Kárahnjúkavirkjunar og fjárfestingar Landsnets á Austurlandi og Suðvesturlandi. Eigið fé Landsvirkjunar nam 58 milljörðum króna - ghs



**BYGGING KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR** Landsvirkjun hagnaðist um 6,3 milljarða í fyrra vegna hás gengis krónunnar gagnvart Bandaríkjadal og evru.

Salan hjá ÁTVR:

## Hagnaður nam 541 milljón




**ÁFENGISSALA** Afkoma ÁTVR árið 2005 var betri en áætlað var. Vörusalan var 7,4 prósentum meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og vörunotkun sömuleiðis. Hagnaður ársins nam tæpri 541 milljón króna.

Áfengi var selt fyrir rúmlega 13,1 milljarð króna að virðisaukaskatti meðtöldum og tóbak fyrir rúmlega 7,5 milljarða. Áfengi seldist í 17,2 þúsund lítrum, þar af var bjórsalan 13,3 þúsund lítrar. ■

Falsaði undirskrift:

## Ætlaði að rétta fjárhaginn af

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugur maður hefur verið dæmdur fyrir að selja Íslandsbanka falsað skuldabréf að upphæð átján hundruð þúsund krónur. Hann falsaði undirskrift fyrrverandi sambýliskonu sinnar á skuldabréfinu með sameiginlega íbúð þeirra að veði. Hann sætir tveggja mánaða fangelsi haldi hann ekki skilorð í tvö ár og greiðir eitt hundrað og tíu þúsund í málsvarnarlaun.

Maðurinn kvaðst hafa haft heimild hennar til undirritunarinnar en hún hafi verið erlendis. Þau hafi ætlað að lækka greiðslubyrði sína og grynnka á skuldum. Hún tók ekki fyrir að maðurinn hefði notað peningana til að greiða niður sameiginlegar skuldir þeirra en hún vissi einnig til þess að hann hefði farið til Bandaríkjanna. - gag

Dómsmálaráðherra Danmerkur vill danska lögreglumenn í Dubai:

# Læra að forðast vegabréfaeftirlit

**DANMÖRK** Dómsmálaráðherra Danmerkur, Lene Espersen, kannar nú hvort mögulegt sé að koma dönskum lögreglumönnum til starfa í Dubai. Segir hún ástæðuna vera þá að um Dubai fari fjöldi ólöglegra innflytjenda á leið til Danmerkur og annarra Evrópuríkja. Þetta kom fram í frétt Politiken í gær. Yfirlýsing ráðherrans kemur fram í kjölfar umfjöllunar danska ríkissjónvarpsins um starfshætti þeirra sem aðstoða fólk við að komast ólöglega til Vesturlanda. Kom þar meðal annars fram að í Afríku væru starfræktir sérstakir skólar þar sem nemendum væri kennt hvernig mætti forðast vegabréfaeftirlit. Eins fengju þeir gegn greiðslu falskt vegabréf, kennslu í erlendum tungumálum og nokkurs konar ferðaáætlun.



**INDVERSKIR VERKAMENN Í DUBAI** Dómsmálaráðherra Danmerkur telur nauðsynlegt að hafa danska lögreglumenn í Dubai.

Segir ráðherrann málið grafalvarlegt og ríkislögreglustjóri landsins sé að kanna þörfina fyrir því að senda danska lögreglumenn til starfa í fleiri erlendum ríkjum. Hún bendir hins vegar á að nauðsynlegt sé að fleiri þjóðir hafi með sér samráð í þessu máli enda nýti margir innflytjendur Schengen-svæðið til að komast á milli landa. - ks



**LENE ESPERSEN** Segir fjölda ólöglegra innflytjenda fara um Dubai á leið til Danmerkur og annarra Evrópuríkja.





TÍMI TIL AÐ SKIPULEGGJA

Sjálfstæðisflokkurinn kynnti fyrir um ári metnaðarfullar hugmyndir um framtíðarskipulag í Reykjavík. Að loknu umfangsmiklu samráði við borgarbúa kynnir Sjálfstæðisflokkurinn nú stefnu í skipulags- og samgöngumálum í Reykjavík fyrir næsta kjörtímabil á opnum **hádegisverðarfundi á morgun, fimmtudaginn 27. apríl, kl. 12.00, í Valhöll, Háaleitisbraut 1. Allir velkomnir!**

Láttu sjá þig, fylgstu með og taktu þátt í brýnni umræðu um framtíð borgarinnar okkar.
Nú er tími til að skipuleggja.

AUKUM LÍFSGÆÐIN OG BÚUM TIL BETRI BORG!

XD SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN



FULLORÐINSSÓLGLERAUGU
Mikið úrval!
FULLORÐINS SÓLGLERAUGU 799 KR.
SERVÓRU VERSLANIR
BARNASÓLGLERAUGU
BARNASÓLGLERAUGU 499 KR.
3 risaeldhúsrúllur
Nýtt í Bónus!
3 XL rúllur 298 KR.
XL
12 rúllur
12 rúllur 198 KR.
BÓNUS
12 SALERNISRÚLLUR
DANSKA BÓNUSKAFFIÐ OG SAFARNIR GÓÐU FRÁ EUROSHOPPER
500 GRÖMM
BÓNUS kaffi
500g Bónuskaffi 199 KR.
Apelsin Orange
Äppeljuice Apple juice
1 liter • 1 litre
1 LÍTRI 69 KR.
bonus.is
SJÁÐU VERÐIÐ Á BÓNUSPYLSUNUM!
BÓNUS PYLSUR 479 kg KR.
Merkt verð 599 KR.
BÓNUS
Vínarpylsur
Marineraður, frosinn og beinlaus lax
TILBÚINN Á GRILLIÐ
LAX Á GRILLIÐ 998 kg KR.
BEINLAUS OG MARINERAÐUR
Bónus býður betur!
Túnfiskur á grillið eða pönnuna!
Stóra góða úrvalsrækjan
BÓNUS
ÚRVALS RÆKJA 599 kg KR.
TÚNFISK
FROSIN TÚNFISKSSTEIK 99 KR.
250g
Frosnir beinlausir laxabitar
FRÁBÆRIR Á GRILLIÐ
EKKERT BRUÐL
FROSNIR LAXABITAR BEINLAUSIR MEÐ ROÐI 899 kg KR.
EKKERT BRUÐL
FROSINN FOLALDA FRAMPARTUR
BROKKOLÍ BROKKOLÍBLANDA 198 KR.
HEILT KÍLÓ!
Það er alltaf gott að eiga poka af góða EUROSHOPPER grænmetinu í frystinum!
Broccoli vegetable mix
Broccoli Parsakaali
TUBORG
49 KR.
500ml
FROSINN FOLALDA FRAMPARTUR 599 kg KR.
KJARNAFÆÐI
LAXAFIÐRILDIN FROSNU
EKKERT BRUÐL
FROSNAR LAXAKÓTELETTUR 599 kg KR.
PILLINN OG FOLALDAKJÖTIÐ FYRIR ALVÖRU NAUTNASEGGI!
www.bonus.is




2 fyrir 1 á sérstakar MasterCard forsýningar á einni fyndnustu mynd ársins — Rauðhetta eins og þú hefur aldrei séð hana áður! Þú vilt ekki missa af þessari!

MasterCard korthafar fá 2 miða á verði eins á neðangreindar sýningar, greiði þeir með kortinu.

Myndin verður frumsýnd með íslensku og ensku tali 28. apríl í Smárabíói, Regnboganum, Laugarásbíói, Borgarbíói Akureyri og Selfossbíói.

*2 fyrir 1 á þessar sýningar*

REGNBOGINN 26. apríl kl. 18.00 - íslenskt tal

LAUGARÁSBÍÓ 27. apríl kl. 18.00 - íslenskt tal

*Bíóklúbbur MasterCard - góða skemmtun!*

*Nánar á www.kreditkort.is/klubbar*




Forseti Palestínumanna minnir Hamas-menn á vald sitt:

# Hótar að reka heimastjórnina

**ÍSRAEL, AP** Talsmenn Hamas-hreyfingarinnar, sem leiðir nýja heimastjórn Palestínu, brugðust harkalega við orðum forseta Palestínumanna um að hann hefði vald til að reka mánaðargamla stjórnina frá völdum, og hótuðu á mánudag að enda vopnahléð sem þeir hafa haldið síðan í febrúar 2005.

Orð Mahmoud Abbas forseta juku töluvert á spennuna sem ríkt hefur á milli Hamas-manna og forsetans, sem jafnframt leiðir Fatah-hreyfinguna sem tapaði fyrir Hamas í þingkosningum fyrr í vetur.

Í gær sagði síðan Abbas, sem þá var staddur í Tyrklandi, að vissulega væri ástæða til að hafa áhyggjur af spennu milli Hamas og Fatah, en engin hætta væri þó á borgarastyrjöld. „Við munum aldrei leyfa borgarastríði að brjótast út,“ sagði hann.

Meðlimir Hamas-hreyfingarinnar hafa hingað til neitað að viðurkenna Ísrael og að afneita ofbeldi, og hefur það leitt til þess að Vesturlönd hafa skorið á fjárframlög sem þau hafa hingað til veitt Palestínumönnum. Því hefur palestínska heimastjórnin ekki getað greitt 165.000 opinberum starfsmönnum laun.

Aðstoðarmenn Abbas sögðu hann ekki ætla sér að leysa stjórnina upp í bráð, heldur myndi hann eingöngu taka til þeirra ráða yrði fjárhagur landsins að hruni kominn. **- smk**


**MAHMOUD ABBAS** Forseti Palestínu hefur hótað að reka heimastjórn Palestínumanna, viðurkenni Hamas-menn ekki Ísrael. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Tíu kannanir gerðar fram að kosningum

**Fréttablaðið mun gera undirbúningi bæjar- og sveitarstjórnarkosninganna í næsta mánuði ítarleg skil á næstu vikum. Greinar og viðtöl við frambjóðendur 27 sveitarfélaga verða birt auk þess sem margar skoðanakannanir verða gerðar.**

**SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR** Fram að bæjar- og sveitarstjórnarkosningunum 27. maí næstkomandi mun Fréttablaðið birta tíu skoðanakannanir á fylgi flokka víða á landinu. Þar af verða gerðar tvær kannanir á fylgi flokka í Reykjavík og birtist sú síðari daginn fyrir kjördag.

Verða þessar kannanir liður í ítarlegri umfjöllun Fréttablaðsins um framboð og kosningabaráttu víða um land á næstu vikum. Auk Reykjavíkur verða gerðar kannanir í Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Árborg, Reykjanesbæ, Ísafjarðarkaupstað, Akranesi og í Fjarðabyggð.

Frá og með morgundeginum hefst síðan dagleg umfjöllun um framboðsmál í sveitarfélögum víða um land og verða kosningabaráttunni í 27 sveitarfélögum alls gerð skil fyrir kjördag. Farið verður yfir úrslit síðustu kosninga á hverjum stað og skipan meiri- og minnihluta í sveitarstjórn á yfirstandandi kjörtímabili, auk þess sem tíunduð verða þau mál sem hæst hefur borið á hverjum stað undanfarin fjögur ár. Þá verða tekin viðtöl við efstu menn allra framboðslista og spáð í spilin fyrir komandi kosningar.

Talsverðar breytingar hafa orðið á fjölda sveitarfélaga í landinu frá síðustu kosningum. Árið 2002 var kosið í 105 sveitarfélögum en að þessu sinni eru þau 79 og hefur því fækkað um 26. Rétt tæplega 205 þúsund manns voru á kjörskrá fyrir fjórum árum en ekki er ljóst á þessari stundu hversu mikið hefur fjölgað á skránni því hún verður ekki lögð fram fyrr en eftir 6. maí. Þann sama dag rennur framboðsfrestur út þannig að enn hafa ný framboð möguleika á að láta til sín taka.

Fréttablaðið ætlar enn fremur að gefa almenningi kost á að beina spurningum beint til efstu manna á framboðslistum í Reykjavík. Á vefsíðunni visir.is verður settur upp sérstakur vefur þar sem fólk getur sent spurningar sínar rafrænt, þeim verður síðan safnað saman og sendar frambjóðendum. Svörin verða síðan birt vikulega fram að kosningum. **ssal@frettabladid.is**


**FRÁ KOSNINGUM** Fréttablaðið mun fjalla ítarlega um kosningabaráttuna fyrir bæjar- og sveitarstjórnakosningarnar 27. maí næstkomandi. Verður það meðal annars gert með greinum, viðtölum og skoðanakönnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 27. maí 2006


**KRAKKAR Í KLETTABORG** Tæplega sautján þúsund börn eru nú í leikskólum landsins og hafa aldrei verið fleiri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Börnum með annað móðurmál en íslensku fjölgar:

# Aldrei fleiri börn í leikskólunum

**MENNTAMÁL** Leikskólabörnum fjölgaði um 109 frá desember 2004 til desember 2005. Alls sóttu þá tæplega 17.000 börn leikskóla og hafa aldrei verið fleiri. 7,5 prósent leikskólabarna eiga annað móðurmál en íslensku. Flest þeirra tala pólsku heima fyrir, 189 börn. Enska kemur þar næst á eftir. Börn sem eru erlendir ríkisborgarar voru 275 í desember en meirihluti þeirra er frá Austur-Evrópu. Þessar upplýsingar koma fram í fréttatilkynningu Hagstofu Íslands.

Leikskólar landsins eru mjög misfjölmennir. Sá fámennasti er Glaumbær á Borgarfirði eystra með fimm börn. Í 24 leikskólum eru færri en tuttugu börn. Fjölmennustu leikskólar landsins eru Stekkjarás í Hafnarfirði og Krakkakot í Bessastaðahreppi en 167 börn sækja hvorn leikskóla fyrir sig. Í 37 leikskólum á landinu eru 100 börn eða fleiri.

Í desember 2005 nutu 907 börn sérstaks stuðnings vegna fötlunar eða félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika. Þetta eru 5,4 prósent allra leikskólabarna. Börnum sem njóta sérstaks stuðnings fækkaði á milli ára annað árið í röð og er fækkunin 77 börn frá desember 2004. ■


**Lotus Professional**
Heildarlausn fyrir snyrtinguna

Á tilboði í apríl 2006
Skammtarar og tilheyrandi áfyllingar frá Lotus Professional





1.591 kr.
Lotus miðaþurrku skápur Marathon

Einnig eru á tilboði Lotus sápuskammtari og statíf í hvítu fyrir Lotus WC pappír.



4.778 kr.
Lotus miðaþurrku skápur Marathon RVS

Einnig eru á tilboði Lotus sápuskammtari og statíf úr ryðfríu stáli fyrir Lotus WC pappír.

3.982 kr.
Lotus enMotion snertifrír skammtari

Arngrímur Þorgrímsson
Sölustjóri hjá RV

Rekstrarvörur - vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6205

Þrefaldur pottur 3

# 430 milljónir

200 + 230

1. vinningur

# Kaupir Íslendingur vinningsmiðann?

**Hugsaðu stórt, farðu í víking**

BÓNUS-VINNINGUR 18 MILLJÓNIR

Potturinn stefnir í 200 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 230 milljónir og bónusvinningurinn í 18 milljónir.

Vertu með fyrir kl. 16 á morgun.

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

lotto.is

ENNEMM / SIA / NM21432

## „ORÐRÉTT“

### *Minnkarðu þá ekki?*

**„Ég set svo mikið af sjálfum mér í þessar þýðingar.“**

RÚNAR HELGI VIGNISSON, ÞÝÐANDI OG HANDHAFI ÍSLENSKU ÞÝÐINGAVERÐLAUNANNA 2006. FRÉTTABLAÐIÐ.

### *Þeir geta nú ekki allt*

**„Mætti ekki biðja íslenska stjórnmálamenn um að vanda málfar sitt?“**

ÞRÖSTUR HELGASON, BLAÐAMAÐUR Á MORGUNBLAÐINU, UM MÁLFAR STJÓRNMÁLAMANNA. MORGUNBLAÐIÐ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** EGGERT MAGNÚSSON FORMAÐUR KNATTSPYRNUSAMBANDS ÍSLANDS

# *Ekki hægt að fá leið á fótbolta*



Eggert Magnússon hefur lengi staðið í eldlínu íslenskrar knattspyrnu sem formaður Knattspyrnusambands Íslands en hann lætur ekki þar við sitja heldur situr einnig í Framkvæmdastjórn Knattspyrnusambands Evrópu, UEFA, og hefur gert um hríð.

„Það er allt gott að frétta af mér. Spennandi tímar fram undan og ósjaldan meira að gera hjá mér en þessa dagana. Íslandsmótin fara að hefjast hvað úr hverju og mikið að sýsla vegna þeirra enda verða mótin hér heima glæsilegri með hverju árinu. Svo er Evrópukeppnin á lokastigi og mikil spenna þar fyrir fótboltafíkil eins og mig og engir leikir þar sem ég missi af. Að ógleymdu sjálfu heimsmeistaramótinu í Þýskalandi í sumar og ljóst að það verður veisla fyrir alla eins og jafnan.“

Eggert mun starfa fyrir UEFA á því móti og hlakkar mikið til en störf hans fyrir þetta stærsta knattspyrnusamband innan Alþjóða knattspyrnusambandsins þýðir að Eggert er meðal valdamestu manna í knattspyrnuheiminum í Evrópu. „Það eru forréttindi fyrir menn sem eru með dellu fyrir fótbolta að koma nálægt slíkum viðburðum og tilhlökkun í mér vegna þess. Þar mun ég sinna ýmislegum verkefnum fyrir UEFA eins og ég hef áður gert og því margt sem verður við að hafa í allt sumar. Það er hins vegar jákvætt því ég mun aldrei fá leið á fótbolta sem slíkum og er ekkert á leiðinni að hætta vinnu minni fyrir knattspyrnuna. Annað mál er hins vegar hvort aðrir eru komnir með leið á mér en það vona ég ekki og mun halda mínu striki svo lengi sem ég hef eitthvað fram að færa.“

Íslandsmótið í knattspyrnu hefst hinn 14. maí næstkomandi í karladeild og hinn 16. maí hjá kvenndeild.

## HVAÐ SEGIR ANNA?

**HUGSUM VEL UM DÝRIN OKKAR**



**ANNA M. GUÐMUNDSDÓTTIR**
bóndi á Hesteyri

### *Ótrúlegar gáfur*

„Það er slæmt að sláturhúsum hafi verið fækkað og að flytja þurfi skepnur um langan veg til slátrunar,“ segir Anna M. Guðmundsdóttir, bóndi á Hesteyri í Mjóafirði. Hún er mikill dýravinur og finnst afar sárt að horfa upp á illa meðferð dýra. „Áður gátu menn farið stutt með skepnurnar en nú er oft um langan veg að fara. Þetta var kannski bara betra í gamla daga þegar skepnur voru skornar á bæjum,“ segir Anna og bendir á að óhöpp kunni að hljótast af langferðum. Minnist hún þess að fjárflutningabíll fór út af veginum í Reyðarfirði og drápust sumar kindur og aðrar meiddust.

„Skepnur eru mikill yndisauki, ekki síst ef menn reyna að kynnast þeim og sjá hvernig þær spekúlera. Þær hafa ótrúlegar gáfur og bara hreint áþekkar manninum, þó ekki hafi þær ritmálið.“



**BRÉFIN SEND ÚT** Undirbúningsnefnd landsafmælisfagnaðar aldarinnar kom saman á föstudag til að ganga frá bréfunum í póst. Það tók hópinn aðeins þrjár klukkustundir að brjóta bréfin saman, setja þau í umslög og skila þeim á pósthús. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Krakkar fæddir 1936 halda sjötugsafmæli aldarinnar

**Árgangurinn sem fæddist 1936 efnir til landsafmælisfagnaðar í Súlnasalnum um miðjan maí. 1.875 boðsbréf voru send út fyrir helgi og nú bíður undirbúningsnefndin spennt eftir viðbrögðum.**

„Upphafið að þessu er að við sem vorum saman í skóla fyrir mörgum árum höfum borðað saman í hádeginu í Skrúði á Hótel Sögu fyrsta mánudag í hverjum mánuði og þessi vitleysishugmynd kom upp hjá okkur snemma hausts,“ segir Jón Kr. Óskarsson, símritari og varaþingmaður Samfylkingarinnar, en hann á sæti í undirbúningsnefnd.

Hugmyndin gerjaðist með hópnum og var færð í tal við aðra jafnaldra og hvar sem hana bar á góma þótti hún sérdeilis góð. Það var því ekki um annað að ræða en að ganga alla leið, hefja undirbúning og boða til fagnaðarins.

Í bréfi sem allir sem fæddir eru árið 1936 og eru búsettir á Íslandi hafa fengið segir meðal annars: „Skemmtiatriði verða t.d. idolið okkar Raggi Bjarna og að sjálfsögðu matur, dansleikur og fleira. Þar sem við erum jú Rock and roll kynslóðin sem dáðum flest Elvis Presley, getum við drifið okkur í dansskóna og rokkað. Það verður líka hægt að dansa annað að vild og svo getum við spjallað fram eftir nóttu.“ Jón segir hópinn afar fjörlegan og því viðbúið að glaumur og gleði muni ríkja fram á rauða nótt. „Raggi Bjarna var aðalstjarnan þegar við vorum unglingar og við erum sú kynslóð sem dáði Elvis og allt þetta,“ segir hann og bendir á að Sæmi rokk sé fæddur 1936.

Um tvö þúsund manns sem fæddust á þessu Herrans ári eru á lífi en um tvö hundruð þeirra búa í útlöndum. 1.875 bréf voru send út og hefur fiskisagan þegar flogið út fyrir landsteinana. „Við vitum að það ætla að koma krakkar bæði frá Danmörku og Bandaríkjunum,“ segir Jón, sem bíður spenntur eftir að laugardagurinn 13. maí renni upp.

bjorn@frettabladid.is






# Ég er ekki í gæsluvarðhaldi

Hörður Már Harðarson, bílasali á Höfðabílum Fosshálsi 27, hefur mátt þola síðustu daga að fjöldi fólks hefur haldið hann sitja í gæsluvarðhaldi. Nafni Harðar tengist stóru fíkniefnamáli sem nú er til rannsóknar en í því kemur glæsibifreið af BMW-gerð við sögu. Situr sá í gæsluvarðhaldi.

„Fólk úti í bæ hefur spurt kunningja mína út í þetta og menn hafa komið hálf laumulegir hingað á bílasöluna og undrast að sjá mig,“ segir Hörður Már. Þá er málið rætt í hesthúsunum en Hörður Már er hestamaður.

Furðumargar staðreyndir gera það að verkum að Hörður Már á Höfðabílum hefur verið bendlaður við fíkniefnamálið. „Ég heiti Hörður, ég tengist bílum, ég er með bílasölu uppi á Hálsi en fíkniefnamálið kom upp á Krókhálsi, ég flyt inn bíla - þar á meðal BMW - og ég var í burtu þegar málið kom upp og næstu daga á eftir.“ Margir lögðu því saman tvo og tvo og fengu út að Hörður Már Harðarson væri þessi Hörður í stóra fíkniefnamálinu. „Það er svona sem misskilningurinn verður til.“

Það hefur svo verið til að auka enn á sögusagnirnar að Höfðabílar keyptu nýverið fjórar BMW-bifreiðar en aðeins þrjár eru komnar til landsins. Töldu menn að lögregla hefði lagt hald á fjórða bílinn. „Hann er enn ókominn frá Ameríku, en um þetta tala menn á rúntinum,“ segir Hörður Már.

Hann vonast til að viðskipti sín skaðist ekki vegna þessa án þess þó að geta sagt til um það. „Þetta leiðréttist vonandi á endanum en fólk sem þekkir mig ekki persónulega hefur fengið ranghugmyndir.“

-bþs



**EKKI Í VARÐHALDI** Hörður Már Harðarson bílasali segir marga halda að hann sitji í gæsluvarðhaldi. Svo er alls ekki, honum hefur verið ruglað saman við annan Hörð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Úrval af húsgögnum á vaxtalausum kjörum

**Sérsmíðum**
eftir þínum þörfum.
Þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig.



99.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

ekta leður

**Leðurhornsófi** 2+h+2

## Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Fullt verð 168.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Leðursófasett** 3+1+1 Dany



Fullt verð 168.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Leðursófasett** 3+1+1 M6217



Fullt verð 168.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Leðursófasett** 3+1+1 3057



Fullt verð 216.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Leðursófasett** 3+1+1 Chesterfield



Fullt verð 168.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Leðursófasett** 3+1+1 3178



Fullt verð 156.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Púðahornsófi** 2+h+2 Paris

**Sófaborð**
70x40x70



Fullt verð 14.990 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum

**Sófaborð**
70x42x70



Fullt verð 14.990 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum

**Sófaborð**
70x42x70



Fullt verð 14.990 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum



**Sófaborð**
135x40x70

Fullt verð 19.990 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum



**Sófaborð**
135x42x70

Fullt verð 19.990 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum



**Sófaborð**
135x42x70

Fullt verð 19.990 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 1. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

## > Svona erum við

Kartöfluneysla þjóðarinnar á árabilinu1989 til 2204




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** SKPTING MÚSLIMA Í SÚNNÍA OG SJÍA

# *Tvær meginfylkingar múslima*

Undanfarið hefur skipting múslima í tvo hópa, súnnía og sjía, komið töluvert við sögu í fréttum frá Írak.

**Hver er uppruni aðgreiningarinnar?**
Þegar Múhameð spámaður lést snemma á sjöundu öld upphófust deilur meðal múslima um það hver ætti að verða arftaki hans. Upphafið að skiptingu múslima má rekja til þessara deilna. Mikill meirihluti múslima vildi þá að Abu Bakr, náinn samstarfsmaður Múhameðs, yrði leiðtogi múslima, en minnihlutinn taldi rétt að Ali, tengdasonur Múhameðs, tæki við af honum. Þessi minnihluti hefur allar götu síðar nefnst sjíar, eða „fylgismenn Alis“, en meirihlutinn súnníar, eða „hefðarsinnar“ þar sem þeir telja sig fylgja hefð Múhameðs.

**Er munur á innihaldi trúarinnar?**
Í meginatriðum er trú súnnía og sjía hin sama, þó ýmis áhersluatriði séu mismunandi. Til dæmis telja súnní-múslimar leiðtoga sína mannlega en sjía-múslimar líta á leiðtoga sína sem óskeikula afkomendur spámannsins. Báðir hóparnir byggja trú sína bæði á Kóraninum og á munnmælasögum af Múhameð spámanni. Mismuninn á trú þeirra má að verulegu leyti rekja til þess að þeir styðjast ekki alltaf við sömu frásagnirnar af Múhameð.

**Hvar eru sjíar í meirihluta?**
Múslimar eru um það bil fimmtungur jarðarbúa, nærri 1,4 milljarðar. Mikill meirihluti þeirra er súnníar, um 85 prósent samkvæmt flestum heimildum, en hin fimmtán prósentin eru flestir sjíar, þótt reyndar séu til aðrar tegundir af íslamstrú. Í flestum múslimaríkjum eru súnníar í miklum meirihluta, en sjíar eru þó í meirihluta í Íran og Írak.



## SPURT & SVARAÐ
HRAÐAKSTUR



GEIR JÓN ÞÓRISSON

### *Ábyrgðin er ökumanna*

Hraðakstur hefur verið mikið í umræðunni að undanförnu en Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðadeildar lögreglunnar í Reykjavík, kallaði eftir hugarfarsbreytingu ökumanna í viðtali við Fréttablaðið fyrir skömmu. Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn tekur undir þetta með Guðbrandi.

**Hvað getur dregið úr hraðakstri?**
Enginn getur breytt hraða ökutækis annar en ökumaðurinn sjálfur. Hraðakstur er alfarið á ábyrgð ökumanna. Þeir hafa ábyrgðina í höndum sér. Til þess að dregið verði úr hraðakstri verður að koma til hugarfarsbreytingar hjá ökumönnum.

**Á að herða viðurlög við hraðakstri?**
Ég hef nú haldið hingað til að viðurlög við hraðakstri væru nokkuð hörð en því miður virðast þau ekki hafa nógu mikil áhrif. Ökuleyfissviptingar og háar fjársektir hafa ekki tilætluð áhrif á marga ökumenn því það er nokkur fjöldi ökumanna sem kemur við sögu aftur og aftur vegna hraðaksturs. Þessu geta engir breytt nema ökumennirnir sjálfir.

# Kaupmáttur eykst áfram

**Neysla þjóðarinnar hægir á sér. Eftirspurn eftir nýjum bílum mettast, það hægir á verðbreytingum á fasteignamarkaði og dregur úr ferðalögum. Kaupmáttur ráðstöfunartekna heldur áfram að aukast, hagvöxtur verður þokkalegur en atvinnuleysi eykst. Greiðslubyrði mun þyngjast. Verðbólguskotið gengur niður á næsta ári.**

Efnahagssérfræðingar fjármálaráðuneytisins gera ráð fyrir því að sambærilegar áherslur verði í efnahagsþróun þjóðarinnar árin 2006-2010 og þeir hafa gert ráð fyrir í fyrri þjóðhagsspám. Þetta kemur fram í Þjóðarbúskapnum, þjóðhagsspá fyrir árin 2006-2010 sem fjármálaráðuneytið hefur sent frá sér.

Í spánni kemur fram að almennt verðlag muni hækka um 5,9 prósent 2005-2006 en að verðbólgan verði 3,5 prósent að meðaltali á næsta ári. Reiknað er með að Seðlabanki Íslands hækki stýrivexti í þrettán prósent á næsta ári og lækki þá svo aftur á næsta ári. Hagvöxtur er áætlaður um 2,4 prósent að meðaltali fram til 2010.

„Gengisbreytingin bendir til þess að aðlögun til jafnvægis byrji fyrr en við höfðum gert ráð fyrir í janúarspánni en ég held að við sjáum fyrir að hagvöxtur verði áfram góður í ár og eitthvað minni á næsta ári. Þetta er samt sem áður alveg þokkalegur hagvöxtur og útflutningsdrifinn. Ég held að ástandið verði alveg viðunandi,“ segir Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Í þjóðhagspánni kemur fram að það dragi úr einkaneyslu og að hún aukist bara um 2,2 prósent á þessu ári. Á sama tíma er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 3,4 prósent á mann. Krónan helst veikari og það rýrir kaupmátt einstaklinga erlendis. Mettunaráhrif munu koma fram vegna bílakaupa og annarra neysluvara. Með gengislækkun krónunnar mun greiðslubyrði gengisbundinna lána þyngjast.

„Við teljum að gengisbreytingin hafi talsverð áhrif á innflutning sem var einkaneysludrifinn og allt gott um það að segja. Flestir sem ætluðu að fá sér bíl þegar gengið var sterkt eru búnir að því og nú fara hlutirnir aðeins að róast hvað það varðar. Við erum komin á tiltölulega hátt einkaneyslustig og sjáum samt sem áður smá vöxt áfram á þessu ári og minni á næsta ári,“ segir Þorsteinn.

Í umræðunni undanfarið hafa hagfræðingar og verkalýðsforkólfar velt fyrir sér hvað verði í haust þegar kemur að endurskoðun kjarasamninga ef verðbólguforsendur standast ekki. Þorsteinn segir fyrirséð að það verði verðbólguskot út af þessari gengislækkun, sem hafi verið undanfarið, sé hún komin til að vera en hún muni ganga hratt í gegn.

„Ég held að það sé mikilvægt að allir bregðist við af ró og skynsemi og fari ekki að hella olíu á eldinn. Við spáum því að verðbólga gangi niður strax á næsta ári þannig að þetta er bara verðbólguskot eins og við sáum 2001 og 2002 ef þessi gengisbreyting er komin til að vera í smá tíma,“ segir hann.

Spurður um það hvort tekið sé tillit til launabreytinga eftir hugsanlega endurskoðun kjarasamninga í haust segir hann að gert séð ráð fyrir „ákveðnum launabreytingaforsendum á raungrundvelli“ í þjóðhagspánni. „En við gerum ráð fyrir að þetta fari ekkert sérstaklega úr böndunum, fólk haldi bara sínu striki. Það hefur verið mikil þensla og kaupmáttaraukning. Síðan verða áframhaldandi skattalækkanir á næsta ári þannig að kaupmáttur ráðstöfunartekna mun halda áfram að aukast og fólk má ekki missa sjónar á því. Það virðist stefna í að vera viðunandi ástand áfram.“

Gríðarleg þensla hefur verið í byggingastarfsemi, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Í þjóðhagsspánni kemur fram að mesti kúfurinn í eftirspurn sé að baki. Dregið hafi úr fjölda kaupsamninga og velta á markaðnum í krónum talið hafi staðið í stað. Þá hafi dregið úr hækkun fasteignaverðs. Framboð á nýju húsnæði sé þó að aukast í takt við eftirspurnina og enn sé aukins framboðs að vænta.

Margir notuðu tækifærið til að taka langtímalán til að fjármagna neyslu eða íbúðakaup þegar bankarnir byrjuðu með íbúðalán. Þorsteinn segir að lækkun fasteignaverðs sé ekki merkjanleg.

„Hins vegar hægir á verðbreytingum á fasteignamarkaði. Við spáum áframhaldandi hagvexti þannig að við spáum ekki harðri lendingu. Okkur finnst það of langt gengið.“



**DREGUR ÚR FERÐALÖGUM** Draga mun úr eftirspurn eftir neysluvörum, þar með töldum ferðalögum á fjarlægar slóðir, samkvæmt Þjóðarbúskapnum, vorskýrslu 2006.



**ÞORSTEINN ÞORGEIRSSON** „Ég held að það sé mikilvægt að allir bregðist við af ró og skynsemi og fari ekki að hella olíu á eldinn,“ segir Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri hjá fjármálaráðuneytinu, og telur verðbólguna ganga niður á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is



# computer MEGASTORE

**- minnsta megastore í heimi -**



MEGAverð **69.990,-**

**Acer 2423WXCi Fartölva**
Intel Celeron M 370 1,5GHz örgjörvi
Centrino með 1mb flýtiminni
256MB DDR vinnsluminni
40GB harðdiskur
Combo drif(DVD og CD skrifari)
Windows XP Home stýrikerfi
14,1" Widescreen TFT skjár 1280x800

Vaxtalaust lán til 10 mánaða **6.990,-** pr.mánuð*



**KTC 19" LCD skjár**
600:1 12ms

MEGAverð **24.990,-**



**My PC IDEQ tölva**
**Sempron 2500**
AMD Sempron 2500+ örgjörvi
512 MB DDR 400 MHz vinnsluminni
80 GB Seagate IDE harðdiskur
Combo CDRW/DVD 52/24/52-16x
Windows XP Home SP2 stýrikerfi

MEGAverð **39.990,-**

Vaxtalaust lán til 18 mánaða **8.888,-** pr.mánuð*



**Acer Aspire 5672WLMi PRO**
Intel Core Duo T 2300
15,4" crystalBrite WXGA
1024 MB DDR2
100 GB SATA
DVD skrifari
Windows XP PRO

MEGAverð **159.990,-**

**Netmyndavél**
USB Mini Mic 302C
með innbyggðum hljóðnema



MEGAverð **1.990,-**

**288 diska Nylon Taska**



MEGAverð **1.990,-**

**TVISTO**

**Horfðu á myndefni og ljósmyndir í sjónvarpinu ásamt því að spila uppáhalds tónlistina þína án þess að tengjast tölvu!**

Það eina sem þarf að gera er að kaupa harðdisk og setja í græjuna.



MEGAverð **15.990,-**



**EVGA Skjákort GeForce 6600GT**
128MB AGP 2,0 NS

MEGAverð **15.990,-**



**EVGA Skjákort GeForce 7800GTX**
256MB PCI-E 1,6NS ViVo

MEGAverð **49.990,-**

**Azona Fartölvutaska**
EC-848



MEGAverð **3.990,-**

**Azona Fartölvu-bakpoki**
CO-748



MEGAverð **3.990,-**

**Mikið úrval af borð- og fartölvum**

Hringiðan

1 mánuður fylgir frítt með öllum tölvum!

**Shuttle XPC FN 81P**
Intel P4 630 2,8Ghz 775 örgjörvi1MB 64 bita H.T.
1GB (2x512mb) DDR 4000Mhz vinnsluminni
Seagate 250GB SATA-II harðdiskur
DVD 16x +/- Dual Layer Skrifari
Intel GMA900 3D 333Mhz skjákort allt að 256MB
19" KTC LCD skjár 600:1 12MS
FireWire: 1 tengi á framhlið og 1 tengi á bakhlið
Kortalesari: 6 in 1
Windows XP-Home SP2
2 ára ábyrgð



MEGAverð **129.990,-**

**Fullkomið tölvuverkstæði**
**- gerum við allar tölvur -**

Staðgreiðslu VISALán

*Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldarbréf með 3,5% stimpil- og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann."



ee.is [ydin&umbrot]

Öll verð og upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.641 **+1,21%** **Fjöldi viðskipta:** 567 **Velta:** 3.971 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Atorka** | +2,7% |
| **Bakkavör** | +2,5% |
| **KB banki** | +1,84% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Flaga** | -1,24% |
| **Dagsbrún** | -1,00% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 58,80 +0,69% ... Alfesca 3,90 +0,00%... Atorka 5,70 +2,70% ... Bakkavör 49,30 +2,50% ... Dagsbrún 5,97 -1,00% ... FL Group 20,00 +0,50% ... Flaga 3,20 -1,24% ... Glitnir 17,20 +0,59% ... KB banki 777,00 +1,84% ... Kögun 74,50 +0,00% ... Landsbankinn 22,60 +0,89% ... Marel 72,80 +0,55% ... Mosaic Fashions 18,50 +0,00% ... Straumur-Burðarás 16,90 +0,60% ... Össur 112,50 +0,45%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Sigrar björninn nautið?

Myndlíkingarnar um björninn og nautið eru títt notaðar fyrir mismunandi stemningu á hlutabréfamarkaði og þykir vissulega eftirsóknarverðara að falla inn í þá síðarnefndu. Íslenski hlutabréfamarkaðurinn er nú samt orðinn að bjarnarmarkaði miðað við þumalputtaregluna sem segir hann vera orðinn að veruleika þegar hlutabréf á markaði hafa lækkað um meira en tuttugu prósent frá sínu hæsta gildi. Starfsmenn greiningardeildar KB banka eru þó þess fullvissir að ekki sé ástæða til annars en bjartsýni það sem eftir er á árinu í afkomuspá sinni sem birtist í gær. Þar er stiklað á stóru um þau atriði sem hafa verið í umræðunni undanfarnar vikur enda mikið sem gengið hefur á í íslensku efnahagslífi svo ekki sé minnst á þær fjölmörgu erlendu og oft á tíðum neikvæðu skýrslur sem út hafa komið á tímabilinu.



### Býst við góðum uppgjörum

Í afkomuspánni er gert ráð fyrir að samanlagður hagnaður félaganna sem hún nær til muni nema rétt tæplega 45 milljörðum króna á fyrsta fjórðungi ársins. Til samanburðar nam hagnaður sömu félaga rúmlega 19,3 milljörðum króna á sama tímabili árið 2005 og nemur áætluð hagnaðaraukning því um 132 prósentum milli ára. Munar þar mest um væntingar greiningardeildarinnar um góð uppgjör Glitnis, Landsbankans og Straums-Burðaráss sem hún áætlar að skili samtals um 37,4 milljörðum á fjórðungnum. Það samsvarar tæplega þreföldun hagnaðar frá sama tíma í fyrra, um 23,7 milljörðum. Væntingar greiningardeildarinnar til afkomu rekstrarfélaganna eru hins vegar ekki jafnbjartar þar sem fjórðungurinn endurspeglast af endurskipulagningu, erfiðum rekstrarskilyrðum og í einhverjum tilfellum gengistapi hjá mörgum þeirra í kjölfar skarprar veikingar krónunnar.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Stjórn Icelandic Group hf. samþykkti í gær að hækka hlutafé fyrirtækisins um allt að 135 milljónir króna með útgáfu nýrra hluta. Nýjir hlutir verða afhentir í skiptum fyrir hluti í Saltur Holding APS.

Hreinar skuldir borgarsjóðs lækkuðu um 1,5 milljarð króna árið 2005 og voru um 600 milljón krónum lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Heildarskuldir á hvern íbúa nema nú 184 þúsund krónum.

FMB ehf. hefur boðið öllum hluthöfum í Fiskmarkaði Íslands hf. að selja hluti sína í félaginu. Yfirtökuskylda myndaðist þegar FMB eignaðist 50,38 prósent hlutafjár í Fiskmarkaði Vestmannaeyja.



**STAÐA SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKJA BATNAR** Gengisþróun krónunnar vegur upp á móti lækkunum á verði sjávarafurða.

# Verð á fiski lækkar en hagur vænkast

Verð á sjávarafurðum lækkaði um 0,7 prósent í marsmánuði mælt í erlendri mynt (SDR) og hefur lækkað um 1,3 prósent það sem af er ári. Þetta kemur fram í nýjum tölum Hagstofunnar. Þrátt fyrir lækkunina er afurðaverðið enn sögulega hátt og 4,7 prósentum hærra en í mars í fyrra.

Gengisþróun krónunnar undanfarið vegur upp þessa lækkun og gott betur. Þannig hækkaði afurðaverð í mars um 7,7 prósent frá mánuðinum á undan og hefur afurðaverð í íslenskum krónum hækkað um 14,6 prósent síðastliðið ár. Sjávarútvegsfyrirtæki njóta því loks góðs af háu afurðaverði erlendis vegna lækkunar gengis krónunnar og hefur framlegð í rekstri fyrirtækja í greininni snarlega batnað samfara henni. Á móti kemur að gengismunur af erlendum skuldum verður mjög neikvæður á fyrri hluta ársins. Þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi hækkað nokkuð allra síðustu daga og afurðaverðið í erlendri mynt lækkað lítillega á árinu eru ytri skilyrðin nú mun hagstæðari en fyrir ári. **- hhs**

# Full ástæða til að ræða ESB og evru af yfirvegun

**Ingimundur Sigurpálsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, segir fjarlægð frá verðbólguárum ekki mega verða til að hættan sé ekki tekin alvarlega. Hann segir umræðu um Evrópusambandið ekki mega vera á forsendum ráðaleysis.**

Ingimundur Sigurpálsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, gagnrýndi sveitarfélögin fyrir hækkun launa sem færi upp allan launastigann. Hann segir ekki ljóst hvernig þau ætli að fjármagna reikningin, en þau séu flest skuldum vafin eftir langvarandi hallarekstur. „Það ætti öllum að vera ljóst, sem kynnt hafa sér þróun kjaramála undanfarna áratugi, að því aðeins er unnt að ná fram varanlegum leiðréttingum á kjörum einstakra launahópa, að um það náist víðtæk samstaða.“

Ingimundur gerði verðbólguhættu að umtalsefni og þann gríðarlega kostnað sem verðbólga hefur í för með sér fyrir atvinnulífið jafnt sem heimilin í landinu og sagði auknar launahækkanir síðan fóðra verðbólguvæntingar og ýta undir verðbólguna sjálfa. „Þetta er gamli vítahringurinn, sem hélt raunverulegum framförum á Íslandi í gíslingu á áttunda og níunda áratug síðustu aldar,“ sagði Ingimundur.

Hann gerði einnig stöðu krónunnar að umtalsefni og sagði marga beina sjónum að evru og aðild að ESB. Hann sagði skoðanir um slíkt skiptar innan samtakanna en þau hefðu beitt sér fyrir yfirvegaðri umræðu um málið. „Ráðaleysi í stjórn efnahags- og kjaramála má ekki verða ástæða fyrir upptöku evru eða aðild að ESB. Þá væri illa komið. Verðbólgan verður ekki hamin og henni verður ekki náð niður nema með samræmdum aðgerðum á sviði hagstjórnar.“



**INGIMUNDUR SIGURPÁLSSON** Varaði við sofandahætti þegar verðbólga væri annars vegar. Hann sagði mikilvægt að ræða evru af yfirvegun, en hún leysti okkur ekki undan skynsamlegri hagstjórn.

Ingimundur sagði fjölmörg tækifæri til þess að einkaframtakið nýttist frekar í opinberri þjónustu og samtökin ynnu nú að úttekt á kostum einkarekstrar í heilbrigðiskerfinu.

Sérstakur gestur fundarins var Quentin Peel, ristjóri alþjóðamála Financial Times. Hann sagði hnattvæðingu staðreynd og ekki nokkuð sem við gætum valið eða ekki. Hann sagði mikilvægt að leggjast á árar gegn tilhneigingu til verndarstefnu og hindrunum í hreyfanleika vinnuafls.

Peel sagði Evrópusambandsaðild hafa reynst litlum ríkjum vel og sagði að Íslendingar hefðu verið minntir á það upp á síðkastið að sjálfstæður gjaldmiðill væri engan veginn ónæmur fyrir utanaðkomandi áhrifum. Íslendingar ættu að skoða aðild með opnum huga.

Hann sagði Ísland fjarrí því að vera samanburðarhæft við Taíland og Indónesíu í aðdraganda kreppu. „Þið eruð með opið hagkerfi með skýru regluverki. Þið eruð ekki efnahagslegt svarthol.“ Hann sagði að gera mætti ráð fyrir tímabili minni hagvaxtar. „Þið eruð hins vegar vanir að sigla í stórsjó.“

**hafliði@frettabladid.is**

# Fimm nýir í stjórnina

Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts og sitjandi formaður Samtaka atvinnulífsins, var endurkjörinn formaður í beinni póstkosningu sem fram fór um embættið. Tilkynnt var um niðurstöðu kosninganna á aðalfundi samtakanna um miðjan dag í gær, þriðjudag.

Þá koma nýir inn í stjórn samtakanna Jón Karl Ólafsson frá Icelandair, Helgi Magnússon frá Flügger HörpuSjöfn, Bjarni Ármannsson frá Glitni, Helgi Bjarnason frá Sjóvá-Almennum tryggingum og Gunnar Karl Guðmundsson frá Skeljungi. Úr stjórninni gengu Ragnhildur Geirsdóttir frá Promens, Þorgeir Baldursson frá Prentsmiðjunni Odda, Óskar Magnússon frá Tryggingamiðstöðinni, Hreiðar Már Sigurðsson frá Kaupþingi banka og Hjörleifur Jakobsson frá Eglu. **- óká**

# Draga mun úr vexti viðskiptabankanna

Greiningardeild KB banka telur að íslensku bankarnir muni ekki standa að yfirtökum á erlendum fjármálafyrirtækjum á þessu ári og muni því draga nokkuð úr vexti þeirra.

Bankinn hefur breytt fyrri spá sinni um þróun Úrvalsvísitölunnar á árinu. Í janúar reiknaði hann með að vísitalan færi í sjö þúsund stig á árinu en spáir nú að hún verði á bilinu 6.500-7.000 stig við lok árs vegna þeirrar óvissu sem ríkir á fjármálamörkuðum. Það er um fimmtungshækkun en Úrvalsvísitalan stendur í um 5.640 stigum.

Verulega mun draga úr viðskiptahalla þegar líður á árið. Strax í haust mun draga úr innflutningi en útflutningur, einkum á sjávarafurðum, mun aukast hröðum skrefum. **- eþa**


Skráningarlýsing Dagsbrúnar hf. apríl 2006

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

DAGSBRÚN

Skráningarlýsingin er gefin út vegna tveggja hækkana á hlutafé Dagsbrúnar hf. samtals að fjárhæð 730.270.474 krónur að nafnverði.

Fyrri hækkuninni, að nafnverði 687.833.334 krónur, var ráðstafað til að greiða fyrir hlutafé í Securitas hf. og Senu ehf. Hækkunin var skráð í Kauphöll Íslands hf. 3. mars 2006.

Síðari hækkuninni, að nafnverði 42.437.140 krónur, var ráðstafað til uppgjörs á kaupréttarskuldbindingum og til kaupa á hlutum í öðrum félögum. Hækkunin var skráð í Kauphöll Íslands hf. 24. apríl 2006.

Hlutafé félagsins eftir síðustu hækkun er 5.071.698.634 krónur að nafnverði.

Þar sem hlutafé Dagsbrúnar hf. hefur verið hækkað samtals um meira en sem nemur 10% af heildarhlutafé ber félaginu að gefa út skráningarlýsingu samkvæmt 1. gr. A-lið 3.tl. viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999 og bráðabirgðaákvæði í reglugerð nr. 242/2006, um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 210 milljónum króna eða meira og skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað.

Allt hlutafé Dagsbrúnar hf. er skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. undir auðkenninu DB.

Skráningarlýsinguna er hægt að nálgast hjá Dagsbrún hf., Síðumúla 28, Reykjavík, á vefsíðu félagsins www.db.is, hjá umsjónaraðila skráningarinnar, Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, Hafnarstræti 5, Reykjavík, og á vefsíðu bankans www.landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 32320 04/2006




# „Gott kaffi er ein af lystisemdum lífsins. Corso Impero frá Tosteria del Corso er kaffið sem við drekkum.“

Albert & Bergþór

**Corso Impero blandan er einnig fáanleg í kaffipúðum fyrir „ESE-Kaffipods“-vélar, t.d. frá Fönix.**




## „CORSO IMPERO“

Corso Impero er blanda úr 8 mjög verðmætum Arabica og Robusta kaffibaunum. Þetta er mest selda kaffið frá Tosteria del Corso. Var valið til að bera fram í krýningarafmæli bresku drottningarinnar og er borið fram af sumum virtustu veitingaþjónustum í Evrópu.

**Ilmur:** Súkkulaði, möndlur og hnetur.
**Froða:** Þykk með litlum bólum, karamellulitur.
**Bragð:** Þétt, mikið ristað og rjómakennt. Dökkt án þess að vera rammt. Gott jafnvægi á milli ávaxta og beiskju.
**Eftirbragð:** Mjög langt með þægilegri sýru.



**Fæst í: Gripið og Greitt, Hagkaup, Miðbúðinni, Ostabúðinni við Skólavörðustíg, Samkaup, Yndisauka, Versluninni Rangá og Fönix. Allt um nýju tegundirnar sjá www.gjordusvovel.is**

gjordusvovel.is

# skoðun

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tilgangurinn og sagan

Alfreð Þorsteinsson upplýsti í Fréttablaðinu á laugardag að fram hefðu farið viðræður milli framsóknar- og sjálfstæðismanna í borgarstjórn um myndun nýs meirihluta í kjölfar þess að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ákvað í desember 2002 að fara í þingframboð. Blaðið tekur málið upp á mánudag og ræðir það meðal annars við Árna Þór Sigurðsson, sem segir öðrum R-listaflokkum hafa verið kunnugt um viðræðurnar. Það sem helst vekur athygli við orð Árna er að hann áttar sig ekki á hvaða tilgangi ummæli Alfreðs þjóni. Virðist sem honum þyki eðlilegast að staðreyndir sem þessi liggi í kyrrþey.



### Ekki tímabært

Sú skoðun Árna Þórs að það sem gerist að tjaldabaki stjórnmálanna sé best geymt þar er af sama meiði og viðleitni stjórnmálamanna til að ráða algjörlega ferðinni í pólitískri umræðu. „Það er ekki tímabært að ræða þetta mál," er þeim tamur frasi, sama þó málin varði þjóðarhag og brenni á fjölmiðlamönnum og öðrum landsmönnum. Það er mikill misskilningur sumra stjórnmálamanna að þeir eigi einkarétt á stjórnmálunum og því geta þeir sem gefa sig að þessu starfi þurft að tjá sig um tiltekin mál þó það þjóni ekki hagsmunum þeirra sjálfra þá stundina. Er óhætt að segja að þeir yrðu töluvert stærri menn ef þeir létu af þessum ósið og hættu að rembast við að reyna að stjórna um hvað er talað og hvað ekki. Að sama skapi er ekkert sérlega smart að vilja ekki að stjórnmálasagan sé sögð heldur aðeins geymd fyrir stjórnmálamennina sjálfa.

### Ég er framsóknarmaður

Þó Birni Inga Hrafnssyni þyki fátt eðlilegra en að listi Framsóknarflokksins í Reykjavík sé aðeins auglýstur undir merkjum exbé og hvergi minnst á flokkinn sjálfan í auglýsingum hans eru ekki allir sömu skoðunar. Það eru ekki aðeins pólitískir andstæðingar Framsóknarflokksins sem hafa gert þetta að umtalsefni því Anna Kristinsdóttir, sem sóttist eftir efsta sæti listans líkt og Björn Ingi en þurfti að lúta í gras, tók málið upp í ræðu sem hún hélt á dögunum. Í henni lýsti hún því yfir að hún væri framsóknarmaður en ekki exbé-maður. Vöktu þau orð nokkra kátínu viðstaddra.



**bjorn@frettabladid.is**

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Það vorar og ökuhraðinn eykst:

# Ofsaakstur

Varla líður sú vika nú þegar vorar og sól er farin að hækka á lofti, að ekki berist fréttir um ofsaakstur á þjóðvegum landsins og á beinum og breiðum brautum í höfuðborginni. Oftar en ekki eru það kornungir ökumenn sem stunda þennan ofsaakstur. Sumir þeirra hafa ekki haft ökuskírteini nema í nokkrar vikur, ef þá svo lengi, og í allt of mörgum tilfellum hefur ofsaksturinn endað með hörmulegum afleiðingum - dauða eða varanlegum örkumlum.

Það verður ekki framhjá því litið að þessi ofsaakstur tengist oft kraftmiklum og rennilegum bílum, sem fjölgað hefur töluvert hér í umferðinni í góðærinu að undanförnu. Ökumenn þessara bifreiða safnast gjarnan saman á fáförnum stöðum með fáka sína og spretta úr spori á síðkvöldum. Þaðan berst leikurinn svo út á hinar miklu umferðaræðar borgarinnar þar sem upphefst kappakstur.

*Nú á dögum hás eldsneytisverðs væri ekki úr vegi að olíufélögin og umferðaryfirvöld bentu ökumönnum á það með áberandi hætti að það megi spara töluvert eldsneyti ef ekki er ekið yfir hámarkshraða. Þannig geta bíleigendur unnið upp hækkunina á eldsneytinu.*

Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðardeildar lögreglunnar í Reykjavík, segir í viðtali við Fréttablaðið í gær að hraðakstur innan borgarmarkanna sé vaxandi vandamál. Hann segir að á degi hverjum stöðvi lögreglan á milli tuttugu og þrjátíu ökumenn vegna hraðaksturs: „Því miður hefur það farið vaxandi að ungt fólk sem nýlega er komið með ökuleyfi keyri með vítaverðum hætti langt yfir hundrað kílómetra hraða innan bæjarmarka. Við köllum eftir hugarfarsbreytingu hjá ökumönnum," segir Guðbrandur.

Það er reyndar ekki aðeins innan borgarmarkanna og víðar í þéttbýli sem þessi ofsaakstur viðgengst, heldur ekki síður úti á vegum. Misjöfn áhersla virðist vera á hraðaeftirlit í lögsagnarumdæmum landsins og fer það eftir mannafla og aðstæðum á hverjum stað. Ekkert er eins árangursríkt í baráttunni við hraðakstur og sýnileg og hreyfanleg löggæsla. Hana þarf víða að efla á landsbyggðinni og samræma eftirlitið milli umdæma. Viðurlög við hraðakstri hafa verið þyngd á undanförnum árum, en þrátt fyrir það að menn eigi á hættu að missa ökuleyfið um tíma og þurfi að greiða allnokkrar sektir virðist það lítið hafa að segja.

Þótt hámarkshraði á þjóðvegum landsins utan þéttbýlis sé yfirleitt 90 kílómetrar á klukkustund vantar víða mikið á að allir vegir þoli þann hraða, að ekki sé talað um að allflestir aka á hundrað kílómetra hraða á þessum vegum, vitandi það að lögreglan stöðvar yfirleitt ekki ökutæki sem eru innan þeirra marka.

Nú á dögum hás eldsneytisverðs væri ekki úr vegi að olíufélögin og umferðaryfirvöld bentu ökumönnum á það með áberandi hætti að það megi spara töluvert eldsneyti ef ekki er ekið yfir hámarkshraða. Þannig geta bíleigendur unnið upp hækkunina á eldsneytinu og ferðatíminn eykst aðeins um nokkrar mínútur á hverja eitt hundrað ekna kílómetra.

# Það sem koma skal

Í DAG
KÍNA OG BANDARÍKIN



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

*Togstreita á milli Kína og Bandaríkjanna verður hins vegar eitt af stærstu viðfangsefnum í alþjóðkerfinu næstu áratugina.*

Einhver sagði mér að góður diplómat gæti sagt manni að fara til fjandans af slíkri kurteisi að maður hlakkaði bæði til ferðarinnar og fundarins við þann vonda. Nú verður ekki beinlínis sagt að Hu Jintao, forseti Kína, hafi sagt Bush starfsbróður sínum að leggja í slíka ferð en fáir hafa líklega sagt kurteislegt nei við Bush forseta jafn oft á jafn stuttum tíma og Hu Jintao í nýlegri Bandaríkjaferð. Hann hafnaði meira að segja boði um að heimsækja búgarð forsetans í Texas, líklega fyrstur erlendra stjórnmálaleiðtoga.

Stjórnmálaskýrendur vestan hafs segja að kínverski forsetinn hafi gert afdrifarík mistök með þeirri þrjósku að gefa ekki Bush forseta eitthvað örlítið eftir í einhverjum af þeim málum sem Bandaríkjaforsti reyndi að bera upp. Með þessu, segja menn, kalla Kínverjar yfir sig alls kyns vandræði, bæði efnahagsleg og pólitísk. Það má vera rétt.

Frá sjónarhóli lengri sögu sýndi fundurinn hins vegar ört vaxandi styrk Kína og aukið sjálfstraust ráðamanna þar eystra. Hann gaf líka innsýn í það flókna ferli sem liggur að baki pólitískri stefnumótun í Kína. Þess vegna varð mér hugsað til nokkurra mánaða gamallar fréttatilkynningar sem í fyrstu leit út fyrir að vera leiðinlegasta lesning í heimi.

Fréttin var þess efnis að nú væri lokið fimmta almenna fundinum á sextánda þingi miðnefndar kínverska kommúnistaflokksins og að þar hefðu meginatriði elleftu fimm ára áætlunarinnar um þróun efnahags og samfélags í Kína verið samþykkt. Fréttapunkturinn var sá að nú skyldi fylgt áætlun sem byggðist á vísindalegri nálgun til að ná fram meiri gæðum og meiri skilvirkni í þróun efnahags og samfélags. Ég hugsaði með mér að gott væri að hafa þetta plagg við hendina næst þegar ég þyrfti að geta sofnað í flugvél. Taki menn elleftu fimm ára áætlun miðnefndar flokksins alvarlega er þarna hins vegar ýmislegt að finna sem gæti haft áhrif á sögu heimsins.

Í fyrstu leit ýmislegt í tilkynningunni út fyrir að vera á mörkum þess óhugnanlega og þess hlægilega. Í ljósi sögunnar hljóta mönnum að finnast tilraunir til þess að móta líf fólks með vísindalegum hætti frekar fráhrindandi. Nýtt slagorð „fólkið til miðju" er líka útskýrt þannig að þarna sé ekki um nýtt hugtak að ræða heldur hafi tveir tilteknir stjórnmálaspekingar stungið uppá því áður. Annar þeirra var uppi fyrir 2700 árum. Hinn dó nokkru áður en Rómverjar tóku upp keisarastjórn. Tilfinning Kínverja fyrir tíma og sögulegum viðmiðum er önnur en manna vestar í heiminum.

Það lýsir nokkuð efnahagslífinu þar eystra að Kínverjar þurfa að bæta við orkuvinnslukerfi sitt afli sem nemur getu hátt í hundrað Búrfellsvirkjana á hverju ári. Þeir nota nú fjórðung af öllu áli, 30% af öllu stáli og nær 50% af öllu sementi sem framleitt er í heiminum. Öflun orku og hráefna hefur líka orðið að þungamiðju kínverskar utanríkisstefnu. Til þess að viðhalda örum hagvexti og til að draga úr ójöfnuði í samfélaginu kalla nýjar áætlanir eftir því að 300 milljónir manna flytjist úr sveitum í borgir á næstu fimmtán árum. Góðu fréttirnar fyrir okkur hin eru þær að kínverska stjórnin hefur ákveðið að gera risastórt átak til að draga úr orkunotkun, vatnsnotkun í iðnaði og loftmengun.

Það sem flækir stefnumótun kínversku stjórnarinnar er að valdamiklar fylkisstjórnir og borgarstjórnir vítt og breitt í Kína hafa aðrar áherslur en stjórnin í Peking. Herir af embættismönnum, sérfræðingum, stjórnmálamönnum, bissnesmönnum og hagsmunaaðilum af ólíkasta tagi koma að stefnumótu og alls kyns þrýstingur innan frá frekar en þrýstingur frá Bandaríkjunum er helsta áhyggjuefni leiðtoga flokks og ríkis. Þeir treysta heldur ekki stjórn Bandaríkjanna og telja það langtímamarkmið hennar að halda sem mest aftur af Kína. Þar hafa þeir aldrei nema rétt fyrir sér. Hu skorti því bæði getu og vilja til að semja við Bush um stefnu Kínverja. Þess vegna eyddi hann meiri tíma með Bill Gates en með George Bush í heimsókninni og lagði áherslu á að hitta sem flesta menn úr viðskiptalífinu en færri úr stjórnmálaheiminum. Togstreita á milli Kína og Bandaríkjanna verður hins vegar eitt af stærstu viðfangsefnum í alþjóðamálum næstu áratugina.

# Til varnar Þjóðargjöfinni

UMRÆÐAN
ÞJÓÐARGJÖFIN



KRISTJÁN BJARKI JÓNASSON

*Við sem að átakinu stöndum frábiðjum okkur að verkefni sem er hugsað til eflingar á lestri og gildi hans fyrir andlegt líf og framtíð þessarar þjóðar sé notað í pólitísku grjótkasti.*

Valgerður Bjarnadóttir víkur í pistli sínum í Fréttablaðinu í gær að átaki Félags íslenskra bókaútgefenda, bóksala og Glitnis til eflingar bóklestri hér á landi; Þjóðargjöf til bókakaupa.

Því miður er flest sem Valgerður segir um málið ýmist rangt eða byggt á miklum misskilningi. Átakið Þjóðargjöf til bókakaupa er hugsað sem hvatning til landsmanna að huga að gildi lesturs fyrir málþroska barna og vitsmunaþroska ungs fólks. Þeir sem frumkvæði eiga að átakinu eru bókaútgefendur og bóksalar í víðasta skilningi þess orðs en Glitnir hf. styður verkefnið, enda er það stórt í sniðum. Alls er ávísunum að andvirði 110 milljónum króna dreift inn á heimili landsmanna sem þeir geta nýtt sér til afsláttar af bókakaupum. Kynning verkefnisins er á höndum Félags íslenskra bókaútgefenda eða einstakra bóksala og það nýtur ekki fjárhagslegs stuðnings hins opinbera, þar með talið hvorki menntamálaráðuneytis né menntamálaráðherra. Hins vegar brást menntamálaráðherra ljúfmannlega við þeirri beiðni að vekja athygli á átakinu við upphaf þess. Önnur afskipti hefur ráðuneyti menntamála eða aðrar stofnanir hins opinbera ekki haft af málinu.

Það er því fráleitt að tengja átakið Þjóðargöf til bókakaupa við stefnu menntamálaráðherra og þar með ríkisstjórnarinnar í einstökum málaflokkum. Við sem að átakinu stöndum frábiðjum okkur að verkefni sem er hugsað til eflingar á lestri og gildi hans fyrir andlegt líf og framtíð þessarar þjóðar sé notað í pólitísku grjótkasti. Oft er þörfin rík til að koma höggi á andstæðinga sína, en betur færi stundum að pistlahöfundar og annað orðsins fólk staldraði við með brandinn brugðinn og sýndi nærstöddum þá kurteisi að kynna sér málsatvik áður en korðanum er sveiflað.

*Höfundur er varaformaður Félags íslenskra bókaútgefenda.*


## ERT ÞÚ FORELDRI grunnskólabarns?

SAMFOK

Þá átt þú erindi á opinn fund um framtíð grunnskólans í Reykjavík á Grand Hótel Reykjavík miðvikudaginn 26. apríl n.k. kl. 20:00

**SAMFOK,** samband foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur, gengst fyrir opnum fundi með fulltrúum þeirra stjórnmálaflokka sem bjóða fram í sveitarstjórnarkosningum í Reykjavík í vor.

Frambjóðendur munu hafa stutta framsögu um hvernig þeir hyggjast forgangsraða innan málaflokksins: Uppeldi og menntun grunnskólabarna og samstarf foreldra, skóla, íþróttahreyfingar og tómstundaaðila.

Eftir framsögur verður opnað fyrir fyrirspurnir og umræður.

Foreldrar grunnskólabarna og aðrir áhugasamir eru hvattir til að mæta á fundinn. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á **samfok@samfok.is** eða í síma 562-7720.



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

## ALLT HITT

**[FERÐIR NÁM BÍLAR BÖRN ]**



**Ganga.is** er skemmtilegur vefur fyrir þá sem hafa gaman að göngum. Á vefnum má finna fjölmargar gönguleiðir víðsvegar um landið. Gagnlegur vefur fyrir komandi sumar og útiveru.

**Danski** tækniháskólinn (DTU) hefur fyrir hönd fjögurra nemenda skólans sótt um einkaleyfi á nýrri tækni í efnafræði fyrir vetnisbíla. Tæknin leiðir til þess að vetnið nýtist betur en áður hefur þekkst. Þetta í fyrsta sinn sem DTU sækir um einkaleyfi á uppfinningu sem alfarið er verk nemenda.

**Runólfur** Smári Steinþórsson flytur í dag fyrirlesturinn Stefna í raun og veru: Dæmið um Háskóla Íslands, þar sem farið verður yfir stefnumiðaða stjórnun, fjallað um nýjar áherslur í faginu og þær settar í samhengi við stefnumótunarvinnu sem fram hefur farið í Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn hefst klukkan 12:20 í Odda.

**Hreyfiland** er með námskeið fyrir þriggja til 11 ára börn þar sem lögð er áhersla á að þroska tilfinningagreind barnsins, hreyfigetu, athyglisgáfu og annað. Námskeiðið kallast Snillingafimi. Nánari upplýsingar má sjá á www.hreyfiland.is.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 26. apríl, 116. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.18 | 13.26 | 21.36 |
| Akureyri | 4.52 | 13.10 | 21.31 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Gunnar er á fyrsta ári í mannfræði og uppeldis- og menntunarfræði í Háskóla Íslands og finnst þær greinar fara mjög vel saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Langar að skoða hugmyndir barna

***Gunnar Liljendal er á fyrsta ári í mannfræði og uppeldis- og menntunarfræði til BA-prófs í Háskóla Íslands. Hann segir að það sé heilmikil tenging á milli þessara greina.***

Gunnar tekur mannfræði sem aðalgrein til sextíu eininga og uppeldisfræði sem aukagrein til þrjátíu eininga. Hann segir að þessar greinar fari mjög vel saman.

Mannfræðin varð fyrir valinu hjá Gunnari þar sem hann hefur mikinn áhuga á félagsvísindum. „Mér fannst mannfræði meira spennandi en félagsfræði því nálgunin á viðfangsefnið er öðruvísi. Mér finnst félagsfræðin oft vera þannig að hún nálgast viðfangsefnið að ofan en í mannfræðinni eru vettvangsrannsóknir mikið notaðar og nálgunin er út frá viðfanginu sjálfu.“

Gunnar segist svo hafa ákveðið að taka uppeldisfræðina með mannfræðinni því að hann hafi áhuga á því að vinna með börn. „Mannfræði barna er náttúrulega til en í henni er aðallega verið að skoða hugmyndir samfélagsins um börn. Það sem ég er að reyna að gera með því að taka uppeldisfræðina með mannfræðinni er að skoða hugmyndir barnanna sjálfra um samfélagið.“

Gunnar er mjög ánægður í mannfræðinni. „Mér finnst sérstaklega skemmtilegt að lesa um ólíkar hugmyndir um manninn og samfélög manna og hvernig þessar hugmyndir hafa þróast í gegnum tíðina. Við lítum náttúrulega tölvert öðruvísi á samfélög og þróun þeirra í dag en áður var gert .“

Þar sem Gunnar er ennþá á fyrsta ári í BA-námi sínu er hann ekki alveg búinn að ákveða hvað tekur við að því loknu. „Ég reikna með því að ég taki master í uppeldisfræði en það er ekkert ákveðið,“ segir hann.

*emilia@frettabladid.is*








Eigum til afgreiðslu strax

Vel útbúna og rúmgóða 7 manna fjölnota fjölskyldubíla

MAZDA
MPV LX V6



Framhjóladrfinn
5 þrepa sjálfsk.
V6-24 ventla 200 hestöfl
Fjarst.samlæsingar
ABS bremsukerfi
16” álfelgur
Raf.í rúðum og speglum
LATCH festingar fyrir barnabílst.
Niðurfellanleg aftursæti
Eyðsla innanb. 13.1 L
Eyðsla utanb. 9.4 L
Rennihurðir beggja megin með rafdrifnum rúðum
Hraðastillir
Loftkæling
12V.tengi í farangursrými

Opið virka daga 10-18:30 - Laugard. kl. 12:00 - 16:00
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - www.x4.is
X4 ehf.



**Runólfur Smári Steinþórsson**, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild HÍ, flytur erindið „Stefna í raun og veru: Dæmið um Háskóla Íslands“ í málstofu Hagfræðistofnunar og Viðskiptafræðistofnunar í Odda kl. 12.20 á morgun.

MÁNAKÓRINN AUGLÝSIR
LANGAR ÞIG Í KÓR ?
Ef þú ert lagvís þá leitum við að þér.
Við getum bætt við okkur í Alt raddir, Bassa og Tenóra
Mánakórinn er blandaður áhugamannakór með létta og skemmtilega efnisskrá.
Fyrirhuguð er ferð til Tékklands vorið 2007
Uppl í símum, 824 0774 og 849 9690

Þau hafa lengt sinn sólarhring!
"Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning."
Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.
"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.
"...hvergi áður náð jafn hári ávöxtun á tímasparnað ..."
Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.
Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.
... næsta 3. vikna hraðnámskeið 15. maí
... Akureyri 3. vikna hraðnámskeið 17. maí
Skráning á sumarnámskeið er hafin
á www.h.is og í síma 586-9400
HRAÐLESTRARSKÓLINN
VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

Frönskunámskeið
Námskeið hefjast 2.mai
Innritun í síma 552 3870
18 - 29. apríl
• Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
• Taltímar - einkatímar
• Námskeið fyrir börn
• Kennum í fyrirtækjum
Alliance Française
Netfang:
alliance@af.is
Veffang:
www.af.is



Tryggvagata 8, sími: 552-3870. Fax: 562-3820.

allt tilboð
Alla föstudaga

# Stúdentar huga að skólavist

***Margir eru farnir að huga að umsóknum í háskólana hér á landi.***

Misjafnt er hvaða lokadagsetning eru sett á umsóknir í háskóla á Íslandi. Einnig eru mismunandi dagsetningar innan sama skóla og fer það þá oftast eftir námsstigum en líka eftir námsleiðum.

Í Háskóla Íslands geta nýnemar skilað inn umsóknum til 6. júní en nemar sem nú þegar stunda nám í skólanum eiga að vera búnir að sækja um áframhaldandi skólavist.

Í Háskólanum í Reykjavík eiga nemar sem hyggja á nám á grunnnámsstigi að skila inn umsóknum fyrir 29. maí en þeir ætla í meistaranám skulu skila inn fyrir 18. maí eða þann 29. maí, allt eftir því í hvaða deild þeir ætla að stunda námið.

Háskólinn á Akureyri veitir nemendum í grunnnámi umsóknarfrest til 5. júní en nemar sem sækjast eftir framhaldsnámi fá frest til 15. maí.

Þeir sem hafa hug á að fara í Viðskiptaháskólann á Bifröst hafa frest til 10. júní ef þeir ætla í grunnnám en umsóknum til meistaranáms skal skila inn 1. júlí.

Til að komast inn í grunnnám í Kennaraháskólanum þarf að skila inn umsókn eigi síðar en 17. maí. Seinasti dagur til að skila inn umsókn í framhaldsnám þar var 3. apríl.

Í Landbúnaðarháskólanum eiga allir sem hyggja á nám þar að skila inn umsókn fyrir 7. júlí.

Í Listaháskóla Íslands eru seinustu dagar til umsókna mismunandi eftir námsleiðum og eru flestir umsóknarfrestir útrunnir en þó er enn hægt að sækja um nám í kennaradeildinni en umsóknarfrestur þar rennur út 5. maí.




Umsóknum nýnema til náms í Háskólanum í Reykjavík þarf að skila fyrir 29. maí næstkomandi.



Setning Hólaskóla síðastliðið haust. FRÉTTABLAÐIÐ/SÓLRÚN HARÐARDÓTTIR

# Skólahald í fortíð, nútíð og framtíð

***Upphaf og saga skólahalds á Íslandi og staða æðri menntunar í dag er efni ráðstefnu á Hólum 28. og 29. apríl.***

Viðamikil ráðstefna verður haldin á Hólum í Hjaltadal nú í vikulokin. Tilefnið er að í ár er því fagnað á Hólum að 900 ár eru frá því að skólahald hófst á staðnum. Erindi Tryggva Gíslasonar, fyrrverandi skólameistara, heitir líka Upphaf skólastarfs í Evrópu og Hólaskóli hinn forni. Það er á dagskrá kl. 13.30-14.00 fyrri daginn. Á eftir honum stígur Ásdís Egilsdóttir dósent í pontu með erindið Býflugur, blóm og bækur, frásagnir af skólahaldi í Jóns sögu helga. Jón Viðar Sigurðsson tekur við af henni með erindi sem nefnist Höfðingjar og upphaf ritmenningar á Íslandi. Eftir það taka við þrjár málstofur, ein um sögu og stöðu framhaldsskólastigsins á Íslandi, önnur um þróun íslenskra háskóla og framtíðarsýn og sú þriðja um stöðu íslenskra háskóla í alþjóðlegu samhengi. Þar leggja prófessorar, skólameistarar og rektorar til áhugavert efni í framsöguerindum og pallborðsumræðum. Leiðsögn verður um Hólastað undir lok fyrri ráðstefnudags og dagskrá lýkur klukkan hálf fimm á laugardag.

# Stjórnun með sögum

***Námsstefna verður á Nordica hóteli þann 28. apríl undir yfirskriftinni Change through storytelling.***

„Þetta er námsstefna fyrir alla þá sem þurfa að miðla upplýsingum, hvort sem það er á sviði stjórnunar, þjálfunar eða fræðslu,“ segir Lísbet Einarsdóttir sem að viðburðinum stendur í nafni fyrirtækis síns Lectura.

Fyrirlesari á námsstefnunni heitir Margaret Parkin en hún rekur fyrirtæki í Bretlandi á sviði fræðslu og stjórnunar og hefur gefið út þrjár bækur um það efni sem komist hafa á metsölulista bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum. „Margaret mun leggja áherslu á hve söguformið nýtist vel við stjórnun og fræðslu þar sem sögur geta varpað ljósi á flókin atriði,“ lýsir Lísbet. „Ég hef unnið sem starfsmannastjóri og fór á ráðstefnu erlendis þar sem ég hlýddi á 15 erindi. Þar stóð Margaret algerlega upp úr að mínu mati enda er hún þekkt og vinsæl sem fyrirlesari.“



Athygli fólks helst oft vel vakandi þegar söguformið er notað til fræðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Söngskólinn í Reykjavík
INNRITUN í allar deildir skólans fyrir skólaárið 2006-2007 stendur yfir og er umsóknarfrestur til 5. maí
Söngskólinn býður upp á alhliða tónlistarnám með söngröddina sem aðalhljóðfæri:
• Unglingadeild yngri fyrir drengi og stúlkur 11-13 ára
• Unglingadeild eldri fyrir stúlkur 14-15 ára
• Söngdeildir fyrir byrjendur frá 16 ára aldri
• Framhaldsnám í einsöng
• Nám á háskólastigi til einsöngvaraprófs
• Nám á háskólastigi til söngkennaraprófs
Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans að Snorrabraut 54, sími 552-7366 kl. 11-17 alla virka daga.
•
www.songskolinn.is
www.reykjavik.is > Rafræn Reykjavík
Inntökupróf verða fyrir maílok 2006, en að öðru jöfnu sitja þeir umsækjendur fyrir sem sækja um skólavist fyrir 5. maí

**Bílkerti** gefur neistann sem orsakar sprengingu í sívalningum í bílvél. Orkan sem losnar við það knýr vélina.


Tryllitækið er hannað af tveimur fyrrverandi McLaren verkfræðingum.

# Formúlubíll fyrir götuakstur

***Bílasýningunni Top Marques lauk um helgina. Þar var meðal annars kynntur til leiks götubíll, byggður á Formúlu 1 bílum.***

Bílasýningin Top Marques í Mónakó er ekki viðburður sem hver sem er getur gengið inn á. 450 sérvöldum, efnuðum og frægum einstaklingum er boðið til gala kvöldverðar sem Albert Mónakóprins stendur fyrir og er hápunktur sýningarinnar. Aðrir sýningargestir eru allt að 10.000 talsins en eiga það sameiginlegt að vera bílasafnarar eða -áhugamenn og hafa mikið fé á milli handanna.

Bílarnir á sýningunni eru ekki beinlínis hversdagslegir heldur. Ef þú verður þess heiðurs aðnjótandi að verða einhverntíma gestur á Top Marques ertu ekki að fara þangað til að skoða nýjan Yaris. Líklega hefur þú ekki einu sinni heyrt nöfnin á flestum bílunum áður, enda fæstir þeirra í boði fyrir almenning, ekki einu sinni venjulega milljónamæringa.

Stjarna Top Marques þetta árið var án efa Caparo T1. Hann er í grunninn Formúlu 1 bíll sem fyrrverandi McLaren verkfræðingar hafa þróað yfir í götubíl. Eftir stendur tveggja manna bíll sem fer í hundrað á tæplega 2,5 sekúndum og eyðir undir 9 lítrum á hundraði. Leyfið Montoya að reyna það!

Þessu ógnarviðbragði nær T1 með því að vera undir 500 kg á þyngd og kreista 500 hestöfl út úr lítilli V8 vél. Hann er því með hlutfallið 1.000 hestöfl á tonnið, fyrstur allra götubíla. Í beygju ræður bíllinn við miðflóttarafl sem nemur þreföldu þyngdarafli.

Þegar bíllinn fer í framleiðslu verður hann umtalsvert sneggri en Bugatti Veyron. Hvort hann nái að bæta hámarkshraðann líka verður að koma í ljós síðar. Caparo T1 er engu að síður svar við bænum þeirra sem hafa alltaf langað að keyra Formúlu 1 bíl, og auk þess margfalt sparneytnari.


Það fer ekkert á milli mála hvaðan bíllinn er ættaður. Útlitið minnir á Formúlu 1 bíl og það sem meira er, akstureiginleikarnir líka.


T1 er tveggja manna, en hver vill svo sem vera farþegi þegar svona tæki er annars vegar?

allt
ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is
vísir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

Full búð af aukahlutum á bílinn þinn
lexusljós, angeleyes, neonljós, græjur, spoilerar, lækkunargormar, kraftsíur, racekútar, o.fl.
AG Mótorsport - Klettháls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : www.agmotorsport.is

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar
Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

VÖNDUÐ SPIL
á góðu verði
Eigum á lager mesta úrval landsins af spilum.
Öflug varahlutaþjónusta sem viðskiptavinir geta treyst á.

NÝTT
6000S 12V
Létt og öflugt spil **49.900 kr.**

MEST KEYPTA SPILIÐ ÁRUM SAMAN!
DV 9000i
með áföstu stýriboxi
12V **89.700 kr.** (9000 lbs / 4,6 hp)
24V **98.700 kr.** (9000 lbs / 4,6 hp)

DV 9000
með lausu stýriboxi
Sama spilið og 9000i
12V **89.700 kr.** (9000 lbs / 4,6 hp)
24V **98.700 kr.** (9000 lbs / 4,6 hp)

FYRIR FJÓRHJÓLIN
DA 2500 12V
Fjórhjólaspil (2500 lbs)
**44.700 kr.**

HV 10000 Hydraulic
Mjög öflugt vökvaspil sem vinnur hratt (10.000 lbs / 16:1 gírun)
**173.900 kr.**

FYRIR VÉLSLEÐA OG BÁTAKERRUR
DW 3000i 12V
Kerruspil fyrir vélsleða- og bátaeigendur (3000 lbs)
**37.221 kr.**

FYRIR STÓRU STRÁKANA Á STÓRU JEPPUNUM
DV 12000 12V og 15000 12V
Mjög öflugt spil sem vinnur hratt
12000 **118.700 kr.** (12.000 lbs / 5,6 hp / 261:1 gírun)
15000 **134.700 kr.** (15.000 lbs / 5,6 hp / 315:1 gírun)

ARCTIC TRUCKS
Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is
06-009 KC

www.velaborg.is S: 414 8600
JOHN DEERE
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
LEITIÐ TILBOÐA HJÁ SÖLUMÖNNUM OKKAR
Heimsmeistari í sínum flokki
Vélaborg ehf.
Reykjavík Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601 Akureyri Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601



**Sumarið kom og fór.** Ætli við verðum ekki að bíða aðeins með stuttbuxurnar.

**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905



Kortagestir Borgarleikhússins fyrir utan leikhúsið Royal Dury Lane.

# Leikhús í London

*Áhugamenn um leiklist eru hættir að láta Atlantshafið ráða því hvert farið er á leikrit.*

Borgarleikhúsið efndi til sérstakrar leikhúsferðar til London í vikunni. Ferðin var ætluð kortagestum Borgarleikhússins. Ferðin seldist upp á stuttum tíma enda var áhuginn mikill og fóru alls 37 Íslendingar í leikhús í London. Farið var á tvær leiksýningar: „Who's afraid of Virginia Woolf?" í Apollo-leikhúsinu þar sem Kathleen Turner lék aðalhlutverkið og hin sýningin var „The Producers" í Theatre Royal Dury Lane.

Auk þess að njóta leikhúsmenningarinnar var farið í skoðunarferð um miðborg Lundúna.

Aðstandendur ferðarinnar voru ánægðir með árangurinn og líklegt er að Borgarleikhúsið muni standa fyrir fleiri slíkum ferðum í erlendar leikhússtórborgir og því ættu áhugasamir að fylgjast vel með.



# Síldarminjasafn Íslands

***Síldarminjasafnið á Siglufirði verður Síldarminjasafn Íslands.***

Sjálfseignarstofnunin Síldarminjasafn Íslands var sett á laggirnar um páskana. Stofnendur eru Félag áhugamanna um minjasafn og Siglufjarðarbær. Báðir aðilar leggja til húseignir, lóðir og alla þá muni sem fram að þessu hafa verið í eign Síldarminjasafnsins.

Með breytingunum er verið að einfalda eignarhaldið og rekstur á safninu. Einnig er vonast til að þetta verði til að styrkja stöðu safnsins á landsvísu. Í samræmi við það var nafninu breytt úr Síldarminjasafnið á Siglufirði í Síldarminjasafn Íslands. Örlygur Kristfinnsson var ráðinn forstöðumaður Síldarminjasafnsins.

# Á ferðinni

***Útivera.is er búið að gefa út nýtt ferðatímarit sem kallast Á ferðinni.***

Nýlega gaf Útiveruútgáfan út nýtt ferðablað sem kallast Á ferðinni – fellihýsi, tjaldvagnar, húsbílar og hjólhýsi. Blaðinu er ætlað að þjóna þeim sem ferðast með ferðavagna af ýmsum toga.

Í þessu fyrsta tölublaði er meðal annars fjallað um flokkun tjaldstæða, ráðleggingar eru um búnað til gönguferða ásamt því að bent er á nokkrar gönguleiðir í nágrenni við tjaldstæði. Einnig eru í blaðinu skemmtileg viðtöl við íbúa í hjólhýsabyggðinni á Laugarvatni og við sölustjóra Seglagerðarinnar um þann öra vöxt sem orðið hefur í eigu á hjólhýsum. Í blaðinu má einnig finna ferðasögu tjaldvagnaeigenda til Færeyja og að sjálfsögðu er ekkert ferðablað án krossgátu.

Fyrsta tölublaðinu var dreift ókeypis um land allt og er tímaritið því til stóru upplagi.



Á ferðinni er nýtt tímarit gefið út af Útiveruútgáfunni.

## Ganga }



## Reykjavegurinn

Sunnudaginn 30 apríl verður genginn fimmti áfangi í Reykjagöngunni á vegum Útivistar. Gengið verður frá Djúpavatni að Kaldárseli. Meðal annars verður gengin gömul leið sem lá á milli Krýsuvíkur og Hafnarfjarðar og nefnist Hrauntungustígur. Reykjavegurinn liggur á milli Sandfells og Fjallsins eina að Hraunhóli við Krýsuvíkurveg norðan Vatnsskarðs. Farið verður yfir Reykjaveginn og gengið austur að Undirhlíðum og komið á enn eina forna leið á milli Hafnarfjarðar og Krýsuvíkur, Undirhlíðaleið. Umhverfið á gönguleiðinni er sérlega fallegt og skemmtilegt. Göngutími er um sex klukkustundir. Farið verður frá BSÍ klukkan hálf ellefu.





**Trans-Atlantic og MasterCard efna til ferðar til Mexíkó.**
**10.500 kr. afsláttur á hvern fjölskyldumeðlim**
MasterCard korthafa 12 ára og eldri.
4 og 5 stjörnu lúxus hótel með **allt innifalið**:
Ótakmarkaður matur og drykkir, óáfengir og áfengir, öll afþreying, skipulögð skemmtidagskrá og stórsýningar (show) á hverju kvöldi.
Brottfarir: 24. maí uppselt og 7. júní laus sæti, 13 nætur.
(ath. takmarkað sætamagn)



Verð frá **85.000*kr.**
* flug með sköttum
MasterCard
Trans-Atlantic
Sími 588 8900 • www.transatlantic.is
sed@sed.is

**allt matur**
**Alla föstudaga**



**Sumar 1** 27. maí - 3. júní
**Slóvenía - Króatía**
Vikuferð þar sem flogið er til Mílanó, ekið til Portoroz þar sem gist er í 6 nætur og síðan í 1 nótt í Mílanó. Margar skemmtilegar skoðunarferðir, siglingar, dropasteinshellir, vínbóndi heimsóttur og tími til að slappa af.
**Fararstjóri: Hófý**
**Verð: 94.200 kr.**

**Sumar 3**
Portoroz - Króatía - Austurríki 12. - 27. júní
Okkar klassíska ferð til Slóveníu og Króatíu sem hefur verið svo vinsæl í gegnum árin. Flogið til München og alltaf gist í nokkrar nætur á hverjum stað.
**Fararstjóri: Svavar Lárusson**
**Verð: 147.500 kr.** örfá sæti laus

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR
www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR



# - sem þig vantar

IN | TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30 | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 smaar@frettabladid.is / visir.is | AFGREIÐSLAN ER OPIN: MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18 LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16


Focus C-Max, skrd.02/2004, ek. 00 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett 1.630.000 kr. Tilboð 1.480.000 kr. % lán mögulegt. S. 515 7000.


Daewoo Lanos, skrd.04/1999, ek. 108.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 440.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Focus HighSeries, skrd.03/2000 ek. 147.000 km, 1600 cc, sjálfskiptur. Ásett verð 740.000 kr. Tilboð 550.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Citroen Picasso, skrd.12/2004, ek. 35.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.680.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Volvo S60 LPT Turbo, skrd.3/2004, ek. 24.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.090.000 kr Tilboð 2.690.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


ta Corolla, skrd.07/2000, ek. 000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett 750.000 kr. Tilboð 499.000 kr. % lán mögulegt. S. 515 7000.


Peugeot 406 Brake, skrd.02/2001, ek. 90.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.020.000 kr. Tilboð 790.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Fiat Stilo, skrd.09/2002, ek. 44.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.080.000 kr. Tilboð 890.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Mazda 323 F, skrd.12/1998, ek. 123.000 km, 1500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 690.000 kr. Tilboð 550.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Opel Astra G Caravan, skrd.12/2002 ek. 75.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.090.000 kr. Tilboð 790.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


V40, skrd.06/2004, ek. 18.000 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 0.000 kr. Tilboð 2.190.000 kr. 100% mögulegt. S. 515 7000 KY522.


Suzuki Grand Vitara, skrd.07/1999, ek. 143.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.090.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Citroen Berlingo, skrd.04/2002, ek. 54.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 780.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Skoda Octavia, skrd.03/2002, ek. 90.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 1.320.000 kr. Tilboð 990.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Toyota Corolla, skrd.07/2000, ek. 121.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 750.000 kr. Tilboð 499.000 k

# VALHÖLL
## FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

**www.valholl.is - Opið mán.-fimmtud. 9-17:30, föstud. frá kl. 9-17. Lokað um helgar.**



| Ingólfur Gissurarson | Bárður Tryggvason | Þórarinn Friðgeirsson | Ellert Róbertsson | Magnús Gunnarsson | Viggó Jörgensson | Pétur Jóhannsson | Margrét Sigurgeirsdóttir | Þóra Þorgeirsdóttir | Guðrún Pétursdóttir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| lögg. fast.sali | sölustjóri | lögg. fast.sali | sölumaður | sölustj. atvinnuh. | lögg. fast-eignasali. | sölum. Snæfellsbæ. | ritari | ritari | skjalagerð |
| 896 5222 | 896 5221 | 899 1882 | 893 4477 | 822 8242 | | S 893 4718 | | | |

**YFIR 100 ÁRA SAMANLÖGÐ REYNSLA VIÐ FASTEIGNASÖLU!**

# Fannahvarf

## - nýtt í sölu - glæsilegar séríbúðir






Erum að hefja einkasölu á nýjum glæsilegum íbúðum í litlu 2ja hæða húsi. Íbúðirnar eru 3ja herb. 111,5 fm og 4ra herb. 136,7 fm og í 4ra herb. eru 2 baðherb. Íb. afh. í sept-okt 2006 fullb. án gólfefna m. vönduðum innrétt. frá Axis að hluta til að vali kaupenda, um er að ræða miklar innrétt. og baðherb. m. vönd. tækjum og innrétt. flísal. **V. 3ja herb. frá 26,9 m. V. 4ra herb. frá 31,4 m.**

# Baugakór

## - 3ja og 4ra herb. með bílsk.






Í EINKASÖLU glæsil. íbúðir í 12 íbúða lyftuhúsi ásamt st. í bílskýli. 3ja herb.íb. eru 110 fm og 4ra herb. frá 140 fm. Suðursvalir. Afh. fullb. án gólfefna m. vönd. innrétt. og flísal. baðherb. Sérinng. af svölum. Afh. í sept. 2006. Eignir á mjög góðu verði Uppl. á Valhöll eða á www.nmedia.is/baugakor. ***Verð 3ja herb. 24,9 millj. Verð 4ra herb. er frá 32,5 millj.***

# VALHÖLL
FASTEIGNASALA

## Kambasel - mjög falleg og rúmgóð íbúð



Í einkasölu 100 fm íb. á efstu hæð í litlu 3ja hæða fjölb. (gengið upp eina og hálfa hæð), á rólegum og barnvænum stað. Góðar eikarinnréttingar og parket. Suður svalir, þvottaherbergi í íbúð. 2 stór herb., sjónvarpshol og stór stofa. Áhv. 10,5 m. KB-banki m. 4,15% vxt. Verð: 18,9 m. 6821

## Þorláksgeisli - með bílskúr



Í einkasölu glæsileg fullb. 4ra herb. íb. á 2. hæð (jarðhæð að ofanverðu) í flottu litlu fjölb. á mjög góðum stað. Sérinng. af svalagangi. Maghoný innrétt. Parket, sérþvottahús, sérgarður gengið út af suðursvölum. Mjög góður 27,7 fm bílsk. m. góðri geymslu. 6815

## Háhæð - Garðabæ



Stórglæsilegt 200 fm parhús að mestu leiti á einni hæð ásamt 80 fm rými í kjallara sem gefur ýmsa möguleika. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Laust strax. Glæsileg útsýni. Eign í sérflokki. V. 53,9 m. 6812

## Frostafold - m. bílsk. - mjög góð nýting



Í einkasölu góð 4ra herb. 102 fm íb. á efstu h. í fallegu litlu fjölb. innst í lok. botnlanga. Bílskúr fylgir. Gott útsýni. Parket, góðar innrétt. 3 svefnherb. Mjög góð staðsetn. Áhv. hagst. lán. V. 24,9 millj. 4673

## Logafold - fallegt parhús



Í einkasölu mjög fallegt 126 fm parhús ásamt 32 bílskúr. Sérlega barnvæn staðsetning, stutt í skóla og alla íþróttaaðstöðu. Parket á gólfum. 2 baðherbergi. Fallegur gróinn garður. V. 38,8 m.

## Stærri eignir



**Þorláksgeisli - nýl. hús neðan götu.** Nýtt glæsil. Parhús á 2.hæðum á þessum fráb. útsýnisstað í Grafarholti. Vand. sérsm. Eikarinnrétt.og eikarparket. Sérhönnuð lýsing. Glæsil. eldhús m. vönduðum MIELE tækjum. Stýranlegur gólfhiti. Rúmgóður bílskúr. Allar innréttingar eru úr eik frá GKS. Verð 47,9 millj. 6807



**Drafnarstígur - Vesturbæ.** Vorum að fá í einkasölu mjög góða ca 80 fm 3ja herbergja íbúð á 1.hæð í mjög góðu vel staðsettu fjölbýli. Íbúð er öll endurnýjuð á mjög vandaðan hátt, suður svalir. V. 20,5 m. 6810



**Sæviðarsund - raðhús á frábærum stað.** Vorum að fá í einkasölu fallegt raðhús 172 fm m. innb. bílsk. 3 svefnherb. 2 stofur. Endurn. glæsil baðherb. Mjög góð lóð og steypt suðurverönd. Parket og flísar. V. 41,0 M. 4684



**Laufengi - raðhús á 2. hæðum.** Í einkasölu fallegt velskipulagt raðhús 120 fm á 2.hæðum á mjög góðum stað í Engjahverfi. Örstutt í góða þjónustu í Spönginni, leik, grunn og framhaldsskólar í grenndinni. V. 28,9 m. 4520



**Kambsvegur - 181 fm sérhæð ásamt bílskúr samt. 220 fm** Í einkasölu glæsil. velskipul. efri sérhæð og ris í þessu fallega tvíb.húsi sem staðs. er á mjög góðum útsýnisstað. 4 svefnherb., 2 baðherb. Risið var byggt ofaná 1980-82. Stórar stofur. Rúmgóð eign á mjög góðum stað. Glæsil. útsýni. Góður bílskúr. 4513

**Bragagata - einbýli** Mikið endurnýjað 80 fm hús ásamt 20 fm nýbyggðu sérhúsi sem er í dag sem nýtt sem stúdíóíbúð/gæti verið frábær vinnustofa. Möguleiki er að byggja ofan á húsið. Glæsilegt baðherb., parket, 2 svefnherb. Frábær staðsetning í 101. Laust. V. 31,5 m. 4466

**Reynihvammur - Kópav. Einbýli m. aukaíb. á fráb. stað útvið óbyggt svæði.** Gott einbýli með tvöf. bílsk og aukaíb. á neðri hæð alls 220 fm á fráb. stað í suðurhlíð.Kópav. Fallegt útsýni, upprunal. innrétt. og gólfefni að stórum hluta. Falleg ræktuð lóð og einstök staðsetn. Miklir mögul. Ásett verð 44 m., eða tilboð. Skipti mögul. á 3ja herb. m. bílsk. í Kópav. 4066

## Í SMÍÐUM

**Tröllateigur Mosfellsbæ- flottar séríbúðir.** Nýjar glæsil. sérh. á mjög góðum stað í Mosf. bæ. Um er að ræða 4ra herb. séríb. sem afh. fullfrág.án gólfefna. Hús, lóð og bílast. afh. fullfrág. Verð 27 m. 3894



**Bræðraborgarst. nýjar íb. m. bílskýli. ein íbúð eftir 12. seldar !** Einkasala: í nýju lyftuhúsi á frábærum stað í vesturbæ Reykjavíkur eigum við eftir eina íbúð ásamt stæði í bílageymslu. Íb. er 111,4 fm Íbúðin afhend 1.okt. 2006 fullb. án gólfefna m. vönduðum innrétt. og flísal. baðherb. 4259

## Sérhæðir og 5-6 herb.

**Útsýni á Tjörnina! Laufásvegur**



Glæsileg mikið endurnýjuð sjarmerandi íbúð í þessu laglega húsi sem er fráb.vel staðs. m. flottu útsýni. Nýl. ofnal. raflagnir, gólfefni, baðherb. eldhús o.fl. Í göngufæri við einstaka miðbæjarstemningu. 4664



**Nesvegur - tvíbýli.** Vorum að fá í einkasölu góða 110 fm efri hæð í vel staðsettu tvíbýli. Sér inngangur, suður svalir, gott útsýni. þvottahús í íbúð. V. 22,8 m. 6803



**Hólmgarður - laus strax** Í einkasölu 75 fm efri hæð í vel staðsettu tvíbýli, íbúð fylgir ris sem er ekki inn í skráðum fm Húið er klætt að utan. Íbúð er til afhendingar við kaupsamning. V. 19,2. 4659



**Gullfalleg sérhæð að Efstahjalla Kópavogi.** Í einkasölu mjög góð ca 140 fm hæð með lítilli aukaíbúð í kjallara. Hæðin er öll nýlega endurnýjuð á mjög vandaðan hátt með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Flísalagðar stórar suður svalir. Eignin er laus fljótlega. V. 34,8 m. 4636



**Barmahlíð - m. stórum bílskúr.** Í einkasölu: Góð ca 110 fm efri hæð í góðu húsi. Tvö til þrjú svefnherbergi, suður svalir. Stór bílskúr alls 77 fm þar af kj.. ca 48 fm Eignin er laus fljótlega. V. 28,8 m. 4597



**Baugakór - glæsileg íbúð til afhend. strax.** Sérlega glæsileg efri 122 fm sérhæð. Fullinnréttuð með glæsilegu baðherb. m. hornbaðkari og vönduðu eldhúsi. Til afhend. strax. Sérinngangur. V. 29 m. 4542



**Holtsbúð - m. bílskúr.** Í einkasölu falleg 140 fm neðri sérhæð ásamt 23 fm bílskúr á frábærum stað. Fallegt hús og garður. Frábær staðsetning. V. 32 m. 4500



**Laugarásvegur - glæsil. útsýni.** Falleg 120 fm hæð ásamt risi á fráb. stað með einst. útsýni yfir Laugardalinn. 26 fm góður bílskúr. Nýtt glæsil.eldhús, parket og fl. Hornbaðkar. Eign sem vert er að skoða. V. 34,5 m. 4451

## 4ra-6 herb. íb.



**Kristnibraut - glæsilegt útsýni.** Í einkasölu glæsileg 130,2 fm íbúð á 3. hæð sem er efsta hæð í góðu mjög vel staðsettu húsi, aðeins ein íbúð á hæð, 3 í stigagangi. Þetta er sérlega vel skipulögð íbúð með vönduðum sérsm. innrétt., stórum suðursvölum. Parket og flísar á gólfum. V. 32,8 m. 4667



**Bábryggja - góð eign á fínum stað.** Í einkasölu mjög góð vel skipulögð 105,3 fm 4ra herb. íbúð á 2 hæð í vel staðsettri blokk. Vandaðar innrétt. og gólfefni, stórar suður svalir. Þv.hús í íbúð. V.26,5 m. 4649



**Blöndubakki - með aukaherbergi í kj.** Vel skipulögð ca 125 fm 4ra herbergja íbúð á 3 hæð. sem er efsta hæð í vel staðsettri blokk, suður svalir. Íbúð fylgir herbergi í kj. sem hægt er að leiga. Mjög góð staðsettning, stutt hjá t.d. skóla og leikskóla. V. 20,9 m. 4638

**Vantar eignir á sölukrá bæði íbúð**

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 26. apríl 2005 – 15. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 VÍSIR



MAXWELL HOUSE

Gott til síðasta dropa



Erlend skuldabréfaútgáfa

Fjárfestar fúlsa við krónubréfum



10



Olíuverð

Spáð áframhald- andi hækkunum

12-13

Ungmenni bjartsýn

Langar í eigin rekstur



22




**FÁTT UM BROS** Neytendur hafa litla trú á íslensku hagkerfi og atvinnulífi.

## Snardregur úr bjartsýni

Trú neytenda á hagkerfi og atvinnulífi hefur snarminnkað og eru þeir mun svartsýnni á framvindu efnahagsmála en fyrir mánuði síðan. Þetta sýnir væntingavísitala Gallup sem birt var í gærmorgun.

Vísitalan lækkaði um 24,4 stig og mælist nú 103,3 stig. Er það mesta lækkun frá upphafi mælinga vísitölunnar í mars 2001. Auðsýnilegt er að mikil neikvæð umfjöllun undanfarið um íslenskt efnahagslíf, hérlendis sem erlendis, hefur mikil áhrif á mat og væntingar neytenda.

Í morgunkorni Glitnis kemur fram að væntingavísitalan hefur reynst haldgóð vísbending um þróun einkaneyslu. - hhs

## Krónan var orðin of veik

Krónan styrktist mikið á gjaldeyrismarkaði í gærmorgun þriðja daginn í röð.

„Það er töluverð hjarðhegðun á gjaldeyrismarkaði, eins og öðrum mörkuðum sem eru kvikir. Þeir eru drifnir áfram af stemmningu og væntingum,“ segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá Glitni. Margir hafi greinilega beðið eftir rétta tímapunktinum til að kaupa krónur sem skýri þessa miklu hækkun síðustu daga.

Á föstudagsmorgun náði krónan fjögurra ára lágmarki þegar hún fór upp í gengisvísitöluna 138 en í gær var hún komin niður í gildið 128. Jón Bjarki segir að ýmislegt bendi til þess að margir hafi innleyst hagnað á föstudaginn með því að kaupa krónur eftir mikla veikingu hennar. - eþa

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Tilboð hækkað** | Actavis hefur hækkað yfirtökutilboð sitt í Pliva upp í 145 milljarða króna. Tilboðið er það hæsta sem íslenskt fyrirtæki hefur gert.

**Krónan fellur** | Á miðvikudag fór gengisvísitala krónunnar yfir 135 stig og féll krónan um 3,5 prósent sem var mesta dagslækkun hennar í fimm ár.

**Kaupmáttur minnkar** | Launavísitalan hækkaði um 0,3 prósent milli febrúar og mars en á sama tíma jókst verðbólgan um 1,1 prósent.



**Í blómin** | Baugur Group og fleiri hópar fjárfesta gerðu 60 milljarða kauptilboð í bresku blóma- og garðvörukeðjuna Wyevale Garden Centre.

**Myntkörfulán vinsælli** | Útlánastofnanir merkja aukna ásókn í húsnæðislán í erlendri mynt, bæði til endurfjármögnunar og nýrra kaupa.

**Ekki seld** | Ekkert verður af sölu Ölgerðarinnar og Danól sem sett voru í söluferli í lok febrúar þar sem ásættanlegt verð fékkst ekki fyrir fyrirtækin.

**Atorka selur** | Atorka Group seldi 22,1 prósents eignarhlut sinn í Low and Bonar plc. Söluandvirði hlutarins var rúmlega 3,8 milljarðar króna.

**Áfengissala eykst** | Velta í dagvöruverslun var 3,6 prósentum meiri í mars en í fyrra. Áfengissala jókst um 4,7 prósent milli febrúar 2005 og 2006.

**Hækkandi vísitölur** | Samræmd vísitala neysluverðs í ríkjum EES var hálfu prósenti hærri í mars en í febrúar og vísitalan fyrir Ísland hækkaði um 1,1 prósent.

# Útflutningur tekur við af skuldasöfnun

Í nýrri þjóðhagsspá til ársins 2010 er hagkerfið sagt leita jafnvægis. Ófyrirséðar breytingar höfðu töluverð áhrif.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Spáð er stuttu verðbólguskoti og hraðri aðlögun hagkerfisins í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins fyrir árin 2006 til 2010. Hagvöxtur í fyrra var heldur meiri en fyrri spár gerðu ráð fyrir, 5,5 prósent í stað 5,2 prósenta, vegna ört vaxandi þjóðarútgjalda. „Ójafnvægið er tímabundið, breytingarnar eru að ganga yfir og hagkerfið er byrjað að leita jafnvægis. Gengisbreytingin er hluti af því,“ segir Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

„Hér voru stóriðjufjárfestingar vel fyrirséðar, en síðan komu ófyrirséðar breytingar á fjármálamarkaði sem höfðu tímabundin áhrif til að stórauka einkaneyslu og innflutning,“ segir Þorsteinn og vísar til samkeppni á íbúðamarkaði og krónubréfaútgáfu. „En þrátt fyrir tímabundna ókyrrð á alþjóðlegum fjármálamarkaði eru áherslur í spánni að mestu óbreyttar. Í ár gerum við ráð fyrir 4,8 prósenta hagvexti, en samsetning hans er að breytast. Við förum úr þjóðarútgjalda- og skuldadrifnum hagvexti í útflutningsleiddan hagvöxt.“ Á næsta ári er gert ráð fyrir að innflutningur dragist saman um helming, um leið og álútflutningur aukist.

Þorsteinn bendir á að staða ríkissjóðs sé sterk í alþjóðlegum samanburði og eignir landsmanna, þar á meðal óvenjustórir lífeyrissjóðir, nemi þreföldum skuldum þeirra. Hann segir hægari hagvexti spáð á komandi árum, með aðeins meira atvinnuleysi og minni verðbólgu og því séu líkur minni á harðri lendingu. „Við telum að sú umræða hafi verið svolítið yfirdrifin,“ segir hann

Á næsta ári verður 11,9 milljarða halli á ríkissjóði samkvæmt þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins, saman borið við áætlaðan hagnað upp á 26,2 milljarða í ár og 37,8 milljarða árið 2005. Þorsteinn segir að þarna vegi trúlega þyngst tekjur sem ríkið verður af vegna fyrirhugaðrar tveggja prósenta tekjuskattslækkunar. Þá komi einnig til á árinu 2007 aukin útgjöld vegna framkvæmda sem áður hafi verið frestað, svo sem við gerð Héðinsfjarðarganga.

Þorsteinn áréttar að í spá ráðuneytisins sé ekki gert ráð fyrir öðrum framkvæmdum en þeim sem hafi verið ákveðnar eða séu þegar farnar í gang, en ekki þær sem rætt sé um jafnvel þótt kannski séu 90 prósenta líkur á að einhverjar af þeim fari í gang. Hann bendir hins vegar á að í spánni sé farið yfir það hvað gerist verði af stóriðjuframkvæmdum sem rætt er um. „Þar er verið að tala um ríflega 800 þúsund tonna framleiðslugetu í þremur framkvæmdum sem komið gætu til á næstu átta til tíu árum. Þar er lykillinn svolítið tímasetning framkvæmdanna,“ segir hann, en bætir um leið við að komi aðgerðirnar jafnt inn verði áhrifin innan við eitt prósent af landsframleiðslu á ári. Áhrif af framkvæmdum í ár og í fyrra segir hann helmingi meiri.

# Grunnnetsviðræður kynntar

Viðræður Orkuveitu Reykjavíkur og Símans verða kynntar stjórn Orkuveitunnar í dag. Enn er rætt um tæknilegar útfærslur.

Kynntar verða í dag á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur viðræður fyrirtækisins við Símann um möguleg kaup á grunnneti Símans, eða stofnun sérstaks félags sem tæki yfir gagnaveitunet beggja fyrirtækja.

Fyrirtækin hafa átt í viðræðum um málið í nokkrar vikur. Komi til kaupa Orkuveitunnar á grunnnetinu er verðið sagt geta legið nærri 20 milljörðum króna.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar, segir enn verið að ræða tæknilegar útfærslur og því vart tímabært að ræða verðhugmyndir. Hann segir ljóst að viðræðum verði ekki lokið fyrr en eftir nokkrar vikur. Guðmundur segir hins vegar ljóst að grunnkerfi séu mjög dýr og bendir á að um áramót hafi Orkuveitan tekið við rekstri og eignarhaldi á götukerfum í Reykjavík, Akranesi og Borgarnesi. „Fráveitukerfin á þessum þremur stöðum voru metin á 22 milljarða króna, þannig að við erum að tala um stórar upphæðir. Það er hins vegar verið að leita leiða til að hagræða í rekstri þessarra kerfa og þær leiðir sem eru uppi á borðinu eru annað hvort að Orkuveitan kaupi grunnkerfið af Símanum eða að við setjum bæði grunnkerfin í sameiginlegt félag. Svo er skoðað hvernig skilja má grunnkerfið frá Símanum.“ - óká


GOTT FOLK McCANN




Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbanki Íslands hf. er vörsluaðili sjóðsins. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. mars – 3. apríl 2006.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

### GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | -2% | 17% |
| Alfesca | -3% | -4% |
| Atorka Group | -3% | -13% |
| Bakkavör | -5% | -6% |
| Dagsbrún | -8% | 1% |
| FL Group | -5% | 4% |
| Flaga | -3% | -30% |
| Glitnir | 1% | 1% |
| KB banki | -1% | 2% |
| Kögun | 0% | 21% |
| Landsbankinn | -4% | -11% |
| Marel | -2% | 11% |
| Mosaic Fashions | 2% | -2% |
| Straumur | -1% | 6% |
| Össur | 0% | -2% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Ríkir í Bretlandi

Fjárfestirinn Björgólfur Thor Björgólfsson, sem sérhæfir sig í fjárfestingum í bankastarfsemi og fjarskipta- og lyfjafyrirtækjum, stekkur upp um 93 sæti á milli ára á lista breska vikublaðsins Sunday Times yfir ríkustu menn sem búsettir eru á Bretlandseyjum. Í fyrra var hann í 125. sæti en er í 32. sæti í ár. Bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir, kenndir við Bakkavör, eru í 103. sæti. Í fyrsta sæti er indverskættaði iðnjöfurinn Lakshmi Mittal.

Eignir Björgólfs eru metnar á 1.549 milljónir punda, jafnvirði 213,5 milljarða íslenskra króna, í Sunday Times. Jafnframt er hann í 6. sæti yfir þá sem hafa auðgast mest á árinu en blaðið segir eignir hans hafa aukist um 1.149 milljónir punda, jafnvirði 158,4 milljarða króna.

Eignir bræðranna Ágústs og Lýðs Guðmundssona eru metnar á 589 milljónir punda, jafnvirði 82,4 milljarða íslenskra króna. Þeir eru jafnframt í 20. sæti yfir þá sem högnuðust mest á árinu en blaðið segir eignir þeirra hafa aukist um 498 milljónir punda, jafnvirði 68,6 milljarða króna. - jab

# Toyota kaupir Toppbíla

Toyotaumboðið, sem er í eigu Magnúsar Kristinssonar, hefur keypt bílasöluna Toppbíla á Kletthálsi í Reykjavík. Toppbílar er umboðssala fyrir notaðar bifreiðar. Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota, vill ekki gefa upp kaupverðið en segir kaupin stuðla að því að auka sölu Toyota á notuðum bílum. „Það er gríðarlegur markaður fyrir notaða bíla og þarna töldum við tækifæri til að auka okkar hlutdeild í því,“ sagði hann. Engar breytingar verða gerðar á rekstri Toppbíla, að hans sögn. - jab



**TOYOTA COROLLA 2005** Toyotaumboðið ætlar að auka hlutdeild sína í sölu á notuðum bílum.

# Standast álagið

Viðskiptabankarnir þrír og sex sparisjóðir stóðust viðbótarálagspróf Fjármálaeftirlitsins sem framkvæmt var á dögunum. Álagspróf var framkvæmt í mars síðastliðnum en ákveðið var að ráðast í annað próf nú þar sem sá hluti prófsins þá, sem tók til þeirrar áhættu sem bankarnir búa við varðandi hugsanlegt tap á útlánum, hafi miðast við vaxtafryst útlán sem eru með lægsta móti nú. Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir viðmiðin í því prófi gölluð að því leyti að þau endurspegla ekki hvað geti gerst í slæmu árferði.

Niðurstaða útreikninganna var að viðbótarútlánatap viðskiptabankanna þriggja og sparisjóðanna sex, miðað við ákveðnar forsendur, myndi vera 24 milljarðar króna. Lækkun á eiginfjárhlutfalli, til viðbótar við fyrri forsendu um útlánatap, myndi nema að meðaltali 0,5 prósentustigum fyrir viðskiptabankana og rúmlega 1,1 prósentustigi fyrir stærstu sparisjóðina. „Áhrif af áfalli sem þessu virðist vera vel viðráðanleg fyrir bankana. Eiginfjárstaða þeirra er svo sterk í hlutfalli við innlend innlán. Þessir 24 milljarðar eru um 5 prósent af eiginfjárgrunninum sem er yfir 520 milljarðar,“ segir Ragnar. - hhs



**STÓÐUST ÁLAGSPRÓF** Viðskiptabankarnir þrír og sex sparisjóðir stóðust viðbótarálagspróf Fjármálaeftirlitsins.

# Ísland og Sviss með mesta sparnaðinn

Ísland og Sviss eru með mestan lífeyrissparnað sem hlutfall af landsframleiðslu af aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Tölur sem birtar voru í lok síðusut viku sýna að Sviss er með mesta sparnaðinn, 153,2 prósent af landsframleiðslu, en þar á eftir koma Ísland með 146,2 prósent og svo Holland meið 140,4 prósent.

Noregur er svo í sjötta sæti, þrátt fyrir að búa að olíusjóði sínum, með 93,2 prósent af landsframleiðslu. Í fjórða og fimmta sæti á listanum eru Bandaríkin og Bretland.

**UPPSAFNAÐUR LÍFEYRISSPARNAÐUR RÍKJA OECD**

| Ríki | prósentuhlutfall |
|---|---|
| Sviss | 153,2 |
| **Ísland** | **146,2** |
| Holland | 140,4 |
| Bandaríkin | 129,4 |
| Bretland | 116,2 |
| Noregur | 93,2 |
| Danmörk | 91,7 |
| Svíþjóð | 91,0 |
| Finnland | 64,2 |

# Björgólfur Thor og Magnús ræða saman

## Stjórn Straums-Burðaráss kemur saman til fundar í dag í fyrsta sinn í sjö vikur. Á morgun birtir félagið uppgjör.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Viðræður hafa farið fram á milli Björgólfs Thors Björgólfssonar og Magnúsar Kristinssonar, tveggja af ráðandi hluthöfum í Straumi-Burðarási, til að leysa þann ágreining sem uppi hefur verið um skipan mála í Straumi. Ekki liggur fyrir hvort og hvernig sá ágreiningur sem uppi hefur verið verður leystur, en talið er allt eins líklegt að kynntar verði breytingar á eignarhaldi á félaginu í dag. Náist ekki sættir í málinu má búast við að til uppgjörs komi innan hluthafahópsins en Magnús mun hafa sóst eftir því að eitthvað verði gert.

Stjórn Straums-Burðaráss hittist í fyrsta skipti í dag, eftir að ný stjórn var kjörin í mars og skipti með sér verkum, en félagið birtir í fyrramálið uppgjör fyrir fyrsta ársfjórðung. Eins og kunnugt er lýsti Magnús Kristinsson, útgerðarmaður frá Vestmannaeyjum, mikilli óánægju sinni þegar hann var sniðgenginn í kjöri um varaformann stjórnar félagsins en embættið féll í skaut Eggerts Magnússonar. Gekk Magnús, sem á 26 milljarða hlut að markaðsvirði í Straumi, út af stjórnarfundi.

Í starfsreglum stjórnar Straums er kveðið á að fundir hennar skulu fara fram að minnsta kosti einu sinni í mánuði og jafnvel oftar ef stjórn hefur talið þörf á því. Engin stjórnarfundur hefur verið boðaður frá aðalfundi.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á fjármálamarkaði frá því að aðalfundur Straums var haldinn í byrjun mars og kann að breyta samningsaðstöðu hluthafa. Gengi félagsins hefur til að mynda lækkað um ellefu prósent en um fimmtung sé farið aftur til 15. febrúar þegar hlutabréfamarkaðurinn stóð í hæstu hæðum.

Straumi er spáð 15,3 milljarða meðaltalshagnaði samkvæmt afkomuspám Glitnis og Landsbankans.



**RÆÐA SAMAN** Björgólfur Thor og Magnús Kristinsson, sem sitja hvor sínu megin við Þórð Má Jóhannesson, forstjóra Straums, hafa átt í viðræðum um lausn á þeirri stöðu sem komin er upp í Straumi.



Pace Á ÍSLANDI

**Endurnýjunar- og viðhaldskerfi fyrir þök**




# Áður en þú skiptir um þak, hringdu þá í Pace® umboðið



**Bættu mörgum árum við líftíma þaksins fyrir mikið minna en það kostar að skipta um þak.** Pace® þakvarnarkerfið ver og verndar þakið með samskeytalausri, teygjanlegri gúmmíhúð sem á varanlegan hátt kemur í veg fyrir leka, ryðmyndun ...og áhyggjur.





Fáðu þakið metið strax í dag þér að kostnaðalausu

**517 9177**

pace@coat.is

**Pace umboðið:** Síðumúla 31 · 108 Reykjavík · Sími: 517 9177 · Fax: 517 9277 · pace@coat.is

# Hafa nóg fyrir stafni

Hlutabréf í Northern Foods, einum helsta samkeppnisaðila Bakkavarar, hafa hrunið á undanförnum vikum eftir að félagið gaf út neikvæða afkomuviðvörun. Það sem af er ári nemur lækkunin 40 prósentum.

Aðspurður hvort Bakkavör Group hafi áhuga á Northern Foods segir stjórnarformaðurinn Ágúst Guðmundsson, að engin skoðun sé í gangi af hálfu fyrirtækisins nema að fylgjast með keppinautunum. Ágúst segir að menn þar á bæ hafi alveg nóg fyrir stafni.

Gengi bréfa í Northern Foods hélt áfram að lækka í síðustu viku eftir Citigroup mælti með sölu þeirra í nýrri greiningu. - eþa



**BAKKABRÆÐUR RÓLEGIR** Hlutabréf eins af samkeppnisaðilum Bakkavarar hríðfalla.

# Halli í Færeyjum

Halli varð á vöruskiptum Færeyinga við útlönd á síðasta ári samkvæmt tölum frá færeysku hagstofunni. Vöruinnflutningur nam 4,3 milljörðum danskra króna og jókst um hálfan milljarð frá fyrra ári. Vöruútflutningur var aftur á móti 3,6 milljarðar danskra króna, sem er eitt hundrað milljóna króna samdráttur á milli ára, og hefur ekki verið minni frá árinu 2000.

Tvær meginskýringar eru gefnar fyrir auknum innflutningi, annars vegar var töluverður innflutningur á skipum, bátum og flugvélum en hins vegar setti hækkandi olíuverð strik í reikninginn. - eþa



**VÖRUSKIPTAHALLI Í FÆREYJUM** Innflutningur vöru var meiri en útflutningur, einkum vegna skipakaupa.

Eiga tæpan fjórðungshlut:

# Atorka stærst í Interbulk

Viðskipti Atorka Group er komin með 23 prósenta hlut í Interbulk Investments sem er þriðja stærsta flutningafyrirtæki heims með sérhæfðar gámaeiningar fyrir efnaiðnað. Verðmæti hlutarins er um 800 milljónir króna. Atorka er þar með stærsti hluthafinn í Interbulk. Félagið velti 140 milljónum evra á síðasta ári og var rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) 12,4 milljónir evra, en það samsvarar um 1,1 milljarði króna. - eþa



**MÆLT MEÐ BRÉFUM EASYJET** Brotthvarf FL Group úr eigendahópi easyJet hafði jákvæð áhrif fyrir hluthafa og hlutabréfin.

# Góð kaup í easyJet segja bankar

## Brotthvarf FL Group gott fyrir langtímafjárfesta.

Hlutabréf í easyJet, næststærsta lággjaldaflugfélagi Evrópu, hafa lækkað áfram eftir að FL Group ákvað að selja tæplega sautján prósenta hlut sinn. Lækkunin er ekki síður tilkomin vegna hækkunar á eldsneytisverði.

Bréfin stóðu í 315 pensum á hlut fyrir helgi eftir að hafa farið hæst í 408 pens snemma í janúar.

Fjárfestingabankar telja að horfur í rekstri easyJet séu góðar þrátt fyrir hátt olíuverð og hafi gengislækkunin skapað kauptækifæri. ABN Amro hóf að mæla með kaupum í easyJet eftir að FL Group seldi bréfin en það voru góðar fréttir fyrir langtímafjárfesta að mati bankans, enda hafði staða FL Group skapað óvissu um framtíð félagsins. Enn fremur hafi salan aukið seljanleika hlutabréfanna.

ABN Amro setur verðmiðann 375 pens á hlutinn en Citigroup 400 pens. - eþa

# Frumvarpið gæti tekið breytingum í nefnd

## Frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti gæti átt eftir að taka breytingum á þingi. Formaður efnahags- og viðskiptanefndar segir ákvæði í frumvarpinu íþyngjandi.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Sex umsagnir hafa borist efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður nefndarinnar, útilokar ekki breytingar á frumvarpinu með hliðsjón af umsögnum sem borist hafa. „Þetta gengur ansi langt inn á réttindi einstaklinga og ef til vill hafa menn ekki gefið því nægan gaum,“ segir hann, en samkvæmt frumvarpinu ber hverjum þeim sem tekur við greiðslu yfir 15 þúsund evrum að halda eftir upplýsingum um viðskiptin og krefja þann sem greiðir um skilríki. Þá eru lagðar á ríkar skyldur um tilkynningaskyldu í viðskiptum þar sem „grunur leikur á að rekja megi til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka“. Pétur segir þarna ekki síst lagðar miklar kvaðir á fjármálafyrirtæki um að upplýsa um viðskipti einstaklinga.



**UPPTÆKIR HLUTIR AF ÓLÖGLEGRI STARFSEMI** Með nýjum lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og hryðjuverkastarfsemi á að innleiða hér nýjar tilskipanir Evrópusambandsins í þessum efnum. Myndin er af upptæku góssi Lundúnalögreglu. NORDICPHOTOS/AFP

Umsagnirnar sem borist hafa eru frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja (SÍB), Viðskiptaráði Íslands, Ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, og Félagi löggiltra endurskoðenda. Frestur til að skila inn umsögnum rann út 20. þessa mánaðar, en alls voru sendar út 36 umsagnarbeiðnir.

Von er á sendinefnd stofnunar sem starfar á vegum OECD og fjallar um aðgerðir gegn alþjóðlegu peningaþvætti, en iðnaðarráðherra hefur lýst því yfir að bregðast þurfi við af fullum þunga til að uppfylla tilmæli í 40 liðum sem stofnunin hefur gefið út. Pétur segir að vel geti verið að koma sendinefndarinnar hafi flýtt því að frumvarpið var lagt fram, en telur það fyrst og fremst gert til að koma hér í lög tilskipun Evrópusambandsins. „Svo er löggjöf í þessa veru í gangi víða um heim, enda vilja menn ekki sjá svona starfsemi hjá sér.“ Pétur telur að ekki sé hægt að segja til um hvenær takist að afgreiða málið, sem enn er til skoðunar hjá nefndinni og bíður annarrar umræðu á þingi. „Ég sé enga ástæðu til að einhver stjórnarmál klárist ekki, þótt það gerist kannski ekki fyrr en eftir kosningar. Það er ekkert náttúrulögmál að Alþingi sé stopp út af bæjarstjórnarkosningum.“



**PÉTUR BLÖNDAL**

# Fjármagna kaup á samlokufyrirtæki

Skuldsett fjármögnun Glitnis og Bank of Scotland hafa í sameiningu lagt til lánsfé vegna kaupa breska fjárfestingasjóðsins Duke Street Capital á Food Partners, einum helsta samlokuframleiðanda Bretlands. Áður höfðu Glitnir og Bank of Scotland í sameiningu fjármagnað kaup Duke Street Capital á Buckingham Foods og Thomas Food Group sem jafnframt framleiða tilbúna rétti. Með kaupunum nær eign félagsins í slíkum fyrirtækjum 100 milljónum punda. Fyrirtækin þrjú verða áfram rekin hvert í sínu lagi en munu hafa hag af sameinuðu fjármagni. - hhs




**SKULDSETT FJÁRMÖGNUN GLITNIS** Hefur ásamt Bank of Scotland lagt til lánsfé til kaupa fjárfestingasjóðsins DSC á breska fyrirtækinu Food Partners.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

11,2%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Miðað við ávöxtun 28. febrúar til 31. mars færð upp á ársgrundvöll

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI – kraftur til þín!

























# HÆ HÓ JIBBÍ JEI

## JIBBÍ JIBBÍ JEI! VIÐ ERUM AÐ BÓKA 17. JÚNÍ OG ÖNNUR MANNAMÓT SUMARSINS

CONCERT BÝÐUR UPPÁ ALHLIÐA ÞJÓNUSTU FYRIR FYRIRTÆKI, SKÓLA, STARFSMANNAFÉLÖG OG SVEITARFÉLÖG SEM ERU AÐ UNDIRBÚA EITTHVAÐ SEM Á AÐ VERA SKEMMTILEGT. CONCERT HEFUR 5 ÁRA REYNSLU Í TÓNLEIKAHALDI OG UMBOÐSMÁLUM. LÁTTU FAGFÓLK Í MÁLIÐ OG NJÓTTU ÞESS AÐ VERA TIL.

CONCERT UMBOÐSSKRIFSTOFA
BANKASTRÆTI 11 - 2 HÆÐ
101 REYKJAVÍK
SÍMI 511 2255 - FAX 511 2256
WWW.CONCERT.IS
CONCERT@CONCERT.IS

CONCERT

# Færri föt hjá H&M

Sölutekjur sænsku fataverslunarkeðjunnar H&M drógust saman um 8 prósent í síðasta mánuði. Þetta er helmingi meiri samdráttur en sérfræðingar spáðu.

Ástæðan er óvenjukaldur marsmánuður auk þess sem páskahátíðin var í seinna lagi. Hefði páskana borið upp í mars mátti búast við meiri sölu, að sögn verslunarkeðjunnar.

Gengi bréfa í H&M lækkaði um 50 sænska aura við tíðindin í kauphöllinni í Stokkhólmi í Svíþjóð og stendur gengi þeirra í 281 sænskri krónu á hlut.




**FRÁ VERSLUN H&M Í STOKKHÓLMI** Verslunarkeðjan seldi minna í mars, m.a. vegna kulda.

Gengi bréfanna hækkaði hins vegar um 9,6 prósent á síðasta ári. - jab

# IKEA opnar í Japan

35.000 manns lögðu leið sína í nýjasta útibú sænskættuðu IKEA verslunarinnar, sem opnaði í Funabashi í austurhluta Tókýó í Japan á mánudag. Verslunin er tæpir 40.000 fermetrar að stærð og ein sú stærsta í Asíu.

Svo margir komu við opnun verslunarinnar að öryggisverðir urðu að taka á honum stóra sínum til að halda aftur af mannfjöldanum. Fréttaritari fréttastofunnar Associated Press hafði eftir tæplega þrítugri konu í versluninni að hún væri stórundrandi á lága verðlaginu og hafði hún fyllt innkaupakerru af eldhúsáhöldum.

IKEA starfrækti verslun í Japan á árunum 1974 til 1986. Árangurinn lét hins vegar á sér standa og kenna forsvarsmenn IKEA sjálfum sér um að hafa ekki kannað venjur Japana áður en þeir hófu reksturinn. Ástæðan fyrir slæmu gengi var sú að Japanar voru ekki vanir að kaupa ósamansett húsgögn og sjá um afganginn sjálfir. Þá eru íbúðir í Japan töluvert minni en Svíar eiga að venjast og því þýðir lítið að selja þar í landi stóra og þykka sófa og önnur húsgögn líkt og njóta mikilla vinsælda á öðrum mörkuðum. - jab



**IKEA** 35.000 manns lögðu leið sína í nýjustu verslun IKEA þegar hún opnaði í Tókýó í Japan á mánudag.



**PALLBÍLL FRÁ FORD** Bandaríkskum bílaframleiðendum hefur gengið illa á heimavelli í samkeppni við japanska bílaframleiðendur.

# Ford skilar tapi

Bandaríski bílaframleiðandinn Ford tapaði 1,19 milljörðum bandaríkjadala á fyrsta ársfjórðungi 2006. Fyrir nokkru tilkynnti fyrirtækið um endurskipulagningu á rekstri, uppsögnum starfsfólks og lokun verksmiðja. Ford skilaði 1,2 milljarða dollara hagnaði á sama tíma í fyrra.

Ford hefur í bígerð að segja upp 30.000 manns og loka 14 verksmiðjum fyrir árið 2012 til að draga úr kostnaði.

Auk aukins kostnaðar fyrirtækisins dróst sala á Ford bílum saman um 3 prósent á fjórðungnum með þeim afleiðingum að tekjur fyrirtækisins minnkuðu um 9 prósent eða 41,1 milljarð dala.

Stærstu bílaframleiðendur Bandaríkjanna, Ford og General Motors, hafa báðir tapað markaðshlutdeild á heimamarkaði til erlendra bílaframleiðenda á borð við Toyota. - jab




**FRÁ BLAÐAMANNAFUNDI ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐSINS** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn býst við áframhaldandi hagvexti og spáir 4,9 prósenta hagvexti á árinu.

# Spá frekari hagvexti

## Sérfræðingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins spá áframhaldandi hagvexti á heimsvísu á árinu.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Alþjóðahagkerfið hefur staðið af sér náttúruhamfarir og hátt raforkuverð. Þetta kemur fram í nýlegri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) um stöðu og horfur í efnahagsmálum á heimsvísu. Sjóðurinn telur hagvaxtarhorfur almennt góðar á árinu og býst við að landsframleiðsla margra ríkja verði með besta móti. Engu að síður eru blikur á lofti, sér í lagi vegna hækkana á eldsneytisverði.

Hagvöxtur jókst almennt um 4,8 prósent á síðasta ári og er það nokkru betra en IMF hafði spáð fyrir um í september í fyrra. Í endurskoðaðri spá sjóðsins er spáð 4,9 prósenta hagvexti á þessu ári.

IMF spáir að hagvöxtur í Bandaríkjunum, sem er eitt stærsta hagkerfi heims, muni aukast um 3,4 prósent á þessu ári en um 3,3 prósent árið 2007. Til samanburðar var hagvöxtur í Bandaríkjunum 3,5 prósent á síðasta ári. Að sögn sjóðsins eru engu að síður blikur á lofti í Bandaríkjunum. Þykir sjóðnum m.a. nauðsynlegt að stemma stigu við miklum fjárlagahalla, sem nemur 6,4 prósentum af landsframleiðslu.

Gangi spá IMF eftir verður þetta besti árlegi hagvöxtur síðastliðinna tveggja ára en hagvöxtur 2004 nam 5,3 prósentum og hafði ekki verið meiri í 30 ár.

Að mati sjóðsins eru um 15 prósenta líkur á að olía hækki enn frekar og fari jafnvel yfir 80 dollara á tunnu í sumar. Afleiðingarnar verði þær að fyrirtæki og einstaklingar haldi að sér höndum og ákveði að herða sultarólina. Gerist það mun hægja nokkuð á hagvextinum, að mati IMF.

**Sjóðurinn telur hagvaxtarhorfur almennt góðar á árinu og býst við að landsframleiðsla margra ríkja verði með besta móti. Engu að síður eru blikur á lofti, sér í lagi vegna hækkana á eldsneytisverði.**




**GOSDÓSIR FRÁ COCA-COLA** Sala á gosdrykkjum hefur dregist saman vegna átaks gegn neyslu á sykurdrykkjum.

# Kók skilar hagnaði

Sala bandaríska gosdrykkjaframleiðandans Coca-Cola jókst lítið sem ekkert á fyrstu þremur mánuðum ársins. Hagnaður fyrirtækisins jókst hins vegar um 10 prósent, eða 1,1 milljarð bandaríkjadala. Helsta ástæðan er verðhækkanir á vörum Coca-Cola. Sölutekjur fyrirtækisins námu 5,2 milljörðum bandaríkjadala og er það undir væntingum fjármálasérfræðinga.

Sala á gosdrykkjum hefur dregist nokkuð saman vegna átaks heilbrigðisyfirvalda gegn neyslu á sykurdrykkjum. Er fremur mælt með því að þorstlátir snúi sér að neyslu vatns og ávaxtasafa. Sala á gosdrykkjum minnkaði á síðasta ári en það var í fyrsta sinn sem slíkt gerðist í tvo áratugi.

Gengi hlutabréfa í Coca-Cola hækkaði um 0,28 prósent á mörkuðum í New York og stóð lokagengi þeirra í 41,58 dollurum á hlut. - jab

SHARP Þú gengur að gæðunum vísum

Hágæða prentarar og ljósritunarvélar fyrir allar stærðir fyrirtækja

Allar nánari upplýsingar veita sölumenn.



3ja ára ábyrgð



SHARP PG-B10S Skjávarpi
• Birta: 1200 ANSI LUMEN
• Upplausn: SVGA 800 x 600
• Þyngd: 2.9 kg
Tilboðsverð:
Kr. 89.900 m/vsk

LJÓSRITUNARVÉLAR
SKJÁVARPAR
TÖLVUSKJÁIR
PRENTARAR
FJÖLNOTATÆKI
SJÓÐVÉLAR
FAXTÆKI
REIKNIVÉLAR
PAPPÍRSTÆTARAR



ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

# Ertu í húsgagnaleit?

Nýjar sendingar af vönduðum húsgögnum á góðu verði





Vandaðir hvíldarstólar og sófar m/borði | sófi verð kr. 139.000.-
Stóll verð kr. 54.000.-



















Hvíldarstólar

Nettur og vandaður hvíldarstóll með leðri og skemli.
Litir: Beige, brúnt og grátt
2ja ára ábyrgð
Verð kr.49.900-



www.valhusgogn.is

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

Fagmennska í 45 ár

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

**Opið kl. 10-18 Laugard. 11-16**

SÖGUHORNIÐ

## Stofnandi Rolls-Royce fæðist

Á laugardag voru liðin 73 ár frá andláti sir Henrys Royce, annars stofnenda eðalbílafyrirtækisins Rolls-Royce. Royce fæddist í bænum Alwalton í nágrenni Peterborough í Huntingdonskíri í Bretlandi hinn 27. mars árið 1863 og var yngstur fimm systkina.

Fjölskylda Henrys Royce rak myllu, sem hún leigði frá kirkjunni. Reksturinn gekk erfiðlega og flutti fjölskyldan búferlum til Lundúna. Fjölskyldufaðirinn lést árið 1872 og neyddist hinn ungi Royce að fara út á vinnumarkaðinn til að sjá fjölskyldu sinni farborða. Hann var þá níu ára gamall. Árið 1878, þegar Royce var á 15. ári, hóf hann iðnnám hjá bresku járnbrautunum nálægt heimahögum sínum í Peterborough fyrir stuðning frá frænku sinni. Iðnnámið gaf ekki mikið af sér og gaf Royce námið upp á bátinn þremur árum síðar og hóf störf hjá raforkufyrirtæki.

Árið 1884 hafði Royce unnið í tvö ár hjá fyrirtækinu. Honum tókst að safna 20 pundum, sem þótti dágóð upphæð í þá daga. Fékk hann vin sinn, Ernest Claremont, til samstarfs um stofnun fyrirtækis í Manchesterborg í Bretlandi og lagði sá 50 pund til rekstursins. Verslunin sérhæfði sig í rafmagnsinnstungum fyrir einkaheimili og gekk reksturinn prýðilega. Royce lagði hart að sér. Hann vann dag og nótt og sleppti oft úr máltíðum vegna anna. Áratug eftir stofnun fyrirtækisins hófu þeir félagar að búa til rafala og rafmagnskrana auk þess sem þeir fengu fyrirtækið skráð undir heitinu F.H. Royce & Company. Fimm árum síðar fékk það heitið Royce Ltd. Sama ár opnaði fyrirtækið sína aðra verksmiðju í borginni.

Royce hafði ætíð ódrepandi áhuga á nýjustu tækni og skömmu eftir aldamótin 1900 taldi hann sjálfrennireiðar eiga framtíðina fyrir sér. Hann



**ROLLS-ROYCE** Rúm hundrað ár eru síðan fyrstu eðalvagnarnir af þessari gerð litu dagsins ljós en þeir hafa haldið nafni Bretlands á lofti.

ákvað að henda sér út í strauminn og árið 1903 keypti hann sér tveggja strokka Decauville árgerð 1901. Bíllinn uppfyllti ekki allar óskir Royce og því betrumbætti hann ökutækið. Hann lét ekki þar við sitja heldur bjó til sinn eigin bíl á verkstæði sínu ári síðar, eða snemma árs 1904. Þegar yfir lauk hafði Royce búið til tvo bíla til viðbótar. Annan þeirra gaf hann meðeiganda sínum, Claremont, en hinn seldi hann einum af stjórnendum fyrirtækisins, Henry Edmunds. Edmunds þessi var ágætur vinur Charles nokkurs Rolls, sem átti bílasölu í Lundúnum og höndlaði með innflutta bíla. Edmunds sýndi vini sínum nýja bílinn og varð úr að þeir Rolls og Royce hittust til skrafs og ráðagerða á Midlands-hótelinu í Manchester. Það er skemmst frá því að segja að fundurinn markaði tímamót fyrir bílaframleiðslu í Bretlandi. Samkomulag náðist á milli Rolls og Royce að sá síðastnefndi framleiddi eins marga fjögurra strokka bíla og hann gæti og myndi Rolls sjá um sölu þeirra allra. Eina skilyrðið sem hann setti var að bílarnir hétu Rolls-Royce.

Fyrstu bílarnir af þessari gerð litu dagsins ljós í desember árið 1904. Félagarnir stofnuðu fyrirtækið með formlegum hætti tveimur árum síðar og hófu framleiðslu á eðalvögnunum.

Henry Royce lést hinn 22. apríl árið 1933, sjötugur að aldri. Hafði hann átt við þrálát veikindi að stríða allt frá árinu 1911 sem orsökuðust m.a. af næringarskorti og of mikilli vinnu í áraraðir.

# Staðlastríðið hafið

## Fyrirtæki í afþreyingariðnaðinum tvístígandi hvort styðja eigi Sony eða Toshiba í staðlastríðinu.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Fyrstu HD DVD spilararnir og diskarnir frá Toshiba komu í hillur verslana í Bandaríkjunum í síðustu viku. Þykir ljóst að Toshiba hefur náð örlitlu forskoti í yfirvofandi staðlastríði en Blu-ray diskarnir frá Sony koma ekki á markað fyrr en í næsta mánuði. Spilarar sem styðja Blu-ray tækni koma hins vegar ekki á markað fyrr en í júní.

Diskar af báðum gerðum geta geymt mun meira gagnamagn en núverandi tækni býður upp á. Blu-ray diskar geta geymt allt að 50 GB af gögnum en hámarksmagn HD DVD disk er 30 GB. Til samanburðar er hægt að vista tæp 5 GB á venjulegan DVD disk. Mynd- og hljóðgæði á nýju diskunum eru að sama skapi mun betri en núverandi diskar bjóða upp á.

Að sögn þeirra sem til þekkja verður næsta kynslóð tölvuleikja umtalsvert betri en nú þekkist þar sem grafík og hljóð verði mun betra. Þá verður hægt að vista stóra tölvuleiki á einn disk í stað nokkurra.

Tölvuleikjaframleiðendur eru sömuleiðis óvissir um hverjum skuli fylgja að málum. Nýjasta leikjatölvan, PS3 leikjatölva frá Sony, sem kemur á markað í nóvember, mun eðlilega hafa Blu-ray spilara. Þá hafa forsvarsmenn leikjafyrirtækjanna Electronics Arts og Vivendi látið í ljós skína að þeir styðji báðir Blu-ray tækni frá Sony. Microsoft hyggst hins vegar setja á markað nýtt HD DVD drif fyrir þá sem kjósa að geta spilað næstu kynslóð tölvuleikja.




**DISKAR FRÁ SONY OG TOSHIBA** Búist er við mikilli baráttu tæknifyrirtækja um markaðshlutdeild á diskamarkaðnum.

Kvikmyndaiðnaðurinn í Bandaríkjunum er tvístígandi yfir því hvaða staðall verður ráðandi. Fyrirtæki á borð við Disney og 20th Century Fox styðja Sony en kvikmyndarisinn Universal styður HD DVD tækni Toshiba. Forsvarsmenn Warner Bros. og Viacom hafa hins vegar sagt að fyrirtækin styðji báða staðlana og ætli ekki að fylgja einum að málum.

# Falin vötn á Suðurskautinu

Breskir vísindamenn segja hundruð stöðuvatna vera undir ísnum á Suðurheimsskautssvæðinu. Vötnin hafa verið einangruð í milljónir ára og hefur það gert lífverum færi á að þróast ólíkt öðrum. Vatnið Vostok er það stærsta en það er 14.000 ferkílómetrar að flatarmáli og 400 metra djúpt.

Í nýjasta tölublaði vísindatímaritsins Nature kemur fram að alþjóðlegt teymi sérfræðinga á vegum bandarísku geimvísindastofnunarinnar, NASA, hafi í bígerð að bora ofan í ísinn til að kanna vötnin nánar en það er talið geta varpað ljósi á það hvernig ís myndaðist á Evrópu, einu fylgitungla plánetunnar Júpíter. Bresku vísindamennirnir vara við slíkum aðgerðum því það geti mengað vötnin og skaðað lífverurnar sem þar búa. - jab



**FRÁ SUÐURSKAUTINU** Breskir vísindamenn telja lífverur hafa þróast í einangrun í nokkur hundruð vötnum undir ísnum á Suðurskautinu.


# Atvinnuhúsnæði til leigu



Verslunar-, skrifstofu- og /eða iðnaðarhúsnæði ásamt lageraðstöðu, alls um 2800 m2 á tveimur hæðum, að Lynghálsi 5 í Reykjavík.

FASTEIGNAFÉLAGIÐ STOÐIR HF.

Kringlunni 4 - 12 103 Reykjavík Sími 575-9000

Fasteignafélagið Stoðir hf. er stærsta fasteignafélag landsins með um 260.000 fermetra í sinni eigu og sérhæfir sig í útleigu fasteigna til traustra leigutaka til langs tíma.

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS

# Hive heimilin eru nú orðin tíu þúsund.

## Þau þekkjast ekki að utan, en innandyra gengur allt miklu hraðar fyrir sig.

**Gerast hlutirnir hratt heima hjá þér?**

Fyrir rúmlega ári síðan kynnti Hive í fyrsta sinn ótakmarkað niðurhal á Íslandi. Nú eru yfir 10.000 heimili komin með Hive. Ef þú býrð ennþá við hæga tengingu á ó-Hive-u heimili, en vilt að hlutirnir gangi hraðar fyrir sig, er tilvalið að hafa samband við þjónustuverið eða koma við í verslun okkar að Grensásvegi 16. **Velkomin í heiminn.**

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is



**ER DAGUR AÐ KVELDI KOMINN Í ÚTGÁFU JÖKLABRÉFA?** Lágt gildi krónunnar skapar kauptækifæri í krónubréfum þar sem krónan, í núverandi gildi, er líklegri til að styrkjast en veikjast þegar til lengri tíma lætur. Framhald útgáfunnar ræðst þó fyrst og fremst af vaxtaþróun hér á landi og því hversu lengi fjárfestar munu halda að sér höndum eftir undanfarnar sveiflur.

# Fjárfestar fúlsa við íslenskum krónubréfum

**Í febrúarlok skrúfaðist að mestu fyrir skuldabréfaútgáfu erlendra aðila í íslenskum krónum. Tap fjárfesta af gengislækkunum undanfarinna vikna er mun meira en sem nemur vaxtamuninum við útlönd. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir komst að raun um að framhald krónubréfaútgáfu ræðst af vaxtaþróun næstu mánaða hér á landi en einnig af því hversu illa brenndir fjárfestar eru.**

Mikla athygli vakti á síðasta ári að erlendir aðilar hófu að gefa út skuldabréf í íslenskum krónum. Fyrsta útgáfa slíkra bréfa, sem hafa ýmist verið nefnd krónubréf eða jöklabréf, var í ágúst 2005 og var um heilmikla útgáfu að ræða allt fram í febrúar á þessu ári. Í lok febrúar nánast skrúfaðist fyrir útgáfuna, um það leyti er alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings breytti mati sínu á lánshæfismats ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar og Hagstofan gaf út tölur sem sýndu að viðskiptahallinn í fyrra var töluvert meiri en við var búist. Í mars og apríl hefur gengi krónunnar veikst umtalsvert og var að meðaltali 6,2 prósentum lægra fyrstu þrjá mánuði ársins 2006 heldur en 2005. Í þessum mánuðum hafa einungis verið tvær skuldabréfaútgáfur fyrir samtals 5 milljarða en frá upphafi hafa verið gefin út krónubréf fyrir 225 milljarða íslenskra króna.

**FJÁRFESTAR SITJA UPPI MEÐ GENGISÁHÆTTUNA**

Útlendingar gefa út skuldabréf í íslenskum krónum til þess að lækka vaxtagreiðslur á lánum í þeim gjaldmiðli sem þeir hafa þörf fyrir. Það sem hefur gert þetta mögulegt eru háir markaðsvextir á Íslandi á sama tíma og vextir víðast erlendis hafa verið með lægsta móti. Fjárfestar eru tilbúnir að kaupa skuldabréf í krónum af útgefandanum vegna þess að vextir á þeim eru háir. Útgefandinn getur samt sem áður gefið bréfin út á lægri vöxtum en íslensk ríkisskuldabréf seljast á á markaði. Síðan gerir útgefandinn skiptasamning við fjárfesti sem er tilbúinn að skulda í krónum og borga krónuvexti, sem gæti til dæmis verið íslenskur banki. Útgefandinn og sá sem að skiptasamningurinn er gerður við geta báðir lækkað hjá sér vaxtagreiðslurnar með þessum hætti.

Eitthvað hefur verið um það að íslensk skuldabréf hafi verið keypt til þess að tryggja ávöxtun í krónum umfram vaxtagreiðslur af jöklabréfunum. Þess vegna lækkuðu vextir á styttri ríkisbréfunum fljótlega eftir að útgáfurnar hófust. Þetta hafði líka áhrif á lengri vexti á millibankamarkaði. Útgáfan gerði því tvennt, hækkaði gengi krónunnar og lækkaði markaðsvexti hérna heima að einhverju leyti. Nú er það öfuga að eiga sér stað.

Gengisáhættan liggur þó ekki hjá útgefandanum heldur hjá endanlegum fjárfestum. „Útgefendur selja skuldabréfin, til dæmis sjóði eða jafnvel fjársterkum einstaklingum, og þeir sitja uppi með gengisáhættuna. Þessir aðilar hafa viljað ná sér í betri vexti á sparifé en hafa verið í boði í Evrópu og verið tilbúnir að taka á sig áhættuna að krónan falli á meðan. Nú hefur hún gert það og svo rækilega að hún hefur þurrkað út ávöxtunina, að minnsta kosti á þeim bréfum sem eru á innlausn í haust," segir Lúðvík Elíasson, sérfræðingur hjá Greiningardeild Landsbankans.

**FJÖLDI BRÉFA INNLEYST Í HAUST**

Það sem helst hefur vakað fyrir útgefendum skuldabréfanna er að nýta sér vaxtamuninn við útlönd. Ýmsir þættir í íslensku hagkerfi hafa verið útgefendum hagstæðir og þá sérstaklega millibankavextir og gengi íslensku krónunnar.

**ÁVÖXTUN KRÓNUBRÉFA MIÐAÐ VIÐ NÚVERANDI GENGI ÍSLENSKU KRÓNUNNAR**

| | Útgáfudagur | Gengisbreyting til 25. apríl | Ávöxtun |
|---|---|---|---|
| 9% vextir í eitt ár | 15.9.2005 | -18% | -10,7% |
| 8,5% vextir í tvö ár | 7.9.2005 | -17% | -1,3% |
| 7% vextir í þrjú ár | 6.10.2005 | -20% | -1,3% |

Skuldabréfin eru gefin út til að afla lánsfjármagns og ræðst verðmæti skuldabréfsins af framboði og eftirspurn, lánstíma, ávöxtunarkröfu markaðarins og fleiri þáttum. Millibankavextir í íslenskum krónum eru talsvert hærri en millibankavextir með evrur. Sá sem lánar í íslenskum krónum fær því mun betri ávöxtun á fjármagnið en sá sem lánar í evrum sökum þessa vaxtamunar.

Uppgjörsdagur flestra skuldabréfanna sem gefin hafa verið út eru árið 2006 eða 2007 og á haustdögum er sérstaklega von á innlausn stórs hluta útgefinna krónubréfa. Ef fjárfestar hafa ekki taugar í sveiflur krónunnar og ákveða að forða sér hið fyrsta mun framboðið á krónum aukast sem mun þá leiða til þess að krónan veikist enn frekar.

**ÓÚTREIKNANLEG ÁHRIF Á GENGI**

Lúðvík segir erfitt að giska á hver áhrifin af þeirri innlausn sem væntanlegt er í haust verða á gengi krónunnar. Sennilegt sé að margir séu búnir að loka gengisáhættunni af útgáfunni nú þegar. Þá eru viðkomandi aðilar búnir að verja sig með því að gera einhvers konar skiptasamning á móti og festa þannig gengið á krónunni sem þeir þurfa að borga til baka fyrir haustið. „Það sem þeir gera til að tapa ekki meiru er að loka gjaldeyrisstöðunni hjá sér með því að festa gengið eins og það er í dag fyrir sig og taka ekki á sig meiri gjaldeyrisáhættu. Þannig eru þeir í raun búnir að innleysa tapið sem felst í þessum bréfum nú þegar. Þannig hafa þeir sýnt að þeim finnst orðin meiri áhætta á að þeir tapi meiru heldur en að tapið gangi til baka fyrir innlausnartíma bréfanna." Þessi bréf munu þá ekki hafa áhrif á flæði krónunnar í haust og koma þá ekki til með að veikja krónuna en hin sem eftir eru munu þó gera það, ef ekki verður samið um að framlengja þau. Lúðvík segir að það sé ómögulegt að segja hversu mikið af bréfunum er búið að loka á þennan hátt. „Eignarhald á þessum bréfum er mjög dreift og það er töluvert mikið flæði á gjaldeyrismarkaðnum og hefur verið undanfarnar vikur og mánuði. Það er erfitt að giska á hverjir það eru sem eru að flytja þessa peninga og fyrir hverra hönd."

**VAXTAÞRÓUNIN RÆÐUR FRAMHALDINU**

Í rauninni ætti það hve hagstæðir vextirnir eru og eftirspurnin eftir lánsfjármagni að tryggja að framhald yrði á útgáfu krónubréfa. Spurningin er bara hversu lengi erlendir aðilar verða að jafna sig á sveiflum krónunnar undanfarið. Framhald á útgáfunni veltur líka að miklu leyti á því hver vaxtaþróunin verður hér á landi. „Ef við gerum ráð fyrir að krónan verði á svipuðu róli og hún er núna næsta haust þá er það mun vænlegra gildi en síðasta haust þegar krónan var miklu sterkari. Líkurnar á því að hún eigi eftir að styrkjast á næstu árum eru meiri í því gildi sem hún er núna heldur en þá. Ef vaxtamunurinn verður enn þá meiri, það er ef Seðlabankinn mun hækka vexti upp í 13 til 14 prósent, sem eru töluverðar líkur á, þá er orðinn ágætiskostur að ná sér í svona krónubréf til að geyma sparnaðinn í."

Á móti þessu kemur að ef krónan verður enn í svipuðu gildi í haust og hún er nú er heilmikið af þessum bréfum í tapi og það er auðvitað erfitt að selja fólki eitthvað sem sögulega er tap af. Hvernig þessir þættir spila saman mun því ráða framhaldinu. „Ef krónan fer ekki að falla mikið meira og meiri ró skapast á markaðnum á sama tíma og vaxtamunur eykst frekar þá er alveg eins líklegt að bréfin verði framlengd og jafnvel að útgáfan taki við sér á ný."

**Þessir aðilar hafa viljað ná sér í betri vexti á sparifé en hafa verið í boði í Evrópu og verið tilbúnir að taka á sig áhættuna að krónan falli á meðan. Nú hefur hún gert það og svo rækilega að hún hefur þurrkað út ávöxtunina, að minnsta kosti á styttri bréfum núna.**





Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR



Office 1 Superstore

Pantanir 550 4111 • Fax 550 4101 • www.office1.is • pontun@office1.is • Office 1 Skeifunni 17 • Office 1 Smáralind • Office 1 Akureyri • Office 1 Ísafirði • Office 1 Egilsstöðum • Office 1 Vestmannaeyjum

# Allt fyrir skrifstofuna undir 1 þaki!

Office 1 Superstore á Íslandi býður fjölbreytta og vandaða þjónustu. Við hlustum á viðskiptavini okkar og gerum okkar besta til þess að mæta kröfum þeirra. Fyrirtækjaþjónusta Office 1 er gott dæmi um þetta, enda sýna viðtökur viðskiptavina það svo um munar.




**VARÚÐ** Olíuverð hefur þrefaldast á fjórum árum. Í desember árið 1998 fór olíuverð undir ellefu dali á tunnuna en stendur nú í 73 dölum. Spáð er áframhaldandi hækkunum. AFP

# Fátt hemur olíuna

Á sama tíma og olíuverð hefur aldrei verið hærra að raunvirði pumpa olíudælur upp meira magni en áður hefður þekkst. OPEC segist engin ráð hafa til að ná olíuverði úr hæstu hæðum. Spákaupmenn hafa gengið á lagið og veðjað á olíuna. Allt bendir til þess að olíuverð haldi áfram að hækka með aukinni orkuþörf mannkyns. *Eggert Þór Aðalsteinsson* kynnti sér stöðu mála.

**Gríðarlegar fjárhæðir frá spákaupmönnum hafa streymt inn á markaði með hrávörur, einkum olíu og gull.**

Olíuverð náði hámarki á föstudaginn þegar tunnan af hráolíu fór í 75,35 dali á mörkuðum. Ótti markaðarins við að Sameinuðu þjóðirnir, að undirlagi Bandaríkjastjórnar, grípi til refsiaðgerða gegn Írönum, sem vinna að mikilli kjarnorkuáætlun, hefur átt mestan þátt í þeim snörpu verðhækkunum sem við höfum séð undanfarna daga. Refsiaðgerðir gegn Íran, sem er fjórða mesta olíuveldi jarðar, myndu hafa veruleg áhrif á framboð og verðmyndum á þessu svartagulli en Íranar þverneita að hætta við áform sín.

Þessi ótti um minnkandi framboð kann að vera áhugaverður í því ljósi að hingað til hefur hækkun olíuverðs ekki skýrst af litlu framboði þessa dýrmæta orkugjafa heldur allt öðrum þáttum.

**ÞREFALT HÆRRA EN ÁRIÐ 2001**

Margir spyrja sig þessa dagana hversu hátt heimsmarkaðsverð af olíu geti farið. Ekkert einhlítt svar er við þessari spurningu en flestir virðast vera á þeirri skoðun að olíuverð hækki enn frekar og fari jafnvel í 85 dali á tunnu í sumar. Því er jafnvel spáð að það fari yfir 100 dali innan árs en talið er að núverandi orkunotkun jarðarbúa aukist um fjórðung til ársins 2015.

Á 9. og 10. áratug síðustu aldar hélst olíuverð í kringum 20 dali á tunnu og hefur þrefaldast á aðeins fjórum árum. Verð á hráolíu komst í fyrsta skipti yfir 50 dali á tunnuna í september árið 2004 en náði algjöru lágmarki í desember 1998 þegar tunnan fór í 10,35

dali, um það leyti er efnahagskreppa reið yfir Asíu.

Á árum áður hefðu aðgerðir olíuríkja að jafnan unnið gegn miklum hækkunum eins og við höfum orðið vitni að. Sádar áttu stóran þátt í því að halda verðinu niðri í fyrra Persaflóastríðinu árið 1991 þegar framleiðsla frá Kúveit og Írak dróst verulega saman með því að auka eigin framleiðslu. Sádar, sem sitja á gríðarlegum olíuauðlindum, hafa verið ósparir á olíuforðann sinn og forðast að safna upp birgðum. Þótt olían gangi einhvern tímann til þurrðar þá eru allar líkur sem benda til þess að aðrir orkugjafar muni taka við af henni.

**SPÁKAUPMENNSKA KEYRIR UPP VERÐ**

Að mati Economist er óvissan um framhaldið meira vandamál en hátt olíuverð þessa stundina. Landslag á olíumörkuðum hefur tekið breytingum og allt aðrir þættir hafa áhrif á olíuverð í dag en áður fyrr.

Gríðarlegar fjárhæðir frá spákaupmönnum hafa streymt inn á markaði með hrávörur, einkum olíu og gull. Economist telur að spákaupmenn hafi komið inn með 100 milljarða bandaríkjadala til olíuviðskipta. Þegar þessir fjárfestar veðja allir sem einn á að olían fari upp á við þá hækkar verðið mun meira en ella hefði gert. Ef þessar fjárhæðir myndu hverfa af markaði myndi olíuverð vitanlega hrynja.

Þá er einnig óljóst, að mati tímaritsins, hvaða áhrif hátt olíuverð hafi á hjól hagkerfa heimsins. Áður fyrr hefði hátt olíuverð leitt til niðursveiflu í hagkerfum Vesturlanda í kjölfar verðbólguþrýstings og vaxtahækkana. En ekki nú. Í Bandaríkjunum telja sérfræðingar að líklega sé komið að endamörkum á vaxtahækkunarferli bandaríska seðlabankans og jafnvel megi búast við vaxtalækkunum á næstunni til að örva hagkerfið. Verðbólga er lág vestanhafs þótt merki sjáist um að hún fari vaxandi. Olíuframleiðendur hafa átt sinn þátt í því að knýja áfram hagvöxt í Bandaríkjunum með því að dæla olíupeningum inn í hagkerfið til ýmiss konar fjárfestinga og þannig hafa vextir haldist lágir en hlutabréfaverð hátt.

**FRAMLEIÐSLA Í HÁMARKI**

Nú ber svo við að á sama tíma og olíuverð rýkur upp á þá eykst framleiðslan án þess að olían lækki í verði. Aukin eftirspurn eftir olíu frá miklum hagvaxtarsvæðum á borð við Kína og Indland hefur kallað eftir meiri framleiðslu. Því er spáð að árið 2010 verði framleiddar fimmtán milljón fleiri tunnur á hverjum degi en nú.

Fjármálaráðherrar og seðlabankastjórar sjö helstu iðnríkja heims hafa pressað á olíuframleiðendur að auka framleiðslu enn frekar eftir að olíuverð náði hámarki á föstudaginn. Fara þeir meðal annars fram á að olíuframleiðendur stórauki fjárfestingar sínar í tækni og búnaði við olíuleit og fullvinnslu.

Að mati Economist liggur mesta óvissan um framtíðarþróun á olíuverði í sjálfri tækninni við vinnslu hennar. Nútímatækni gerir orkufyrirtækjum kleift að búa til etanól úr plöntum og dísel úr kolum og gasi með öruggum hætti og í miklu magni. Þetta er hins vegar enn sem komið er miklu kostnaðarsamari aðferð en að bora eftir olíu í eyðimörkum Arabíuskaga.

**OPEC VARNARLAUST**

Á fundi OPEC-ríkja sem lauk í Doha í Katar á mánudaginn ákváðu ráðherrar að halda framleiðslukvótanum óbreyttum í 28 milljónum tunna á dag en OPEC stendur fyrir 40 prósentum af heimsframleiðslunni. Það hefur verið skoðun samtakanna að ekki megi kenna framleiðslumagni olíuframleiðanda um þær miklu verðhækkanir sem hafa átt sér stað. Tölurnar blekkja svo sem ekki. Í mars framleiddu OPEC-ríkin 27,8 milljónir tunna á dag af 28 milljóna kvóta, þar af framleiddu Sádar meira en kvóti þeirra gaf heimild til.

Spennan hefur miklu fremur skapast annars vegar vegna taugatitrings yfir áformum íranskra stjórnvalda að kjarnorkuvæða landið eftir að vísindamönnum tókst að auðga úran, og hins vegar skorti á olíuhreinsistöðvum sem hafa ekki undan að fullvinna hráefnið. Við þessu geti OPEC lítið gert í augnablikinu.

Edmund Daukoru, forseti OPEC, segir að samtökin framleiði alveg nægjanlegt magn af olíu fyrir markaðinn. Samtökin féllust ekki á tillögu Kúvæta, sem lögðu til að framleiðsla yrði aukin tímabundið til að draga úr verðhækkunum. Olíuverð lækkaði niður í 73 dali eftir fundinn.

Ali Al-Naimi, olíumálaráðherra Sádi-Arabíu, sem er bæði mesti olíuframleiðandi og olíuútflytjandi heims, sagði eftir fundinn að þegar allt kæmi til alls þá væri það markaðurinn sem réði verðinu. Hann mæti stöðuna svo að olíumarkaðurinn væri í góðu jafnvægi, þótt olíuverð héldist áfram hátt meðan spenna ríki á alþjóðavettvangi: „Það er engin eftirspurn eftir umframolíu. Það eru engir kaupendur til staðar, ekki einu sinni eftir lítt unninni hráolíu.“

Sérfræðingar telja að olíuverð haldi áfram að hækka og þessar fréttir muni aðeins hafa áhrif til skammtímalækkunar. „Það er ekkert í spilunum sem bendir til verulegs verðfalls,“ segir Eugene X. Hodge, framkvæmdastjóri hjá fjármálafyrirtækinu John Hancock, sem stýrir 4,3 milljarða dala skuldabréfasafni í olíu- og gasfélögum.

Lækkun mánudagsins er einnig rakin til hagnaðartöku spákaupmanna. „Olíumarkaðurinn er á niðurleið af því að flestir eru að taka út hagnað eftir skarpar hækkanir í síðustu viku,“ segir Tetsu Emori, hrávörusérfræðingur á Mitsui Bussan- afleiðumarkaðnum í Tókýó.

**HLUTABRÉFAMARKAÐIR**

Hlutabréfamarkaðir vestanhafs gáfu eftir í síðustu viku þegar olíuverð hækkaði um nærri sjö prósent, enda fjárfestar áhyggjufullir um að hátt olíuverð muni draga úr afkomu fyrirtækja. Annað gildir um olíufyrirtæki eða hlutabréfamarkaði sem sækja styrk sinn til olíuiðnaðarins eins og Norska kauphöllin. Aðalvísitala norska markaðarins hefur hækkað mest af norrænu hlutabréfavísitölunum eða um 27 prósent frá áramótum.

Gríðarleg aukning hefur orðið á verðmæti norskra orku- og olíufyrirtækja og hefur verðmæti Statiol og Norsk Hydro, tveggja stærstu félaganna í kauphöllinni, aukist um 4.300 milljarða króna á einu ári. Frá áramótum hefur hvort félag um sig hækkað yfir 35 prósent. Stærstu olíufyrirtæki heims á borð við BP, Exxon Mobil og Royal Dutch hafa einnig hækkað.



**SPÁKAUPMENN** Spákaupmennska með olíu hefur að mati Economist átt sinn þátt í hækkandi olíuverði á undanförnum fjórum árum.



**TÍÐAR VERÐBREYTINGAR** Það eru ekki einungis íslenskir neytendur sem varða varir við mikila hækkun bensínverðs.



**MAHMOUD AHMADINEJAD, FORSETI ÍRANS** Íran er fjórða stærsta olíuveldi heims. Refsiaðgerðir SÞ gegn Íran myndu hækka olíuverð enn frekar.

**TÍU MESTU ÚTFLYTJENDUR OLÍU Í HEIMINUM ÁRIÐ 2004**

| Land | Hreinn útflutningur* |
|---|---|
| 1. Sádi-Arabía ** | 8,73 |
| 2. Rússland | 6,67 |
| 3. Noregur | 2,91 |
| 4. Íran ** | 2,55 |
| 5. Venesúela ** | 2,36 |
| 6. Sameinuðu arabísku furstadæmin ** | 2,33 |
| 7. Kúveit ** | 2,20 |
| 8. Nígería ** | 2,19 |
| 9. Mexíkó | 1,80 |
| 10. Alsír ** | 1,68 |

** (í milljónum tunna á hverjum degi)*
*** OPEC-ríki*
*Heimild: Bandaríska orkumálastofnunin*
*http://www.eia.doe.gov/emeu/cabs/topworldtables1_2.html*

**TÍU MESTU OLÍUFRAMLEIÐENDUR HEIMS ÁRIÐ 2004**

| Land | Heildarframleiðsla* |
|---|---|
| 1. Sádi-Arabía** | 10,37 |
| 2. Rússland | 9,27 |
| 3. Bandaríkin | 8,69 |
| 4. Íran ** | 4,09 |
| 5. Mexíkó | 3,83 |
| 6. Kína | 3,62 |
| 7. Noregur | 3,18 |
| 8. Kanada | 3,14 |
| 9. Venesúela ** | 2,86 |
| 10. Sameinuðu arabísku furstadæmin ** | 2,76 |

** (í milljónum tunna á hverjum degi)*
*** OPEC-ríki*
*Heimild: Bandaríska orkumálastofnunin*
*http://www.eia.doe.gov/emeu/cabs/topworldtables1_2.html*

**ÞRÓUN HRÁOLÍUVERÐS Á NYMEX**



Geymslu- og dekkjahillur



í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman. Skrúfufrítt og smellt saman.

kr.7.700.-
viðbótareining kr. 5.586.-

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
www.isold.is

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI 550 5000




**VIÐ HAFNARHÚSIÐ** Helgi Magnússon, vörustjóri IBM Intel netþjóna hjá Nýherja, sýndi fyrir helgi gestum á ráðstefnu fyrirtækisins í Hafnarhúsinu í Reykjavík 36 tonna trukk sem tölvurisinn IBM notar til kynningar á nýjustu tækni. MARKAÐURINN/HEIÐA

# Aftur til framtíðar á sýningu Nýherja

## Framtíðin birtist gestum í formi færanlegs tölvuvers í 36 tonna trukki frá IBM.

„Í tvö ár höfum við verið að reyna að fá trukkinn til okkar," sagði Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja, á sýningu sem fyrirtækið bauð til í húsnæði Listasafns Reykjavíkur í og við Hafnarhúsið síðasta föstudag. Trukkurinn sem Þórður vísar til er 36 tonna vörubíll frá IBM Systems Technology, nokkurs konar tölvuver á hjólum, þar sem í 160 fermetrum má skoða það nýjasta frá IBM.

Inni í húsi gátu gestir svo barið augum tölvusöguna frá 1980 til dagsins í dag. „Trukkurinn er umsetinn til sýninga um heim allan og búinn því nýjasta í netþjóna- og gagnageymslulausnum IBM. Þegar menn eru búnir að skoða fortíðina, fá þeir þarna að sjá inn í framtíðina," sagði Þórður.

Vel var mætt á sýninguna en á henni var nokkuð lagt upp úr því að endurskapa stemningu liðinna áratuga, afgreiðslufólk með ennisbönd og klætt neonlitum fatnaði, meðan á skjám voru sýndar gamlar kvikmyndir, tónlist 9. áratugarins ómaði úr hátölurum og hægt var að grípa í gamla tölvuleiki á borð við Pac-man og Space Invaders. „Við erum hér meðal annars með fyrstu fartölvuna, sem nú þykir heldur fornfáleg þótt hún hafi verið bylting þegar hún kom fyrst fram," sagði Þórður, en hann kvað sýninguna hafa verið ákveðna meðal annars til að kynna áherslubreytingar sem átt hefðu sér stað hjá Nýherja. „Nú er það ekki lengur svo að við séum bara að selja tölvur og búnað, heldur störfum við með fyrirtækjum í að greina þarfir þeirra og finna lausnir, hvort sem þær snúa að hugbúnaði, vélbúnaði eða ráðgjöf á sviði




VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD



VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma akstursеiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að bíllinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíl bílablaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf." Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjö hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu háls- og bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Volvo S40 bensín.
Verð frá 2.595.000 kr.*

Volvo S40 dísil.
Verð frá 2.965.000 kr.*



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**FYRSTA FARTÖLVAN** Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja, segir að fyrsta fartölvan frá IBM hafi verið nær því að vera "transportable" en "portable". MARKAÐURINN/HEIÐA




verkferla,“ sagði hann.

Í ræðu sinni á sýningunni gerði Þórður aðumtalsefni þær miklu og öru breytingar sem átt hafa sér stað í tölvu- og tæknigeiranum. „Árið 2005 voru í heiminum framleiddir fleiri transistorar en hrísgrjón – og það sem meira er, ódýrara var að framleiða transistorinn en hrísgrjónið,“ sagði hann til marks um hver staða tækninnar er orðin í heimshagkerfinu.

**- óká**



**GAMLAR TÖLVUR** Skemmtilegur andi var á sýningu Nýherja í Hafnarhúsinu í Reykjavík fyrir helgi og tókst vel að færa fólk ein 20 ár aftur í tímann. MARKAÐURINN/HEIÐA

# Sýndarskrifstofa í netheimum

Nýherji hefur verið iðinn við ráðstefnuhöld að undanförnu. Auk sýningarinnar í Hafnarhúsinu hélt fyrirtækið á dögunum viðamikla ráðstefnu um hagnýtingu samskipta- og samvinnulausna fyrir fyrirtæki og stofnanir. Karyn Mashima, sem hefur verið útnefnd af viðskiptatímaritum vestanhafs sem ein áhrifamesta konan í bandarísku viðskiptalífi, var aðalfyrirlesari ráðstefnunnar.

Karyn segir þær nútímasamskipta- og samvinnulausnir sem í þróun eru fela í sér byltingu í rekstrarumhverfi fyrirtækja og mikla breytingu fyrir starfsmenn. Skrifstofan sé útvíkkuð úr venjubundnu skrifstofuhúsnæði yfir í sýndarskrifstofu í netheimum þar sem starfsmenn hafa fullan aðgang að samtengdu dagbókarkerfi, tölvupósti, talhólfi og vefspjalli ásamt öðrum upplýsingum og stoðkerfum fyrirtækisins hvar sem þeir eru staddir. Sýndarskrifstofurnar geta verið hvar sem er – heima, í bílnum eða annars staðar þar sem starfsmanninum hentar. „Þessi sveigjanleiki á eftir að verða fyrirtækjum mikilvægari eftir því sem fram líða stundir og gerir þeim kleift að aðlagast því hvernig umhverfi starfsfólk þarf og vill vinna í. Þetta veitir fyrirtækjum líka aukinn aðgang að hæfu starfsfólki, til dæmis að mæðrum með ung börn sem ef til vill geta bara unnið nokkra tíma á dag, fötluðum einstaklingum sem komast ekki til skrifstofunnar, fólki utan að landi eða jafnvel í öðru landi,“ segir Karyn sem hefur um 20 ára reynslu af leiðtogastörfum og hefur gegnt stjórnendastöðum hjá Xerox, Hewlett-Packard, AT&T og Lucent Technologies en starfar nú sem framkvæmdastjóri hjá Avaya sem er leiðandi í heiminum í samskiptalausnum.



**KARYN MASHIMA** Karin var aðalfyrirlesari á ráðstefnu Nýherja um hagnýtingu samskipta- og samvinnulausna.

Tæknin sem um ræðir er nú þegar í víðtækri notkun og henni fleytir fljótt fram. Með þessu áframhaldi verður þess ekki langt að bíða að bílar gæddir hæfileikum sem einungis James Bond fékk að njóta verði okkar allra og við getum talað við tölvuna okkar líkt og okkar besta vin.

**- hhs**

a Rekstrarverkfræðistofan Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is
Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl

Vorhreingerning!
Bjóðum hágæða Westermann sópvélar af ýmsum stærðum og gerðum





10% kynningarafsláttur út apríl!
LÍFLAND –betri búnaður
Sími: 540 1125 • www.lifland.is • Lynghálsi 3



VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert
og eitt okkar. Enginn á sinn
líkan. Fyrir okkur ert þú
miðja alheimsins. Þegar þú
ert annars vegar er takmark
okkar bara eitt: að uppfylla
óskir þínar og þarfir á þann
hátt að þú lítir á Brimborg
sem öruggan stað til að vera
á. Við erum með þér alla leið

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Geðsveiflur á gjaldeyris- og hlutabréfamarkaði

# *Erum að ná áttum eftir lætin*

**Hafliði Helgason**

Stemning á markaði er fljót að breytast. Það hefur sannast af sveiflum undanfarna daga. Markaðurinn hefur gengið í gegnum snarpt svartsýniskast eftir að hafa verið ofurbjartsýnn. Flest bendir til þess að verðlagning á hlutabréfamarkaði sé tiltölulega raunhæf og standist nána skoðun. Hins vegar er það nú einu sinni þannig að það þýðir lítið að deila við markaðinn og skynsemi má sín oft lítils þegar tilfinningarnar hræðsla og græðgi ráða för á markaði.

Hræðslan hefur einkennt markaðinn að undanförnu. Krónan féll eins og steinn þegar þungi neikvæðrar umræðu erlendra greiningardeilda og fjölmiðla skall á landinu. Íslenska efnahagsundrið reyndist of gott til að vera satt í augum þeirra sem fylgdust með úr fjarlægð.

Staðreyndin er hins vegar sú að þótt óraunsæis hafi verið farið að gæta í efnahagslífinu eru stoðir þess traustar. Sama gildir um bankakerfið sem hefur staðist þau álagspróf sem lögð hafa verið á það og gott betur. Bankarnir gætu hins vegar í kjölfar þessarar umræðu staðið frammi fyrir hærri kostnaði við fjármögnun sína. Það er vissulega slæmt, en gengur vonandi yfir. Það er þó ekki ávísun á hrun, heldur einungis að vöxtur þeirra verður hægari en áður. Sá ávinningur sem breytt umhverfi í viðskiptalífinu stendur eftir og þjóðin er ríkari en nokkru sinni fyrr og mun væntanlega verða það áfram, þótt nokkuð dragi úr hagvexti.

**Horfurnar eru alls ekki slæmar, eins og sjá má í nýrri hagspá fjármálaráðuneytisins, en þær eru heldur ekki án áhættu. Aðhald er nauðsynlegt í rekstri hins opinbera og hættan á ofþenslu með verðbólgu í kjölfarið er ennþá veruleg.**

Horfurnar eru alls ekki slæmar, eins og sjá má í nýrri hagspá fjármálaráðuneytisins, en þær eru heldur ekki án áhættu. Aðhald er nauðsynlegt í rekstri hins opinbera og hættan á ofþenslu með verðbólgu í kjölfarið er ennþá veruleg. Því er mikilvægt að stjórnmálaflokkar forðist yfirboð í sveitarstjórnarkosningum og að atvinnulífið og verkalýðshreyfing gæti langtímahagsmuna við gerð kjarasamninga. Enn er nægjanlegt svigrúm til að illa fari, þótt undir skynsamlegri hagstjórn ætti auðveldlega að vera hægt að forðast slíkt.

Eflaust má draga margs konar lærdóm af þróun undanfarinna vikna. Við þurfum að bregðast markvissar og fyrr við neikvæðri umræðu. „Það er vont að vekja upp draug, en verra að kveða hann niður,“ á ágætlega við um reynslu síðustu vikna. Hagstjórn og hagstjórnarmistök geta haft víðtækar afleiðingar fyrir bankana. Þótt þungi starfseminnar hafi færst úr landi eru bankarnir dregnir inn í neikvæða umræðu um íslenskt hagkerfi.

Þann lærdóm má einnig draga af umræðunni að ýmsar stofnanir hagkerfisins þurfa að efla trúverðugleika sinn. Jafnvel þótt skortur á honum eigi sér engar sanngjarnar forsendur. Trúverðugleiki er verðmæt eign og hana þarf að tryggja með skýrum hætti. Þetta á við um stjórnvöld, Seðlabanka, Fjármálaeftirlit og banka.

Þar við bætist að sennilegt er að krónan mun eiga undir högg að sækja til langrar framtíðar. Formælendum hennar fækkar og ekki ólíklegt að alvöru umræða um aðild að ESB verði kosningamál að ári.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is




# Dönsk fasteignalög henta ekki hér

**ATHUGASEMDIR VEGNA GREINAR FRÁ FÉLÖGUM Í FÉLAGI STARFSFÓLKS Á FASTEIGNASÖLUM:**

ORÐ Í BELG



**Grétar Jónasson hdl.**
framkvæmdastjóri
Félags fasteignasala

Fyrir nokkru birtist grein í Fréttablaðinu frá tveimur félagsmönnum í Félagi starfsfólks á fasteignasölum. Félagsmennirnir greina þar til fróðleiks frá breytingum sem samþykktar hafa verið á starfsemi fasteignasala í Danmörku og draga þá ályktun að þessi skipan sé heppileg íslensku umhverfi.

Fram kemur hjá þeim að meðal annars séu felldar niður eignarhaldstakmarkanir á fasteignasölum, stuðlað sé að aukinni samkeppni og menntun fasteignasala verði einfölduð. Fram kemur að slík einföldun á lögunum leiði til meiri samkeppni og mun lægri söluþóknunar. Í greininni virðast höfundar telja breytingarnar vera mjög til bóta og spyrja sig og aðra í lokin í hvers þágu íslenska löggjöfin sé.

Tilgangur þessarar greinar starfsfólksins er nokkuð óljós en svo virðist sem verið sé að reyna að byggja á sjónarmiðum um neytendavernd og að viðskiptavinum fasteignasala sé talin trú um ef slíkar breytingar yrðu gerðar hér á landi þá geti allir átt fasteignasölur, þóknanir fasteignasala lækkuðu til mikilla muna samfara því að minni kröfur væri hægt að gera til þekkingar fasteignasala.

Mikilvægt er, áður en lagt er af stað út í slík skrif, að huga að mismun á lagaumhverfi og stöðu fasteignasala á Íslandi annars vegar og í Danmörku hins vegar. Við blasir að mun meiri skyldur hvíla á fasteignasölum á Íslandi en í Danmörku meðal annars út frá kröfum um ráðgjöf og hagsmunagæslu við báða aðila viðskiptanna. Hér á landi er því fráleitt að leggja til minni kröfur um menntun fasteignasala. Þá menntun þarf þvert á móti að auka, enda fólk að treysta fasteignasalanum sem ráðgjafa sínum fyrir aleigu sinni og þekkingarleysi getur þá oft orðið neytandanum dýrkeypt. Í Danmörku taldi löggjafinn að samkeppni væri ekki nægjanleg enda hefur markaðurinn þar þróast þannig að bankarnir eiga stóran hluta danskra fasteignasöluskrifstofa og hefur með því myndast nokkur fákeppni. Var því meðal annars haldið fram að þóknanir fasteignasala væru talsvert háar í Danmörku meðal annars vegna þessa.

Félag fasteignasala hefur tekið saman meðalþóknanir fasteignasala í Evrópu og skrifað grein hvað þetta varðar sem var birt fyrir nokkru en þar kemur fram að þóknanir fasteignasala í Danmörku liggja á bilinu 3-4 prósent. Hér á landi er á hinn bóginn eignaraðild að fasteignasölum mikið dreifðari en í Danmörku og gríðarleg samkeppni á milli fasteignasala og þóknanir á Íslandi þær lægstu sem um getur í Evrópu.

Af þessu má sjá að sá útgangspunktur sá sem félagsmenn í Félagi starfsfólks á fasteignasölum hafa tekið varðandi þá stöðu sem uppi er hér á landi í dag er mjög villandi. Það er fráleitt að taka þær niðurstöður sem orðið hafa til í dönsku löggjafarstarfi og yfirfæra þær yfir á íslenskan fasteignamarkað og reyna með því að draga þá ályktun að starfsemi fasteignasala og lagaumhverfi á Íslandi sé varhugavert verði þeim breytingum sem gerðar voru á dönsku lögunum ekki komið á hér. Slík nálgun er fráleit, enda stendur nú fyrir dyrum sú löngu tímabæra ákvörðun dómsmálaráðherra, að lyfta námi fasteignasala hér á landi á þann stall sem hæfir þeim hagsmunum og hagsmunagæslu sem fasteignasalar annast í störfum sínum. Fyrir liggur ákvörðun um að fasteignasalar þurfi að ljúka háskólagráðu til að fá útgefna löggildingu til starfa sinna. Er sérstök ástæða til að fagna þeirri ákvörðun ráðherra.

**Við blasir að mun meiri skyldur hvíla á fasteignasölum á Íslandi en í Danmörku meðal annars út frá kröfum um ráðgjöf og hagsmunagæslu við báða aðila viðskiptanna.**



UM VÍÐA VERÖLD

### *Nýir sjónvarpsáhorfendur*

**Economist** | Breytingar á miðlun efnis er eitt af umfjöllunarefnum í nýjasta tölublaði viðskiptatímaritsins Economist. Þar er greint frá breytingum á miðlun efnis allt frá dögum Gutenbergs árið 1448 til persónulegra bloggsíðna á borð við blogspot.com og Movable Type sem slegið hafa í gegn á síðustu árum. Að sögn tímaritsins felst helsta byltingin í því að netverjar eru í auknum mæli farnir að hlaða mynd- og hljóðskrám á netið. Vitnað er til könnunar sem gerð var í Bandaríkjunum í lok síðasta árs en þar kom fram að allt að 57 prósent þarlendra táninga búa sjálfir til efni sem birtist á netinu. Þetta sýnir að stór hluti sjónvarpsáhorfenda eru ekki aðallega óvirkir neytendur. Að sögn Economist á þessi hugmynd máske við um sjónvarpsáhorfendur yfir miðjum aldri en bendi til að næsta kynslóð sjónvarpsáhorfenda verði virkir, tæknivæddir framleiðendur efnis. Passi þeir þar af leiðandi ekki inn í þau fastmótuðu viðskiptamódel sem nú sé stuðst við.

### *Áreiðanlegir bílar*

**Forbes** | Í nýjasta tölublaði Forbes er fjallað um aukna markaðshlutdeild japanskra bílaframleiðenda í Bandaríkjunum undanfarin misseri á kostnað þarlendra samkeppnisaðila. Tímaritið vitnar til tveggja kannana á vegum neytendasamtaka og markaðsrannsóknafyrirtækis en þar kemur fram að áreiðanleiki hafi verið ofarlega á blaði þegar væntanlegir kaupendur ökutækja velja sér bíl. Þar eru, ótrúlegt en satt, þrír japanskir bílar á bandaríska markaðnum efstir á blaði af níu bílum sem komust í könnunina. Tímaritið segir að þótt bandarískir bílar séu vissulega traustir þegar á götuna sé komið þá séu þeir einfaldlega ekki áreiðanlegir til lengri tíma litið. Tekið er fram að könnuð var bilanatíðni bílanna eftir að eigendur þeirra höfðu átt þá í 90 daga og áreiðanleiki bíla sem fólk hafði átt í þrjú ár. Segir tímaritið meðal annars að japanskir bílaframleiðendur hafi uppfyllt kröfur neytenda og verði bandarískir bílaframleiðendur að stefna að sama marki.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óli Kristinn Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Íþróttavæðing fyrirtækja

ÖRUGG FYRIRTÆKI

Átak Markaðarins og Sjóvá

Nú er nýhafið átak á vegum stjórnvalda undir yfirskriftinni Íþróttavæðum Ísland. Skilaboð um heilbrigt Ísland eiga ekki síður erindi til fyrirtækja en heimila. Heilbrigt fyrirtæki sem hlúir bæði að líkamlegri og andlegri heilsu starfsmanna sinna er líklegra til að halda í mikilvæga starfsmenn og jafnframt að laða til sín eftirsóknarverða.

Með því að leggja áherslu á heilsu starfsmanna skapast skemmtilegri starfsandi innan fyrirtækisins. Veikindadögum fækkar, samkennd eykst, starfsorka og vinnugleði verður meiri og síðast en ekki síst eykst framleiðni. Samkvæmt rannsókn sem gerð var á starfsmönnum þriggja fyrirtækja í Bretlandi (ACE Fitness Matters, 2006) jukust gæði vinnu og tímastjórnun þá daga sem þeir stunduðu líkamsrækt um heil 15 prósent. Það er því augljós hagur vinnuveitenda að stuðla og hvetja til heilbrigðs lífernis.

Hvað geta fyrirtæki gert til að stuðla að reglulegri hreyfingu starfsmanna? Mörg fyrirtæki á Íslandi styrkja sína starfsmenn til líkamsræktariðkunar, einnig geta starfsmenn sótt um íþróttastyrk hjá stéttarfélögum. Á mörgum vinnustöðum hafa verið myndaðir hópar sem stunda ýmsa hreyfingu saman eins og golf, fótbolta, fjallgöngur, skokk, keilu og áfram mætti lengi telja. Þá eru nokkur fyrirtæki með líkamsræktarsal eða aðra aðstöðu fyrir starfsmenn sem er til mikillar fyrirmyndar. Allt er þetta af hinu góða. Mikilvægt er að átta sig á að öll hreyfing er betri en engin og safnast þegar saman kemur. Til dæmis taka stuttan göngutúr í hádeginu, nota stigann í stað lyftunnar og leggja bílnum aðeins lengra frá. Samkvæmt rannsóknum Hjartaverndar minnka líkur um þriðjung á því að fá hjarta og æðasjúkdóma ef stunduð er 1,5-5 klukkustunda regluleg hreyfing á viku. Það er því til mikils að vinna fyrir báða aðila.

Eitthvað er um að íslensk fyrirtæki bjóði upp á heilsufarsmælingar þar sem t.d. blóðþrýstingur er mældur, blóðfita, blóðsykur og jafnvel beinþéttni. Með mælingum má sjá svart á hvítu hvar starfsmaðurinn stendur, sem annaðhvort fullvissar hann um gott líkamlegt ástand eða ýtir við honum að taka sig á. Hluti af heilbrigðu fyrirtæki er einnig að bjóða upp á hollan mat, þar sem fjölbreytni og næringarinnihald er haft að leiðarljósi og hvatt er til vatnsdrykkju. Þá má ekki gleyma andlegu hliðinni, að starfsmanninum líði vel í sínu starfsumhverfi. Mikilvægt er að allir vinni saman að sameiginlegu markmiði þrátt fyrir mikla samkeppni út á við.

Ljóst er að það er fjárhagslegur ávinningur vinnuveitenda að setja heilsu starfsmanna í forgang og vonandi að fleiri heilbrigð fyrirtæki bætist í hópinn.

**Jóney Hrönn Gylfadóttir**
**fræðslustjóri hjá Sjóvá**

SPÁKAUPMAÐURINN

## Titrandi sálir

Það er alveg merkilegt hvað mannskepnan er óstöðug dýrategund. Alveg eins og strá í vindi. Innan tegundarinnar eru afbrigði sem eru sérstaklega slæm hvað þetta varðar. Meðal þeirra eru bankamenn.

Það er ótrúlegt hvað þeir geta breyst á einni nóttu. Þarna var maður mættur í bankann og hitti liðið sem hafði verið á hnjánum að bjóða manni lán. Peningarnir búnir að malla á peningamarkaðsreikningi yfir páskana og krónan komin í 134 og hlutabréfin fallin. Þá mætir maður í bankann og er náttúrlega dáldið ánægður með hvað maður er séður. Tími til kominn að fara aftur að vinna eftir fríið. Þá bregður svo við að þeir vilja ekkert fyrir mann gera og heimta svaka álag á erlent lán.

Ég spurði þá bara hvað væri að þeim og hvort ég þyrfti að færa viðskiptin yfir í Danske bank. Þeir fóru þá að tala um fall á krónu og hlutabréfum og áhættu af því að taka lán í erlendri mynt til að fjárfesta innanlands. Ég spurði á móti hvort þeir héldu að ég væri fæddur í gær.

Maður þurfti að snúa þessa andskota niður áður en maður gat græjað nokkra framvirka með erlendri fjámögnun. Hvað ætli maður sé búinn að græða á því. Krónan að styrkjast og hlutbréfin hækka. Ég hlustaði ekki á þá þegar þeir voru að ráðleggja sömu aðgerðir í janúar. Þá fór ég út úr krónunni og hlutabréfum. Nú ætla ég að senda þeim reikning fyrir ráðgjöf um að krónan og hlutabréfin væru að snúa við í bili.

Tíminn framundan er ekki fyrir titrandi sálir og þeir sem fóru á taugum núna ættu alvarlega að hugleiða hvort ekki sé einhvers staðar að finna rólegt starf sem ekki tekur á taugakerfið. Þetta verður annatími hjá mér, því maður þarf að vera vakandi þegar sveiflurnar eru örar.

Þær verða það áfram og maður þarf að kunna að hoppa inn og út hratt og örugglega eins og svigskíðamaður niður brekku. Það dugir ekki að detta í brekkunni. Maður gæti þurft að sætta sig við lélegri tíma og að fella eitt og eitt hlið. Bara ekki detta.

Að spila á markaði er góð skemmtun. Vinsamlegast athugið að markaðurinn þessa dagana er ekki við hæfi titrandi sála.

**Spákaupmaðurinn á horninu**





MBA

**Þekkingarstjórnun hjá alþjóðafyrirtækjum**

Innsýn í hvernig öflun, varðveisla, miðlun og notkun þekkingar er hjá fjórum framúrskarandi fyrirtækjum

MBA námið í Háskóla Íslands heldur ráðstefnu 27. apríl kl. 13 - 17 í Salnum, Kópavogi



**Pétur Guðjónsson**, framkvæmdastjóri sölu- og markaðsmála hjá Marel
Heimurinn undir! Hvernig kemur þekkingarstjórnun að gagni hjá slíku fyrirtæki?



**Hilmar B. Janusson**, framkvæmdastjóri vöruþróunarsviðs Össurar
Handföst þekking - þekkingarstjórnun við vöruþróun og uppbygging verðmæta tengd henni



**Guðrún S. Eyjólfsdóttir**, framkvæmdastjóri gæðasviðs Actavis
Þekkingarstjórnun í alþjóðlegu fyrirtæki



**Hrönn Pétursdóttir**, framkvæmdastjóri mannauðs- og samfélagsmála hjá Alcoa Fjarðaáli
Þekkingarstjórnun hjá lærdómsfyrirtækinu Alcoa



Ráðstefnustjóri er **Runólfur Smári Steinþórsson**, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og forstöðumaður MBA námsins.

Ráðstefnugjald er 5.900 krónur, en nemendur greiða 2.400 krónur.
**Skráning fer fram á heimasíðu MBA námsins, www.mba.is.**

Nánari upplýsingar veitir Harpa Björg Guðfinnsdóttir (harpagud@hi.is), verkefnastjóri MBA náms.

MBA námið í Háskóla Íslands er árangursríkur og hagkvæmur kostur fyrir alla þá sem vilja efla sig, öðlast ný tækifæri á vinnumarkaði og búa sig undir krefjandi stjórnunarstörf.

www.mba.is

V Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

AURASÁLIN

## No pain – No gain

**Rússíbaninn** á Laugavegi 182 heldur áfram að krydda tilbreytingarlitla tilveru bankamanna. Sveiflurnar á síðustu vikum hafa verið æðisgengnar og margir hafa rambað á milli hæstu hæða velsældar og stórsnekkjueignar einn daginn en verið í frjálsu falli til jeppalausrar örbirgðar daginn eftir. Þannig hefur rússíbaninn gengið dag eftir dag að undanförnu og má efast um að nokkur skemmtigarður búi yfir öðru eins.

**Í augum Aurasálarinnar** er margt líkt með skemmtigörðum og íslenska hlutabréfamarkaðinum. Það er rándýrt að borga sig inn, menn þurfa gjarnan að bíða í biðröðum eftir að komast í tækin, rússíbanarnir þenja taugarnar til hins ýtrasta en flestir skila sér óhultir aftur úr vögnunum. Og þegar að kvöldi er komið fara menn heim til sín, örlítið riðukenndir í fótunum. Og allan þann dag hefur ekkert gerst sem breytir nokkrum hlut í heiminum. Hlutabréfamarkaðurinn er nákvæmlega eins því sama hvað á dynur í Kauphöllinni þá breytist ekki nokkur raunverulegur hlutur ¿ allir vinningsmiðarnir sem fólk fær í verðlaun eru umsvifalaust notaðir til þess að kaupa miða í næsta leiktæki – bréf í næsta fyrirtæki.

**Þótt Aurasálin** sé sjálf langt frá því að vera „venjulegt fólk“ þá þekkir Aurasálin vel til venjulegs fólks – bæði af afspurn og eigin raun. Þetta venjulega fólk hlær sig flest máttlaust yfir sveiflunum í hlutabréfunum og óttanum við „hrun“ sem margir bera í brjósti þessar vikurnar. Þetta venjulega fólk veit sem er, að svona verðbréfaveðmál skipta engu máli fyrir einn né neinn – nema þessi örfáu fóstur í jakkafötum sem langar til þess að verða kallar á grískum sandölum fyrir fertugt.

**Á vefsíðu Morgunblaðsins** hefur undanfarna daga verið vísað í frétt sænska dagblaðsins „Norðlenska sósíaldemókratans“ þar sem fram kemur að í smábænum Gällivare búi margir íbúanna við þau sérstöku örkuml að finna ekki til sársauka. Ástæðan mun vera að mikill innbyrðisskyldleiki íbúanna – hvernig svo sem á honum stendur.

**Ein stúlka** í bænum mun hafa unnið sér það til frægðar að hafa gert það að leik sínum að hoppa niður á gangstétt úr tveggja metra hæð og lenda á hnjánum til þess að heyra brothljóðið. Hún fann ekki fyrir þessu þótt líklega hafi hnén ekki verið söm síðan.

Þetta sama gildir í Kauphallarskemmtigarðinum. Íslenskir stórfjárfestar eru allir innbyrðis skyldir – þ.e. í fjárhagslegum skilningi – og virðast í raun ekki finna fyrir neinum sársauka þegar þeir leika sér af því að hoppa fram af fjárfestingarsyllum og lenda á hnjánum – sjálfum sér og öðrum til skemmtunar. Svo standa þeir upp og halda áfram leik sínum þar til skemmtigarðinum lokar þann daginn og þeir mæta aftur daginn eftir – og enginn með hnéhlífar. En þeir vita líka sem er að þeir lifa ekki í hinum raunverulega heimi, það sem þeir gera – græða og tapa, skiptir engu máli – ekki frekar en rússibanaferðir í öðruvísi skemmtigörðum.

# Stærsta ráðstefna um vefmál á Íslandi

**Tveggja daga ráðstefna Samtaka vefiðnaðarins hefst á morgun. Ráðstefnan er sú stærsta sem haldin hefur verið um vefmál hér á landi og þar munu heimsþekktir sérfræðingar ræða um nútíð og framtíð vefmála. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* tók formann samtakanna tali og kynnti sér ráðstefnuna.**



**HUGI ÞÓRÐARSON, FORMAÐUR SAMTAKA VEFIÐNAÐARINS** Samtök vefiðnaðarins voru stofnuð fyrir tæpu hálfu ári og halda á morgun stærstu ráðstefnu um vefmál sem haldin hefur verið hér á landi.

Samtök vefiðnaðarins halda ráðstefnuna IceWeb 2006 í nýbyggingu Laugardalshallarinnar á morgun og föstudag. Ráðstefnan er sú stærsta sem haldin hefur verið um vefmál hér á landi og heimsþekktir sérfræðingar munu flytja fyrirlestra um næstum allt sem tengist vefþróun, hönnun og veftækni þá tvo daga sem ráðstefnan stendur.

Samtök vefiðnaðarins eru tæplega hálfs árs gömul en þau voru stofnuð í desembermánuði í fyrra. Fjörutíu manns gengu í samtökin við stofnun þeirra en meðlimum hefur fjölgað hratt og eru þeir nú hátt á annað hundrað. Aðild að samtökunum er opin öllum þeim sem starfa við og hafa áhuga á vefmálum hér á landi.

Hugi Þórðarson, formaður Samtaka vefiðnaðarins, segir nokkra nemendur við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands hafa átt hugmyndina að ráðstefnunni og er hún liður í verkefni þeirra í stjórnun og leiðtoganámi. Höfðu þeir samband við Samtök vefiðnaðarins um að halda ráðstefnu um vefmál og tóku forsvarsmenn þeirra vel í hugmyndina, að sögn Huga. Ráðstefnan hefur vakið mikla athygli jafnt hérlendis sem erlendis og hafi margir sérfræðingar og áhugamenn um vefmál leitað eftir því að koma til næstu ráðstefnu. Að sögn Huga er verið að skoða hvort sambærileg ráðstefna verði haldin að ári.

### FRAMTÍÐ VEFSINS FELST Í VOTTUN

Hugi segir fyrirlestra sérfræðinganna snúa að öllu því sem máli skipti í hönnun vefja og framtíð þeirra. Nefnir hann sérstaklega fyrirlestur Erics Meyer, eins þekktasta sérfræðings í heimi á sviði vefvinnu, en hann fjallar um hina einu sönnu uppsetningu á vefsíðum fyrirtækja. „Góður vefur sameinar útlit, einfaldleika og aðgengi upplýsinga,“ segir Hugi og bendir á að í vefhönnun í dag sé m.a. einna helst horft til þess að auðvelda fötluðum aðgengi að vefsíðum. Vélar verði til dæmis að geta lesið vefsíður fyrir blinda og sjónskerta. Þá hefur áhersla aukist mikið á mikilvægi staðla í vefsíðugerð en það verður ítarlega rætt í nokkrum fyrirlestrum á ráðstefnunni.

Að sögn Huga er vottun vefja það nýjasta í vefmálum. Með því er átt við að vefir fyrirtækja verði að fá vottun frá ýmsum viðurkenndum fyrirtækjum og samtökum í hinum ýmsu löndum líkt og lífrænt ræktað grænmeti og önnur neysluvara. Vefir fárra fyrirtækja hér á landi hafa fram til þessa fengið vottun Sjá, sem vottar vefi sem eru aðgengilegir fötluðum. Undantekningin er vefsíða Glitnis banka, sem Hugi segir sameina flest það sem einkenni góðan vef. Vottun vefja hefur aukist mikið síðastliðin ár og í Bretlandi eru fyrirtæki skilyrt til að fá vottun af þessu tagi, að hans sögn. Hann telur að vottun vefja á Íslandi muni aukast mikið í framtíðinni.

Eitt af því sem rætt verður á ráðstefnu Samtaka vefiðnaðarins er framtíð vefsins. Hugi segir gagnvirkni vefsíðna munu aukast til muna í framtíðinni. Gagnvirknin byggir á svokallaðri AJAX-tækni, sem er aðferðafræði við að skrifa vefsíður en með tækninni er hægt að sækja og vinna með gögn sem koma annars staðar frá án þess að vefsíðan í heild sinni sé uppfærð, að sögn Huga. Þetta gerir það að verkum að vefsíður eru léttari í notkun. Ný og endurbætt vefsíða símaskrárinnar (www.simaskra.is) er dæmi um notkun AJAX-tækninnar en nóg er að skrifa bókstaf inn í leitarglugga símaskrárinnar til að kalla upp tillögur að leitarniðurstöðum.

### HEIMSÞEKKTIR FYRIRLESARAR

Ráðstefnan skiptist í tvo hluta. Á morgun verður fjallað um verkefnastjórnun og markaðssetningu við vefvinnu en á föstudag verður fjallað ítarlega um tæknimálin, s.s. HTML-kóða, CSS-stílsnið og AJAX-tækni.

Sjö fyrirlesarar flytja tíu erindi á ráðstefnunni. Fyrirlesararnir eru Molly Holzschlag, Eric Meyer, Kelly Goto, Dave Shea, Andy Clarke, Joke Clarke og Shaun Inman. Hugi segir stefnt hafa verið að því að hafa einn íslenskan fyrirlesara en hann hafi forfallast. Holzschlags, sem skrifað hefur rúmlega 30 bækur um vefmál, flytur tvo fyrirlestra á ráðstefnunni. Í fyrri fyrirlestri sínum fjallar hún um þau vandamál sem snúa að núverandi ástandi vefmála og hvernig hægt sé að nýta þá tækni sem til er við hönnun betri vefja. Markmið hennar með erindinu er að hvetja til notkunar á góðum venjum sem stuðla að hönnun og smíði fallegri, sveigjanlegri, aðgengilegri og nothæfari vefsíðna. Í seinni fyrirlestrinum fjallar Holzschlag svo um helstu atriði tengd alþjóðavæðingu vefja og veita innsýn í þau atriði sem snúa að vefhönnuðum og forriturum. Í erindi hennar segir að flestir vefhönnuðir og forritarar séu rétt að byrja að átta sig á hvað felist í því að smíða vef sem ætlaður er fyrir alþjóðlegan markað.

Dave Shea er vefstjóri hins vinsæla hönnunarvefs csszengarden.com auk þess að starfrækja eigið hönnunarfyrirtæki. Þá er hann meðhöfundur Holzschlags að bókinni Zen of CSS Design, sem fjallar um vefhönnun. Shea mun fjalla um verkefnastjórnun við hönnun vefja og hvernig hægt sé að nýta CSS-skráarsnið með sem bestum hætti.

Þriðji fyrirlesarinn er Kelly Goto, sem er eftirsóttur viðmótshönnuður og hefur helgað líf sitt því að skilja hvernig fólk notar og tengir vörur og þjónustu daglegu lífi. Goto, sem flytur tvo fyrirlestra á ráðstefnunni, er m.a. leiðtogi alþjóðlegs fyrirtækis undir hennar eigin nafni, gotomedia, sem er leiðandi í rannsóknum og þróun á notendavænum viðmótum fyrir vefi og farsíma. Þá er hún höfundur bókarinnar Web Redesign 2.0: Workflow That Works, sem sögð er ómissandi fyrir fólk sem vill hanna notendavæn viðmót. Í fyrri fyrirlestri sínum mun Kelly Goto lýsa því hvernig hægt er að skapa árangursríkt verkferli við smíði vefja í 12 skrefum og kynna þær venjur sem hún hefur tilkeinkað sér. Í seinni fyrirlestrinum, sem kallast „Hönnun sem lífsstíll“ fjallar Goto um farsíma sem gott dæmi um lífsstílshönnun og árangur fyrirtækja á borð við Google, Jet Blue og Apple og skipulagðar aðferðir við að ná til notenda og skilja þarfir þeirra.

Fjórði fyrirlesarinn, Andy Clarke, er eftirsóttur fyrirlesari, hönnuður og ráðgjafi. Clarke hefur þjálfað ótal hönnuði og vefara í aðferðafræði við samræmingu útlits og viðmóts og hefur skrifað fjölmargar greinar um efnið. Hann starfar að hönnun og vefmálum af ástríðu og leggur mikla áherslu á notkun vefstaðla, en þá þætti þykir oft erfitt að samræma. Í fyrirlestri sínum mun Andy Clarke fjalla um það hvernig betur megi skilja hlutverk hins skapandi hönnuðar í stækkandi heimi vefhönnunar og tala um notendavæna hönnun, framsetningu upplýsinga, viðmótshönnun og aðgengileika.

Auk áðurnefnds Erics Meyer, sem fjallar um hina einu sönnu uppsetningu á vefjum, munu bandaríski hönnuðurinn Shaun Inman og kanadíski greinahöfundurinn og rithöfundurinn Joe Clarke fjalla um AJAX, AHAH og aðra tækni sem gert hefur forriturum kleift að þróa gagnvirka vefi.

### MIKIÐ SPURT UM RÁÐSTEFNUNA

Hugi segir mikið hafa verið spurst fyrir um ráðstefnuna, sem hefst á morgun. Aðallega hafi erlendir sérfræðingar um vefmál leitað sér upplýsinga um hana og ætli þeir að tryggja sér miða á næstu ráðstefnu. Hugi segir vel geta farið að IceWeb ráðstefnan verði endurtekin að ári en vill ekkert negla niður að svo komnu máli. Enn eigi eftir að skoða alla möguleika.

Miða á IceWeb 2006 er hægt að nálgast á miðasöluvefnum www.midi.is auk þess sem hægt verður að kaupa miða í nýbyggingu Laugardalshallarinnar þegar ráðstefnan hefst.






# PARKETDAGAR







Þegar innrétta á fallegt heimili

Egill Árnason hf

Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is

## Betri leið til að vinna á tímaskorti

"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

"Í þessu er fólginn mikill tímasparnaður."
**Ester Ýr Jónsdóttir, kennari**

"Hreinn tímaþjófur að láta það fram hjá sér fara."
**Rut Skúladóttir, 20 ára nemi.**

**Meiri tími – Aukið forskot – Sterkari sérstaða**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**

Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

3. vikna hraðnámskeið **15. maí**

Akureyri 3. vikna hraðnámkeið **17. maí**

**Náðu árangri með okkur í sumar og skráðu þig á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans.**

**Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.



**NÝIR EIGENDUR REMAX Í MJÓDD** Hafdís Rafnsdóttir og Jónas Örn Jónasson hdl., sem er löggiltur fasteignasali, hafa gerst meðeigendur í fasteignamiðluninni RE/MAX Mjódd. Eiga þau jafnan hlut og Ásdís Ósk Valsdóttir sem fyrir var í hópi eigenda. Þá hefur Sigurður Gunnlaugsson verið ráðinn framkvæmdastjóri fyrirtækisins.




## FÓLK Á FERLI



**RAGNHILDUR KONRÁÐSDÓTTIR** hefur verið ráðin ráðgjafi á hugbúnaðarsviði Ax. Ragnhildur hefur starfað lengi við kennslu m.a. við Verzlunarskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands. Undanfarin tvö ár starfaði Ragnhildur sem deildarstjóri við Álftanesskóla þar sem hún kom að undirbúningi unglingadeildar. Ragnhildur lauk BSc gráðu frá Háskóla Íslands 1986 og MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík 2003 ásamt því að vera með kennsluréttindi.



**ÓSK HEIÐA** Sveinsdóttir hefur verið ráðin viðskiptastjóri TOK hjá AX hugbúnaðarhúsi. Ósk Heiða lauk meistaraprófi í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræði frá Háskóla Íslands í október 2005, en hluta námsins tók hún við Copenhagen Business School. Ósk Heiða hefur áður starfað hjá íslenskum fjármálastofnunum við sölu, ráðgjöf og þjónustu.



**KOLBEINN REGINSSON** hefur verið ráðinn í ráðgjafahóp Axapta hjá Ax hugbúnaðarhúsi. Kolbeinn útskrifaðist sem líffræðingur frá Háskóla Íslands árið 1994 og starfaði frá árinu 1997 hjá Medcare Flögu við umsjón þróunar og viðhalds innri upplýsingakerfa.



**ÁGÚST ÞÓRÐARSON** hefur verið ráðinn hópstjóri/verkefnastjóri orkuhóps AX hugbúnaðarhúss. Ágúst starfaði áður sem aðstoðarforstjóri Austurbakka hf. Hann lauk M.Sc. prófi í Rekstrarhagfræði frá Verslunarháskólanum í Kaupmannahöfn (CBS) 2001.



**VIGNIR GRÉTAR** Stefánsson hefur hafið störf í söludeild Axapta hjá AX hugbúnaðarhúsi. Vignir útskrifaðist með A.S gráðu í viðskiptafræði frá Tri Country College í Suður Karólínu árið 2004. Vignir starfaði áður hjá Nýherja í fyrirtækjalausnum og rak sitt eigið ljósmynda- og hönnunarfyrirtæki í Bandaríkjunum.



**STEFÁN ÞÓR** Stefánsson hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra hjá TM Software - Custom Development af Einari Gunnari Þórissyni sem tekið hefur við nýju starfi hjá TM Software Healthcare. Stefán hefur víðtæka reynslu af ábyrgðarstörfum tengdum fjármálum og sölu- og markaðsmálum fyrirtækja. Hjá TM Software stýrir Stefán 34 starfsmönnum sem vinna að þróun sérhæfðra hugbúnaðarkerfa, vef- og viðskiptalausna fyrir Internetið. Stefán ber ábyrgð á stjórnun og rekstri einingarinnar, stefnumótun og áætlanagerð. Auk þess sinnir hann samskiptum við viðskiptavini, samningagerð, sölu- og markaðsmálum. Stefán, sem fæddist 1969, er með BA-gráðu í alþjóðlegum samskiptum frá Methodist College í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum. Áður en Stefán tók við hinu nýja starfi var hann sölu- og markaðsstjóri TM Software - Origo ehf. 2001-2005. Þar áður var hann markaðsstjóri Concorde Axapta Ísland ehf., sérfræðingur og ráðgjafi viðskiptalausna hjá Hug hf. og loks fjármála- og skrifstofustjóri Icewear - Drífu ehf.

# SPRENGITILBOÐ

## Allt að 50% afsláttur í eina viku



Smákistlar 995 kr



**Sófaborð, leður** 87x56x56
Verð 14.500.-
Nú 7.250.-

**Opnanlegir kollar** 30x
Verð 3.900.-
Nú 1.950.-



## Feng Shue kommóður

**hæð 50cmx30cm** verð 4.900
**hæð 70cmx30cm** verð 6.900
**hæð 90cmx35cm** verð 8.900



**Kommóða 46x91**
Verð 19.900.-
Nú 9.900.-



**Leðurkommóða 45x83**
Verð 15.500.-
Nú 9.900.-



**1928**
**VERSLUN • VÖRUHÚS**



**Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480**

**Opið Mán. - fös. 10-18 • Lau: 11-16 • Sun: 13-15**

# Betri niðurstöður en búist var við

**Af hverju lét SA gera viðhorfs-könnun á meðal ungs fólks?**
Við hjá Samtökum atvinnulífsins höfum undanfarin ár vakið athygli á þeim mikla árangri sem náðst hefur í íslensku atvinnulífi og jafnframt sett fram ýmsar tillögur um hvernig megi stuðla að áframhaldandi velgengni á tímum vaxandi alþjóðlegrar samkeppni og svokallaðrar hnattvæðingar. Okkur lék forvitni á að kynnast viðhorfum ungu kynslóðarinnar í þessum efnum og við höfum í vetur átt fundi með útskriftarnemum nokkurra framhaldsskóla, víðs vegar um land. Þar höfum við rætt um þann stórkostlega árangur sem náðst hefur í íslensku atvinnulífi undanfarin ár og um áskoranir og tækifæri samfara hnattvæðingu og vaxandi alþjóðlegri samkeppni. Viðbrögðin á þessum fundum hafa verið mjög jákvæð og mikill hugur verið í unga fólkinu varðandi framtíð lands og þjóðar. Unga fólkið virðist nær alfarið tengja hnattvæðingu og vaxandi alþjóðlega samkeppni við jákvæðar breytingar, tækifæri sem því sjálfu og íslensku samfélagi beri að nýta. Við ákváðum í kjölfar þessara funda að láta gera formlega mælingu á viðhorfum unga fólksins í þessum efnum og niðurstöðurnar eru jafnvel ennþá jákvæðari en maður hefði þorað að vona.

**Hvaða þýðingu hefur könnunin?**
Hvatning til dáða, fyrst og fremst. Víða í kringum okkur hefur jú verið býsna neikvæð umræða og jafnvel ýmiss konar mótmæli sem með einhverjum hætti beinast gegn áhrifum hnattvæðingar og aukinnar samkeppni. Þess vegna hefur þessi könnun, þessi mikli kraftur og bjartsýni, fyrst og fremst þá þýðingu að vera okkur öllum – stjórnvöldum, fólki og fyrirtækjum – hvatning til dáða. Við getum haldið áfram á braut árangurs í alþjóðlegri samkeppni. Við getum staðið okkur enn betur og haldið áfram að leggja grunn að bættum lífskjörum hérlendis. Hnattvæðing er ekki valkvæð, hún er veruleiki og það gildir ekkert annað en að taka þátt og keppa, nýta tækifærin og skapa íslensku atvinnulífi samkeppnishæf starfsskilyrði gagnvart því sem best gerist í heiminum.

**Hefur svona könnun verið gerð áður?**
Könnunin var ekki byggð á sérstakri fyrirmynd, hvorki innlendri né erlendri, en eflaust er einhvers staðar til eitthvað svipað. Stutt er síðan kynnt var viðamikil könnun á stöðu og viðhorfum íslenskra ungmenna til ýmissa mála sem menntamálaráðuneytið lét gera, en í þessari könnun okkar var spurninga en þar. Það er aldrei að vita nema við endurtökum einhvern tímann leikinn eða látum gera svipaða könnun. Viðhorf unga fólksins eru jú vísbending um það sem koma skal og sá hugur og kraftur sem kemur fram í þessari könnun er sannarlega ánægjuleg vísbending.

TÖLVUPÓSTURINN

*Til Gústafs Adolfs Gústafssonar forstöðumanns stefnumótunar- og samskiptasviðs Samtaka atvinnulífsins.*



**Má lesa úr svörunum fyrirboða um það sem koma skal?**
Já, sá mikli fjöldi sem vill helst starfa við eigin atvinnurekstur er mjög sterk vísbending um þann ríka og góða frumkvöðlaanda sem fleiri kannanir hafa jú mælt meðal þjóðarinnar. Nú er þetta ekki staðfesting á að allt þetta fólk muni starfa við eigin rekstur en þangað stefnir greinilega hugurinn, eða til starfa hjá einkafyrirtækjum, á meðan einungis 13 prósent nefna störf hjá ríki eða sveitarfélögum. Það er jú í einkageiranum sem við teljum að tækifærin liggi og að færa beri sem mest af framkvæmd opinberrar þjónustu til fyrirtækja á markaði. Sú framtíðarsýn er björt miðað við þessa mælingu.


Hjólhýsi á ótrúlegu verði!

Léttbyggð hjólhýsi á ótrúlegu verði

Helstu mál:
lengd á húsi 305 cm
breidd 195 cm
hæð 181 cm
þyngd 750 kg



NIEWIADOW

VÉLAR ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is




**VIÐ ÞAÐ AÐ SLEPPA ÚR FRAMHALDSSKÓLANUM** Útskriftarnemendur Fjölbrautaskólans í Garðabæ tóku vel í að stilla sér upp fyrir ljósmyndara þar sem þau dimmiteruðu síðasta föstudag. Í kjölfar funda með útskriftarnemum framhaldsskólanna létu Samtök atvinnulífsins gera könnun á viðhorfum ungs fólks til atvinnulífs og fleiri hluta. MARKAÐURINN/STEFÁN

# Yfir þriðjung langar í eigin atvinnurekstur

Könnun meðal ungmenna landsins var gerð í kjölfar heimsókna Samtaka atvinnulífsins í framhaldsskóla þar sem fundað var með útskriftarnemum. Þeir voru spurðir um áform og sýn á framtíð lands og þjóðar. *Óli Kristján Ármannsson* fór yfir könnunina og svör unga fólksins.

Hjá Samtökum atvinnulífsins ríkir ánægja með viðhorf þau sem birtust í nýrri könnun sem samtökin létu gera meðal ungmenna á aldrinum 19 til 20 ára víðs vegar um landið. Könnunin leiddi í ljós að hugur er í unga fólkinu sem er bjartsýnt á framtíð landsins og jákvætt í garð bæði hnattvæðingar og alþjóðlegrar samkeppni.

Ákveðið var að ráðast í gerð könnunarinnar eftir að samtökin höfðu í vetur heimsótt fimm framhaldsskóla víðs vegar um landið og fundað með útskriftarnemum um bæði framtíðaráform þeirra og sýn á framtíð lands og þjóðar. Þá var á þessum fundum meðal annars einnig rætt um mikinn árangur sem náðst hefur í atvinnulífi hér og settar fram tillögur um hvernig stuðla mætti að frekari velgengni á tímum vaxandi alþjóðlegrar samkeppni. Samtök atvinnulífsins segja að fundunum hafi upp úr staðið jákvætt viðhorf nemendanna til framtíðarinnar og þeirra áskorana sem landið stendur frammi fyrir. Í kjölfarið ákváðu samtökin að láta gera þessa könnun á viðhorfum aldurshópsins og segja að niðurstöðurnar séu mikið fagnaðarefni. „Það er hugur í unga fólkinu og bjartsýni fyrir Íslands hönd. Samtök atvinnulífsins vilja að byggt verði á þessum krafti og haldið áfram á þeirri braut að tryggja íslensku atvinnulífi samkeppnishæf starfsskilyrði og þannig lagður grunnur að enn betri lífskjörum íslensku þjóðarinnar," segja samtökin.

Upp úr stendur að langflestir aðspurðra í könnun Samtaka atvinnulífsins vilja starfa hjá einkafyrirtæki eða fara út í sjálfstæðan atvinnurekstur og helst vill unga fólkið eiga jeppa sem farartæki, en í öðru sæti á eftir jeppanum um vinsældir voru þó góðir skór. Um könnunina sá fyrirtækið PSN-samskipti, en spurt var út í viðhorf til hnattvæðingar, alþjóðlegrar samkeppni og samkeppnishæfni Íslands, auk framtíðaráforma 615 ungmenna sem fædd eru árið 1986. Könnunin var símakönnun og stóð yfir dagana 31. mars til 9. apríl. Beitt var tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá, sem var kvótaskipt eftir kyni og búsetu til að tryggja dreifingu svara.

Varðandi hnattvæðingu og aukna samkeppni á alþjóðavettvangi telja 86 prósent svarenda að sú þróun hafi góð áhrif á tækifæri þeirra þegar fram líða stundir, fjögur prósent telja áhrifin slæm og tíu prósent taka ekki afstöðu. Þeir sem eru í skóla eru sagðir ívið jákvæðari en þeir sem eru á vinnumarkaði. Þá telur 81 prósent líklegt að Ísland verði áfram á meðal tíu samkeppnishæfustu hagkerfa heims á næstu tíu árum, en í þeim samanburði er landið nú í fjórða sæti samkvæmt viðskiptaháskólanum IMD í Sviss. Af þeim sem álíta að landið haldi stöðu sinni meðal fremstu þjóða telja rúm sjö prósent að það verði í fyrsta sæti og rúm 47 prósent að það verði áfram meðal fimm efstu þjóða. Níu prósent telja að landið

MÁLIÐ ER *Unga fólkið og framtíðin*



**ÚTSKRIFTARNEMAR Í GARÐABÆ** Í könnun sem Samtök atvinnulífsins létu nýverið gera kemur fram að 47 prósentum fólks um tvítugt hugnast best að nota jeppa sem farartæki, en margir meta einnig mikils góða skó. MARKAÐURINN/STEFÁN

færist niður fyrir topp tíu og tíundi hluti aðspurðra tók ekki afstöðu til spurningarinnar.

Viðhorf unga fólksins til þess hvar það vill helst starfa í framtíðinni þykir svo bera vott um mikinn frumkvöðlaanda, en 37 prósent svarenda sögðust helst vilja starfa við eigin atvinnurekstur. Alls segjast 78 prósent helst vilja starfa hjá einkafyrirtæki í framtíðinni, en 13 prósent segjast fremur kjósa að starfa hjá ríki eða sveit. Níu prósent tóku ekki afstöðu til þess hvar þau vildu starfa, en athygli þótti vekja að áhugi á störfum hjá hinu opinbera reynist vera talsvert meiri hjá kvenþjóðinni, sex prósent karla vildu starfa hjá hinu opinbera meðan 23 prósent ungu kvennanna sögðust helst vilja það.

Unga fólkið var einnig spurt spurninga sem ætla mættu að endurspegluðu hvaða gildi það hefur í hávegum. Til að mynda var það spurt út í hvert væri óskafarartækið og komu þar margvísleg skemmtileg svör. 47 prósentum svarenda, 45 prósentum karla og 51 prósenti kvenna, hugnast jeppinn best sem farartæki, en í öðru sæti koma svo góðir skór. 24 prósent svarenda nefna þá, 20 prósent karla og 29 prósent kvenna. Í þriðja sæti yfir óskafarartækið er svo einkaþotan sem 12 prósent nefna. Eins nefna átta prósent reiðhjól og sama hlutfall mótorhjól, en í þeim hópi voru karlar í meirihluta.

Unga fólkið hefur einnig skoðanir á hvað mikilvægast sé að leggja áherslu á til að viðhalda eða bæta sterka stöðu landsins, en í þeim efnum nefna flestir öflugt menntakerfi, eða 28 prósent. 15 prósent telja að í þeim efnum skipti rannsóknir og nýsköpun mestu, 13 prósent nefna stöðugt efnahagsumhverfi og 12 prósent lága skatta.


FYRIRTÆKIÐ VAKTAÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Firmavörn er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112, þar sem starfsfólk okkar er ávallt í viðbragðsstöðu. Lykilbúnaður Firmavarnar miðast við mismunandi þarfir hvers fyrirtækis og er settur saman svo vörn fyrirtækisins gegn reyk-, vatns-, eða innbrotstjóni verði sem öflugust.
Securitas býður einnig uppá margvíslegar öryggisvarnir
Innbrotakerfi, aðgangsstýrikerfi, öryggismyndavélar, mönnuð gæsla, öryggishnappur, vöruverndarhlið, slökkvitæki, brunaviðvörunarkerfi, sjálfvirk slökkvikerfi, verðmætaflutningar, farandgæsla, hússtjórnarkerfi, rýrnunareftirlit ofl.
Öryggisráðgjafar Securitas í síma 580 7000 benda þér á þær lausnir sem best henta þínu fyrirtæki.
SECURITAS
FIRMAVÖRN
GOTT FÓLK McCANN

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**11%** hækkun yfirtökutilboðs Actavis í króatíska samheitalyfjafyrirtækið Pliva sem hljóðar nú upp á 145 milljarða króna.

**60** milljarða kauptilboð Baugs og fleiri fjárfesta í bresku blóma- og garðvörukeðjuna Wyevale Garden Centre.

**22,1%** eignarhlutur Atorku í Low and Bonar plc. að andvirði 3,8 milljarðar króna seldur.

BANKAHÓLFIÐ



## Menn fyrir borð

Kaupþing banki hefur verið iðinn við kolann þegar kemur það því að stela starfsmönnum frá öðrum fjármálafyrirtækjum. Þannig hafa um 150 starfsmenn komið til þeirra frá bönkum á Norðurlöndum og Bretlandi. Nú fá þeir reyndar að takast á við hið gagnstæða því fimmtán starfsmenn Singer og Friedlander stukku af þeirri lest og fóru yfir til samkeppnisaðilans Close Brothers. Svona ganga kaupin á þessari eyri og samkeppni fjármálafyrirtækja er ekki bara í vöru og þjónustu, heldur ekki síður eins og í öllum þekkingarfyrirtækjum um að næla í og halda hjá sér sem hæfustu fólki.

## Sár út í Kaupþing

Menn deila um það hvort öl sé innri maður eða annar maður. Ekki skal neitt fullyrt um hvaða sýn á ölvun er rétt. Hins vegar láta menn eitt og annað flakka þegar höfginn svífur á þá. Greinandi Danske Bank brá sér út á lífið fyrir páska eftir að hafa mætt á fund Félags viðskipta- og hagfræðinga. Þegar líða tók á kvöldið á Ölstofunni tók hann að kveða fastar að eins og gengur. Lét hann á sér heyra að Íslendingar ættu eftir að sjá að hann hefði rétt fyrir sér um efnahagslífið. Hann lét einnig miður falleg orð falla um Kaupþing banka og lá ekki á því að enginn hlýhugur ríkti þar í garð. Kannski liggur þessi tilfinning í því að þegar skýrsla Danske Bank birtist var haft eftir Ásgeiri Jónssyni að hún væri verst unna skýrsla um íslenskt hagkerfi sem hann hefði séð. Það svíður nú undan slíkum dómum, jafnvel þótt fótur sé fyrir þeim.

## Stjóradraumar

Annar sem lét í ljós sínar innstu tilfinningar var víst einn greinendanna frá Barclays banka, þeirra sem skildu ekki ensku Fjármálaeftirlitsins. Hann mun hafa stunið því upp eftir góðan mat og vín að hann sem væri 45 ára væri enn að greina álag á skuldabréf banka á alþjóðamörkuðum meðan jafnaldrar hans og mun yngri á Íslandi væru orðnir bankastjórar. Spurningin er svo hvort þessi þrá hafi verið úr djúpum sálarinnar eða hvort ölið vakti til lífsins annan mann.





# Réttindaávinnsla með því besta sem gerist

Tryggingastaða **Lífeyrissjóðsins Lífiðnar** styrkist enn frekar. Sjóðurinn á eignir umfram heildarskuldbindingar sem nemur **4,9 milljörðum króna**, eða **8,4%**. Réttindaávinnsla í sjóðnum er á meðal þess besta sem gerist. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum er **0,16%** og **2,63%** sem hlutfall af iðgjöldum.

Ávöxtun sjóðsins var **15,0%** og hrein raunávöxtun **11,3%**. Þessa góðu ávöxtun má rekja til hagstæðra skilyrða á verðbréfamörkuðum, sérstaklega á innlendum hlutabréfamarkaði. Varfærin fjárfestingarstefna **Lífiðnar** og framsýni í réttindamálum hefur skilað sjóðnum tryggingafræðilega í fremstu röð. Meðaltal hreinnar ávöxtunar síðastliðin 5 ár er **4,1%** og **5,6%** frá stofnun.

**Lífeyrissjóðurinn Lífiðn** skiptist í sameignar- og séreignardeild. Sameignarsjóður tryggir öllum sjóðfélögum eftirlauna-, örorku-, maka- og barnalífeyri samkvæmt ákveðnum reglum, á meðan inneign í séreignardeild er einkaeign hvers og eins. Lífiðn býður sínum sjóðfélögum lán til allt að 40 ára og er ekkert hámark á lánsfjárhæð. **Lífiðn er frábær kostur fyrir þá sem vilja velja sér traustan lífeyrissjóð.**

**Efnahagsreikningur í árslok**

| Í þúsundum króna | 31.12.2005 | 31.12.2004 |
|---|---|---|
| Verðbréf m. breytilegum tekjum | 11.521.266 | 7.791.058 |
| Verðbréf m. föstum tekjum | 14.511.451 | 12.282.290 |
| Veðlán | 6.530.184 | 6.547.061 |
| Kröfur | 226.602 | 265.986 |
| Sjóður og bankainnistæður | 624.118 | 378.533 |
| Fasteignir og aðrar eignir | 112.432 | 156.293 |
| Skuldir | -78.686 | -171.797 |
| **Hrein eign sameignardeild** | **32.607.684** | **26.679.913** |
| **Hrein eign séreignardeild** | **839.683** | **569.510** |
| **Samtals hrein eign** | **33.447.367** | **27.249.423** |

**Yfirlit um breytingar á hreinni eign**

| Í þúsundum króna | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 2.021.896 | 1.671.975 |
| Lífeyrir | -354.426 | -305.200 |
| Fjárfestingartekjur | 4.558.098 | 3.137.650 |
| Fjárfestingagjöld | -42.028 | -40.163 |
| Rekstrarkostnaður | -53.101 | -41.568 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | **6.130.439** | **4.422.694** |
| Hrein eign frá fyrra ári | 27.249.424 | 22.826.729 |
| Yfirtekin eign séreignarleiðar 3-10 | 67.504 | |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **33.447.367** | **27.249.423** |

**Lífeyrisskuldbindingar**

| Í þúsundum króna | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldb. | 4.170.000 | 2.096.400 |
| Í hlutfalli af áföllnum skuldb. | 14.20% | 8,10% |
| Eignir umfram heildarskuldb. | 4.953.000 | 1.910.300 |
| Í hlutfalli af heildarskuldb. | 8.40% | 3,80% |

**Kennitölur**

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 15.00% | 13,40% |
| Hrein raunávöxtun | 11.28% | 8,91% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár | 4.10% | 1,90% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar frá stofnun (1997) | 5.60% | 4,90% |
| Hrein raunávöxtun séreignarleiðar 1 | 4.50% | |
| Hrein raunávöxtun séreignarleiðar 2 | 5.70% | 5.40% |
| Hrein raunávöxtun séreignarleiðar 3 | 11.30% | |
| Hrein raunávöxtun séreignarleiðar 4 | 25.50% | |
| Eignir í íslenskum krónum | 81.50% | 82.70% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 18.50% | 17.30% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 5242 | 5053 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 610 | 608 |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0.16% | 0.15% |
| Lífeyrir í % af iðgjöldum | 17.50% | 18.30% |

**Ársfundur 2006**

Ársfundur Lífiðnar verður haldinn mánudaginn 8. maí 2006 kl. 16:30 á Grand Hótel, Reykjavík. Dagskrá fundarins auglýst síðar.

**Stjórn Lífiðnar hefur ákveðið að leggja til við ársfund að sjóðurinn sameinist Samvinnulífeyrissjóðnum.**

**Stjórn Lífiðnar**
Tryggvi Guðmundsson, formaður
Haraldur Jónsson, varaformaður
Arnbjörn Óskarsson
Níels S. Olgeirsson
Sveinn Þ. Jónsson
Þórir Hermannsson

**Framkvæmdastjóri**
Ólafur Sigurðsson

LÍFEYRISSJÓÐURINN
Lífiðn
Stórhöfði 31 • 110 Reykjavík
Sími: 580 5200 • Fax 580 5230
www. lifidn.is



Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is



**Suðurhólar - endaíb. á útsýnisstað.** Í einkasölu falleg 4ra herb. 107 fm endaíb. á 3.hæð í viðg. og máluðu fjölbýli á fráb. útsýnisstað rétt við góða skóla og íþróttaaðstöðu. 3 svefnh. Rúmgóð stofa og borðstofa, parket. Endurnýjað eldhús, endurnýjuð sameign. Mjög gott skipulag. v.19,6 millj. 4635



**Álfheimar - laus.** Á fráb. útsýnisst. 4ra herb. endaíb. á efstu hæð. Parket. Nýl. eldhús. Yfirbyggðar svalir. Glæsil. útsýni og göngufæri í útivistarparadísina í Laugardal. V. 17,9 m. 4140

**Vesturberg - útsýnisíb.** Í einkasölu mikið endurn. ca 99 fm íb. á 3.hæð í fjölb. á fráb. útsýnisstað rétt við skóla og góða þjónustu. Nýl. eldhús, nýl. gólfefni og fl. Góð sameign. Mögul. að yfirtaka góð áhv. lán. Verð 19,5 millj./tilboð 4571

**Engihjalli. Efsta hæð.** Í einkasölu góð vel skipul. ca 100 fm íb. á 8 hæð sem er efsta h. í góðri vel staðs. lyftublokk, glæsilegt útsýni,suður svalir. Parket á flestum gólfum. V. 17,9 m. 4453

## 3ja herb. íbúðir.



**Skógarás - glæsil. útsýni.** Í einkasölu nýleg falleg og velskipul. 86 fm íb. á 2.hæð í góðu varanlega klæddu fjölb. á frábærum útsýnisstað. Parket, þvottaherb./geymsla innaf eldhúsi. Suðvestur svalir m. glæsil. útsýni yfir Rvk., Snæfellsnes og fl. Verð 19,5 millj. 4580



**Eskihlíð - góð 3ja + aukaherb. Laus fljótl.** Í einkasölu rúmgóð 3ja herb. íb. á 3.hæð ásamt aukaherb. í risi m. símatengi og aðgangi að wc., alls 104 fm Húsið í toppstandi, nýstandsett að utan og nýtt þak. Ágætt eldhús og bað, tvö mjög stór herbergi og rúmgóð stofa m. vestur svölum, fallegt útsýni. Áhv. ca 12 m. íbúðalánasj. Verð 18,9 millj. Laus í lok maí n.k. 6813



**Kristnibraut - glæsileg eign.** Í einkasölu vönduð 105,9 fm íb. á 1.hæð (jarðhæð) í þessu fallega fráb. velstaðsetta húsi í grónu hverfi á mjög góðum útsýnisstað í Grafarholti. Vand. innrétt. parket. Góð sameign. og lóð. 6806



**Breiðavík. - Bílskúrsréttur.** Vorum að fá í einkasölu glæsilega ca 90 fm íbúð á 2. hæð sem er efsta hæð í vel staðsettu fjölbýli. Sér inngangur, hátt til lofts í stofu og eldhúsi sem gerir íbúð mjög sjarmerandi. Góð vel skipulögð íbúð á góðum stað rétt hjá t.d. skóla, leikskóla og svo er Spöngin í göngufæri. V. 22,4 m. 4669



**Þórðarsveigur - laus fljótlega.** Í einkasölu mjög góð ca 85 fm 3ja herbergja íbúð á 3. hæð með sér inngangi af svölum, ásamt stæði í lokuðu bílskýli. Þvottahús í íbúð, parket og flísar á gólfum. V. 20,4 m. 4680



**Þórðarsvegur - fullbúin vönduð íbúð.** Glæsileg fullb. 80,7 fm íbúð á 5. hæð sem er efsta hæð í góðri lyftublokk, glæsilegt útsýni. Parket og flísar á öllum gólfum. Íbúð er til afhendingar við kaupsamning. V. 20,9 m. 3042



**Dalbraut - m. bílskýli - fyrir 50 ára og eldri.** Í einkasölu: Stórglæsileg 82,7 fm 3ja herb. íb. á 2. hæð í þessu glæsil. lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Stórar suðursvalir. Vandaðar eikarinnréttingar og parket á gólfum. 2 góð svefnherbergi. Mjög góð sameign. Íbúðin er sýnd í samráði við Sölumenn á Valhöll fasteignasölu. Óskað er eftir tilboðum í eignina. 4645



**Álfkonuhvarf. - Sérinng.** Einkasala:Vönduð ca 100 fm íbúð með sér inngangi af svölum. Suður svalir, þvottahús í íbúð. Vandað parket á flestum gólfum. Gott stæði í lokuðu bílskýli fylgir íbúð. V. 24,9 4584



**Sæviðarsund - aukaherbergi.** Í einkasölu: Glæsileg þriggja herbergja íbúð á 1 hæð í fallegu fjórbýlishúsi ásamt 15 fm aukaherbergi í kjallara sem hægt er að leigja út. Nýlegt parket, nýjar innihurðir. Vandað eldhús og bað. Eign í sérflokki. V. 22,5 m. 4578



**Hlíðarvegur Kóp. - m.bílskúr** Glæsileg 3ja herb. íbúð á 2 .hæð í vönduðu litlu fjölbýli. Bílskúr fylgir íbúðinni. Parket, endurnýjaðar innréttingar. Glæsilegt útsýni. V. 19,9 millj. 4553



**Skógarás - 3ja herb.** Falleg 3ja herb. íbúð á 2 hæð í fallegu nýstandsettu fjölbýli. Stórar vestur svalir. Parket. Mjög vel skipulögð íbúð á frábærum stað. V.18.6m. 4518



**Naustabryggja - glæsil. íbúð. - m. bílskýli** Í einkasölu glæsil. 95 fm íb. á 1. h. (jarðh.) í vönduðu álkl. fjölb. ásamt st. í bílsk. Glæsil. eldh.og baðherb. Vandað parket á gólfum. Sérþvottah. Útg. á stóra timburver. Verðtilboð 4022

**Gullengi - sérinngangur - útb. ca 1.650 þ.** I einkasölu: falleg ca 90 fm íbúð á 3.h. (efstu) í góðu fráb.velstaðsettu húsi rétt við Spöngina og grunn og leikskóla. Fallegt útsýni. Gott skipulag. Áhv. 15,250 þ. m. 4,15 % vxt. (útborgun innan við 10 %) V. aðeins 16,9 millj. Sparið lántöku og stimpilgjöld uppá ca 390 þ. kr. !! 4591

**Æsufell - mjög góð íb. m.útsýni. Nýtt í sölu** Í einkasölu rúmgóð og falleg 93 fm íb. á 5.hæð í nýlega standsettu og klæddu lyftuhúsi. Fallegt suður útsýni, nýtt parket, þvottaaðst. í íb. Góð eign á góðum stað. Verð 17,5 millj. 4587

**Blásalir - Kóp. - 97 fm jarðh.** Einkasala: Nýleg glæsil. 3ja herb. íb. á jarðh. í fjögura íb. húsi á fráb. eftirsóttum stað. Vandaðar innréttingar, parket, flísar, granítborðplötur í eldhúsi. Sérinngangur, Sérþvottaherb. Allt sér. Verð 23,8 millj. 4491

**Ljósavík - Sérinngangur.** Í einkasölu glæsil. 94,5 fm íb. á 3. h. sem er efsta hæð í mjög vel staðs. blokk. Vand. innrétt., parket og flísar á öllum gólfum. Suðursv., þvottahús í íb. Spöngin í göngufæri. V. 21,9 m. 4456

**Berjarimi - m. bílskýli - mjög gott verð.** Í einkasölu falleg velskipul. útsýnisíb. á 3.h. í vönd. nýl. máluðu fjölb. á mjög góðum stað í Grafarv. ásamt bílsk. Parket, góðar innréttingar, sérþvottahús í íb. Mjög góð sameign. Áhv. 8,2 m. húsb. V. 19,3 m. 4431

**Leirubakki - m. aukaherbergi í kj.** Í einkasölu velskipul. 94 fm íb. á 3. h. sem er efsta hæð í klæddri blokk. Í kjallara er herbergi sem fylgir íbúð, suðursvalir. Þvottahús í íbúð. V. 15,8 m. 4274

# VALHÖLL
## FASTEIGNASALA

# SUMARHÚS

### Grímsnes - Öndverðarnes. Glæsil. sumarbúst. á frábærum stað



Í einkasölu vandaður ca 50 fm búst. m. ca 20 fm svefnlofti. Tvö svefnherb., rafmagn, hitaveita á svæðinu. Falleg kjarrivaxin 0,5 ha leigulóð m. aðgang að sundlaug og golfvelli. Stór nýleg afgirt verönd. Selst með öllu innbúi. Frábær staðsetn. skammt frá Þrastarlundi. Verð 13,6 millj. 6802

### Sumarb. í Grafningshreppi



Í einkasölu nánast fullbúinn 62,4 fm sumarbústaður á einni hæð flottur bústaður á mjög góðum stað. V.14 m. 4650

### Nýtt heilsárshús á fráb. útsýnisstað við Bifröst / Hreðavatn í Borgarfirði



Í einkasölu nýtt glæsil. 85 fm heilsárshús á fallegri útsýnislóð rétt við Hreðavatnsskála. Húsið er til afh. fljótlega fullbúið að utan sem innan með rafmagni og hita (hitaveita). 3 svefnherb., eldhús, bað, stofa og geymsla. Stórglæsilegt útsýni yfir Borgarfjörð og víða. Verslun, þjónusta, golfvöllur, veiði, kaffihús og fl. í næsta nágrenni. Verð 22,8 millj. 4655

### Nýr glæsil. sumarbúst í Svarfhólslandi við Vatnaskóg



Glæsil. 86 fm nýr sumarbúst. / heilsárshús á góðum stað á ca hektara leigulóð. Rafmagn og hiti (hitaveita) komið. Til afhendingar strax fullb.að utan og tilbúin til innréttinga að innan þ.e. milliveggir og hurðir komnar, rafmagn frágengið, ofnar uppsettir og hiti komin á. Aðeins á eftir að mála, velja gólfefni og innréttingar. Áhv. ca 8 millj. til 30 ára m. 5,5% vxt. Verð 13,5 millj. /tilboð. Frábært tækifæri að skapa sinn eigin sælureit ca 45 mín frá Rvk. 3599

## 2ja herb.íbúðir.



**Hrísmóar mjög góð - stórar svalir** Mjög góð 56,2 fm 2ja herb. íbúð á efstu hæð með glæsil. útsýni og með stórum ca 20 fm suðursv. Laus fljótl. v. 14,5 m. 4162



**Skúlagata - stórglæsileg íbúð.** Stórglæsileg nýstandsett íbúð á jarðhæð. Íbúðin er sérlega rúmgóð eða 71 fm Allt er endurnýjað frá a-ö. Eign í sérflokki. Laus strax. V. 15,0 m. 4621



**Holtsgata ný íb. m. bílskýli.** Í einkasölu glæsil. íb. á 1.hæð í nýju húsi á einstakl. góðum stað í vesturb. Reykjav. Afh. í okt fullb. án gólfefna. Stæði í bílageymslu fylgir. Verð 22,4 milj. 4583



**Þórðarsvegur - glæsilegt útsýni. nýtt í sölu** Vorum að fá í einkasölu góða 62,5 fm íbúð á 5 hæð í mjög vel staðsettu lyftuhúsi. Þvottahús í íbúð suðvestursvalir. V. 15,9 m. 4585



**Leifsgata - laus strax** Góð öll endurnýjuð 55,1 fm íbúð á 1 hæð í góðu vel staðsettu fjórbýli,íbúð fylgir herbergi í kjallara þar er sameiginleg snyrting. Íbúð er öll endurnýjuð á mjög vandaðan hátt m.a. hornkar á baði. V. 14,9 m. 4186

**Frostafold - glæsil. íbúð.**



Í einkasölu vönduð 2ja herb. íbúð í þessu fallega húsi. Glæsilegt útsýni. Stórar suðvestursvalir. Parket. Þvottaaðstaða í íbúð. V. 14,8 m.

**r og atvinnuhúsnæði – mikil sala!**

# Bjarkarás 1-29 Garðabæ

## *nýjar glæsilegar séríbúðir*






**Í EINKASÖLU** nýjar glæsilegar séríbúðir samtals 30 eignir í sjö 2ja hæða húsum á þessum einstaklega góða stað í Garðabæ. Gert er ráð fyrir að eignirnar verði afhentar fullbúnar án gólfefna með vönduðum innréttingum og flísal. glæsil baðherb. Mjög skemmtilega teiknuð hús. Lofthæð neðri hæða er 2,95 m og efri hæðar 2,6 m. Íbúðirnar sem eru eftir eru frá 117 fm uppí 169 fm og fylgir stæði í bílskýli 22 af 30 íbúðum. Sérverönd fullfrágengin fylgir íbúðum neðri hæðar og svalir frá 7,5 -57 fm fylgja íbúðum efri hæðar. Glæsilegt útsýni er úr mörgum íbúðanna. Lóð afhendist fullfrágengin með öllum gróðri en án leiktækja.

***Byggingaraðili er Tré-mót ehf. Verð er frá 31,5 m. uppí 45,9 millj.***

*4 íbúðir eftir*

***Lítið á www.nybyggingar.is og sjáið glæsilegan vef um eignina með öllum upplýsingum.***

### Nýtt glæsil. lyftuhús í Selvaði m. bílskýli



Nýtt glæsil. lyftuhús m. 28 íbúðum. Húsið afh. fullb. að utan og lóð og bílast. afhendast fullfrág. Íb. sem eru fráb. velskipul. afhend. fullb. með vönd. innréttingum frá Brúnas en án gólfefna og án flísal. á baðherb.. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum sem eftir eru. www.nybyggingar.is 4100

### Sérhæðir við Andarhvarf í Kópavogi



Sérhæðir á fínum útsýnisstað við Andarhvarf í Kópavogi. Um er að ræða 134,3 fm sérh. ásamt bílsk. sem eru 25,1 fm og 26,9 fm Íb. afh. fullfrág. án gólfefna. Frábært skipulag með tveimur baðherbergjum, sérlóð með íbúðum neðri hæðar og svalir með íbúðum efri hæðar. Ein íbúð til afhendingar í apríl 2006 og hinar afh. í haust. V. 35,9 m. 3722

### Krókavað - Glæsilegar sérhæðir á fráb. stað



Í einkasölu glæsil. 127 fm efri sérh. auk ca 40 fm bílsk. eða neðri sérh. 127 fm á mjög góðum stað innst í lokaðri götu við Krókavað. Seljast fullbúnar án gólfefna m. gólfhita og vönduðum innr. Stórar svalir fylgja efri hæð ofan á bílskúr. Sjá www.nybyggingar.is 4413

### Hamrakór - einbýli



Í einkasölu glæsileg velskipulögð 228 fm hús á 2.hæðum með innbyggðum 41,2 fm tvöf. bílskúr. Húsin afhendast tilbúin til innréttinga að innan og fullbúin að utan með grófjafnaði lóð.
Sjá www.nybyggingar.is 4150

### Þorláksgeisli - glæsilegt raðhús.



Í einkasölu glæsilegt raðhús á 2 hæðum með innbyggðum jeppabílskúr á fallegum útsýnisstað í lokuðum botnlanga. Til afhendingar strax tilbúið til innréttinga. 4 góð svefnherb. Frábært hús og staðsetning. Óskað er eftir tilboði í húsið. Lyklar á Valhöll. 4618

### Gvendargeisli - ný glæsileg fullbúin raðhús á einni hæð - m. bílskúr.



Gvendargeisli 128-166 eru raðhús á einni h. sem skiptast í íb. 140 fm og bílsk. 28 fm Húsin eru velstaðs. og er stutt í grunnskóla, leikskóla og aðra þjónustu. Tvö húsanna eru til afhend. eftir ca mánuð fullb. án gólfefna með vönduðum sérsmíð. innrétt. Flísal. baðherb. Garður snýr í suður og afh. fullfrág. og 25 fm timburv. fylgir hverju húsi. Bílsk. afhend. fullb. með fjarstýringu. Verð miðjuhús 39,8 millj. Endahús (eitt hús eftir) 40,5 millj. 4276

## VALHÖLL
**FASTEIGNASALA**

*Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479*

Frum

## ÖRYGGISVÖRÐUR

ka eftir að ráða öryggisverði til starfa í Smáralind. Um er að ræða fullt starf
eysingar. Starfið felst í staðbundinni öryggisgæslu og almennu rýrnunar-
lunum Hagkaupa. Hagkaup leggja mikinn metnað í öryggismál í verslunum
öryggisverðir Hagkaupa víðtæka þjálfun til að geta sinnt starfi sínu sem

ð einstaklingum sem eru líkamlega hraustir, heiðarlegir, með hreint saka-
:naðargjarnir og útsjónasamir. Umsækjendur yngri en 25 ára koma ekki til

**skal skilað á skrifstofu Hagkaupa Skeifunni 15 eða í tölvupósti
aup.is) fyrir 1. maí nk. Allar nánari upplýsingar veitir Hildur
ttir, starfsmannastjóri í síma 563-5000.**

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

FASTEIGNIR

## felli til sölu

ar er 324 fm og
éttur á 185 fm
mur hæðum.
***óska eftir***

Mjódd
Jónasson hdl. og lögg. fasteignasali

## GNA-
## ÐURINN

Ð VIRKA DAGA KL. 9–17.
: - www.fastmark.is
nundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.
afr. og lögg. fast.sali.

## ata

**legu steinhúsi**



úð á 2. hæð í þessu
n. Hæðin skiptist í eld-
og góðum borðkrók,
gi og nýlega endurnýj-
um innréttingum. Mikil
úðinni sem gefur henni
ara. **Verð 34,9 millj.**

AKAUP

ATVINNA

# Vélstjóri óskast.

Vélstjóri óskast á togbát.
Vélarstærð 1.000 ha.
**Upplýsingar hjá skipstjóra í síma
855-4262 og 843-4254.**

SKÓLASKRIFSTOFA HAFNARFJARÐAR

## Aðstoðarskólastjóri

### Laus staða aðstoðarskólastjóra við Setbergsskóla

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt í að stjórna og leiða áfram gott faglegt samstarf í skólanum og hafa að leiðarljósi að gott skólastarf má ávallt bæta. Setbergsskóli er heildstæður grunnskóli og eru nemendur nú 640. Skólinn hefur í áraraðir haft á að skipa góðu fagfólki og þar ríkir jákvæðni og góður starfsandi. Helstu þróunarverkefni á næsta skólaári verða á sviði íslensku og samfélagsfræði. Eitt af meginverkefnum aðstoðarskólastjóra verður að fylgja eftir breytingum á aðalnámskrá fyrir grunnskóla og þróa frekara samstarf við framhaldsskóla.

*Menntunar- og hæfniskröfur*

- Kennarapróf og kennslureynsla
- Framhaldsmenntun eða reynsla á sviði stjórnunar æskileg.
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Áhugi og/eða reynsla til að leiða þróunarstarf í átt að einstaklingsmiðuðu námi.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver

# Sjálfsbjörg
## félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu

Aðalfundur Sjálfsbjargar félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu verður haldinn laugardaginn 29. apríl 2006 kl. 14.00 í félagsheimili Sjálfsbjargar Hátúni 12.

**Dagskrá:**

1. Formaður setur fundinn.
2. Kosning fundarstjóra og ritara.
3. Inntaka nýrra félaga og minnst látinna félaga.
4. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á síðastliðnu starfsári lesin.
5. Afgreiddir endurskoðaðir reikningar félagsins.
6. Ákvörðun um félagsgjald.
7. Kosningar samkvæmt 7. grein laga.

Önnur mál.

# Vigtarmenn

**Námskeið til löggildingar vigtarmanna**

verður haldið á Neytendastofu Borgartúni 21, dagana 8., 9. og 10. maí. nk
Endurmenntunarnámskeið 15. maí.
Allar nánari upplýsingar og skráning þátttakenda á Neytendastofu sími 510-1100 og á heimasíðunni www.ls.is/mælifræði/vigtarmenn/námskeið.
Skráningu lýkur 5 dögum fyrir námskeið.

NEYTENDASTOFA

# Íbúð óskast

**Verkfræðistofan Hamraborg óskar hér með eftir 3 herbergja íbúð til leigu fyrir einn starfsmann fyrirtækisins.**

Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið

Upplýsingar veita Sævar Geirsson og Vignir Jónsson
í síma 554 2200

VH Verkfræðistofan Hamraborg
Hamraborg 10 - 200 Kópavogi
Sími: 554 2200 - Fax: 564 2277
Netfang: saevar@hamraborg.is

Skipulagsstofnun

# Mat á umhverfisáhrifum

**– Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda.**

# Tilvist Framsóknarflokksins

**UMRÆÐAN**
FRAMSÓKNARFLOKKURINN



**ÍVAR R. JÓNSSON**

Staða Framsóknarflokksins er mér afar hugleikin. Ég hef mjög sterkan grun um að tilvist hans sé mjög háð miðjuhugtakinu, sérstaklega út frá hagnýtum sjónarmiðum, sem birtast einkum í kosningum og stjórnarmyndunum. Framsóknarflokkurinn skilgreinir sig sem miðjuflokk. Almennt á ég harla auðvelt með að skilja hugtakið „miðja“, til dæmis ef ég hugsa um miðju hrings eða línu.

En hvað er miðja í stjórnmálum? Fyrir mér er miðjan ákveðið form afstöðuleysis, líkt og kemur fram hjá Framsóknarflokknum, eða réttara sagt: *„Möguleiki til afstöðu eða skoðunar, sem veltur á vilja samstarfsflokks og „eftirsóknarverðum“ eða „vinsælum“ skoðunum sem passa vel við tíðarandann hverju sinni“*. Afstöðuleysið kemur sér mjög vel, sérstaklega í formi sveigjanleika, hvort sem það felst í að sveigja sig vel til vinstri eða hægri, í stjórnarviðræðum. Þetta gerir flokknum kleift, vegna afstöðu sinnar, sem er að taka ekki afstöðu, að mynda stjórn við hvaða flokk sem er, með það eitt að markmiði að komast í ríkisstjórn. Getur þessi hagnýti miðjupunktur, sem tilvist flokksins hangir á, verið skýringin á því að þessi litli flokkur hefur verið ráðandi afl á Íslandi í næstum heila öld?

En hvernig stendur á því að flokknum tekst ítrekað að endurfæðast rétt fyrir kosningar? Mér kemur fyrst til hugar mín persónulega reynsla sem ómótað ungmenni. Ég kaus flokkinn á sínum tíma þegar ég var í raun skoðunar- og áhugalaus um pólitík. Ég átti auðvelt með að samsama mig flokknum, sem virtist vera eins og ég, skoðunarlaus, en með mjög fín stefnumál, sem mér fannst sjálfsögð og „falleg“; sem voru t.a.m. milljarður í baráttunni við fíkniefni og „fjölskyldan í fyrirrúmi“. Vá! Slagorð flokksins, fyrir síðustu kosningar, birtust mér allsstaðar, framan á strætó, í sjónvarpinu, í bíó og hvert sem litið var. Samt fannst mér skrítið hvernig þeir gátu fjármagnað allar auglýsingarnar; en þá hugkvæmdist mér, að auðvitað hlýtur flokkur, sem er búinn að vera við völd í heila öld, að vera búinn að koma sínu fólki fyrir í lykilstöðum í þjóðfélaginu, sem legði sitt af mörkum til að viðhalda tilvist flokksins og um leið eigin tilvist.

Hvernig gat ég annað en kosið flokk sem höfðaði eins vel til mín? Ég hafði enga skoðun, vildi bara öllum vel, í fullkomnu samræmi við Framsóknarflokkinn. Getur það verið að þeir sem eru óákveðnir í skoðanakönnunum séu einmitt þeir sem falla fyrir flottum og háleitum lofsyrðum Framsóknarflokksins í rándýrum auglýsingum, þar sem foringinn er, aldrei þessu vant, brosandi langt út að eyrum? Mér rann til hugar að foringinn væri í tæp fjögur ár eftir kosningar svona þungbúinn á svip einmitt vegna þess að hann kláraði alltaf broskvótann rétt fyrir kosningar.

Svo hefur þetta öryggisleysi alltaf þyrmt yfir mig þegar flokkurinn fer í stjórn eftir kosningar, því þá getur miðjan hrokkið bæði til hægri eða vinstri. Ég sem kaus á sínum tíma að fjölskyldan skyldi vera í fyrirrúmi og að neysla fíkniefna myndi minnka, varð ekkert ýkja ánægður þegar flokkurinn hrökklaðist til hægri, með öll þau loforð um félagslegar umbætur, sem voru settar aftast á forgangslistann, á eftir málaflokkum sem stuðluðu fyrst og fremst að því, að hlúa vel að þeim efnameiri. Mér varð ljóst að ég gæti aldrei treyst þessum flokki framar. Ég var plataður með broskarli sem hefur verið í fýlu síðan hann komst í hásætið sitt, valdamesta sæti samfélagsins, sem þó hefur aldrei haft eins lítið þjóðarfylgi á bakvið sig eins og núna.

Framsókn er í miðjunni! Ekki vegna þeirrar sýnar sem flokkurinn hefur, heldur vegna þess að þar liggja tækifærin; þar vilja allir vera vinir þínir, hvaðan sem þeir koma; og síðast en ekki síst er miðjan best til að viðhalda langri hefð, í að vera með sterk hagsmunatengsl í þjóðfélaginu. Smá hugsunartilraun: Hvernig væri tilvist flokksins háttað ef miðjan yrði hreinlega þurrkuð út í stjórnmálum? Framsóknarmenn yrðu tilneyddir til að taka afstöðu; yrðu að vera sjálfum sér samkvæmir og sitja jafnfætis öðrum flokkum í stjórnarmyndunum eftir kosningar? Ekki skemmtilegur veruleiki, eða hvað?

Í mínum huga þurfa kjósendur að vera vakandi þegar næsta kosningarherferð fer í gang, með tilheyrandi auglýsingabrellum og broskörlum. Framsóknarflokkurinn má þó eiga það, að hann stendur fremstur meðal jafningja í því að hafa áhrif á kosningahegðun fólks, sérstaklega á þá sem ekki hafa gert upp hugann eða eru áhugalausir gagnvart pólitík. Ef ég verð áhugalaus eða óákveðinn í næstu kosningum sný ég mér frekar til hægri eða vinstri, eða skila bara auðu.

*Höfundur er kennari og unglingaráðgjafi.*

# Útvarp í almannaþágu

**UMRÆÐAN**
HLUTAFÉLAGAVÆÐING RÚV



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

***Það er nú svo að allar þær ríkisstofnanir sem hingað til hafa verið há-effaðar hafa verið seldar.***

Veturinn 2003–2004 var lagt fram frumvarp um Ríkisútvarpið á Alþingi. Flutningsmenn þess voru Pétur H. Blöndal, Birgir Ármannsson og Sigurður Kári Kristjánsson. Í þessu frumvarpi var lagt til að Ríkisútvarpinu yrði breytt í hlutafélag og í framhaldinu einkavætt. Skemmst er frá því að segja að þetta frumvarp var ekki afgreitt frá þinginu.

Í vetur hefur annað frumvarp um Ríkisútvarpið verið til umræðu í sölum Alþingis. Þar er kveðið á um að stofnuninni verði breytt í hlutafélag. Reyndar er einnig tekið fram að sala félagsins sé óheimil. Það er menntamálaráðherra sem leggur frumvarpið fram en einn helsti talsmaður þess í sölum Alþingis hefur verið formaður menntamálanefndar, Sigurður Kári Kristjánsson.

Í þessu ljósi er ekki skrýtið að stjórnarandstaðan leyfi sér að efast um einlægni þeirra sem segjast nú einungis vilja breyta stofnuninni í hlutafélag en alls ekki selja hana. Svör hlutafélagasinna eru athyglisverð, „það þarf hvort eð er lagabreytingu til að selja, þess vegna skiptir hlutafélagavæðingin engu máli - stofnunin verður ekki seld nema með lagabreytingu.“ En hvers vegna er þá verið að stofna hlutafélag?

**Há-effun fyrsta skrefið í sölu**

Það er nú svo að allar þær ríkisstofnanir sem hingað til hafa verið há-effaðar hafa verið seldar. Tölfræðin bendir því til þess að ætlunin sé að selja RÚV líka, svo ekki sé minnst á þá staðreynd að fyrir liggur frumvarp um sölu stofnunarinnar frá sama manni og nú talar hvað mest fyrir há-effun.

Breyting í hlutafélag gerir RÚV að söluvænni vöru, ýmsar breytingar á starfsmannahaldi og öðru slíku munu verða til þess að eftir nokkurra mánaða eða ára aðlögun verður stofnunin orðin líkari fyrirtæki og því verður auðvelt að selja hana, annaðhvort Mogganum eða 365-miðlum, sem geta þá yfirtekið heila klabbið. Með háeffun breytir Ríkisútvarpið um eðli. Úr sameign þjóðarinnar í fyrirtæki í ríkiseigu.

Ríkisútvarpið er feikilega mikilvæg stofnun í íslensku samfélagi. Það er eini fjölmiðillinn sem hefur skyldum að gegna við almenning. Þeim skyldum að greina frá öllum sjónarmiðum. Vera hlutlaus. Það er vegna þess að eigendurnir eru þjóðin sjálf og því verður að taka tillit til hagsmuna allra. Ekki bara hagsmuna eigenda sem ávallt er hætta á að fari að skipta máli í dagskrárgerð fjölmiðla þó að sú sé ekki ætlunin.

Hvað mælir gegn því að eigandi fjölmiðils beiti áhrifum sínum til að þagga niður tiltekin sjónarmið? Ekki neitt, sérstaklega ef fjölmiðlarnir njóta ekki aðhalds frá öflugum almannafjölmiðli sem á engra hagsmuna að gæta.

**Fjölmiðill í almannaeigu**

Í þeirri umræðu sem varð um fjölmiðlalögin á sínum tíma var iðulega bent á mikilvægi Ríkisútvarpsins til að hindra einokun á fjölmiðlamarkaði. Sú hlutafélagavæðing sem nú stendur fyrir dyrum er ekkert annað en fyrsta skrefið í þá átt að færa alla fjölmiðlun á Íslandi í hendur einkaaðila. Hvernig sem ný fjölmiðlalög verða breytir það því ekki að besta aðhald fyrir fjölmiðla er aðrir fjölmiðlar. Öflugt Ríkisútvarp skiptir þar lykilmáli.

Alls staðar í veröldinni ríkir meðvitund um mikilvægi ljósvakamiðla í almannaþágu, bæði sem menningarafls og til að tryggja hlutlausa og faglega umfjöllun um þjóðmál. Við Íslendingar ættum að sameinast um að efla starf RÚV á þessum sviðum, íslensku samfélagi til hagsbóta. Liður í því er að hverfa af braut hlutafélags- og fyrirtækjavæðingar þjóðarútvarpsins.

*Höfundur er varaformaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.*


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

HREINN SPARNAÐUR

**Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. *Einkaleyfi Miele.*

**Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

**Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

TILBOÐSVERÐ
kr. 114.800
Listaverð kr. 164.000

**Miele - yfirburða þvottavél**

- Softtronic W4421
- Tekur 5 kg.
- Vinduhraði 1400°/mín.
- Stórt hurðarop
- Starfæn klukka
- Ný tromla sem fer betur með þvottinn

Test, blað þýsku neytendasamtakanna gaf nýju Miele þvottavélinni hæðstu einkunn sem þvottavél fékk árið 2005.

**Íslenskt stjórnborð**

**Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele þvottavélar í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.**

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.


## AF NETINU

**Eyðum meira í minni eyðslu**

Dísilbílar eyða mun minna eldsneyti en hefðbundnir bensínbílar. Slíkir bílar eru þó töluvert dýrari í innkaupum en bensínbílar og er munurinn á nýjum smábílum oft um 300.000 krónum. Því væri kjörið tækifæri fyrir ríkisstjórnina að lækka skatta á dísilbíla þannig að innkaupsverð verði sambærilegt við bensínbíla. Slík skattalækkun væri í fullu samræmi við markmið grænna skatta. Þannig má lækka eldsneytiskostnað heimilanna á umhverfisvænan hátt.

**Helga Kristín Auðunsdóttir á deiglan.com**

**Broslegt**

Það er ekkert annað en broslegt að maður sem um þessar mundir kynnir sig sem „talsmann neytenda“ skuli vera ríkisstarfsmaður. Skattar eru langstærsti útgjaldaliður heimilanna. Á síðasta ári enduðu 47% landsframleiðslunnar í sjóðum ríkis og sveitarfélaga. Nær önnur hver króna sem landsmenn afla fer í fjármögnun verkefna sem mörg hver eru ekki mikið gæfulegri en embætti talsmanns neytenda.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

**Slappir fótboltamenn**

Sem betur fer eru stjórnmálin ennþá ekki orðinn fótboltaleikur. Fótboltamaður sem flytur sig milli liða er jafn sterkur eftir sem áður. En stjórnmálamaður sem afhjúpar að aðalatriðið er hans eigin frami er það alls ekki. Sem betur fer græðir fólk ennþá á að vera trútt sínum hugsjónum og baráttumálum í pólitíkinni. Annars væri hún bara eins og heldur tilþrifalítill fótboltaleikur með óvenju gömlum leikmönnum í óvenju slæmu formi.

**Ármann Jakobsson á murinn.is**

**Reytingur**

Fylgið reytist smátt og smátt af Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík í skoðanakönnunum. Það kemur ekkert sérstaklega á óvart. Manni hefur alltaf þótt ólíklegt að hann nái meirihluta í prósentvís, þótt nokkrar líkur séu á að hann geri það vegna þess hversu atkvæði hinna flokkanna nýtast illa. [...] Annars eru stefnuskrár allra framboðanna í borginni svo félagshyggjulegar að manni sýnist að hver sem er eigi að geta starfað saman - hví þá ekki Sjálfstæðisflokkur og VG? Félagsleg yfirboð eru grunntónn kosningabaráttunnar.

**Egill Helgason á visir.is**

**Amma ehf.**

Og Ríkisútvarpið verður áfram í eigu ríkisins. Það er ekki hægt að selja, hvorki að hluta til eða í heild sinni og það má ekki eignast hluta í öðrum fjölmiðlafyrirtækjum. Svo mörg voru þau orð. Ríkisútvarpið verður ekki selt, eins og stjórnarandstaðan hefur verið að básúna að sé í burðarliðnum, og Pétur Blöndal reyndar líka! En hann myndi nú einkavæða ömmu sína, ef hann gæti.

**Helga Sigrún Harðardóttir á timinn.is**

**Fárinu lokið**

Eitt er strax orðið ljóst, skattalækkunarfárið sem tröllreið öllu fyrir síðustu Alþingiskosningar, er búið að vera. Það minnist enginn á skattalækkun. Að vísu nefnir Sjálfstæðisflokkurinn lækkun fasteignagjalda, en í ljósi mikillar hækkunar fasteignamatsins verður lækkun álagningarprósentunnar varla til þess að skatturinn lækki. Svo ég hef ekki litið á þessa tillögu þeirra sem skattalækkunartillögu.

**Kristinn H. Gunnarsson á kristinn.is**

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Landsbankinn

Við lítum inn til þingmannsins Helga Hjörvar og konu hans Þórhildar sem búa í gullfallegu funkishúsi í vesturbænum. Heimsækjum stílistann og hugmyndasmiðinn Öldu á Álftanesinu, fatahönnuðinn Sigríði á Kárastígnum og fáum ungar handsverkskonur í heimsókn. Hálfdán og nýr ritstjóri tímaritsins Veggfóðurs komast að raun um hvað "brunch" er. Nýkrýndur Íslandsmeistari í matreiðslu eldar lamb með súkkulaði.

# HÖNNUN OG LÍFSTÍLL Á STÖÐ 2

Ekki missa af stútfullum þætti af hugmyndum – Veggfóður í kvöld kl. 20:05



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**EDMUND HUSSERL (1859-1938) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Reynslan ein er ekki vísindi.“*

***Austurríski heimspekingurinn Husserl byggði margar heimspekikenningar sínar á stærðfræðilegum útreikningum.***



## ÞETTA GERÐIST: 26. APRÍL 1986

# *Stærsta kjarnorkuslys sögunnar*

Tuttugu ár eru liðin frá Tsjernóbíl-kjarnorkuslysinu í gömlu Sovétríkjunum. Slysið er talið það stærsta í sögu kjarnorkunnar og gætir afleiðinga þess enn þann dag í dag. Heilbrigðisráðuneyti Úkraínu gaf út tölur fyrir fimm árum sem sýndu að einn af hverjum sextán íbúum landsins ætti við einhvers konar heilsubrest að stríða sem rekja mætti til slyssins. Enn fremur eru enn um sjötíu þúsund Úkraínumenn óvinnufærir eftir að hafa tekið þátt í hreinsunaraðgerðum í kjölfar slyssins.



TSJERNÓBÍL SLYSIÐ

Ástæður slyssins eru raktar til ábyrgðarlausrar tilraunar með kælikerfi kjarnaofns númer 4. Kælikerfinu var lokað með þeim afleiðingum að kjarninn hitnaði um of og olli gufusprengingu sem tætti sundur hlífarnar þannig að geislavirkt efni fór í miklu magni út í andrúmsloftið. Geislavirknin var margfalt meiri en eftir sprengjurnar sem varpað var á Hiroshima og Nagasaki.

Geislavirku efnin dreifðust með vindstraumum yfir Norður- og Austur-Evrópu. Sovésk yfirvöld reyndu að hylma yfir óhappið en urðu að viðurkenna að meiriháttar slys hefði orðið þegar sænsk yfirvöld tilkynntu 28. apríl að geislavirkni mældist 40 prósentum hærri en venjulegt gæti talist 1.300 kílómetra norðvestur af Tsjernóbíl.

## MERKISATBURÐIR

**1834** Tvö skip og fjórtán bátar farast í skyndilegu ofsaveðri á Faxaflóa og með þeim 42 menn.

**1944** Forn öskuhaugur kemur í ljós þegar verið er að grafa fyrir húsi í Tjarnargötu í Reykjavík. Jafnvel er talið að þetta sé öskuhaugur Ingólfs Arnarsonar.

**1983** Flugvél ferst í Hvalfirði með tvo menn um borð.

**1984** Ronald Reagan Bandaríkjaforseti fer í opinbera heimsókn til Kína.

**1991** Davíð Oddsson fær umboð til stjórnarmyndunar.

**1991** Móttöku- og flokkunarstöð sorpeyðingar á höfuðborgarsvæðinu, Sorpa, er tekin í notkun.

## JARÐARFARIR

11.00 **Herbert Gränz** verður jarðsunginn frá Selfosskirkju.

13.00 **Fanney Sigurlaugsdóttir**, Helgubraut 27, Kópavogi, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju.

15.00 **Sigrún Magnúsdóttir** lyfjafræðingur, Boðagranda 5, verður jarðsungin frá Kristskirkju Landakoti.

15.00 **Líney Pálsdóttir** verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON, ODDVITI SJÁLFSTÆÐISFLOKKS Í REYKJAVÍK** Eins og venjan er á afmælum þegar árin hlaupa á tugum býður Vilhjálmur til afmælisveislu í dag. Hann ætlar þó að sinna öllum erindum frambjóðandans á afmælisdaginn enda dugir lítið að slaka á í aðdraganda kosninga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON: SEXTUGUR Í DAG

# Ánægjuleg hvíld frá erlinum

Sextíu ár eru í dag liðin frá því að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson leit heiminn fyrst augum í Einholtinu í Reykjavík. Hann er því borinn og barnfæddur Reykvíkingur en býst við vinum og kunningjum af landinu öllu í afmælisveisluna sína.

„Ég er búinn að hlakka mikið til þessa dags enda hef ég haft í nógu að snúast. Afmælið er ánægjuleg pása frá erlinum,“ segir Vilhjálmur, sem er oddviti Sjálfstæðisflokks í borginni og stendur í stórræðum nú í aðdraganda kosninga. „Við frambjóðendurnir hittumst á fundi klukkan rúmlega átta og síðan taka við heimsóknir í fyrirtæki og þess háttar eins og vera ber. Seinnipartinn býst ég svo við að taka einhvern tíma í að undirbúa afmælið sem hefst klukkan fimm, þótt ég sinni nú öllum erindum sem ég þarf að sinna í dag og láti afmælisdaginn ekki trufla það.“

Aðspurður segist Vilhjálmur allt eins eiga von á því að félagar hans komi honum á óvart á morgunfundinum enda uppátækjasamir með eindæmum.

Vilhjálmur er ekki vanur að gera mikið úr afmælisdögum en þegar árin hlaupa á tugum hefur hann boðið til veislu. „Þá vil ég nota daginn til að gleðjast með vinum, kunningjum og samstarfsfólki. Mér finnst sjálfsagt að grípa tækifærið til að hitta fólk sem maður hefur ekki hitt lengi enda hef ég mjög gaman af því. Ég hef komið víða við í starfi mínu sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og kynnst mörgum á lífsleiðinni, ekki bara hér á höfuðborgarsvæðinu heldur vítt og breitt um landið.“ Veislan verður haldin í Gullhömrum í Grafarholti og er Vilhjálmur vongóður um að góðir vinir af landsbyggðinni leggi leið sína til borgarinnar í tilefni dagsins.

Þrátt fyrir hvatningu um að halda veislu á laugardegi kann Vilhjálmur betur við að gefa afmælisdeginum sjálfum vægi og halda veisluna þá. „Sonur minn heldur reyndar upp á þrítugsafmælið sitt á laugardaginn en það munaði litlu að hann fengi sama afmælisdag og ég,“ segir Vilhjálmur en sonur hans átti einmitt afmæli í gær.

Þótt vissulega felist ákveðin tímamót í því að eiga stórafmæli segist Vilhjálmur aldrei hafa verið einn af þeim sem leggist í sjálfskoðun á slíkum dögum. „Ég hef ekkert verið að velta þessu fyrir mér, hvorki þegar ég varð fertugur né fimmtugur. Ég er við góða heilsu, sem er aðalmálið fyrir alla einstaklinga ásamt þeim viðfangsefnum sem maður tekst á við hverju sinni. Mér finnst gaman að vera til og takast á við ný viðfangsefni í vinnunni þar sem engin tveir dagar eru eins.“



†

*Eiginmaður minn,*

**Haukur Eggertsson**

útvarpsvirkjameistari og fyrrverandi forstjóri Plastprents hf., Barmahlíð 54 Reykjavík,

er látinn.

**Lára Böðvarsdóttir**

†

*Minningarathöfn um eiginmann minn og bróður okkar,*

**Sr. Sighvat Birgi Emilsson**

sem lést í Noregi þann 1. október 2005, verður í Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 27. apríl nk. kl. 15.00. Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð.

**Anna Einarsdóttir, Vilborg Emilsdóttir, Jón Emilsson, Sigurður Emilsson, Guðrún Emilsdóttir.**



†

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Helga Jóhannessonar**

fyrrv. aðalgjaldkera, Hægargarði 29.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar fyrir frábæra umönnun.

**Þóra Þorleifsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Halldóra M. Helgadóttir** | **Þorbergur Atlason** |
| **Hörður Ó. Helgason** | **Sigrún Sigurðardóttir** |
| **Helgi Þór Þorbergsson** | **Marcia Abreu** |
| **Þórhildur Þorbergsdóttir** | **Hallgrímur Sæmundsson** |
| **Sigurður Már Harðarson** | **Orri Harðarson** |

**Hekla , Þór , Maríus Máni.**


LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is





Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110,
893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990




†

*Kær frændi okkar og vinur,*

**Guðlaugur Guðmundsson**

Hringbraut 50, áður Baldursgötu 17,

lést 22. apríl síðastliðinn.

| | |
|---|---|
| **Erla Strand** | **Einar Strand** |
| **Ása Sólveig Þorsteinsdóttir** | |
| **Soffía H. Bjarnleifsdóttir** | **Snorri S. Konráðsson** |
| **Bjarnleifur Á. Bjarnleifsson** | **Lilja Gunnarsdóttir** |
| **Ólafía Kr. Bjarnleifsdóttir** | **Magnús L. Sigurðsson** |

**og fjölskyldur.**

## ANDLÁT

**Bjarnfríður Símonsen** frá Þingeyri lést á Sjúkrahúsi Ísafjarðar laugardaginn 22. apríl.

**Guðlaugur Guðmundsson**, Hringbraut 50, áður Baldursgötu 17, lést laugardaginn 22. apríl.

**Hannes Helgason**, Asparfelli 8, lést á Landspítala Fossvogi aðfaranótt sunnudagsins 23. apríl.

**Haukur Eggertsson**, útvarpsvirkjameistari og fyrrverandi forstjóri Plastprents hf., Barmahlíð 54, Reykjavík, er látinn.

**Helga Jónsdóttir**, Hrafnistu, áður til heimilis í Grundargerði 2, lést sunnudaginn 23. apríl.

**Margrét Sigríður Blöndal** geðhjúkrunarfræðingur lést á heimili sínu á pálmasunnudag, 9. apríl. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Oddur Sigurðsson** frá Kolviðarnesi, Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi, lést á Sjúkrahúsi Akraness sunnudaginn 23. apríl.

**Skúli Gíslason**, Frostafold 119, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 21. apríl.

## AFMÆLI



**Eggert Haukdal** fyrrverandi alþingismaður er 73 ára.



**Þóra Friðriksdóttir** leikkona er 73 ára.



**Ríkarður Daðason** knattspyrnumaður er 34 ára.



# Afmæli

## *Haraldur Guðmundsson*

*skipstjóri og útgerðarmaður frá Ólafsvík verður 80 ára þann 28. apríl nk. Af því tilefni tekur hann á móti gestum á afmælisdaginn frá kl. 18:00 til 21:00 í Akogessalnum, Sóltúni 3 í Reykjavík. Afmælisgjafir eru vinsamlegast afþakkaðar en tekið verður á móti framlögum sem verða svo færð björgunarsveitinni Sæbjörgu í Ólafsvík.*


515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE
44 DAGAR Í HM
FIFA WORLD CUP GERMANY 2006
HVERJIR KOMAST Í
ÚRSLIT
Í MEISTARADEILDINNI?
UEFA CHAMPIONS LEAGUE
BARCELONA
AC MILAN
Í KVÖLD
KL. 18:30
Guðni Bergs og Heimir Karls
hita upp fyrir leikinn kl. 18:00
Í KVÖLD
18:30
Barcelona - AC Milan
Á MORGUN
18:55
Evrópukeppni félagsliða
Middlesbrough - Steaua Búkarest
21:00
Sænsku nördarnir
Á SUNNUDAG
Meistaradeildin í handbolta
Ciudad Real - Portland
sýn
besta sætið






Loftpúði í hæl

ALL-TRAC

Hámarksgrip og ending

**Air Takao III**

Létt, sterk og þægileg leður yfirbygging.
Mjúkurog léttur Phylon millisóli með
stuðnings/jafnvægisplötu

**St. 41-47.5 leiðb. verð kr. 7.990.-**

Útilíf / Sportver / Toppmenn / K-sport / Fjölsport / Veiðiflugan
SÚN búðin / Blómsturvellir / Brúarsport / Skógar / Íþróttabúðin



Loftpúði í hæl

ALL-TRAC

Hámarksgrip og ending

TRAILFRAME

Stöðugleikagrind

**Air Deschutz CVT**

Sterkur og léttur.
Mjúkur og léttur Phylon millisóli

**St. 41-47.5 leiðb. verð kr. 7.490.-**

Útilíf / Sportver / Toppmenn / K-sport / Fjölsport / Veiðiflugan
SÚN búðin / Blómsturvellir / Brúarsport / Skógar / Íþróttabúðin



Loftpúði í hæl

ALL-TRAC

Hámarksgrip og ending

TRAILFRAME

Stöðugleikagrind

WOMEN'S

**Air Deschutz CVT**

Sterkur og léttur.
Mjúkur og léttur Phylon millisóli

**St. 37-42 leiðb. verð kr. 7.490.-**

Útilíf / Sportver / Toppmenn / K-sport / Fjölsport / Veiðiflugan
SÚN búðin / Blómsturvellir / Brúarsport / Skógar / Íþróttabúðin


# STUÐ MILLI STRÍÐA Framhjartað slær á ný

**STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON** LOFSAMAR SITT LIÐ Í HANDBOLTANUM.



Satt best að segja var ég búinn að sitja fyrir framan tölvuna í langan tíma að hugsa um hvað ég ætti að skrifa í þennan blessaða dálk. Ég ætlaði því að synda með meginstraumnum og skrifa innantómar hugleiðingar um hvað ég væri í miklum erfiðleikum með að skrifa þennan pistil. Klassísk redding. Svo fékk ég hugljómun; Framarar geta víst tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í handbolta næsta laugardag. Jess, ég gat því átt inni skrifin um ekkert (samt er ég nú þegar búinn að eyða heilmiklu plássi í að skrifa um ekkert. Reyndar held ég að margir vilji frekar lesa eitthvað þvaður í mér um ekki neitt en lofsöng um góðan árangur Fram í handbolta).

Ég bjó nefnilega í Álftamýrinni fyrstu ár lífs míns og því ber ég miklar tilfinningar til hverfisins. Lít reyndar mest á mig sem Grafarvogsbúa enda bjó ég í Grafarvoginum, stundum nefndur The Grave-Yard af heimamönnum, í rúm fimmtán ár. Ég tel mig þó vera Frammara í húð og hár þegar kemur að handboltanum enda æfði ég með liðinu um langt skeið við reyndar misgóðan árangur.

Nokkuð langt er samt síðan ég hætti að iðka handbolta og þess vegna hef ég ekki beint verið fastagestur í Safamýrinni. Þegar ég síðan sá að liðinu var farið að vegna vel í deildinni þá allt í einu fann ég að hið hálfkulnaða Framhjarta var aftur byrjað að slá. Ég leyfi mér líka að efast um að ég sé eitthvert einsdæmi. Býst þess vegna við mörgum gömlum Frömmurum á úrslitaleikinn á laugardaginn. Gamlir Frammarar sem eru nýbúnir að taka út úr skápnum hálfmyglaðan búning sem er allt of lítill á þá þar sem þeir hafa ekki klæðst honum frá því að Fram varð Íslandsmeistari í fótbolta 1990. Ég hvet því alla núverandi og fyrrverandi Frammara að mæta í Safamýrina á laugardaginn og jafnvel sjáum við bikar fara á loft.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Överli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

# Hundar geta loks fengið sér síma

Hundaeigendur geta fljótlega keypt farsíma handa hundunum sínum og þar með losnað við allar þær áhyggjur sem fylgja því þegar hundurinn hleypur út í buskann þegar verið er að viðra hann. Farsími þessi kallast PetsCell og er í formi hálsólar sem þolir bæði högg og vatn. Farsíminn virkar þannig að hundaeigandinn getur kallað í hundinn hverfi hann úr sjónmáli og heyrir hundurinn kallið í gegnum hátalara. Farsíminn er einnig með innbyggt GPS-tæki sem gerir það að verkum að auðvelt er að finna hundinn stingi hann af. Á hundafarsímanum er einnig að finna takka sem kallast „call owner“ og þannig getur sá sem finnur hundinn hringt beint í eigandann en hver veit nema einhverjir geti þjálfað hundana sína upp í það að hringja sjálfir heim séu þeir villtir. PetsCell-hundafarsíminn er væntanlegur á markað í byrjun næsta árs og segja framleiðendurnir að hann geti jafnvel nýst börnum vel. Nánari upplýsingar um þetta undratæki má fá á heimasíðunni www.globalpetfinder.com. - snæ

**HUNDAFARSÍMI** Fljótlega geta hundaeigendur hringt í hundana sína ef þeir týnast með sérstakri hundahálsól sem er í raun farsími með GPS-tæki. Þetta undratæki kemur á markað í byrjun næsta árs.



# Cruise slakar hvergi á

Leikarinn Tom Cruise slær hvergi slöku við þrátt fyrir að vera nýbúinn að eignast barn. Lengi vel var útlit fyrir að leikarinn gæti ekki sinnt kynningarstarfi fyrir Mission Impossible 3 af heilum hug vegna komu dótturinnar Suri í heiminn en unnusta leikarans, Katie Holmes, hvatti hann til dáða að sögn Cruise. Leikarinn verður því viðstaddur frumsýningu myndarinnar í bæði London og París en hann ætlaði að fljúga beint heim frá Róm að lokinni sýningunni hjá Ítölum.

Fréttavefur BBC hefur eftir leikaranum að hjónaleysin hafi rætt þetta og Holmes hafi þrýst á að hann færi og sinnti sínu starfi. „Aðdáendur mínir verða á staðnum og þetta verður mjög skemmtilegt,“ hefur vefurinn eftir Cruise, sem upplýsti einnig hvernig fyrstu dagarnir hjá nýbökuðum foreldrum hefðu verið. „Við erum teymi. Hún hefur Suri á brjósti og ég sé um að láta hana ropa og skipti um bleyjurnar,“ sagði Cruise.



**TOM CRUISE** Dvelur ekki lengi hjá nýfæddu barni heldur verður viðstaddur frumsýningu myndar sinnar, M:i III.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Aðþrengdu eiginkonurnar eru orðnar ansi góðar með sig ef marka má orð leikkonunnar **Evu Longoria**. Þokkagyðjurnar mættu í spjallþátt Opruh Winfrey og gengu áhorfendur gjörsamlega af göflunum enda þátturinn meðal þeirra vinsælustu í heiminum um þessar mundir. Longoria sagði að hún hefði aldrei upplifað aðra eins múgæsingu. „Mér leið eins og við værum Bítlarnir,“ lét Longoria hafa eftir sér.



**Pierce Brosnan** langaði aldrei að leika James Bond þegar hann var lítill strákur en fyrsta myndin sem Írinn sá í bíó var einmitt Goldfinger þar sem Sean Connery var í hlutverki leyniþjónustumannsins. Brosnan fór ásamt foreldrum sínum til London og mundi helst eftir nöktu stúlkunni í rúminu og Oddjob sem myrti óvini sína með hárbeittum hatti. „Mig langaði aldrei til að vera Bond. Oddjob var hins vegar mjög forvitnilegur náungi.“



Samband **Britney Spears** og **Kevin Federline** er enn og aftur komið í sviðsljósið en gestir Caesar's Palace hótelsins í Las Vegas sáu poppdívuna hlaupa grátandi upp á herbergi vegna rifrildis þeirra hjóna. Samkvæmt heimildum breska blaðsins Mirror var ástæðan sú að Federline vildi ekki að nærvera Spears skyggði á sig.



**Hugh Grant** segist hafa snúið aftur á hvíta tjaldið vegna þess að honum leiddist. Rúmt ár er síðan breski leikarinn tilkynnti að hann langaði ekki lengur að gera kvikmyndir og ætlaði í frí. Hann hefur síðan þá einbeitt sér að golfinu og náð miklum framförum á hinum græna velli. Næsta kvikmynd Grants ber heitið American Dreamz og skartar Mandy Moore við hlið Grants. „Ég missti allt í einu áhugann á kvikmyndum,“ sagði Grant við IOL.com. „Svo fór mér leiðast og ákvað því að fara aftur að vinna.“




B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is
Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


**!** **Kl. 12.05**

*Fransk-kanadíski rithöfundurinn Lise Tremblay heldur fyrirlestur hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur um samtímabókmenntir í Québec og strauma og stefnur í þarlendum bókmenntum. Fyrirlesturinn verður fluttur á frönsku en hann verður þýddur jafnóðum á íslensku. Umræður fara fram á ensku. Fyrirlesturinn fer fram í Odda, stofu 201.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Frumflutningur og fræðsla

Gestum Salarins í Kópavogi gefst tækifæri í kvöld að fræðast um íslensk ættjarðarlög, auk þess að heyra glænýjar tónsmíðar og kynnast viðhorfum barna til tónlistarkennslu. Dagskráin er liður í útskriftartónleikaröð Listaháskóla Íslands en þar munu þrír útskriftarnemar kynna verk sín. Þorbjörg Daphne Hall greinir frá rannsókn sinni á íslenskum ættjarðarlögum og ljóðum frá árunum 1870-1930 og Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir, sem rannsakað hefur viðhorf ellefu ára grunnskólanemenda til tónmenntakennslu, segir frá niðurstöðum rannsóknar sem gerð var á höfuðborgarsvæðinu. Þrettán manna hljómsveit mun frumflytja tónsmíð Hallvarðar Ásgeirssonar, Vítisvélar, þar sem áhrifa gætir víða að en í verkinu leitar Hallvarður meðal annars í djass, búlgarska kórtónlist og afró-kúbversk trommumynstur. Dagskráin í Salnum hefst kl. 20.00 og er aðgangur ókeypis.

- khh



**ÞORBJÖRG DAPHNE HALL, HALLVARÐUR ÁSGEIRSSON OG AÐALHEIÐUR MARGRÉT GUNNARSDÓTTIR** Fræðandi og spennandi tónlistardagskrá í Salnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

### > Ekki missa af…

Húnvetnskri djasshátíð um helgina, landsfrægir djassleikarar heimsækja Hvammstanga og lífga upp á bæjarbraginn.

Sýningu Steingríms Eyfjörð í 101 gallerí við Hverfisgötu. Sýningin ber heitið „bein í skriðu“.

Tónleikum Vox academica í Langholtskirkju á laugardaginn, kórinn flytur Requiem Mozarts ásamt einsöngvurum og Camerate Jóns Leifs.

# Stuð í stórri sveit

Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Tjarnarsal Ráðhúsins í Reykjavík í kvöld ásamt djassdívunni Kristjönu Stefánsdóttir en sænski útsetjarinn og tónskáldið Daniel Nolgard stýrir sveitinni að þessu sinni.

Kristjana hefur troðið reglulega upp með Stórsveitinni undanfarin ár en nú mun hún syngja útsetningar Nolgards á þekktum djassstandördum og nokkur lög úr smiðju Burts Bacharach. „Þetta eru alveg frábærar útsetningar, mest hefðbundinn djass en alvöru djúsí og flottar útsetningar fyrir söngvara,“ segir Kristjana, sem mun flytja bæði kunnugleg lög eins og „What the World Needs Now“ og „A Beautiful Friendship“ og önnur minna þekkt lög úr ýmsum áttum.

Í Stórsveit Reykjavíkur eru margir af fremstu djasslistamönnum þjóðarinnar en hún hefur starfað ötullega allt frá stofnun árið 1992. Stórsveitin mun flytja tónsmíðar Nolgards, meðal annars verk sem hann skrifaði sérstaklega fyrir sveitina.

Nolgard hefur starfað með öllum helstu stórsveitum Svíþjóðar, ýmist sem stjórnandi, útsetjari eða píanóleikari og er íslenskum djassaðdáendum að góðu kunnur enda hefur hann starfað með Stórsveit Reykjavíkur um árabil. Hann er einnig þekktur sem djasspíanóleikari með hljómsveitum trompetleikarans Lasse Lindgren en hann kennir líka við Ingesunds Musikhögskola og hefur skrifað rómaða kennslubók í djasspíanóleik.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.30. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill á meðan húsrúm leyfir.

-khh



**JAZZSTANDRADAR OG TÓNSMÍÐAR NOLGARDS Í TJARNARSALNUM Í KVÖLD** Stórsveit Reykjavíkur leikur með sænsku liðsinni.







**DAVÍÐ ÓLAFSSON SÖNGVARI BÝÐUR UPP Í DANS** Stórskotalið íslenskra óperusöngvara, strengja- og stórsveit á alvöru síðkjólaballi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

# Slaufur og síðkjólar

**Nú er kominn tími til að pússa dansskóna og setja sparifötin í hreinsun því á sunnudagskvöldið verður efnt til stórdansleiks í Íslensku óperunni. Þar verður haldið óperuball að erlendum sið.**

Davíð Ólafsson bassasöngvari kynntist þessum glamúrkvöldum þegar hann var við nám í Austurríki en þar eru óperuböllin toppurinn á samkvæmislífi hvers árs. „Þetta er risaviðburður, fólk kemur alls staðar að úr heiminum til að taka þátt, það eru alltaf einhverjir skandalar í kringum þetta eða menn reyna að búa til skandala,“ segir Davíð sposkur en þetta er í fyrsta skipti sem viðlíka dansleikur er skipulagður hérlendis. „Þessir dansleikir eru haldnir í risastórum sölum, okkar ópera er örlítið minni en við ætlum að gera það sama. Íslenskir söngvarar bjóða almenningi að skemmta sér með þeim og þekktustu söngvarar landsins munu koma fram á glæsilegum tónleikum.“ Húsið verður opnað kl. 20 með fordrykk en tónleikarnir hefjast klukkutíma síðar. Heiðursgestur kvöldsins verður Garðar Cortes eldri en meðal söngvara sem troða upp eru Diddú, Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Gunnar Guðbjörnsson, Nanna María Cortes, Hulda Björk Garðarsdóttir og Davíð sjálfur.

„Svo kemur Hjörleifur Valsson með Stradivarius-fiðluna og háir einvígi við eina söngkonuna - við sjáum hvernig það fer,“ segir Davíð. Fiðlan ku vera vel tryggð en ekki er víst með söngkonuna.

Eftir tónleikana leikur strengjasveitin Sardas, skipuð meðlimum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands, fyrir dansi fram eftir kvöldi. „Þá verður sviði Óperunnar líka breytt í dansgólf en af og til munu söngvarar stíga á stokk og það verður eitthvað meira sprell í gangi,“ útskýrir Davíð. Búið er að útbúa danskort svo allt fer fram eftir kúnstarinnar reglum en að sjálfsögðu verður líka dömufrí. „Það verða dansaðir valsar og polkar og rælar, jafnvel skottís líka.“

Nær miðnætti kemur Léttsveit Suðurnesja ásamt söngvararnum Jóni Marinó og leiðir gestina inn í nóttina með big band-sveiflu, tónar Glenns Miller og Herbie Hancock munu óma um öll salarkynni og kompur Óperunnar. Húsið allt verður opið og undirlagt fyrir dansiballið. „Það verður opið niður í kjallara og upp á loft, búningsherbergin líka“ segir Davíð, alveg óhræddur við að fólk tapi sér í gleðinni. „Fólk á að tapa sér - bara ekki í ógleðinni, það er verra“.

„Við hendum engum út þó hann sé með hálsbindi en þetta verða slaufur og kjólar,“ segir Davíð svo það er betra að fara að grafa eftir galakjólnum og dusta smókinginn. „Gamlir brúðarkjólar henta líka vel,“ segir Davíð en ekki gallabuxurnar, nema það séu galabuxur.

Miðar á Söngvaraballið fást í miðasölu Íslensku óperunnar.

kristrun@frettabladid.is

ICELANDAIR NFS

**FIMMTUDAGUR 27. APRÍL, 20:00**

# Mezzoforte
# Ife Tolentino (BRA)

**FÖSTUDAGUR 28. APRÍL, 20:00**

**Soul Jazz Records** present:

# 100% Dynamite (UK)
# Flís & Bogomil Font
# Petter Winnberg (SE)

*Vorblót* er ný tónlistarhátíð.
Þar finnur þú jazz, funk, heimstónlist og óuppgvötaðar leiðir.

www.riteofspring.is

## *27.-30. apríl*

Á NASA við Austurvöll.

Miðaverð á hverja tónleika er 2.900 kr (auk 225 kr miðagjalds)

Miði á alla hátíðina kostar 5.900 kr (auk 400 kr miðagjalds).

Miðasala í verslunum Skífunar, BT Akureyri & Egilstöðum og á www.Midi.is.

hr★örlygur

Vorblót
RITE OF SPRING

**LAUGARDAGUR 29.APRÍL, 20:00**

# KAL (SER)
# Stórsveit Nix Noltes

**SUNNUDAGUR 30. APRÍL, 20:00**

# Salsa Celtica (UK)
# Blue Truck

JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is




ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ **Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!**

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
Fim. 27/4, fös. 28/4 nokkur sæti laus, lau. 29/4 nokkur sæti laus, fim. 4/5 nokkur sæti laus, fös. 5/5 nokkur sæti laus, lau. 6/5, fös. 12/5 nokkur sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 örfá sæti laus.
**Aðeins þessar 3 sýningar eftir.**

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Í kvöld mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 örfá sæti laus, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**, fös. 5/5 **uppselt**, lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**, lau. 13/5 **uppselt**.
**Ósóttar pantanir seldar daglega. Sala hafin á sýningar í september.**
Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

LITLA SVIÐIÐ
NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR
**Frumsýning fim. 4/5 kl. 18:00 uppsel**t, fös. 5/5 kl. 15:00, lau. 6/5 kl. 13:00 og kl. 15:00, sun. 7/5 kl. 13:00 og 15:00.
**Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Jassklúbburinn Múlinn - Patagonia.** Mið. 26/4 kl. 21:00.
**Hugleikur - Þetta mánaðarlega.** Fim. 27/4 og sun. 30/4 kl. 21:00.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14
Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14
Su 28/5 kl. 14 SÍÐASTA SÝNING Í VOR
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 AUKAS.
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS Su 21/5 kl. 20 UPPS
Fi 25/5 kl. 20 AUKAS Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20 UPPS
Fi 1/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 20
Fö 2/6 kl. 22:30 AUKASÝNING

VILTU FINNA MILLJÓN?
Forsýningar miðaverð 1.500 kr.
Fö 12/5 kl. 20 Lau 13/5 kl. 20
Má 15/5 kl. 20 Þri 16/5 kl. 20
Mi 17/5 kl. 20
Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20

MIKE ATTACK
Einleikur Kristjáns Ingimarssonar
Su 30/4 kl. 14 Su 7/5 KL. 14
Su 14/5 kl. 14 MIÐAVERÐ 1.900 kr.

TYPPATAL
Su 30/4 kl. 20 Fö 5/5 KL. 20
MIÐAVERÐ 2.500 Kr

BELGÍSKA KONGÓ
Lau 29/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20
Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20
Fi 18/5 kl. 20 Mi 24/5 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fi 27/4 kl. 20 AUKASÝNING
Su 30/4 kl 20 AUKASÝNING
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR
Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

NAGLINN
Fö 28/4 kl. 20 Fö 19/5 kl. 20
Su 21/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Fö 28/4 kl. 20 Fö 5/5 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR

TENÓRINN
Su 30/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20
Fi 18/5 kl. 20 Lau 27/5 kl. 20

HLÁTURHÁTIÐ
Opnunarhátíð fö 28/4 kl. 16-18
Grín til góðs! Til styrktar Umhyggju, félagi langveikra barna.
MIÐAVERÐ 1.000 kr.
Fi 4/5 kl. 22:30 UPPISTAND
Fi 11/5 kl. 22:30 PÍKUSÖGUR OG PÖRUPILTAR
Fi 18/5 kl. 22:30 LEiKTU FYRIR MIG
Fi 25/5 kl. 22:30 BANANABIKARINN
Su 28/5 kl. 20:00 HLÁTURNÁMSKEIÐ
MIÐAVERÐ 1.000 kr.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



**ÓVENJULEG TÓNLISTARDAGSKRÁ Á AKRANESI** Þjóðlagasveit Tónlistarskólans á Akranesi flytur „Húsið - milli tveggja heima“.

# Skagastúlkur syngja og spila

Við Tónlistarskólann á Akranesi er starfrækt fremur óvenjuleg hljómsveit sem á undanförnum árum hefur fengið heilmikla athygli hér heima og erlendis fyrir nýstárlegan tónlistarflutning. Þjóðlagasveitin er skipuð sautján stúlkum á aldrinum 12-19 ára sem allar hafa stundað klassískt fiðlunám en á tónleikum eða sýningum sínum blandar sveitin saman ljóðum, textum og tónlist.

„Þetta er svolítið óvenjulegt þróunarverkefni sem ég fór með í gang fyrir nokkrum árum til að brjóta upp hefðbundið tónlistarkennsluform,“ segir Skúli Ragnar Skúlason, stjórnandi Þjóðlagasveitarinnar. Stúlkurnar leika saman á fiðlur þjóðlög frá ýmsum löndum en þær syngja einnig og koma fram í talkór enda hafa þær einnig lært þá list að flytja texta. „Framsögnin glæðir ljóðin lífi svo þau eru flutt en ekki lesin,“ útskýrir Skúli Ragnar.

„Þetta er sýning sem ég setti saman úr ljóðum, lögum og textum héðan og þaðan en úr þeim er síðan gert eitt heilsteypt verk. Þetta er ekki hefðbundin tónleikaefnisskrá heldur er ramminn meira eins og leikhúsverk en tónlistin er í aðalhlutverki,“ segir hann. Sýning, sem ber heitið „Húsið - milli tveggja heima“ er sú fjórða sem sveitin flytur en hún hverfist um tvo heima, hinn veraldlega og hinn andlega, en Skúli Ragnar útskýrir að verkið fjalli líka um tilhneigingu fólks til að setja hvert annað í ákveðin hólf og togstreitu frelsis og fjötra.

Tvennir tónleikar verða haldnir í Bíóhöllinni á Akranesi, þeir fyrri í kvöld kl. 20.30 en aðrir á sama tíma annað kvöld.

- khh

BUXUR
ANAS
Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði
565 7100




VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur
Fimmtud. 27. apríl kl. 20.00

Edward Bond Leiksmiðja
Breska leikskáldið Edward Bond stýrir leiksmiðju og flytur fyrirlestur í Hafnarfjarðarleikhúsinu laugardaginn 28. apríl frá kl. 10 - 17.

*Áhugasamir velkomnir*

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL
23 24 25 **26** 27 28 29
**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

20.00 **Þorbjörg Daphne Hall, Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir** og **Hallvarður Ásgeirsson** halda útskriftardagskrá í **Salnum** í **Kópavogi** en þau útskrifast öll frá tónlistardeild **Listaháskóla Íslands**.

20.00 **Karlakórinn Þrestir** heldur tónleika í **Hafnarborg í Hafnarfirði**. Söngskráin er fjölbreytt, verk úr ýmsum áttum sem fyrst og fremst eru ljúflingslög úr íslenskri náttúru. Einsöngvari er **Óskar Pétursson**.

20.00 Hljómsveitin **U Project** spilar tónlist til heiðurs **U2** í **Sjallanum** á **Akureyri**.

20.30 **Stórsveit Reykjavíkur** heldur tónleika ásamt **Kristjönu Stefánsdóttur** í Ráðhúsi Reykjavíkur. Stjórnandi er **Daniel Nolgard** en leiknar verða útsetningar hans og tónsmíðar. Allir velkomnir.

21.00 **Jazzkvartettinn Patagonia** spilar á **Jazzkvöldi Múlans** í **Þjóðleikhúskjallaranum**. Leikin verður latín-tónlist, standardar og bebop ásamt frumsaminni tónlist meðlimanna.

### OPNANIR

17.00 Ljósmyndasýning **Hjörleifs Guttormssonar** náttúrufræðings verður opnuð í **Öskju**. Allir velkomnir.

### FYRIRLESTRAR

12.05 Fransk-kanadíski rithöfundurinn **Lise Tremblay** heldur fyrirlestur um kanadískar samtímabókmenntir í **Québec**. Fyrirlesturinn er fluttur á vegum **Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur** og fer fram í stofu 201 í **Odda**.

### SÝNINGAR

13.00 **Soffía Sæmundsdóttir** myndlistarmaður sýnir ný verk unnin á tré, striga og pappír í **Ketilhúsinu** í **Listagilinu** á **Akureyri**. Sýningin er opin alla daga nema mánudaga milli 13 og 17.

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING - Örfá sæti laus
SUN. 14. MAÍ KL. 19 - Nokkur sæti laus
LAU. 20. MAÍ KL.19 - Nokkur sæti laus
LAU. 20. MAÍ KL. 22 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - Nokkur sæti laus
LAU. 27. MAÍ KL. 22 - Aukasýning
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - Laus sæti
*Frábær sýning sem hefur slegið algjörlega í gegn.*
*Sýnd í Óperunni í maí og júní.*
*Miðasala hafin*
SÖNGVARABALL ÍSLANDS
Söngvarar, söngáhugafólk, vinir, vandamenn og velunnarar sönglistar - allir velkomnir
**Sun. 30. apríl kl. 20 - Miðaverð kr. 2.500**
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN





SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR
> SKRIFAR UM LEIKLIST

# Leikhús brúðunnar

Brúðuleikhús hafa verið fremur lítils metið leikhúsform á Íslandi. Þau hafa að mestu verið rekin í bílskúr, upp úr svuntu og afturenda á bíl, fyrir utan svo fáar sýningar í kjallaranum á Fríkirkjuvegi 11 og í Möguleikhúsinu að þær verða taldar á fingrum annarrar handar. Flest þau leikhús sem byggja á brúðum hafa barist í bökkum og aðeins getað sett upp sýningar þegar örlitlir styrkir fást til þess – og þá oftast þurft að sníða sér mjög svo þröngan stakk eftir vexti og einbeita sér að sýningum fyrir börn. Enda höldum við að brúðuleikhús sé „bara“ fyrir börn.

Brúðuleikhúsk á sér hins vegar afar langa hefð víða um heim og þau lönd sem við í dag flokkum sem fyrrum austantjaldslönd hafa viðhaldið henni af glæsibrag. Frægustu brúðuleikhúsin í Prag setja upp heilu óperurnar og í Búdapest er hið stórkostlega BÁB, eða Budapest Bábszinhás, rekið, svo eitthvað sé nefnt. BÁB er leikhús sem tekur yfir sex hundruð manns í sæti og sviðið er stærra en leiksvið Þjóðleikhússins okkar. Vinsældir leikhússins eru slíkar að það er alltaf uppselt á sýningar þess og mjög erfitt að fá miða. Í forsal leikhússins hefur brúðum úr fyrri sýningum verið komið fyrir í kössum og við hvern kassa er kynning á listamönnunum á bak við sýninguna. Fólk á öllum aldri gengur um og rifjar upp þessar sýningar, mætir snemma til þess að skoða listaverkin (flest útskornar strengjabrúður) í forsalnum áður en sýningin hefst. Brúðurnar eru sumar úr þekktum ævintýrum, klassískum leikritum og óperum, að ótöldum öllum þeim sýningum sem hafa verið hannaðar og samdar sérstaklega fyrir leikhúsið.

### Upphafsmaðurinn

Á Íslandi er til svipað safn að burðum af handskornum strengjabrúðum. Þær brúður eru afraksturinn af ævistarfi Jóns E. Guðmundssonar, eða Brúðu-Jóns, sem fjármagnaði sína list með því að stunda kennslu alla ævi og rak fallega litla leikhúsið sitt í bílskúr við Flyðrugranda. En vegna þess hvað við þekkjum brúðuleikhúshefðina illa var einatt litið á listsköpun hans sem eitthvert föndur og það er síður en svo að hann sé nefndur þegar við teljum upp fremstu listamenn þjóðarinnar. Samt var hann brautryðjandi í brúðuleikhúsi á Íslandi og sístarfandi á meðan kraftar entust. Mér er til efs að margir utan fjölskyldu hans viti hvar safnið er niðurkomið. Það lýsir hróplegu hirðuleysi.

Brúðubíllinn stendur svo sannarlega fyrir sínu yfir sumarið, keyrandi á milli leikskóla til að kynna hið mikla ævintýri sem brúðuleikhús er fyrir yngstu börnunum – en þær eru líka margar eftirminnilegar sýningarnar sem aðrir brúðuleikhúslistamenn hafa sett upp. Þar eru allar sýningar Brúðu-Jóns. Aðrar sýningar sem koma upp í hugann eru Bannað að hlæja sem sýnd var á Fríkirkjuveginum, Músin Rúsína hjá Sögusvuntunni og Sólarsagan hjá Tíu fingrum.

### Samastaður til framtíðar

Brúðuleikhús er heillandi form og kjörið til að fjalla um allt milli himins og jarðar. Það er fyrirtaksvettvangur til að koma ævintýrum til skila (annað listform sem við höfum takmarkað álit á) og til að fjalla um viðkvæm málefni, jafnvel spyrja okkur sjálf út í okkar eigið gildismat. Auðvitað njóta börn sýninga í brúðuleikhúsi. Þau hafa flest svo óbrenglað gildismat að þau skilja ævintýrið. Við fullorðna fólkið erum hins vegar dálítið löskuð af misheppilegu áreiti um hvað skiptir máli og því er brúðuleikhúsið eitt af þeim leikhúsformum sem við ættum ekki að láta framhjá okkur fara – bara svona til að rétta okkur örlítið af og rifja upp hvað okkur fannst merkilegast við að vera manneskjur áður en ósköpin dundu yfir.

Kannski fengum við örlitla innsýn í hversu merkileg brúðan er í sýningu Þjóðleikhússins á Klaufum og kóngsdætrum, einhverri bestu barnaleiksýningu síðustu ára. Þar léku sér saman brúður og menn í leikmynd sem öðru fremur var sótt í brúðuleikhúshefðina, efniviðurinn í ævintýri H.C. Andersen. Þar sem brúðuleikhúshefðin er mjög ung hér er afar líklegt að allar brúður og sýningar sem hannaðar hafa verið séu enn til í bílskúrum, kjöllurum, háaloftum og geymslum þeirra brúðulistamanna sem hér hafa starfað. Það er örugglega kominn tími til að finna íslensku brúðuleikhúsi fastan samastað þar sem hægt er að reka leikhús allan ársins hring – og koma upp safni.

# Liðtækur ljósmyndari

Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur opnar ljósmyndasýningu í Öskju kl. 17 í dag en þar gefur að líta 28 litmyndir úr íslenskri náttúru. Myndasmiðurinn er ef til vill betur þekktur fyrir fræðastörf sín og stjórnmálaferil. Hann hefur þó fengist lengi við ljósmyndun og kveðst taka vélina með sér á öllum ferðalögum en elsta myndin á sýningunni er frá 1968.

„Þetta er orðið ansi mikið safn sem maður á en auðvitað misjafnt að gæðum eins og gengur,“ segir Hjörleifur og bendir á að honum hafi reynst töluvert erfitt að gera upp á milli myndanna og velja á sýninguna því honum þyki vænt um margar þeirra. Ljósmyndirnar hafa nýst Hjörleifi vel í gegnum tíðina en hann hefur meðal annars notað þær til kennslu og kynningar og birt þær í ýmiss konar ritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands. Fjölmargar myndir hans birtust einnig í bókinni Hallormsstaður í Skógum sem nýlega hlaut Menningarverðlaun DV.

Landvernd og Náttúrufræðahús Háskóla Íslands standa að sýningunni, sem er opin til 18. maí, og mun ágóði af sölu myndanna renna til Landverndar. - khh



**HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON** Ljósmyndasýning opnuð í Öskju. FRÉTTABLAÐIÐ/ TEITUR



**IGGY POP** Iggy og félagar í The Stooges halda tónleika í Höllinni 3. maí.

# Styttist í Iggy Pop

Hin goðsagnakenndi Iggy Pop og hljómsveitin The Stooges halda tónleika í Laugardalshöllinni miðvikudaginn 3. maí.

Iggy ætlar að nota tímann á Íslandi vel og skoða Þingvelli, Gullfoss og Geysi. Einnig hefur hann frétt af fegurð íslenska kvenfólksins og ætlar að kynnast henni nánar.

Miðasala á tónleikana, sem eru haldnir á vegum RR ehf., er í fullum gangi í Bókabúð Máls og Menningar í Reykjavík, Pennanum Eymundsson á Akureyri, Hljóðhúsinu á Selfossi, Hljómvali í Keflavík og Tónspili í Neskaupstað. Miðaverð er 5.900 krónur í stúku en 4.900 í stæði.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV



HAFIÐ
FISKIPRINSINN
-Þú getur alltaf treyst á prinsinn-
Hlíðasmári 8 • S:5547200 • www.hafid.is

Foreldrar grunnskólabarna í Reykjavík!
SAMFOK
Munið opinn fund með frambjóðendum til borgarstjórnarkosninga á Grand Hóteli Reykjavík miðvikudag 26. apríl kl. 20:00. Sjá nánar á www.samfok.is
SAMFOK

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

“Frábært verk, frábær sýning!”
TENÓRINN
í
BORGARLEIKHÚSINU
"Það er skemmst frá því að segja að Tenórinn er ein sú besta skemmtun í leik og söng sem gagnrýnandi minnist að hafa séð. (Guðmundur) er óborganlega fyndinn og syngur hreint dásamlega."
Bergþóra Jónsdóttir Mbl.
"Tenórinn (…) er rós í hnappagat höfundar, leikstjóra og flytjenda."
Þorgeir Tryggvason Mbl.
"… reglulega ánægjulegt að fá að sjá þennan reynda og þrautþjálfaða leikara njóta sín svo vel sem raun ber vitni …"
Halla Sverrisdóttir DV.
"Frábært verk, frábær sýning! Besta íslenska sýningin sem ég hef séð í mörg ár. Frábærlega skrifað verk."
Stefán Sturla Rás 2



Sýningar
Sun. 30. apríl kl. 20:00
Lau. 6. maí kl. 20:00
Fim. 18. maí kl. 20:00
Lau. 27. maí kl. 20:00
Allra síðustu sýningar í Reykjavík!
Miðasala í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is

fjörið … **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Silvía gefur út ljóðbók á ensku

Silvía Nótt, eða Silvia Night eins og hún kýs að kalla sig þessa dagana, hamrar járnið á meðan það er heitt. Á laugardaginn kemur hennar fyrsta ljóðabók út en í ljós útrásar sjónvarpsdívunnar er kveðskapurinn á ensku. Silvia sló í gegn í Japan fyrir ekki alls löngu og því ljóst að henni er flest til lista lagt.

Bókin ber heitið Teardrops of Wisdom eða Viskutár og er tæpar hundrað blaðsíður. Þeir sem vilja hlýða á lestur Silvíu geta lagt leið sína í húsnæði B&L á laugardaginn en þar mun hún meðal annars árita tuttugu eintök sem verða dregin út.

Eurovision-fari okkar Íslendinga sagðist vera í Róm að slappa af ásamt kærastanum sínum þegar Fréttablaðið náði tali af henni. Hún vildi síst af öllu tala á íslensku heldur kvaðst eingöngu tjá sig á ensku og bað blaðamann vinsamlegast um að gera slíkt hið sama.



**SILVÍA NÓTT** Gefur út ljóðabókina Teardrops of Wisdom en hana prýðir fjöldinn allur af „flottum ljósmyndum“ svo notuð séu hennar eigin orð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Bókin er með fullt af flottum myndum og ljóðin fjalla um lífið og allt sem það hefur uppá að bjóða,“ útskýrir Silvía. „Um ástina og sorgina,“ bætir hún við og segir ljóðin koma frá innstu hjartarótum.

Undirbúningur fyrir Eurovision-keppnina er í fullum gangi og segist Silvía vera búin að láta hanna fyrir sig 35 búninga sem allir komi til greina fyrir stóra kvöldið í Aþenu. „Þegar ég kem heim verða tuttugu valdir úr þeim hópi,“ útskýrir Silvía, sem spáð hefur verið góðu gengi í Grikklandi í maí. „Auðvitað, ég er Silvía Night International Superstar,“ segir hún kokhraust „Allir vilja kjósa mig,“ bætir Silvía við. **- fgg**



**EGILL IBSEN OG ELVA DÖGG ÁRNADÓTTIR** Eigendur Glamúrs opna nýja og glæsilega búð á Laugaveginum í dag.

# Enn meiri Glamúr

Fataverslunin Glamúr opnar nýja og stærri búð á Laugavegi 41 klukkan fimm í dag en búðin selur aðallega notuð föt frá sjötta og níunda áratugnum. „Það var alveg kominn tími til þess að stækka aðeins við okkur. Röðin í eina mátunarklefann okkar var alltaf ansi löng,“ segir Elva Dögg Árnadóttir en hún á verslunina ásamt eiginmanni sínum Agli Ibsen. „Búðin er við hliðina á hárgreiðslustofunni Soho og á móti Rossopomodoro. Þetta er á milli Frakkastígs og Klapparstígs og á besta stað.“

Að sögn Elvu hefur úrvalið í búðinni aukist til muna og í nýju búðinni verður einnig boðið upp á barnaföt. „Við erum komin með smávegis af barnafötum og munum selja þau í nýju búðinni. Þetta er algjörlega nýtt hjá okkur og það verður gaman að sjá hvernig þetta leggst í fólk. Búðin opnar klukkan fimm og þarna verður plötusnúður, rosa stuð og að sjálfsögðu eru allir velkomnir.“

# Ljóðrænn raunvísindanemi

„Ég er bara í skýjunum,“ segir Ásta Heiðrún Elísabet Pétursdóttir, Sigurskáldið í ljóðakeppni Eddu og Fréttablaðsins. Ásta bar sigurorð af Unni Andreu Einarsdóttur með nafnlausu ljóði sínu, þar sem hún yrkir meðal annars um þekkingu sína á unglingaþættinum OC á kostnað „alvarlegra skoðana“. Alls bárust á fjórða hundrað ljóð eftir um níutíu höfunda í keppnina, en sjálf sendi Ásta þrjú inn. „Ég átti alls ekki von á þessu,“ segir Ásta. „Ég bjóst ekki einu sinni við að komast í átta ljóða úrslit.“

Ásta er 22 ára gömul og leggur stund á eðlisfræði við Háskóla Íslands, en er að hugsa um að skipta yfir í efnafræði. Hún tekur undir að það falli ef til vill ekki að erkitýpu ungskáldsins, en lætur sér það í léttu rúmi liggja. „Ég hef ort frá því ég var krakki en tók mér dálítið hlé þangað til ég tók upp þráðinn aftur fyrir tveimur árum. Það var einhver innri löngun sem gerði að verkum að ég fór að skrifa aftur.“

Sigurinn í keppninni segir hún sjálfsagt til þess fallinn að hvetja hana til enn frekari dáða. „Það er alltaf hvatning að fá verðlaun og ég hef líka fengið góð viðbrögð frá fólki í kringum mig. Ég býst í öllu falli við að halda áfram að yrkja.“ Ljóðunum í Sigurskáldinu fylgdu gagnorðar greiningar dómnefndar á ljóðinu og segir Ásta að þær hafi verið nærri lagi.

Spurð hvort hana langi til að gefa verk sín út segist Ásta ekki hafa velt því mikið fyrir sér. „Ég hef ekki sóst eftir útgáfu hingað til, en maður veit svo sem aldrei hvað verður í framtíðinni.“

bergsteinn@frettabladid.is



**ÁSTA HEIÐRÚN ELÍSABET PÉTURSDÓTTIR**

## SIGURLJÓÐIÐ 2006

Það er eins og í sálinni
svamli óragrúi tilfinninga.
Straumþungt stórfljót
sem streymir í átt að ljóði.

Ekki bara hvaða ljóði sem er
heldur
innihaldsríku og djúpu.

En þar liggur vandinn
ég er bara stelpugopi.

Ég er hvorki ástfangin
né í ástarsorg.
Ég hef ekki skoðanir á varnarliði
eða vatnalögum.

Ég hef enga sérstaka innsýn
í mannlegt eðli.
Eða get skrifað á hnyttinn hátt
um hátterni fólks.

En ég veit að Marissa skaut Trey,
í óe ósí.
Og Rory Gilmore svaf hjá Dean,
þó hann væri giftur.

Bara.
Bara ef ég væri alvöru.
Alvarleg með skoðanir á hreinu.
Þá gæti ég kannski túlkað
þessar tilfinningar sem krauma
innra með mér.

## Álit dómnefndar:

**Kristján Bjarki Jónasson:**
Sannleikurinn um okkur öll, sagður á umbúðalausan og glæsilegan hátt. Flott ljóð.

**Ragnheiður Eiríksdóttir:**
Raunsæi ungra kvenna í dag, þar sem raunverulegasti hlutur lífs þeirra er bandarískur sjónvarpsþáttur. Þráin eftir frekari dýpt verður sjálf dýptin.

**Þórarinn Þórarinsson:**
Afskaplega „ljóðalegt“ ljóð sem fangar vel angistina sem fylgir því að vera hugsandi manneskja í neyslusamfélagi.




# Stórfjölskyldan teflir í Iðnó

Í dag hefst Iðnósyrpa Hróksins sem er röð fjögurra skákmóta sem verða haldin næstu fjóra miðvikudaga. Syrpan er fyrir börn og fullorðna, meistara og byrjendur, stráka og stelpur. Teflt verður í einum opnum flokki enda spyr skákin ekki um kyn, aldur eða litarhátt. „Yfirskrift syrpunnar er Gens una sumus - Við erum ein fjölskylda,“ segir Kristian Guttesen, liðsmaður Hróksins. „Þetta eru einkunnarorð FIDE, alþjóðaskáksambandsins, sem Hrókurinn hefur, í verki, gert að sínum.“

Kristian segir að Iðnósyrpunni sé ekki síst ætlað að auðga mannlífið í miðborg Reykjavíkur auk þess sem það sé sérstaklega gaman að tefla í Iðnó, „sem er einn skemmtilegasti samkomustaður bæjarins.“



**SKÁK FYRIR ALLA** Hrókurinn byrjar skáksyrpu í Iðnó í dag. Þar verður teflt undir kjörorði FIDE „Við erum ein fjölskylda“ og þar mætast allir í einum opnum flokki, ungir sem aldnir, meistarar og byrjendur.

Tefldar verða sex hraðskákir eftir Monrad-kerfi. Mótin hefjast stundvíslega klukkan 17.15 og er lokið í kringum 18.30. Teflt verður í veitingasalnum í Iðnó í dag, 3. maí, 10. maí og 17. maí. Sá eða sú sem fær flesta vinninga á þremur mótum hlýtur ferðavinning að verðmæti 25 þúsund krónur. Á hverju kvöldi fyrir sig verða bækur og geisladiskar í verðlaun. Hrókurinn hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum í Iðnó, sem hentar einstaklega vel til skákmóta. Nýverið fór þar fram afmælismót Jóhannesar í Bónus, en hann verður einmitt heiðursgestur fyrsta kvöldið.

event

# James Sewell Ballet

## AUSTURBÆ 5. MAÍ

**MIÐASALA HAFIN!**



„Balletthópurinn heillaði troðfullan salinn. Flutningurinn sannar að þetta eru listamenn sem fórna lífi sínu fyrir listina. Óviðjafnanlegt!“

**- The Winona Post, Winona**

„Einfaldlega besti og frumlegasti balletthópur Bandaríkjanna!“

**- R.E., Corning**

„Gefandi og dásamleg danssýning. Dansar Sewells eru stór-skemmtilegir bæði fyrir ballett-áhugamenn og almenna áhorfendur sem hlæja og gráta til skiptis.“

**- Sanibel-Captiva Shopper´s Guide**

„Ólík öllu sem hefur áður sést; nútíma dans sem er ævintýralegur, tilraunagjarn og ögrandi, en einnig léttur og fyndinn. Dansararnir eru þeir bestu í heiminum, algjörlega óttalausir með einstaka hugsjón.“

**- P.L, Music Hall**



**20% afsláttur í A svæði fyrir viðskiptavini í Gullvild Glitnis**

GLITNIR

**HVAÐ:** James Sewell Ballet **HVAR:** Austurbæ **HVENÆR:** Föstudaginn 5. maí kl. 20:00. Húsið opnar kl. 19:30
**SÖLUSTAÐIR:** Reykjavík: Í verslunum Skífunnar, Laugavegi, Kringlunni og Smáralind. Akureyri: Verslun BT. Selfossi: Verslun BT **MIÐAVERÐ:** 3.900 + miðagjald í A svæði, 2.900 + miðagjald í B svæði
**GULLVILDARTILBOÐ:** Viðskiptavinir í Gullvild Glitnis fá 20% afslátt í svæði A gegn framvísun greiðslukorts frá Glitni í verslunum Skífunnar og BT. Ekki er hægt að fá afsláttinn í gegnum Internet eða síma.

***ATH:*** *Aðgöngumiðar fást ekki endurgreiddir. Ölvun ógildir miðann. Hljóð- og myndupptökur óleyfilegar með öllu.*

MIÐASALA:
**midi.is**

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
**www.event.is**




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 og 6 |
| DATE MOVIE | kl. 4, 6 og 10 B.I. 14 ÁRA |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 | kl. 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| LUCKY NUMBER SLEVIN | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 5.30 |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 | kl. 6 og 8 M/ENSKU TALI |
| ÍSÖLD 2 | kl. 6 M/ÍSL. TALI |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað







**TAKE THAT** Ef Robbie Williams myndi slást í hópinn með sveitinni yrðu það mikil tíðindi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Snýr Robbie aftur?

Samkvæmt breska blaðinu The Sun mun Robbie Williams taka virkan þátt í hljómleikaferð strákasveitarinnar Take That í stað þess að birtast alltaf sem heilmynd á tónleikum sveitarinnar. Eins og greint hefur verið frá eru félagarnir komnir saman á ný eftir tíu ára hlé og hefur The Sun eftir Gary Barlow að Williams gæti vel hugsað sér að endurnýja kynnin við sveitina eftir vel heppnaðan sólóferil. „Við vorum smeykir um að áhorfendur yrðu svekktir ef Robbie birtist ekki eftir að heilmyndin hyrfi,“ sagði Barlow í samtali við blaðið en það voru einmitt deilur þeirra tveggja sem bundu enda á feril sveitarinnar. Samkvæmt The Sun hafa félagarnir samið nokkur ný lög og að þessu sinni er allt gert í sameiningu. „Áður fyrr samdi Barlow allt og hirti alla peningana. Nú gerum við þetta saman og skiptum gróðanum jafnt á milli,“ hefur The Sun eftir einum hljómsveitarmeðlima.

# John C. Reilly viðstaddur frumsýningu Altman-myndar

Leikarinn John C. Reilly er væntanlegur til Íslands á vegum Iceland Film Festival til að vera viðstaddur viðhafnarforsýningu nýjustu myndar sinnar, A Prairie Home Companion, hinn 14. maí í Háskólabíói.

Myndinni er leikstýrt af Robert Altman og í öðrum aðalhlutverkum eru stjörnur á borð við Meryl Streep, Woody Harrelson, Tommy Lee Jones, Kevin Kline og Robin Williams. Fjallar myndin um samnefndan útvarpsþátt, sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarin þrjátíu ár.

John C. Reilly er þekktur fyrir að hafa stolið senunni í hinum ýmsu hlutverkum í gegnum tíðina. Var hann tilnefndur til óskarsverðlauna fyrir aukahlutverk sitt í Chicago árið 2003. Einnig hefur hann leikið í stórmyndunum Boogie Nights, Magnolia og Gangs of New York.

„Þetta er mjög góður leikari. Hann er lunkinn við að velja virkilega góðar myndir til að leika í og það er borin mikil virðing fyrir því sem hann hefur gert,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Iceland Film Festival um John C. Reilly. „Það er virkilega gaman að fá hann til landsins.“

Reilly kemur hingað til lands ásamt eiginkonu sinni og munu þau dvelja hér í tæpa viku. Auk þess að mæta á frumsýninguna kemur hann fram í Þjóðleikhúsinu 16. maí þegar sérstök útgáfa af A Praire Home Companion-útvarpsþættinum verður tekin þar upp í tengslum við Listahátíð í Reykjavík. - fb



**JOHN C. REILLY** Reilly í hlutverki sínu í kvikmyndinni Chicago.






# Uppfærður viðbjóður

**[KVIKMYNDIR]**

**UMFJÖLLUN**

Hrollvekjuleikstjórinn Wes Craven hristi þokkalega upp í bíógestum árið 1977 með hinni subbulegu The Hills Have Eyes. Myndin var hræódýr og tekin upp í miðri eyðimörk á mettíma. Mynd Cravens var svo sem ekkert sérstaklega frumleg og minnti um margt á Texas Chain Saw Massacre sem Tobe Hooper gerði þremur árum áður. Groddalegt ofbeldið og jafn grafískar limlestingar og Craven bauð upp á töldust hins vegar til tíðinda í þá daga.

The Hills Have Eyes segir frá stórfjölskyldu sem verður fyrir grimmilegri árás stökkbreyttra og kolbrjálaðra mannæta í miðri eyðimörk á leið sinni til Kaliforníu, Líftóran er murkuð úr ömmu, afa og elstu dótturinni auk þess sem kornabarn hennar er numið á brott til þess að nota í morgunmatinn. Eftirlifendurnir, tveir unglingar og tengdasonurinn, snúa vörn í sókn og komast heldur betur í snertingu við villidýrið innra með sér þegar þau mæta ókindunum á ný.

The Texas Chain Saw Massacre virðist tengjast The Hills Have Eyes órjúfanlegum tryggðaböndum en eftir að endurgerð hennar var vel tekið árið 2004 fékk Craven þá flugu í höfuðið að það gæti verið gróðvænlegt að endurgera The Hills Have Eyes. Hann fékk Frakkann Alexandre Aja til þess að sjá um verkið. Það sem þótti viðbjóðslegt árið 1977 er vitaskuld ekki tiltökumál í dag þannig að Aja uppfærir viðbjóðinn hressilega. Blóði er slett í allar áttir og einhver slatti af útlimum fær að fjúka þannig að þeir sem kunna að meta sæmilegan „splatter“ fá sinn skammt. Þessi uppfærsla stenst því alveg kröfur samtímans þegar kemur að viðbjóði og skipar sér í flokk svokallaðra hryllingsklámmynda en eina dogmaregla þeirra er að sýna sem mestan viðbjóð og skilja ekkert eftir fyrir ímyndunaraflið. Hostel eftir Eli Roth er besta nýlega dæmið um „horrorporn“ og þrátt fyrir einbeittan brotavilja nær Aja ekki að toppa Roth í viðbjóðslegum pyntingum og nærgöngulum þjáningum persónanna.

Það segir sig auðvitað sjálft að myndir af þessu tagi eru ekki fyrir alla og það er óneitanlega stór galli á þeim að áherslan á viðbjóðinn dregur úr spennu enda er markmið þeirra ekki beinlínis að hræða áhorfandann heldur fyrst og fremst að ganga fram af honum.

Endurgerðin sem slík er þó vel heppnuð og að flestu leyti betri en frummyndin. Söguþráðurinn fylgir mynd Cravens í öllum meginatriðum en Aja og félagar skerpa aðeins á sögunni og gera hana um leið áhugaverðari. Þá er nýja myndin áberandi betur leikin þó ekki sé hægt að tala um neina meistaratakta nema þá helst hjá þeim ágæta leikara Ted Levine, sem lék Buffalo Bill í Silence of the Lambs sællar minningar, en hann gerir höfði fjölskyldunnar sem lendir í hremmingunum skemmtileg skil.

Það kemur hins vegar leiðinlega á óvart að mannætuflokkurinn var miklu skelfilegri í gömlu myndinni. Ódýr og einföld förðunin á þeim hjá Craven gerði óskapnaðina miklu raunverulegri en frændur þeirra í nýju myndinni, sem eru allir svo ýktir að þeir verða að bjánalegum paródíum forveranna. Þórarinn Þórarinsson



**THE HILLS HAVE EYES**
LEIKSTJÓRI: ALEXANDRE AJA
AÐALHLUTVERK: TED LEVINE, KATHLEEN QUINLAN, DAN BYRD, EMILIE DE RAVIN, AARON STANFORD

**Niðurstaða:** Endurgerð The Hills Have Eyes þjónar svo sem engum vitrænum tilgangi en hún er ekki verri fyrir það. Hún er forverabetrungur að flestu leyti og gríðarlega skemmtuna fyrir þá sem kunna að meta ýktan viðbjóð. Öðrum er ráðlagt að halda sig víðs fjarri.







**TARANTINO** Hyggst gera kvikmynd um ævi Jimi Hendrix sem var æði skrautleg enda lést tónlistarmaðurinn langt fyrir aldur fram eftir mikla neyslu fíkniefna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tarantino í fjólublárri þoku

Bandaríski leikstjórinn Quentin Tarantino hefur í hyggju að gera kvikmynd um ævi gítarsnillingsins Jimi Hendrix. Samkvæmt fréttavefnum contactmusic.com hefur framleiðslufyrirtækið Dragonslayer Films sett sig í samband við Tarantino, sem leist mjög vel á handritið og var meira en lítið til í slaginn enda mikill aðdáandi gítarhetjunnar. Tarantino mun vinna mjög náið með bróður Hendrix og fær aðgang að áður lokuðum bréfasöfnum og persónulegum gögnum goðsagnarinnar. Jimi Hendrix lést langt fyrir aldur fram árið 1970 aðeins 27 ára að aldri en hafði mikil áhrif á rokksöguna þrátt fyrir stuttan feril með einstökum gítarhljómi og valdi tónlistartímaritið Rolling Stone hann besta gítarleikara sögunnar. Ekki er ljóst hver bregður sér í hlutverk Jimis en látnir tónlistarmenn hafa löngum þótt líklegir til vinsælda á hvíta tjaldinu.



**JIMI HENDRIX** Hafði gríðarleg áhrif á rokksöguna þrátt fyrir frekar stuttan feril.

# Kampavínsleginn Foxx

Óskarsverðlaunahafinn Jamie Foxx lenti í óskemmtilegri lífsreynslu á skemmtistað í London þegar sex ólátabelgir ruddust inn í VIP-herbergi sem leikarinn hafði leigt og sprautuðu kampavíni yfir hann og gesti. Samkvæmt vini Foxx sat hersingin í mestu makindum og skemmti sér konunglega þegar sexmenningarnir ruddust inn, vopnaðir úrvals kampavíni sem var svo hellt yfir nærstadda. „Við vorum útötuð í víninu og það var líkt og þeir vildu slökkva eld með því,“ hefur breska blaðið The Mirror eftir vininum. „Við vorum þarna í félagsskap með fallegu kvenfólki og þetta var algjör óþarfi,“ bætir hann við og lét Jamie Foxx sitt ekki eftir liggja þegar lesið var yfir hausamótunum á boðflennunum. Öryggisverðir komu síðan á vettvang og skildu fylkingarnar að áður en til slagsmála kom.



**JAMIE FOXX** Fékk kampavín yfir sig allan á skemmtistað þegar sex boðflennur ruddust inn í VIP-herbergi sem hann hafði tekið á leigu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES









## Karlalið Gróttu til leiks

Grótta hefur ákveðið að senda karlalið til leiks í DHL-deild karla í handbolta á næsta tímabili. Félagið sendi einungis kvennalið í Íslandsmótið í ár en breyting verður nú á. Guðmundur Árni Sigfússon er þjálfari liðsins, sem verður byggt mikið til upp á leikmönnum úr 2. flokki.

**sport**

sport@frettabladid.is

KÖRFUBOLTAKAPPINN JEB IVEY: VERÐUR ÁFRAM MEÐ ÍSLANDSMEISTURUM NJARÐVÍKUR Á NÆSTA ÁRI

# *Þetta er mikill fengur fyrir Njarðvík*





Með rúmlega 24 stig að meðaltali í vetur var Jeb Ivey einn af burðarásum Njarðvíkurliðsins sem tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta eftir sigur á Skallagrímsmönnum í úrslitaeinvíginu.

„Þetta er mikill fengur fyrir félagið. Fyrir það fyrsta þá vita menn alveg hvað þeir fá í Ivey, því þyrftum við ekki að leita að öðrum erlendum leikmanni fyrir næsta tímabil. Það hefur sýnt sig að félög hafa þurft að vera að breyta um erlenda leikmenn en Njarðvík var eina félagið sem hvorki skipti um né bætti við sig útlendingum yfir tímabilið. Það er gott að þurfa ekki að hugsa um það," sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, í gær og hrósaði Ivey í hástert.

„Drengurinn hefur margsannað sig hérna sem magnaður leikmaður. Hann er góður bæði í vörn og sókn og að hluta til síðasta púslið sem vantaði í Njarðvíkurliðið. Hann á auðvelt með að taka af skarið og er toppíþróttamaður frá a til ö. Hann er líka frábær persónuleiki og dugnaður hans og einbeiting er með eindæmum," sagði Einar.

Einar segir jafnframt að stefnan sé fyrst og fremst tekin á að halda öllum leikmönnum liðsins. „Við ákváðum að skemmta okkur bara um síðustu helgi áður en við kláruðum Ivey en við erum að vinna að öðrum leikmannamálunum. Við ætlum fyrst og fremst að halda sama meistaraliði," sagði Einar.

### > Við hrósum...

... Viðari, umsjónarmanni síðunnar fhingar.net, og Jóni Þorgrími Stefánssyni, fyrrum leikmanni FH, fyrir að þora að segja skoðun sína í máli Jónasar Grana Garðarssonar á síðunni en FH-ingar hafa hingað til veigrað sér við að ræða málið einhverra hluta vegna. Líkt og flestir aðrir telja þeir framkomu knattspyrnudeildar félagsins í garð Jónasar Grana lélega og telja að Jónas eigi skilið að ganga til liðs við það félag sem hann kýs - óháð hvaða deild það er í - en FH hefur neitað honum um að fara í annað lið í Landsbankadeildinni og vill þar að auki fá væna þóknun fyrir þennan 33 ára gamla leikmann sem á fjóra mánuði eftir af samningi sínum. Vonandi láta stjórnarmenn FH af þrjóskunni hið fyrsta svo þeir verði sér ekki til frekari minnkunar.





GRETA MJÖLL Skoraði eina mark íslenska liðsins.

U-19 ára landslið kvenna:

## Stórt tap fyrir Englandi

**FÓTBOLTI** Íslenska stúlknalandsliðið í knattspyrnu, skipað leikmönnum 19 ára og yngri, tapaði stórt fyrir Englendingum í fyrsta leik sínum í milliriðli fyrir Evrópukeppnina. Ísland tapaði 7-1 en leikið er í Rúmeníu.

Greta Mjöll Samúelsdóttir, leikmaður Breiðabliks, kom íslenska liðinu yfir strax á annarri mínútu leiksins en eftir það tóku ensku stúlkurnar öll völd á vellinum og röðuðu inn mörkum. Ísland spilar gegn Dönum á morgun í öðrum leik sínum á mótinu. - vig

Ólafur Már Sigurðsson:

## Ekki í gegnum niðurskurðinn

**GOLF** Ólafur Már Sigurðsson, kylfingur úr GR, komst ekki í gegnum niðurskurð á Paderbor-mótinu sem fram fer í Þýskalandi um þessar mundir. Ólafur var fjórum höggum frá því að komast í gegnum niðurskurðinn á mótinu, en það er hluti af EPD-mótaröðinni.

Ólafur lék mun betur í gær en hann hafði gert á fyrsta keppnisdeginum, lék á 73 höggum eða fjórum höggum minna en fyrsta daginn. Samtals lék Ólafur holurnar 36 á sex höggum yfir pari. - vig

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

23 24 25 **26** 27 28 29

**Fimmtudagur**

SJÓNVARP

- 18.00 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn. Upphitunarþáttur fyrir leik kvöldsins.
- 18.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Barcelona** og **AC Milan.**
- 20.55 **Sænsku nördarnir** á Sýn. Raunveruleikaþáttur um nörda sem ákveða að stofna fótboltalið.
- 18.35 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **West Ham** og **Liverpool.**

# Leið eins og ég væri í 24

**Ólafur Ingi Skúlason lenti heldur betur í ævintýralegri lífsreynslu á dögunum. Hann var þá handtekinn í misgripum en eftir að hann var handjárnaður og byssu beint að honum áttaði lögreglan sig á því að hún hefði farið mannavilt.**

**FÓTBOLTI** „Þetta var svakaleg upplifun og ekki ýkja skemmtileg. Þetta var eins og að vera mættur í þátt af 24," sagði Ólafur Ingi Skúlason, leikmaður Brentford á Englandi, um upplifun sína og vitnaði í spennuþáttinn vinsæla sem sýndur er á Stöð 2.

Ólafur var á leiðinni á æfingu hjá liðinu þegar hann tók eftir því að lögreglubílar veittu honum eftirför. Lögreglan elti Ólaf um stund en þegar hann ók bíl sínum inn á æfingasvæðið réðist hún til atlögu og handtók hann. Lögreglumaður skipaði Ólafi að fara út úr bílnum á meðan lögreglumenn með hunda, vopnaðir rifflum, þustu út úr bílum sínum. Þá sveimaði lögregluþyrla yfir svæðið, ef ske kynni að Árbæingurinn ætlaði að flýja af vettvangi. Ólafi var skellt í jörðina og hann handjárnaður.

„Þetta hafði ekki mikil áhrif á mig en móðir mín var til að mynda ekki ýkja ánægð með þetta. Það eru ekki allir í andlegu jafnvægi og hugsanlega hefðu einhverjir tekið þessu öðruvísi, en það hjálpaði líklega að ég var alveg rólegur og brást rétt við. Þeir voru nokkuð fljótir að átta sig á því að þetta voru mistök og þeir komu sér í burtu, ég þurfti ekki að fara upp á lögreglustöð eða neitt slíkt. Það var þunnur á þeim þrællinn þegar kom að því að biðjast afsökunar en sú beiðni var ekki upp á marga fiska. Mér er þó alveg sama um það," sagði Ólafur.

Lögreglan var í leit að vopnuðum glæpamanni sem ók um á silfurlituðum bíl með erlendum númeraplötum, líkt og Ólafur gerir. „Ég skil alveg hvernig þeir gátu ruglast og vissulega héldu þeir að þörf væri á því að afvopna einhvern glæpamann. Þegar allt kom til alls var þetta bara saklaus Íslendingur sem vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið," sagði Ólafur og gerir grín að öllu saman.

„Ég náði að bregðast rétt við. Það er ekki langt síðan Brasilíumaður var drepinn af lögreglunni sem var í sömu stöðu þarna. Þeir voru að elta rangan mann og ef ég hefði gert eitthvað sérstakt, hreyft mig hratt eða beygt mig, þá veit ég ekki hvað hefði gerst. Ég reyni þó að hugsa ekki um það," sagði Ólafur, sem er óðum að ná sér eftir krossbandaslit í byrjun tímabilsins.

„Ég er allur að koma til og er byrjaður að æfa aftur. Ég verð aldrei kominn í leikform fyrir síðustu tvo leikina en ef við vinnum þá báða förum við beint upp. Ef það tekst ekki er hugsanlegt að ég spili eitthvað í umspilsleikjunum en það verður bara að koma í ljós," sagði hinn hundelti Ólafur Ingi Skúlason. hjalti@frettabladid.is



ÓLAFUR INGI Var eltur í dágóða stund af lögreglunni á Englandi. Það kom þó á daginn að Ólafur var ekki hinn vopnaði glæpamaður sem lögreglan sóttist eftir enda dagfarsprúður drengur. MYND/DOMENIC AQUILINA





MICHAEL SCHUMACHER Sigursælasti ökuþór Formúlu-1 frá upphafi.

Michael Scumacher:

## Fer ekki frá Ferrari

**FORMÚLA** Umboðsmaður Michael Scumacher, Wili Weber, segir að þýski ökuþórinn muni verða áfram í herbúðum Ferrari-liðsins kjósi hann að halda áfram að keppa á næsta tímabili. Segir Weber að Ferrari hafi þegar boðið honum nýjan samning sem geri ráð fyrir að hann fái rúmar 85 milljónir dollara í laun fyrir næstu tvö ár.

Schumacher hefur í nokkurn tíma verið sagður á leið frá Ferrari, en gengi liðsins í fyrra og í ár hefur ekki verið sem best þó svo að Schumacher hafi sigrað í síðustu keppninni. „Ég bíð eftir að Scumacher ákveði sig en ef ég væri hann myndi ég skrifa undir," sagði Weber en Schumacher hafði áður lýst því yfir að tímabilið í ár gæti orðið hans síðasta á ferlinum. - vig

Lasse Boesen hjá Portland:

## Spilum ekki svona aftur

**HANDBOLTI** Danski leikmaðurinn Lasse Boesen hjá Portland San Antonio segir að lið sitt eigi ekki mikla möguleika á að standa uppi sem Evrópumeistari meistaraliða á sunnudaginn eftir sex marka tap á heimavelli gegn Ciudad Real í fyrri leik liðana um síðustu helgi. Portland komst hvorki lönd né strönd gegn firnasterkri vörn Ciudad og var með hrikalega sóknarnýtingu.

„Við munum ekki spila aftur svona leik. Við spiluðum mjög illa í sókninni en vörnin stóð sig vel og á því ætlum við að byggja. Við erum ekkert lélegri en Ciudad," segir Boesen. „Ég get lofað því að við munum spila mun betur í seinni leiknum," bætti Boesen við en Ciudad tapar afar sjaldan á heimavelli. - vig

Launahæsti knattspyrnumaður í heimi þénaði 23 milljarða evra árið 2005:

# Ronaldinho orðinn tekjuhæstur

**FÓTBOLTI** Það þarf ekki að koma neinum á óvart að maðurinn sem flestir telja vera besta knattspyrnumann í heimi, Ronaldinho, er kominn fram úr þeim frægasta, David Beckham. Englendingurinn hefur toppað listann undanfarin þrjú ár en er nú dottinn niður í annað sætið. Það er tímaritið France Football sem birtir listann yfir kappana.

Ronaldinho þénaði alls 23 milljónir evra á síðasta ári, 2,1 milljarð íslenskra króna. Inni í þeirri tölu eru taldar allar tekjur Brasilíumannsins, laun, auglýsingatekjur og aðrar greiðslur úr ýmsum áttum.

Hann toppar þó ekki laun Beckhams frá því árið áður. Þau voru 25 milljónir evra en sú tala hefur hríðfallið. Beckham er þó langt frá því að vera á flæðiskeri staddur þar sem tekjur hans numu átján milljónum evra á síðasta ári. Samherji Beckhams og landi Ronaldinhos, Ronaldo, er svo í þriðja sæti listans með 17,4 milljónir evra og Wayne Rooney, leikmaður Manchester United, þénar 16,1 milljón í fjórða sæti.

José Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, er tekjuhæsti knattspyrnuþjálfarinn en tekjur hans eru taldar hafa numið 10,9 milljónum evra á síðast ári. Í öðru sæti er Svíinn Sven-Göran Eriksson, landsliðsþjálfari Englendinga, með 6,9 milljónir evra. - hþh



LAUNAHÆSTUR Eðli málsins samkvæmt fær sá besti nú mest borgað. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**DEAN ASHTON** Norwich gerði gott með því að selja hann. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Norwich græðir:

## Góður árangur skilar tekjum

**FÓTBOLTI** 1. deildarfélagið Norwich City hefur á undanförnum dögum fengið dágóðan pening í kassann vegna velgengi fyrrum leikmanna félagsins, þeirra Dean Ashton hjá West Ham og Damien Francis hjá Wigan. Báðir léku þeir með Norwich í fyrra en héldu til liða í úrvalsdeildinni á þessari leiktíð.

Ashton var upphaflega keyptur fyrir 7,25 milljónir punda en klásúla í samningnum sagði til um að ef West Ham kæmist í Evrópukeppnina þyrfti félagið að borga 125 þúsund pund til viðbótar. West Ham er komið í úrslit bikarkeppninnar gegn Liverpool og því er ljóst að liðið leikur í Evrópukeppninni á næstu leiktíð þar sem Liverpool hefur tryggt sér sæti í Meistaradeildinni.

Sams konar klásúla var í samningnum hjá Francis og Wigan, það er að ef Wigan héldi sæti sínu í úrvalsdeild myndi félagið borga 250 þúsund pund til viðbótar fyrir Francis. Alls er því um 50 milljónir íslenskra króna að ræða, sem kemur sér mjög vel fyrir lið í 1. deildinni. - vig

Barcelona og AC Milan mætast í undanúrslitum Meistaradeildarinnar í kvöld:

# Tekst AC Milan að stöðva hinn frábæra Ronaldinho?

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir að tapa fyrri leiknum 1-0 á heimavelli, þökk sé marki frá Ludovic Giuly, þá er Carlo Ancelotti, stjóri AC Milan, óragur fyrir stórleikinn gegn Barcelona á Nou Camp í kvöld. Hann veit þó að öðrum fremur þarf að stöðva einn mann, brasilíska töframanninn Ronaldinho.

„Að stöðva Ronaldinho er ómögulegt, en það er möguleiki á að halda honum niðri með því að hafa hann í strangri gæslu. Ef hann fær pláss getur hann gert hvað sem hann vill við boltann, eins og hann gerði í Mílanó. Það verður þó ekki okkar helsta vandamál, það er að spila á þessum erfiða leikvangi og reyna að spila okkar leik," sagði Ancelotti.

Ancelotti telur jafnframt að áherslan í leik Barcelona breytist en Katalónarnir eru hvað þekktastir fyrir leiftrandi sóknarleik sinn. „Í Mílanó vörðust þeir mikið og ég held að þeir muni gera það sama á heimavelli, þrátt fyrir að þeir geti sótt mjög vel á miklum hraða. Vinur minn, Frank Rijkaard, hefur lært mikið af okkur hjá Milan. Að búa sig undir svona leiki er ekki erfitt, við verðum að halda ró okkar á meðan einbeitingin og ákveðnin þarf að vera fullkomin," sagði Ancelotti, sem er sannfærður um að Milan geti snúið blaðinu við úr fyrri leiknum.

„Við höfum mikla trú á okkur sjálfum, við eigum möguleika á að komast áfram. Barcelona er með ungt lið og margir leikmannanna eru að öðlast sína fyrstu reynslu í að etja kappi við bestu lið Evrópu. Þeir eru mjög tekniskir og hafa frábæra leikmenn innanborðs en við höfum á mjög reynslumiklu liði á að skipa. Við erum þétt lið, kannski ekki jafn tekniskt, en ég tel að liðin séu jafnokar," sagði Carlo Ancelotti. - hþh



**ÚR FYRRI LEIK LIÐANNA** Tveir af lykilmönnum leiksins í kvöld, Andriy Shevchenko og Carles Puyol. Rimma þeirra verður án efa eftirtektarverð. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**MAGNAÐUR** Zinedine Zidane er meðal allra fremstu knattspyrnumanna sem fram hafa komið. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Stórtíðindi frá Spáni:

## Zidane hættir eftir HM

**FÓTBOLTI** Þær fréttir bárust í gær að knattspyrnugoðsögnin Zinedine Zidane hefði ákveðið að hætta knattspyrnuiðkun eftir Heimsmeistaramótið í Þýskalandi í sumar. Zidane hefur boðað til blaðamannafundar í dag þar sem hann mun greina betur frá þessari ákvörðun sinni, sem hann staðfesti í gærkvöldi.

Zidane hefur átt misjöfnu gengi að fagna með Real Madrid á tímabilinu en hann verður 34 ára í júní. Meiðsli hafa hrjáð Frakkann og hann hefur ekki getað beitt sér til fullnustu með spænska stórliðinu. Hann varð dýrasti knattspyrnumaður í heimi árið 2001 þegar Real Madrid borgaði Juventus á Ítalíu 37 milljónir punda fyrir þjónustu hans.

Zidane á eitt ár eftir af samningi sínum við Real Madrid en hann hefur unnið nánast alla titla sem í boði eru, meðal annars Heims- og Evrópumeistaratitil með Frökkum auk Meistaradeildar Evrópu með Real. - hþh


www.toyota.is

## Þokkafullir og glæsilegir í leit að réttum eigendum



**VW Toureg VB**
F. skráð. 10/2003, ekinn 28.000 km
**Vél:** 4200cc, sjálfskiptur
**Verð:** 4.890.000



**MMC Pajero DI-D GLX**
F. skráð. 01/2005, ekinn 33.000 km
**Vél:** 3200cc, sjálfskiptur
**Verð:** 4.050.000 kr.
**Tilboð 3.750.000 kr.**



**Nissan Almera Acenta**
F. skráð. 06/2005, ekinn 5.500 km
**Vél:** 1800cc, sjálfskiptur
**Verð:** 1.690.000 kr.



**Nissan Micra**
F. skráð. 06/2005, ekinn 10.000 km
**Vél:** 1300cc, 5 gíra
**Verð:** 1.330.000 kr.



**Audi A6 S/D Quattro**
F. skráð. 10/2001, ekinn 123.000 km
**Vél:** 2800cc, sjálfskiptur
**Verð:** 2.550.000 kr.



**VW Passat S/D Comfot line**
F. skráð. 06/2005, ekinn 10.000 km
**Vél:** 2000cc, sjálfskiptur
**Verð:** 2.950.000 kr.



**MMC Smart Roadster**
F. skráð. 12/2004, ekinn 13.000 km
**Vél:** 700cc, 5 gíra
**Verð:** 1.890.000 kr.



**Honda CR-V i-V-Tech**
F. skráð. 08/2005, ek. 5.000 km
**Vél:** 2000cc V6, sjálfskiptur
**Verð:** 3.290.000 kr.

**Alltaf góð tilboð í tilboðshorninu okkar, - sjá nánar á www.toyota.is/notaðir bílar.**

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.
Skoðaðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 32371 04/2006



**CRAIG BELLAMY** Hefur vakið áhuga stóru liðanna með frammistöðu sinni í vetur.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Forráðamenn Blackburn:

# Bellamy er ekki til sölu

**FÓTBOLTI** John Williams, stjórnarformaður Blackburn í ensku úrvalsdeildinni, hefur komið þeim skilaboðum til forráðamanna Liverpool, Tottenham og Middlesbrough að sóknarmaðurinn Craig Bellamy, sem leikið hefur frábærlega með liðinu í vetur, sé ekki til sölu. Fyrr í vikunni spratt upp sá orðrómur að Bellamy gæti farið ef tilboð bærist sem væri hærra en sex milljónir punda, en Williams segir að það sé orðum aukið.

„Þetta eru aðeins vangaveltur fyrir mér. Í hverri viku er sagt frá því að leikmenn okkar séu á förum eitthvert annað en það verður ekkert úr því,“ sagði Williams og bætti við: „Okkar bestu leikmenn eru ekki til sölu.“ **- vig**

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Meistaradeild Evrópu:*

| | |
|---|---|
| VILLARREAL-ARSENAL | 0-0 |

*Arsenal komst áfram, 1-0, samanlagt.*

### *Deildarbikar kvenna:*

| | |
|---|---|
| VALUR-HAUKAR | 23-22 |

**Mörk Vals:** Ágústa Edda Björnsdóttir 7/2, Sigurlaug Rúnarsdóttir 5, Drífa Skúladóttir 5/1, Hafrún Kristjánsdóttir 3, Alla Georgijsdóttir 2, Arna Grímsdóttir 1.

**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 23/1.

**Mörk Hauka:** Ramune Pekarskyte 8, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 6/1, Inga Fríða Tryggvadóttir 4, Harpa Melsted 2, Guðbjörg Guðmannsdóttir 1, Martha Hermannsdóttir 1.

**Varin skot:** Helga Torfadóttir 12, Kristina Matuzeviciute 2.

| | |
|---|---|
| ÍBV-STJARNAN | 20-24 |

Eyjamenn sáu sér ekki fært að faxa leikskýrslu eftir leikinn og því fengust engar upplýsingar um markaskorara leiksins.

### *Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| ASTON VILLA-MAN. CITY | 0-1 |

Darius Vassell (70.).

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CHELSEA** | **35** | **28** | **4** | **3** | **69-20** | **88** |
| MAN. UNITED | 35 | 24 | 7 | 4 | 68-31 | 79 |
| **LIVERPOOL** | **35** | **22** | **7** | **6** | **49-22** | **73** |
| TOTTENHAM | 36 | 17 | 11 | 8 | 51-36 | 62 |
| **ARSENAL** | **35** | **17** | **7** | **11** | **58-28** | **58** |
| BLACKBURN | 35 | 16 | 6 | 13 | 46-42 | 54 |
| **NEWCASTLE** | **36** | **16** | **6** | **14** | **46-42** | **54** |
| BOLTON | 35 | 14 | 10 | 11 | 47-39 | 52 |
| **WIGAN** | **36** | **15** | **6** | **15** | **42-46** | **51** |
| WEST HAM | 35 | 14 | 7 | 14 | 48-52 | 49 |
| **CHARLTON** | **36** | **13** | **8** | **15** | **41-49** | **47** |
| EVERTON | 36 | 13 | 7 | 16 | 31-47 | 46 |
| **MAN. CITY** | **35** | **13** | **4** | **18** | **41-41** | **43** |
| MIDDLESB. | 34 | 12 | 7 | 15 | 47-55 | 43 |
| **FULHAM** | **35** | **12** | **6** | **17** | **44-55** | **42** |

Formaður aðalstjórnar ÍR svarar gagnrýni forkólfa handknattleiksdeildar ÍR:

# Alltaf allt vitlaust í kringum peninga

**ÍÞRÓTTIR** Hólmgeir Einarsson, handboltaforkólfur hjá ÍR, gagnrýndi aðalstjórn ÍR harðlega í blaðinu í gær fyrir tillögu sem hann segir verðlauna skussana hjá félaginu. Með öðrum orðum þá sárnar honum að aðalstjórnin vilji eyða fé sem fæst fyrir Hengilssvæðið í að greiða upp skuldir íþróttadeildanna sem skulda mest á meðan þær deildir sem sýna ábyrgð í rekstri bera lítið sem ekkert úr býtum.

„Það er alltaf allt vitlaust þar sem peningar eru annars vegar,“ sagði Þorbergur Halldórsson, formaður aðalstjórnar ÍR, við Fréttablaðið. „Við erum að gera lokavinnslu á þessari tillögu og erum að reyna að vinna þetta í sátt og samlyndi en allar deildir mynda félagið. Annars eru þessir skussar ekki til lengur enda mennirnir sem stofnuðu til þessara skulda ekki lengur að vinna fyrir félagið og löngu hættir.“

Þorbergur segir ekki rétt að knattspyrnudeildin sé með óábyrga fjármálastjórn og bendir á máli sínu til stuðnings að knattspyrnudeildin hafi skilað hagnaði síðustu tvö ár. „Það gengur upp og niður í svona rekstri. Stundum er hagnaður og stundum tap. Þannig er þetta í íþróttalífinu,“ sagði Þorbergur en hvað finnst honum um ásakanir Hólmgeirs þess efnis að blekið hafi varla verið þornað á tillögunni þegar knattspyrnudeildin sagðist ætla að fá þrjá erlenda leikmenn í kvennaliðið og körfuknattleiksdeildin samdi við eftirsóttasta þjálfara landsins?

„Þetta með útlendingana er ekki nýtilkomið og ég var löngu búinn að heyra af því en hvað varðar þjálfarann þá hef ég ekki séð samninginn og veit því ekki hversu eða hvort hann sé dýr,“ sagði Þorbergur, sem er vongóður um farsælan endi í málinu. **- hbg**



**HÓLMGEIR EINARSSON** Hefur gagnrýnt aðalstjórn ÍR harkalega en hann segir hana verðlauna skussa félagsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Skytturnar fara til Parísar

**Arsenal tryggði sér í gær þátttökurétt í úrslitum Meistaradeildar Evrópu eftir dramatískt markalaust jafntefli gegn Villarreal á Spáni. Jens Lehmann, markvörður Arsenal, varði víti á lokamínútu leiksins frá Juan Roman Riquelme.**

**FÓTBOLTI** Mikil spenna var fyrir leikinn sem fram fór á El Madrigal-vellinum á Spáni enda var forskot Arsenal naumt eftir aðeins 1-0 sigur á Highbury. Tvær breytingar voru á byrjunarliði Arsenal frá fyrri leiknum þar en Sol Campbell tók stöðu Philippes Senderos í vörninni og Jose Antonio Reyes kom inn fyrir Robert Pires en Reyes var í leikbanni í fyrri leiknum.

Aðeins sjö mínútur voru liðnar af leiknum þegar Arsenal varð að gera breytingu á liði sínu er Mathieu Flamini haltraði af velli en í hans stað kom Gael Clichy. Hin stöðuga Arsenal-vörn hafði því tekið miklum breytingum frá því sem áður var. Villarreal tók fljótt völdin og stýrði hraða leiksins en gekk illa að skapa sér opin færi. Spánverjarnir fengu nokkur ágæt færi í fyrri hálfleiknum en allt kom fyrir ekki og því markalaust í leikhléi.

Seinkun varð á upphafi síðari hálfleiksins þar sem áhorfandi hafði hlaupið inn á völlinn og lauk hlaupi sínu með því að færa Thierry Henry, fyrirliða Arsenal, treyju Barcelona en sem kunnugt er þá vill spænska liðið gjarnan fá Henry í sínar raðir.



**GLEÐI, GLEÐI, GLEÐI...** Leikmenn Arsenal fögnuðu þýska markverðinum Jens Lehmann hreint ógurlega eftir leikinn í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**ÓBORGANLEGUR** „Atvinnutruflarinn“ Jimmy Jump stökk á völlinn í leikhléinu og lét Henry fá Barcelona-treyju.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sóknarleikur Arsenal var ekki til staðar en sóknarlotur Villarreal framan af síðari hálfleik voru hættulegar og spænska liðinu tókst í eitt sinn að koma boltanum inn fyrir línuna en markið var réttilega dæmt af vegna rangstöðu.

Mikil dramatík var á síðustu mínútu leiksins þegar „Íslandsvinurinn“ Valentin Ivanov dæmdi umdeilda vítaspyrnu á Clichy er hann rakst utan í Jose Mari. Það kom í hlut Argentínumannsins Juan Roman Riquelme að taka spyrnuna en hún var slök og Þjóðverjinn Jens Lehmann varði auðveldlega.

„Við vorum heppnir en börðumst vel og ég er mjög stoltur maður,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, eftir leikinn.

Arsenal hélt því hreinu tíunda leikinn í röð í Meistaradeildinni og er komið í sjálfan úrslitaleikinn í París þar sem andstæðingurinn verður annað hvort Barcelona eða AC Milan.

henry@frettabladid.is



**GLEN ROEDER** Undir hans stjórn hefur Newcastle blómstrað.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Glenn Roeder:

# Ekki kominn með samning

**FÓTBOLTI** Freddy Shepherd, stjórnarformaður Newcastle, segir það ekki vera rétt að félagið hafi gengið frá því að Glenn Roeder verði varanlegur knattspyrnustjóri liðsins, en fréttir af því birtust í enskum fjölmiðlum í gærmorgun. Roeder hefur náð mjög góðum árangri með Newcastle eftir að hann tók tímabundið við af Graeme Souness, sem rekinn var um mitt tímabil, og eru margir stuðningsmenn Newcastle á því að hann sé rétti maðurinn til að taka við starfinu.

„Við höfum enn ekki tekið ákvörðun um næsta stjóra og munum ekki tjá okkur um málið fyrr en búið er að ganga frá ráðningu. Allt sem sagt verður fram að því er aðeins vangaveltur,“ segir Shepherd. **- vig**



**AARON LENNON** Hefur spilað gríðarlega vel í vetur.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Sven-Göran Eriksson:

# Hrifinn af Aaron Lennon

**FÓTBOLTI** Landsliðsþjálfari Englendinga, Sven-Göran Eriksson, segist vera mikill aðdáandi vængmannsins Aaron Lennon hjá Tottenham og kveðst sannfærður um að hann muni spila leik fyrir þjóð sína innan tíðar. Lennon hefur leikið mjög vel með Tottenham í vetur eftir að hafa komið til liðsins frá Leeds.

„Hann er einn af þeim sem eru að banka á dyrnar,“ sagði Eriksson en bætti því við að hæpið væri að hann yrði valinn í hópinn sem fer á HM í sumar. „Hann er ungur og á bara eftir að verða betri. Ég er viss um að hann mun spila fyrir landsliðið einn daginn.“ **- vig**

Valsstúlkur unnu Hauka í fyrstu viðureign liðanna í Deildabikarkeppni HSÍ í Laugardalshöll í gær, 23-22:

# Við yfirstigum allt nema Berglindi Írisi í markinu

**HANDBOLTI** Berglind Íris Hansdóttir var konan á bakvið frækinn sigur Valsstúlkna á Haukum í Deildabikar HSÍ í gærkvöldi. Berglind var í fantaformi allan leikinn og tryggði Val sigur með frábærri markvörslu á lokasekúndum leiksins þegar hún varði frá stórskyttunni Ramune Pekarskyte.

Það var greinilegt að Evrópuleikurinn á sunnudagskvöldið stóð í Valsstúlkum í byrjun leiks. Haukastúlkur byrjuðu betur en misstu svo dampinn þegar líða tók á hálfleikinn. Valsstúlkur hrukku í gírinn þegar þær voru 8-6 undir og leiddu með þremur mörkum í hálfleik, 13-10. Fyrirliðinn Sigurlaug Rúnarsdóttir tók rykk undir lokin, skoraði þrjú mörk og kom Valsstúlkum í góða stöðu í bland við burðarásinn Berglindi.

Síðari hálfleikur var æsispennandi frá upphafi til enda. Í stöðunni 18-18 skildu þó leiðir og Valsstúlkur náðu þriggja marka forystu. Henni héldu þær þar til fimm mínútur lifðu leiks þegar gestirnir náðu að minnka muninn niður í eitt mark og lokamínúturnar voru æsispennandi. Valur var með boltann, og var einu marki yfir, þegar ein mínúta lifði leiks. Þær töpuðu boltanum og Haukastúlkur geystust í sókn. Þegar fimm sekúndur voru eftir tók Pekarskyte, langbesti leikmaður Hauka í gær, af skarið en Berglind sá við henni í markinu og tryggði Val sigur í leiknum. Tvo sigurleiki þarf til þess að spila til úrslita í keppninni.



**DRAMATÍK Í LAUGARDALSHÖLL** Valsstúlkum tókst að leggja Hauka að velli í leiknum í gær. Hér er Alla Georgijsdóttir að sækja að marki Hauka en hún skoraði tvö mörk í leiknum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við náðum að yfirstíga allt nema Berglindi í þessum leik. Við vorum seinar í gang þegar þær tóku Ramune úr umferð, við höfum farið vel yfir það og stelpurnar vita alveg hvað þær eiga að gera í þeirri stöðu en það gekk ekki upp,“ sagði Einar Jónsson, þjálfari Hauka, eftir leikinn.

„Ég er hundfúll að tapa þessum leik, mér fannst við vera betri. Við vorum að spila sterka vörn og spila okkur vel í gegnum vörn Vals en við náðum ekki að klára dauðafærin gegn Berglindi. Hún má verja tuttugu skot fyrir utan en ekki öll þessu dauðafæri,“ sagði Einar í leikslok.

**- hþh**


Próf smóf!
[√] hressari á morgnana
[√] skarpari í skólanum
[√] öruggari í prófunum
RAUTT EÐAL GINSENG
Þegar reynir á þrek og þol
RAUTT EÐAL GINSENG
FRÁ KÓREU
www.ginseng.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„All right, remember - alcohol equals puke equals smelly mess equals nobody likes you!“**

**Svar: Robbie úr The Wedding Singer frá 1998**

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON NÆRIST Á ÞJÁNINGUM OG NIÐURLÆGINGU

# *Siðblindingi horfir á sjónvarp*

Raunveruleikasjónvarpsþættir eru eitur í mínum beinum. Lágkúrulegt og ódýrt sjónvarpsefni sem gengur út á það að fá grunnhyggna athyglissjúklinga til þess að gera sig að fíflum fyrir 15 mínútur af vafasamri frægð. Mér leið því eins og ég væri að horfa á grófa klámmynd á kirkjuþingi á föstudaginn þegar ég datt inn í Beauty and the Geek og skemmti mér konunglega.

Þarna eru leiddir saman nördar og fönguleg fljóð sem öll gætu hæglega fengið starf við að þræða sig á súlur á Goldfinger. Strákarnir hafa aldrei komist í tæri við slíkar gyðjur og fljóðin hafa aldrei átt orðastað við jafn gáfaða en um leið útlitsgallaða menn. Þetta býður auðvitað upp á kostulegar senur en þó ég sé mátulega illa innrættur finnst mér samt ljótt að hlæja að þessu enda er grimmt gert út á dragúldnar klisjur um að gáfaðir strákar séu ófríðir klunnar og að fallegar stúlkur séu heimskar og að heilabú þeirra rúmi ekkert annað en snyrtivörur og tískuföt.

Jack Bauer fer mikinn í 24 á sunnudögum og hann er sko enginn nörd en siðblindur er hann blessaður. Þættirnir gefa sjúklega glögga mynd af þeirri hugarfarsbreytingu sem orðið hefur eftir 11. september 2001 og þeim virðist helst vera ætlað að hlaða undir þau viðhorf að það sé í lagi að fótumtroða mannréttindi í nafni þjóðaröryggis. Bauer pyntar fólk miskunnarlaust til sagna þegar almannaheill er í húfi. Og manni finnst þetta bara töff og allt í lagi. Um daginn skaut Jack saklausa konu í fótinn til að brjóta eiginmann hennar niður og maður hugsaði bara með sér „vá! hann er meiri töffari en James Bond!“

Maður er orðinn algerlega samdauna þessu og jafn siðblindur og handritshöfundarnir. Annað lýsandi dæmi um tvöfalt siðgæði 24 dúkkaði upp á sunnudaginn þegar Bauer sagði konu sem aldrei hefur komið við sögu í þáttunum að hann gæti ekki bjargað henni. Taugagas dró hana til dauða fyrir framan nefið á Jack og vinnufélögum hans en þau héldu stillingu sinni. Á hæla konunnar kemur svo feitlaginn karlmaður, einn af félögum Jacks. Hann hlýtur sömu örlög en þá verða allir voða leiðir og tár falla. Hryðjuverk eru þá kannski ekki svo slæm svo lengi sem maður þekkir ekki fórnarlömbin?



**NÖRDINN OG GELLAN** Láta hafa sig að fíflum í skammarlega skemmtilegum raunveruleikaþætti.



▶ **22.40** *Heimild*

ÓPERUHÚS



▶ **20.50** *Spjallþáttur*

OPRAH



▶ **21.00** *Gaman*

MY NAME IS EARL



▶ **20.30** *Uppeldi*

FYRSTU SKREFIN



▶ **18.30** *Fótbolti*

BARCELONA-AC MILAN

## SJÓNVARPIÐ

**16.00** Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2006 (1:4) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (44:52) **18.23** Sígildar teiknimyndir (30:42)

**18.30 Sögur úr Andabæ (52:65)** (Ducktails)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.30 Tískuþrautir (9:12)** (Project Runway) Þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti.
**21.15 Svona er lífið (9:13)** (Life As We Know It)
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Íþróttakvöld**
▶ **22.40 Óperuhúsið í Kaupmannahöfn** Heimildamynd um byggingu hins glæsilega nýja óperuhúss í Kaupmannahöfn.

**0.20** Kastljós **1.20** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** George Lopez **13.55** Whose Line Is it Anyway? **14.20** Amazing Race **15.10** The Apprentice – Martha Stewart **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Strákarnir**
**20.05 Veggfóður (13:18)** Vala Matt er snúinn aftur á Stöð 2, þar sem hún hóf feril sinn í íslensku sjónvarpi.
▶ **20.50 Oprah (54:145)** (Uma Thurman On Love, Marriage And Men) Í þættinum í kvöld ræðir Uma Thurman um líf sitt, meðal annars skilnað sinn við Ethan Hawke.
**21.35 Medium (6:22)** (Miðillinn)Dáleiðandi bandarískur spennuþáttur með yfirnáttúrulegu ívafi.
**22.20 Strong Medicine (5:22)** (Samkvæmt læknisráði 5)Ný sería af þessum vönduðu spítalaþáttum.

**23.05** Stelpurnar **23.30** Grey's Anatomy **0.15** Cold Case (B. börnum) **1.00** Derek Acorah's Ghost Towns **1.45** Another Life (e) (B. börnum) **3.25** Swept Away (e) **4.50** The Simpsons **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.25 Þrándur bloggar** Fyrsta videobloggstjarna Íslands
**19.30 My Name is Earl (e)** (Something to Live For)
**20.00 Friends (17:24)** Joey á erfitt með að horfast í augu við Rachel eftir játningarnar.
**20.30 Sirkus RVK**
**20.55 Þrándur bloggar** Fyrsta videobloggstjarna Íslands
▶ **21.00 My Name is Earl** (Professor) Earl er smáglæpamaður sem dettur óvænt í lukkupottinn og vinnur fyrsta vinninginn í lottóinu.
**21.30 Bikinimódel Íslands 2006**
**22.00 Drive Me Crazy** (Ástarflækjur) Rómantísk gamanmynd.

**23.30** „bak við böndin“ **0.00** Þrándur bloggar **0.05** Friends (17:24) (e) **0.30** Sirkus RVK (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Heil og sæl (e)

**16.05** Innlit / útlit (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Frasier**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 The Drew Carey Show (e)** Líklega ein skrítnasta sjónvarpspersóna sem sækir SKJÁEINN heim.
**20.00 Homes with Style** Í þættinum eru skoðuð falleg heimili.
▶ **20.30 Fyrstu skrefin** Í þáttunum verður leitast við að sýna á jákvæðan hátt hversu gefandi og skemmtilegt foreldrahlutverkið er.
**21.00 Queer Eye for the Straight Guy – lokaþáttur** Samkynhneigðar tískulöggur gefa einhleypum, gagnkynhneigðum körlum góð ráð.
**22.00 Law & Order: SVU – lokaþáttur**
**22.50 Sex and the City**

**23.20** Jay Leno **0.05** Close to Home (e) **0.50** Frasier (e) **1.20** Fasteignasjónvarpið (e) **1.30** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

besta sætið

**7.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs **7.20** Meistaradeildin með Guðna Bergs **7.40** Meistaradeildin með Guðna Bergs **8.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

**18.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

▶ **18.30 Meistaradeild Evrópu** (Barcelona – AC Milan)Bein útsending frá síðari leik Barcelona og AC Milan í undanúrslitumMeistaradeildar Evrópu.
**20.35 Meistaradeildin með Guðna Bergs** Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara yfir gang mála í meistaradeildinni. Átta liða úrslit eru í fullum gangi og ekkert er gefið eftir.
**20.55 Sænsku nördarnir** (FC Z) Nördarnir er nýtt raunveruleikasjónvarp þar sem fylgst er með liðinu frá fyrstu æfingu fram að lokaleiknum við besta lið Svíjóðar.
**21.45 Meistaradeild Evrópu** (Barcelona – AC Milan)

**23.25** Meistaradeildin með Guðna Bergs **23.45** Hápunktar í PGA mótaröðinni

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Lovely and Amazing (Bönnuð börnum) **8.00** Johnny English **10.00** What About Bob? **12.00** A Rumor of Angels **14.00** Johnny English **16.00** What About Bob? **18.00** A Rumor of Angels **20.00 Lovely and Amazing** (Yndislegar elskur) Bönnuð börnum. **22.00 Storytelling** (Sögur) Fjórða kvikmynd hins stórmerkilega bandaríska kvikmyndagerðarmanns Todd Solondz. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Amazon Women on the Moon (e) (B. börnum) **2.00** Old School (B.ð börnum) **4.00** Storytelling (Str. b. börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Big Hair Gone Bad **13.00** 101 Most Starlicious Makeovers **14.00** 101 Most Starlicious Makeovers **15.00** 101 Most Starlicious Makeovers **16.00** 101 Most Starlicious Makeovers **17.00** Big Hair Gone Bad **17.30** 10 Ways **18.00** E! News **18.30** The Soup **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **21.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **22.00** Child Stars Gone Bad **22.30** Good Girls Gone Bad **23.00** E! News **23.30** Good Girls Gone Bad **0.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Guilty **3.00** Guilty **4.00** Guilty **5.00** 101 Most Starlicious Makeovers **6.00** 101 Most Starlicious Makeovers

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum (e) **8.00** Að leikslokum (e) **14.00** Portsmouth – Sunderland frá 22.04 **16.00** Bolton – Charlton frá 22.04

**18.35 West Ham – Liverpool (b)**
**20.45 Chelsea – Everton frá 17.04**
**22.45 Blackburn – Chelsea frá 22.04**

**0.45** Dagskrárlok

RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Bílasamningur / Bílalán
kr. 21.171 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Vertu á öruggasta bílnum*
Vertu á flottum bíl
Veldu Renault

Með bílinn handa þér



Renault Megane II Saloon, 4 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur.

**Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.**

Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.

EURO NCAP MEGANE ★★★★★

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Meistaradeildin** **Sýn** kl. 18.30

### *Bestu liðin í Meistaradeildinni?*



Einn af stórleikjum ársins fer fram í kvöld þegar Barcelona fær AC Milan í heimsókn í ljónagryfjuna sjálfa, Camp Nou. Margir vilja meina að þessi tvö lið hafi verið bestu liðin í Meistaradeildinni í ár og þess vegna voru margir svekktir yfir því að liðin skyldu mætast í undanúrslitum en ekki í sjálfum úrslitaleiknum. Fyrri leikurinn fór 0-1 fyrir Barcelona og er liðið því í mun vænlegri stöðu en AC Milan. Hins vegar þarf Milan að sækja í þessum leik og þess vegna má búast við opnum og skemmtilegum leik, enda vilja margir meina að þetta sé hinn raunverulegi úrslitaleikur Meistaradeildarinnar.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | 9 | | |
| 5 | | | 7 | | | | 4 | |
| 8 | | 1 | | | 3 | | | 6 |
| | | | | | | 1 | | |
| 3 | | | 2 | | 8 | | | 5 |
| | | 9 | | | | | | |
| 9 | | | 4 | | | 5 | | 7 |
| | 5 | | | | 6 | | | 2 |
| | | 4 | | 3 | | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 1 | 7 | 2 | 9 | 5 | 3 | 4 |
| 2 | 7 | 3 | 1 | 4 | 5 | 6 | 8 | 9 |
| 5 | 4 | 9 | 6 | 8 | 3 | 1 | 2 | 7 |
| 7 | 9 | 6 | 3 | 1 | 2 | 4 | 5 | 8 |
| 1 | 5 | 4 | 8 | 6 | 7 | 3 | 9 | 2 |
| 8 | 3 | 2 | 9 | 5 | 4 | 7 | 6 | 1 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 9 | 1 | 2 | 7 | 5 |
| 9 | 1 | 5 | 2 | 7 | 6 | 8 | 4 | 3 |
| 4 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 | 1 | 6 |



**09.00** *Dægurmál*

FRÉTTAVAKTIN FYRIR HÁDEGI

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður

**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**20.45** **Dæmalaus veröld – með Óla Tynes** Fréttamaðurinn Óli Tynes er manna naskastur á að þefa upp kynlegustu heimsfréttirnar.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **Panorama 2006**
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.35** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000 www.hekla.is, hekla@hekla.is



## HRÓSIÐ

*...fær Glæsibær en þar hefur dansinn dunað frá árinu 1970. Síðasti dansinn verður hins vegar stiginn þar á föstudagskvöldið en húsinu á að breyta í bílakjallara.*

**ÞRÍR SPURÐIR:** STÓRFRAMKVÆMDUM GÆTI VERIÐ SLEGIÐ Á FREST VEGNA STÖÐU EFNAHAGSMÁLA

# *Á að fresta byggingu tónlistarhúss í Reykjavík?*



„Ég sé enga ástæðu til þess að fresta byggingu tónlistarhúss enda þótt margir nefni það til sögunnar að slíkum stórframkvæmdum ætti að fresta vegna stöðu efnahagsmála í landinu. Ég tel þvert á móti að bygging tónlistarhúss eigi eftir að vera lyftistöng fyrir efnahagslífið enda er menning líka peningar.“

**Daníel Ágúst Haraldsson tónlistarmaður**



„Auðvitað eigum við að kýla á byggingu tónlistarhúss og þess í stað hverfa frá stóriðjuframkvæmdum. Við getum ekki gert allt í einu og við ættum að hlúa að tónlistinni og menningunni í stað þess að sóa milljörðum í eyðileggingu landins“.

**Sigríður Arnardóttir ritstjóri**



„Þér að segja, I don´t give a shit - en samt ekki!“

**Daníel Þorsteinsson (Danni í Sometime)**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:**
**2** visið gras **6** í röð **8** sjór **9** andlit **11** skóli **12** stó **14** hégómi **16** tveir eins **17** tæki **18** stök **20** drykkur **21** dugnaður.

**LÓÐRÉTT:**
**1** hljóta arf **3** ryk **4** titill **5** sarg **7** sérgrein **10** taug **13** nytsemi **15** litarefni **16** vanþóknun **19** ónefndur.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT:** 2 sínu, 6 rs, 8 mar, 9 fés, 11 fg, 12 arinn, 14 snobb, 16 vv, 17 töl, 18 ein, 20 te, 21 iðni.
**LÓÐRÉTT:** 1 erfa, 3 ím, 4 nafnbót, 5 urg, 7 sérsvið, 10 sín, 13 not, 15 blek, 16 vei, 19 nn.

allt
heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

ÍVAR ÖRN GUÐMUNDSSON: VILL STÆKKA SUNDHÖLLINA

# Gömul en góð hugmynd að nýtískulegri laug

Nýlega voru tvö veggspjöld hengd upp í Sundhöll Reykjavíkur við Barónsstíg sem vakið hafa mikla athygli sundlaugargesta. Veggspjöldin sýna hugmynd að stækkun Sundhallarinnar sem er unnin af arkitektinum Ívari Erni Guðmundssyni hjá Nexus arkitektum. Hugmyndin er þó ekki ný af nálinni því hún er í raun fimm ára gömul og upphaflega var útfærslan unnin fyrir Bolla Kristinsson, venjulega kenndan við Sautján, sem sat þá í miðborgarstjórn.

Hugmyndin var meðal annars kynnt fyrir almenningi á Aflvakasýningunni árið 2003 og vakti hún þá mikla athygli. „Það var einhver frá Húsafriðunarnefnd sem hengdi veggspjöldin nýlega upp í Sundhöllinni. Flestum líst afar vel á þessa tillögu, sem er byggð á virðingu fyrir því sem fyrir er og skyggir hún ekki á sjálfa Sundhöllina, sem er svo sannarlega glæsileg bygging,“ segir Ívar Örn.

Í stuttu máli gengur tillaga hans út á það að byggja við Sundhöllina húsnæði sem hýsa myndi glæsilegt spa-svæði. Þar væri t.d. hægt að bjóða upp á potta með lifandi herðanuddurum, jóga og leirböð. Ofan á þaki þessarar nýbyggingar væri svo útisundlaug og heitir pottar. „Enn sem komið er er hugmyndin bara á teikniborðinu en ÍTR hefur vissulega sýnt áhuga á verkefninu,“ segir Ívar Örn, sem vill þó gjarnan sjá hana verða að veruleika enda telur hann að hugmyndin myndi auka lífsgæði miðborgarbúa mikið. „Það vantar nýtískulegri sundlaug í miðbæinn og þarna er einfaldlega góð humynd til sýnis sem vissulega mætti útfæra á fleiri máta,“ segir Ívar, sem er almennt á þeirri skoðun að sýna skuli gömlum og glæsilegum húsum sem gera eitthvað fyrir menningu okkar og umhverfi, eins og Sundhöllin er gott dæmi um, tilhlýðilega virðingu með því að endurhugsa notkun þeirra út frá nútíma þörfum og óskum. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér tillögur Ívars nánar geta komið við í Sundhöllinni og kíkt á veggspjöldin sem þar hanga en þar er málið kynnt á auðskilinn hátt bæði í máli og myndum.

**-snæ**



**FRAM Í DAGSLJÓSIÐ Á NÝ** Teikningar Ívars Örns Guðmundssonar um stækkun Sundhallarinnar við Barónsstíg hafa verið dregnar fram í dagsljósið á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Orðrómur um að svokallaður Tónlisti hyggi á framboð í Hafnarfirði hefur verið ansi þrálátur að undanförnu í bæjarfélaginu. Framboðið var skemmtileg viðbót við hafnfirsk stjórnmál fyrir átta árum og vöktu áherslumálin ekki síst mikla athygli; stytta af Kristjáni Arasyni við höfnina og Keikó heim. Svo vel gekk að um tíma leit út fyrir að Tónlistinn fengi jafnvel mann inn í bæjarstjórn. Helstu forkólfar framboðsins, með útvarpsmanninn **Hermann Fannar Valgarðsson** fremstan í flokki, hafa að undanförnu setið á A. Hansen veitingahúsinu og leit lengi vel út fyrir að flokkurinn myndi ganga í endurnýjun lífdaga en nú herma heimildir Fréttablaðsins að þeir sem hugsaðir voru í efstu sæti listans hafi dregið sig í hlé og því verði ekkert af framboðinu að sinni. „Alvöru” stjórnmálaflokkarnir geta því andað léttar enda er víst að ungt fólk í Hafnarfirði hefði lagt við hlustir þegar „nýstárleg“ kosningaloforð hefðu verið kynnt.



Dyggir stuðningsmenn Spaugstofunnar hafa væntanleg glaðst mikið yfir frétt DV á baksíðu blaðsins í gær. Þar var tilkynnt að Spaugstofan myndi halda áfram að kæta landsmenn með spaugilegri sýn sinni á málefni líðandi stundar. Þeir **Pálmi Gestsson**, **Sigurður Sigurjónsson**, **Örn Árnason**, **Karl Ágúst Úlfsson** og **Randver Þorláksson** hafa verið á vaktinni í tuttugu ár og þótti því mörgum kominn tími til að fá ferskt blóð á þennan vinsælasta tíma Ríkissjónvarpsins. Áhorfstölur þeirra félaga hafa hins vegar lengi verið vel yfir fimmtíu prósent og hefur útvarpsstjórinn **Páll Magnússon** varla getað horft framhjá þeirri tölulegu staðreynd. „Hvernig getur þú hætt með eitthvað sem allir vilja horfa á?“ hefur DV eftir Páli.



Þjóðkirkjan ætlar að veita sérstök kvikmyndaverðlaun á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík. Fréttablaðið greindi frá þessum hugmyndum **Árna Svans Daníelssonar** fyrir nokkru og voru þær í kjölfarið bornar undir biskup Íslands, sem leist afar vel á þessar tillögur. Fyrir þessu eru nokkur fordæmi en sænska kirkjan er einnig með sérstök verðlaun á hátíðinni í Gautaborg þar sem íslenskar kvikmyndir hafa gert góða hluti undanfarin ár.



FISKRÉTTIR Á GRILLIÐ
KRYDDLEGIN LAX OG LÚÐA STÓR HUMAR
RISAHÖRPUSKEL
RISARÆKJUR
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

# Stefán Máni hefur vistaskipti

„Það skiptir enginn höfundur um forlag í gríni. Það er engin skyndiákvörðun enda er þetta mikið tilfinninga- og hagsmunamál, sérstaklega ef maður er með margar bækur undir. Mörg egg í sömu körfunni,“ segir rithöfundurinn Stefán Máni, sem hefur gengið frá samningi við JPV Útgáfu um útgáfu verka hans en hann hefur hingað til gefið bækur sínar út hjá Eddu útgáfu.

Stefán Máni lét óánægju sína með Eddu í ljós í jólabókaflóðinu í fyrra þar sem honum fannst útgáfan ekki sinna kynningu á skáldsögu sinni, Túristi, nógu vel. Þá tjáði hann Fréttablaðinu að hann myndi jafnvel flytja sig um set.

„Þetta hefur verið að gerast hægt og hljótt og það er enginn sérstakur dropi sem fyllti mælinn. Ég var laus allra mála og þurfti ekki að rifta neinum samningum,“ segir Stefán Máni, sem telur hag sínum vel borgið hjá JPV.



**STEFÁN MÁNI** Tekur hatt sinn og gengur frá Eddu til JPV. Hann hefur sent frá sér sex skáldsögur og vonast til að koma þeirri sjöundu út í haust. „Ef allt gengur vel þá næ ég því en ólíkt venjulegum meðgöngum getur maður farið hressilega fram yfir.“

Stefán Máni er fjórði höfundurinn sem fer frá Eddu yfir til JPV á skömmum tíma en hann fetar nú í fótspor Jóns Atla Jónassonar, Árna Þórarinssonar og Auðar Jónsdóttur. JPV seldi á dögunum Tíma nornarinnar eftir Árna til evrópskra útgefenda fyrir vænar summur. Stefán Máni útilokar ekki að vistaskiptin muni skila honum árangri erlendis. „Það er alltaf draumurinn og draumar eru ágætir en ég einbeiti mér fyrst og fremst að heimamarkaðnum. En það kemur að þessu. Ég hef engar áhyggjur af því þó þetta sé meira fyrir hégómann. Ég held að maður verði seint ríkur af útgáfu í útlöndum.“ **- þþ**

SUMAR tilboð!

GEGNHEILAR

# FURU

INNRÉTTINGAR

fyrir heimili og bústaði



ELDHÚS







BAÐHERBERGI

VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT!

FJÖLDI UPPSTILLINGA-MÖGULEIKA

INNRÉTTINGAR & TÆKI

www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**






PAPINOS PIZZA
Sími: 5 9 12345




**BAKÞANKAR**


GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR


## *Eitt eilífðar smáblóm*

Ég brá mér til Vestmannaeyja síðastliðið sumar. Fór með eiginmanni og nokkrum góðum vinum. Auðvitað fórum við meðal annars í útsýnisferð um Heimaey. Í þeirri ferð var okkur sýndur undurfagur blómareitur mitt í nýja hrauninu, og var okkur sagt að einhver kona hefði gróðursett þá dýrð. Hún eyddi víst öllum sínum frítíma í að fara þangað uppeftir og vinna að gróðursetningunni og annast um viðkvæm blómin sagði leiðsögumaðurinn. Hingað lagði hún leið sína stuttu eftir gosið meðan hraunið var ennþá heitt og í þeim varma uxu plönturnar hennar svo undurvel. Og nú er þetta orðin gróðurvin sem allir ferðamenn sem koma til Eyja og panta sér útsýnisferð um Heimaey fá að sjá.

**JÁ,** þessi litli gróðurreitur konunnar er orðinn að stolti eyjabúa, enda má hann alveg vera það, gróðurreitur í miðju hrauni sem enn er svo ungt að engin mosakló var farin að festa þar rætur þegar hann varð til.

**SVO** er annar gróðurreitur norðan við jökul langt inni á hálendi í 650 metra hæð yfir sjávarmáli. Sá einstaki reitur, svo óendanlega fallegur, er hvorki meira né minna en 30 ferkílómetrar. Hver var þar að verki? Engin húsmóðir úr Jökuldalnum gat hafa lagt á sig alla þessa löngu leið með plönturnar sínar og áburð, að ég tali nú ekki um græjur til gróðursetningar. Nei, þetta kraftaverk gat enginn nema himnafaðir sjálfur gert. Og áreiðanlega hefur það tekið hann mörg þúsund ár að koma þessum gróðri til svo hátt uppi í freranum. En hann gerir nú svo margt okkur mönnunum til yndis, þótt það kosti umönnun og aðgæslu.

**EN** við fáum líklega ekki í framtíðinni að feta í fótspor Eyjamanna og bjóða uppá undur og uppákomur í fjallasal, hvað þá sýna erlendum og innlendum þennan makalausa gróðurreit í skjóli jökuls. Það á að drekkja þessu öllu saman fyrir einhvern Hagvöxt, sem er sagður nauðsynlegur fyrir land og þjóð. Svo einhverju verður víst að fórna.


MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU
ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**






ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 32323 04/2006

Framsækin tímamótatækni í Lexus RX400h veitir þér tvöfalda ánægju. Þú sparar eldsneyti án þess að slaka á kröfunni um framúrskarandi afköst og þú dregur úr mengun. Lexus RX400h er fyrsti kraftmikli sportjeppi í heimi með tvinnvél. Blendingstæknin í RX400h, byltingarkennd samsetning V6 bensínvélar og tveggja rafmótora, gefur óvenjulega mjúka, snögga hröðun, en er samt ótrúlega hljóðlát og sparneytin á við smábíl. Sjáðu, snertu og prófaðu Lexus RX400h. Hann er smíðaður í þeim tilgangi að uppfylla óskir þeirra sem gera strangar kröfur til sjálfra sín um raunhæfa umhverfisvernd og vilja nýta orkulindir jarðar á nýjan og hagkvæmari hátt. Þess vegna verður niðurstaðan gagnkvæm virðing milli þín og Lexus RX400h.

Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400 www.lexus.is

LEXUS
The pursuit of perfection